- d) Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 af hverri brúttólest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring. Bryggjugjald samkvæmt b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

## 4. gr.

## 32. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

**Vörugjaldskrá.**

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks og salt.
2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara og fóðurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir í sekkjum (s. s. kartöflur, rófur og laukur), sement og kalk.
3. flokkur. Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:  
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín, byggingarefni óunnið (s. s. þakjárn, þakhellur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólfflísar), veiðarfæri, ótalin annars staðar, fiskumbúðir og saltfiskur.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur, sjávarafurðir, ótaldar annars staðar, gærur, húðir og garnir.
5. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Járn óunnið, smíðajárn, miðstöðvar og vatnsleiðslurör, (s. s. rör, ofnar, katlar, kranar og annar „fittings“), rör og pípur (s. s. raflagnarör, olíuleiðslur, rör ótalin annars staðar), jarðstrengur, vír, óeinangraður, girðingarefni annað en tréstaumar, vélar og tæki (þyngri en 100 kg, s. s. vinnuvélar, mótórar, rafalar, spennar), háspennueinangrarar, bifreiðar, vélar og tæki til landbúnaðar, önnur en handverkfæri, oliur í heilum fötum aðrar en brennsluolíur (s. s. smurolíur og smjörlikisolíur), trjáviður og þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd, skreið.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:  
Olíu í litlum pakkningum, ílátum og dósnum, rafknúin heimilistæki, raf-lagnaefni, ótalið annars staðar, eldavélar, ofnar, kynditæki, hreinlætis-tæki, s. s. úr postulíni og málmum, málningarvörur ýmiss konar, sementsmálning, húðunarefni, ótalin annars staðar, terrassó, gólfdúkar og plötur til gólflagna, korkur, unninn og óunninn, rúðugler í kistum, einangrunarvir, sykur, kaffi, kaffibætir, brauðvörur alls konar, ávextir, grænmeti, matvara í stórum pakkningum og í dósnum og glös-um, fullunnar efnagerðarvörur, ótaldar annars staðar, kjötvörur og fisk-vörur í dósnum og smápakkningum, handverkfæri, vélar og tæki undir 100 kg, varahlutir ýmiss konar (s. s. saumur, skrúfur, boltar, skrár, lamir o. fl. þess konar úr málmum og gerviefnum), barnavagnar, hjól-hestar, mótórhjól, smávélar (s. s. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, aldinsafar, öl og gosdrykkjavörur, búsaðhöld ýmiss konar, burstavörur, siglingatæki, gúmmívörur, bækur, pappírsvörur, kennslutæki, vefnaðarvörur, garn (ull og gerviefni).
8. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Leðurvörur, skófatnaður, glervörur, ótaldar annars staðar, lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki, ótalin annars staðar, smá-hljóðfæri, viðtæki, upptökutæki, grammófónar, spólur og hljómplötur, mælitæki, s. s. mælar, klukkur, úr og önnur mælitæki ótalin, sportvörur,

sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, ilmvötn, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og eru ótaldar annars staðar.

9. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur, föt og umbúðir.
10. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hvert teningsfet.  
Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar o. fl., allar aðrar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvert stykki:  
Stórgripir og lifandi sauðfé.
13. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu:  
Saltsild í tunnum.
14. flokkur. Gjald  $\frac{1}{2}\%$  af verðmæti sjávarafla, lögðum á land í Húsavíkurhöfn til vinnslu og verkunar, sem innleggjandi greiðir. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingabætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

21. febrúar.

Nr. 11.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurðar Helga Sævars Óskarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febrúar 1962.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Sigurð Helga Sævar Óskarsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Sigurð Helga Sævar Óskarsson.

2. gr.

Stofnfé sjóðs þessa má aldrei skerða.

3. gr.

Úthluta skal vöxtum sjóðs þessa ár hvert eftir ákvörðun stjórnar hans. Þó má úthlutun falla niður, og skal sú upphæð, sem þá er til ráðstöfunar leggjast við vexti næsta árs, þannig að hærri upphæð komi til úthlutunar það árið.

## 4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð fimmtíu þúsund krónum — 50000.00 kr. — má útluta ár hvert árlegri aukningu sjóðsins auk vaxta.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum sem hér segir: Formaður, faðir Sigurðar Helga Sævars, Óskar Garibaldason, meðan hans nýtur við og síðan einn af afkomendum hans, tilnefndur af þeim. Meðstjórnendur skulu vera einn úr hópi stjórnar Tónskóla Siglufjarðar, valinn af henni, og einn úr hópi gefanda eða afkomenda þeirra, búsettur á Siglufirði og tilnefndur af gefendum eða afkomendum þeirra.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun úr sjóðnum fer fram.

## 7. gr.

Sjóð þennan má aldrei veðsetja.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Tónskóla Siglufjarðar.

## 9. gr.

Reglum þessum verður aðeins breytt af meiri hluta gefenda.

Jón Hallsson.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130

12. júlí 1939, sbr. reglugerð nr. 157 6. september 1957.

## 1. gr.

Öll gjöld hafnarinnar, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 157 6. september 1957, hækki um 100%.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1962.

*Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar*, undirskrifað af forsetanum 18. janúar 1962, nr. 1.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1962*, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1962, nr. 2.

*Fjáráukalög fyrir árið 1960*, undirskrifuð af forsetanum 24. febrúar 1962, nr. 3.

*Lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 1. marz 1962, nr. 4.

*Lög um sveitarstjórnarkosningar*, undirskrifuð af forsetanum 7. marz 1962, nr. 5.

*Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni*, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1962, nr. 6.

*Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1962, nr. 7.

*Erfðalög*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1962, nr. 8.

*Lög um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1962, nr. 9.

*Lög um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1962, nr. 10.

*Lög um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943*, undirskrifuð af forsetanum 15. marz 1962, nr. 11.

*Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip*, undirskrifuð af forsetanum 27. marz 1962, nr. 12.

*Lög um heyrnleysingjaskóla*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiði-bjöllu)*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 14.

*Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 15.

*Lög um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 16.

*Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breytingu á þeim lögum*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 17.

*Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar*, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1962, nr. 18.

*Lög um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir*, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1962, nr. 19.

*Lög um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1962, nr. 20.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á sanningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1962, nr. 21.*

*Lög um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1962, nr. 22.*

*Lög um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1962, nr. 23.*

*Lög um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1962, nr. 24.*

*Lög um aðstoð til fatlaðra, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1962, nr. 25.*

*Lög um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubýggingasjóð, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1962, nr. 26.*

*Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1962, nr. 27.*

*Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1962, nr. 28.*

*Lög um breytingu á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 29.*

*Lög um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf., undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 30.*

*Lög um sjúkraþjálfun, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 31.*

*Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 32.*

*Lög um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 33.*

*Lög um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 34.*

*Lög um Hjúkrunarskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 35.*

*Lög um Handritastofnun Íslands, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 36.*

*Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 37.*

*Lög um breyting á lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 38.*

*Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 39.*

*Lög um atvinnubóttasjóð, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 40.*

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 41.*

*Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 42.*

*Lög um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 43.*

*Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingafélög fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 44.*

*Lög um breyting á læknaSKIPUNARLögum, nr. 16/1955, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 45.*

*Lög um Samvinnubanka Íslands hf.*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 46.

*Lög um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 47.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans*, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1962, nr. 48.

*Lög um ríkisábyrgðasjóð*, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 49.

*Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Sildarverksmiðjur ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 50.

*Lög um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 17. júní 1957, um Háskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 51.

*Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 52.

*Bráðabirgðalög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf*, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1962, nr. 53.

*Lög um þjóðskrá og almannaskráningu*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 54.

*Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna*, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 55.

*Lög um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 4. apríl 1962, nr. 56.

*Lög um Hæstarétt Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 57.

*Lög um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna*, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1962, nr. 58.

*Lög um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 59.

*Lög um verkamannabústaði*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 60.

*Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 61.

*Lög um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 62.

*Lög um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1962, nr. 63.

*Lög um dánarvottorð*, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1962, nr. 64.

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960*, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1962, nr. 65.

*Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 66.

*Lög um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1952, um Framkvæmdabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 67.

*Lög um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 68.

*Lög um tekjustofna sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 69.

*Lög um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 70.



*Lög um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 71.*

*Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabba-meinsfélags Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 72.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 73.*

*Lög um innflutning búffjár, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 74.*

*Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1962, nr. 75.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1962, nr. 76.*

*Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 77.*

*Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1962, nr. 78.*

*Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-mála o. fl., undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1962, nr. 79.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 17. maí 1962, nr. 80.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af handhöfum forsetavalds 24. maí 1962, nr. 81.*

## AUGLÝSING

### um hámarkshraða ökutækja í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja er 35 km á klst. innan kaups-  
markanna. Reglur þessar gilda þó ekki um umferð á Reykjanesbraut og Vífilsstaða-  
vegi.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga, nr. 26 2.  
maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. febrúar 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

28. febrúar.

Nr. 14.

## REGLUR

### um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

A-liður V. kafla reglnanna orðist þannig:

129. gr.

**Þjóðfáni.**

Öll skip önnur en opnir bátar skulu hafa hæfilega stóran þjóðfána.

130. gr.

**Alþjóða merkjafánar.**

Öll skip 250 rúml. og þar yfir skulu hafa alþjóðamerkjaflögg og merkjabók.

Skip, sem eru 50 rúml. og allt að 250 rúml., skulu hafa alþjóðamerkjafánann,  
G. = Mig vantar hafnsögumann.

131. gr.

**Áttavitar.**

(a) Á skipum stærri en 200 rúml. skulu vera tveir vökvaáttavitar á föstum  
samastað.

Á 50—200 rúml. skipum skal vera einn uppsettur vökvaáttaviti og annar til  
vara, geymdur á öruggum stað. Skal vara-áttavitinn vera af sömu gerð og hinn,  
þannig að fljótlegt sé að koma honum á stað hins fast uppsetta.

Á skipum undir 50 rúml. með þilfari skal vera einn vökvaáttaviti.

Á opnum bátum skal vera áttaviti og honum komið fyrir á hentugum stað.

**Gerð vökvaáttavita.**

(b) Vökvaáttavitar skulu hafa vottorð um gæði frá mönnum, sem að mati  
skipaskoðunarstjóra eru dómbærir í þessum efnum. Skál áttavita, veltiásar og  
nátthús skulu gerð úr efni, sem ekki hefur áhrif á segulnálar hans.

Veltiásar skulu vera hornréttir hvor við annan og línan í gegnum þá á að skerast í lóðréttum ási skálarinnar og skal standoddur áttavitans vera því sem næst í þessum skurðarpunkti.

Stýrisstrikið skal vera greinilegt og skal ekki vera fjær rósarbrúninni en 3 mm. Í áttavitum á þilfarsskipum má rósinn ekki vera minni en 12.7 cm (5"), enda sjáist vel á þá frá stýrisstað.

Þar sem stækkunargler eða speglar eru notaðir við áttavita, skal sá útbúnaður vera þannig, að vel sjáist á að minnsta kosti  $\frac{1}{4}$  hluta rósarinnar í einu frá þeim stað, sem staðið er á við stýri.

Vökvi áttavita skal þola  $30^\circ$  frost á Celsius, ekki má hann hafa eyðileggjandi áhrif á áttavitann. Skálin skal þannig gerð, að hún geti tekið við rúmfangsaukningu eða minnkun vökvans við hitabreytingar, án þess að springa eða að loftbólur myndist í áttavitanum. Rós með floti og nálum má ekki veða meira en 12 gr. í vökva, sem er  $+15^\circ$  á Celsius.

Stýristriksskekkja má eigi fara fram úr  $\frac{1}{2}^\circ$ , skekkja á rós  $\frac{1}{4}^\circ$  og skekkja við ásetningu rósar á flot má ekki vera meiri en  $\frac{1}{2}^\circ$  og forðast skal að hinar leyfilegu skekkjur séu til sömu handar.

#### Fyrirkomulag áttavita.

(c) Fast uppsettum áttavitum skal þannig fyrir komið, að mögulegt sé að leiðrétta þá. Ekki skal hafa handrið úr járnri eða stáli nær en 1.2 m frá náttúsi; útblástursrör, hljóðkúta, gervi-strompa úr stáli ekki nær en 1.5 m og stálplötur í yfirbyggingu mega ekki vera nær miðri rós áttavitans en 0.60 m. Ekki má hafa áttavita í stýrishúsum úr stáli, nema með leyfi skipaefirlitsins. Við uppsetningu áttavita ber að gæta þess, að lína gegnum stýrisstrik og odd sé samhliða langskurðarfleti skipsins. Rafalar, rafmótorar, rafgeymar og önnur rafmagnstæki skulu höfð það langt frá áttavitum, að þau trufla þá ekki, einnig skal gæta þess, að rafmagnsleiðslur í námunda við áttavita hafi ekki truflandi áhrif á þá.

Áttavitar á þilfarsskipum skulu lýstir á viðunandi hátt.

#### Leiðrétting áttavita.

(d) Leiðrétting áttavita skal í höndum manna, sem til þess hafa hlotið lög-gildingingu skipaskoðunarstjóra (sbr. augl. nr. 170 21. sept. 1953). Leiðrétta skal áttavita að minnsta kosti einu sinni á ári, á íslenskum skipum, auk þess þegar ástæða þykir til vegna viðgerða, breytinga eða farms.

(e) Dæmi áttavitasérfræðingur nýjan áttavita ónýtan, skal hann gera skriflega grein fyrir ákvörðun sinni.

#### Gyró-áttavitar.

(f) Í þeim skipum, sem skylt er að hafa tvo vökvaáttavita, má í stað annars þeirra hafa gyró-áttavita, en þá skal vökvaáttavitinn þannig staðsettur og gerður, að hægt sé að sjá á hann frá stýrishjóli skipsins og einnig hægt að nota hann til siglingafræðilegra athugana.

132. gr.

#### Sjókort, bækur o. fl.

Öll skip yfir 15 rúml. skulu hafa nýleiðrétt sjókort yfir svæði þau, sem fyrir-hugað er að sigla um, enn fremur nauðsynlegar vitaskrár, leiðsögubækur, spjöld um notkun gúmmibáta fest upp á áberandi stað í skipinu, leiðarvísi um merkja-gjafir við björgun úr sjávarháská, almanak (íslenskt sjómannaalmanak, sé um fiskiskip að ræða) enn fremur eintak af gildandi reglum um eftirlit með skipum,

leiðbeiningar um hjálp í viðlögum og siglingareglurnar. Skip með miðunarstöð skulu hafa skrá yfir radiovita. Enn fremur skulu vera til nauðsynleg tæki til útsetningar í sjókort. Skip skulu hafa leiðarabók eða dagbók og vélardagbók, svo og siglingalögin, sjómannalögin og aðrar reglugerðir eins og siglingalögin mæla fyrir um.

133. gr.

#### **Radiomiðunarstöð, radar og sextant.**

Í fiskiskipum stærri en 50 rúml. skal vera radiomiðunarstöð eða radar eða sextant. Önnur skip stærri en 50 rúml. skulu búin öllum þessum tækjum, en skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar ástæða þykir til.

134. gr.

#### **Sjónaukar, vegmælar, handlóð.**

Einn sjónauki skal vera um borð í skipum frá 50—500 rúml. og tveir í stærri skipum.

Patentvegmælir með varalínu og flundru skal vera í skipum frá 20—500 rúml. og tveir í stærri skipum, annar með varalínu og flundru. Séu þessi skip búin annarri gerð vegmæla svo sem Kernichef eða SAL vegmæli, þarf ekki nema annan Patentvegmælinn. Öll skip stærri en 20 rúml. skulu hafa handlóð, 3—5 kg með 50 m línu. Skip, sem eru yfir 50 rúml., skulu einnig hafa dýptarmæli með ülheyrandi vindu eða bergmálsdýptarmæli.

135. gr.

#### **Miðunarskífur, sjóúr, skipsklukkur, loftvogir.**

Sé ekki hægt að miða yfir áttavita, skulu fiskiskip stærri en 50 rúml. búin miðunarskífu, nema þau hafi radar.

Önnur skip en fiskiskip 200 rúml. og stærri skulu hafa miðunarskífu og azimutspégil og sjóúr, þó er skipaskoðunarstjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, er ástæða þykir til.

Í hverju skipi, sem er stærra en 200 rúml., skulu vera tvær skipsklukkur og í skipum frá 20—200 rúml. ein skipsklukka.

Loftvog skal vera í öllum skipum, 50 rúml. og stærri.

136. gr.

#### **Siglingaljós.**

Öll skip skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau, sem alþjóðasiglingareglur gera ráð fyrir, enn fremur hin fyrirskipuðu dagmerki. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera samkvæmt alþjóðasiglingareglum. Á nýjum skipum<sup>1)</sup> yfir 50 rúml. skal vera ljósmerki, við slökkvara siglingaljósanna, sem sýna að þau séu í lagi.

#### **Varaljósker.**

Til vara skulu vera eftirtalin ljósker, sem óháð eru ljósavélum skipsins: hliðarljós, toppljós, afturljós, akkerisljós og 2 rauð ljós til að sýna, að skip sé ekki undir stjórn. Undanþegin þessu eru fiskiskip, minni en 50 rúml., enn fremur fiskiskip 50 og allt að 250 rúml., hafi þau fleiri en einn rafal, sem gefið getur orku til siglingaljósa, þó skulu skip í þessum stærðarflokki búin rauðu ljósunum tveimur, sem að ofan getur.

1) Nýtt telst skip, sem samið er um smíði á eftir gildistöku þessara reglna.

Á öllum skipum frá 5—250 rúml. skal ávallt vera til taks hvítt ljósker, sem gefur frá sér skæra birtu og óháð er ljósavélum skipsins.

Siglingaljós skulu hafa vottorð frá stofnunum viðurkenndum af skipaefirlitinu. Varpera skal vera um borð fyrir hvert ljósker.

137. gr.

**Tæki til hljóðmerkja.**

Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja. Þó þurfa skip, sem eru minni en 20 rúml. ekki að hafa klukku, en skulu þá geta gefið hljóðmerki þau, sem klukkum eru ætluð á annan hátt. (T. d. berja á tóma tunnu, fötu eða annað því um líkt).

138. gr.

**Morselampi.**

Öll skip yfir 150 rúml. skulu hafa morselampa, sem nota má jafnt að degi sem nóttu, skal hann ekki eingöngu háður aðalraforku skipsins.

2. gr.

B-liður V. kafla reglnanna orðist þannig:

139. gr.

**Bjargtæki.**

Á íslenskum skipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu nær til, og Ísland er aðili að, skulu að minnsta kosti vera bjargtæki þau, sem hún mælir fyrir um.

a) *Linubyssur.*

Öll skip yfir 50 rúml. skulu búin linubyssu með minnst 4 skotum og 4 línur og auk þess 2 flotlínur. Langdrægi linubysa skal ekki vera minna en 120 m í skipum 50—250 rúml., en 230 m í stærri skipum.

b) *Ljósastarar.*

Skip 30 rúml. og stærri skulu búin ljóskösturum. Skip 30—50 rúml. skulu búin minnst 250 watta ljóskastara, skip 50—100 rúml. skulu búin minnst 500 watta ljóskastara, skip 100—250 rúml. skulu búin minnst 1000 watta ljóskastara, en stærri skip minnst 1500 watta ljóskastara.

140. gr.

a) *Bjargbelti.*

Í öllum skoðunarskyldum skipum skulu vera bjargbelti af viðurkenndri gerð fyrir alla um borð.

b) *Bjarghringar.*

Þar sem línu er krafizt við bjarghringa, skal hún vera 27.5 m löng. Með orðinu „bauja“ í þessu sambandi er átt við sjálfkveikjandi ljós-hylki eða ljós- og reykdufl. Á oliuflutningaskipum skal vera rafmagnsljós í baujunni.

Skip skulu búin bjarghringum sem hér segir:

Lengd skipsins í metrum.	Lágmarkstala bjarghringa.	Þar af með línu.	Þar af með bauju.
6—10 m .....	1	1	0
10—20 — .....	2	1	1
20—25 — .....	3	1	1
25—35 — .....	4	1	2
35—45 — .....	5	2	2
45—55 — .....	6	2	2
55—60 — .....	7	2	3
60—65 — .....	8	2	4

Skipaskoðunarstjóri getur krafizt fleiri bjarghringa en að ofan greinir, ef ástæða þykir til.

c) *Flugeldar.*

Auk flugelda þeirra, sem eiga að vera í björgunarbátum skulu skip búin þeim þannig:

Stærð skipsins rúml.	Lágmarkstala rauðra flugelda.	Lágmarkstala rauðra fallhlífarflugelda.	Lágmarkstala rauðra handblysa.
5— 15 .....	4	0	6
15— 30 .....	4	2	6
30—200 .....	5	3	6
200—500 .....	6	6	12
Stærri en 500 og farþega- skip þó minni séu .....	6	12	12

Í stað rauðra flugelda má koma flugeldabyssa af viðurkenndri gerð, með að minnsta kosti jafn mörgum skotum og hér er krafizt rauðra flugelda.

d) *Fyrirkomulag bjargtækja.*

Öllum skal tækjum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, vera þannig fyrir komið um borð í skipunum, að þau megi koma að sem bestum notum, þurfi að gripa til þeirra.

e) *Stigar að björgunarbátum.*

Ef aðstæður eru þannig, að skipaskoðunin telur nauðsyn á sérstökum útbúnaði til þess að komast um borð í björgunarbáta (stigum eða köðlum), skal slíkur útbúnaður hafður á skipinu.

f) *Barefli til að berja ís.*

Togarar og önnur fiskiskip, sem hafa langa útivist að vetrarlagi, skulu vera búin minnst 10 öxum eða öðrum hentugum áhöldum til að brjóta með klaka.

g) *Undanþágur.*

Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um er að ræða flutning á sjómönnum eða verkafólki til og frá verstöðvum, eða einstakar hópferðir, getur skipaskoðunarstjóri gert vægari kröfur til farþegarýmis og skipsbúnaðar en krafizt er í reglum þessum. Skal þá undanþágan gefin skrifleg fyrir hverja einstaka ferð.

h) *Viðurkenning.*

Öll bjargtæki skulu hafa viðurkenningu skipaskoðunarstjóra, áður en þau eru tekin í notkun.

## 141. gr.

**Björgunarbátar, gúmmibátar og slöngubátar.**

I. Á íslenskum skipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlifa á hafinu, sem Ísland er aðili að, nær til, skulu vera björgunarbátar þeir, sem hún mælir fyrir um, að öðru leyti en því, að skipin skulu búin gúmmibjörgunarbátum, er rúma alla á skipinu.

II. *Farmskip 200—500 rúmlestir* skulu hafa tvo björgunarbáta, sinn á hvorri hlið skipsins, og skulu bátarnir að samanlögðu rúma alla skipshöfnina. Auk þess skulu þau búin minnst tveimur gúmmibjörgunarbátum, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.

*Farmskip undir 200 rúmlestum* skulu hafa einn björgunarbát, sem rúmar alla skipverja. Enn fremur tvo gúmmibáta, sem rúma alla á skipinu að samanlögðu.

III. *Farþegaskip í strandsiglingum, stærri en 50 rúmlestir*, skulu hafa björgunarbáta, sem rúma helming allra á skipinu, enn fremur gúmmibáta fyrir alla á skipinu. Á litlum farþegaskipum, sem sigla innfjarða (flóabátum), getur skipa-skoðunarstjóri veitt undanþágu frá fullkomnum björgunarbátum og leyft annan útbúnað í þeirra stað, svo sem slöngubát eða aukinn fjölda gúmmibjörgunarbáta.

IV. *Fiskiskip stærri en 500 rúml. skulu hafa:*

- a) Tvo björgunarbáta, er hvor um sig rúmar alla skipverja, sinn á hvorri hlið skipsins, að viðbættum gúmmibjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).
- b) Eða einn björgunarbát, er rúmar alla skipverja, staðsettan miðskips, þannig búinn, að auðvelt sé að setja hann út til beggja hliða skipsins, að viðbættum gúmmibjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).
- c) Eða tvo slöngubáta með árum og ræðum, skal annar rúma minnst 25 menn, en hinn minnst 8 menn, að viðbættum gúmmibjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).

V. *Fiskiskip 200—500 rúmlestir skulu hafa:*

- a) Björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja. Ef tveir bátar eru, skal sinn vera á hvorri hlið skipsins, ef einn, skal hann svo búinn að setja megi hann út til beggja hliða skipsins. Tveir eða fleiri gúmmibjörgunarbátar, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.
- b) Eða tvo eða fleiri gúmmibjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja). Slöngubát með árum og ræðum, sem rúmar minnst 5 menn eða góður vinnubátur.

VI. *Fiskiskip 100—200 rúml. skulu hafa:*

- a) Björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja, en auk þess gúmmibjörgunarbát eða báta fyrir alla skipverja.
- b) Eða tvo eða fleiri gúmmibjörgunarbáta, sem rúma tvöfaldan fjölda skipverja.

VII. *Fiskiskip 50—100 rúmlestir* skulu hafa tvo gúmmibjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma einum og hálfum sinnum fjölda skipverja.

VIII. *Fiskiskip 15—50 rúmlestir* skulu hafa gúmmibjörgunarbát, sem rúmar alla á skipinu.

IX. *Fiskiskip 5—15 rúmlestir með þilfari* skulu búin gúmmibát, gúmmifleka eða öðru hentugu fleytitæki, sem rúmar alla skipverja.

**Stærð gúmmibjörgunarbáta.**

Ekki má nota minni en 6 manna gúmmibjörgunarbáta í skipum, sem eru stærri en 15 rúmlestir, og ekki stærri en 12 manna í skipum undir 200 rúmlestum.

**Önnur skip.**

Skip, sem ætluð eru til sérstakra nota (specialskip) og falla ekki undir ofangreinda flokka, skulu búin björgunar- og gúmmibátum, sem farm- eða fiskiskip af sömu stærð, en séu vandkvæði á þessu, ákveður skipaskoðunarstjóri hverju sinni, hvernig þau skulu búin bátum.

## 3. gr.

VI. kafli reglnanna orðist þannig:

**Opnir bátar.**

## 142. gr.

**Opnir róðrabátar og búnaður þeirra.**

Þegar skoðaðir eru opnir bátar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og vel traustur, að stýrið sé traust og svo um það húið, að það geti ekki hrokkið upp af, þótt öldugangur sé, að bátnum fylgi traustar árar og að minnsta kosti tvær varaárar, að ræðin séu traust og hentug og sömuleiðis sigla og segl, sé það haft.

Í hverjum bát skal hafa nægilega mörg austurtrog, miðað við stærð hans, enn fremur góðan áttavita, ljósker, bárufleyg, stjóra, streng og vatnskút, hæfilega stóran.

## 143. gr.

**Opnir vélbátar, sem stunda fiskveiðar.**

1. Þegar skoðaður er opinn vélbátur, sem stundar fiskveiðar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og traustur. Stýrið skal vera traust og svo um það húið, að það geti ekki hrokkið upp af þótt öldugangur sé. Þess skal enn fremur gætt, að seyming sé í góðu lagi og að ekki sé fúi í bátnum.

2. Undirbygging vélarinnar skal vera traust og vel til hennar vandað. Frá stefnispípunni skal tryggilega gengið og þess gætt, að afturstefnið sé hæfilega þykkt, svo það veikist ekki um of við gegnumborun fyrir stefnispípunni. Óskert efni utan við stefnispípuna má hvergi vera minna en 1½ sinnum súðarþykktin.

3. Vélinni skal tryggilega komið fyrir í bátum, og svo um hana húið, að vatn geti ekki valdið gangtruflun. Húsið yfir vélinni skal vera vatnshelt, verði því við komið. Fram- og afturbíl vélarhússins skal þannig útbúið, að sjór geti ekki komið til vélarinnar örar en svo, að austurdæla vélarinnar hafi við að dæla, svo að austurinn geti ekki valdið gangtruflun. Sé op á framhliðinni vegna gangsetnings-sveifarinnar, skal kleift að loka því skjótlega og auðveldlega, t. d. með dragloku.

4. Undir kasthjól vélarinnar skal vera kassi, sem ver það fyrir austrinum.

5. Frá eldsneytisgeyminum skal tryggilega gengið. Á honum eða við hann, á eldsneytisþípu, skal vera gruggskál, með síu í og krana á botni, svo að unnt sé að hleypa vatni úr henni. Sé benzín notað til gangsetningar á vélinni, eða til eldsneytis, má ekki geyma það í vélarúminu.

6. Frá botnkrananum skal vel gengið og hann festur á bátshliðina með gegnreknum skrúfboltum, eða á annan öruggan hátt.

7. Frá útblástursþípu skal svo gengið, að ekki stafi frá henni íkveikjuhætta. Liggi útblástursþípan með skipshliðinni og nái aftur úr bátnum, skal hún einangruð þar, sem hún liggur nærri tré, sé hún ekki vatnskæld.

8. Opnir vélbátar skulu hafa siglu og segl, hæfilega stór, 2 árar, 3 ræði, áttavita, þokulúður, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljósker, um það bil einum metra ofar, eina skjólu, eina eða tvær handdælur, eftir því hvernig vélarúminu er komið fyrir, bárufleyg með 4 litrum af smurningsolíu, eða annan full-



gildan útbúnað til að lægja með brotsjó, vatnskút, bátsfesti, lyfjaskrín nr. 1, hæfilega þungan stjóra og að minnsta kosti 30 faðma langan kaðal með um það bil 3 faðma keðju við endann, bjargbelti handa öllum um borð, 3 rauð handblys og vasaljós.

9. Á bátinn skal vera málað nafn hans, heimilisfang, umdæmisbókstafir og -tölur.

10. Allir fiskibátar skulu hafa mælingarbréf.

#### 144. gr.

##### **Opnir vélknúnir farþega- og vöruflutningabátar.**

1. Opnir farþega- og flutningabátar vélknúnir, skulu fullnægja ákvæðum II. liðs þessarar greinar, um opna vélbáta, er stunda fiskveiðar, að því er lýtur að styrkleika bátsins, og fyrirkomulagi eftir ferðum þeim, sem bátnum er ætlað að vera í, hvort heldur er milli skips og lands, innfjarðasigling, eða á vötnum.

2. Útbúnaður opinna farþega- og vöruflutningabáta skal vera sem hér segir: Tvær árar, 3 ræði, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljós einum metra ofar, þokulúður, 2 skjólur eða 2 austurtrog, handdæla, bátsfesti, hæfilega gild og löng, stjóri með 3 faðma keðju og streng, ekki styttri en 30 faðmar, bjargbelti fyrir alla um borð.

3. Sé báturinn yfirbyggður að einhverju leyti eða hafi hann ekki siglu né segl og verði heldur ekki róíð, skal hann auk greinds útbúnaðar hafa slökkvitæki og 2 varahlöð, 6 rauð blys í vatnsheldum kassa, bjarghring með bandi í, þokulúður, krókstjaka og lyfjaskrín nr. 1.

4. Enn fremur skulu á bátnum vera nauðsynleg handrið, og séu farþegar í lokuðu skýli, skal það vel lýst og loftræst.

5. Farþega- og vöruflutningabátar skulu hafa mælingarbréf.

#### 145. gr.

##### **Opnir vélbátar, varhlutir og verkfæri.**

Í opnum vélbátum skulu vera eftirtalin verkfæri og varahlutir: Hamar, 2 skiptilyklar, töng, þjöl, meitill, 2 mótorkerti, sé benzinmótor í bátnum, en  $\frac{1}{2}$  samstæða af eldsneytislokanálum, eða helmingur olíuspíssa, ef dieselvél er í bátnum, einangrunarband og hæfilega mikið af þétti (pakning).

#### 4. gr.

A-liður VII. kafla regnanna orðist þannig:

##### **A. Björgunarbátar.**

(Gildir ekki um gúmmibjörgunarbáta).

#### 146. gr.

Smíði og gerð björgunarbáta fer eftir sérstökum reglum.

Þeir skulu vera vel smíðaðir, úr góðu, viðurkenndu efni, með föstum byrðingi. Lofthylkin innanborðs skulu vera úr eir eða öðru viðurkenndu efni.

Breidd björgunarbáts á hálfri dýpt skal vera að minnsta kosti:

- a. 96% af breiddinni miðskipa,
- b. 77% af breiddinni við fjórðung lengdar.

Botnris skal vera 1:8.

Ef breyta þarf stærðarhlutföllum björgunarbáts vegna rýmis, skal skipaskoðunarstjóri fá breytingartillöguna til úrskurðar. Skipaskoðunarstjóri getur leyft að

nota að einhverju leyti aðrar gerðir björgunarbáta, þegar sérstaklega stendur á, t. d. björgunarbáta með hleypisúð.

Um tölu björgunarbáta í farþegaskipum skal farið eftir alþjóðareglum. Rúmtak björgunarbáts skal reikna út eftir Simpsons-reglu eða á annan jafn nákvæman hátt. Telja má rúmtakið jafnt  $6/10$  af margfeldi lengdar, breiddar og dýptar, ef eigandi skipsins eða skipaættirlit ríkisins óska ekki eftir nákvæmari aðferð. Ekki má dýptartalan, sem reiknað er með, vera hærri en 45% af breiddinni, þó að hin raunverulega dýpt bátsins sé meiri.

Frá rúmtaki mótorbjörgunarbáts skal draga rúmtak mótors.

Hæfilegt hleðsluborð skal vera um 3 cm á hvern lengdarmetra bátsins. Stafnris björgunarbáts skal að minnsta kosti vera 4% af lengd hans.

Enginn björgunarbátur skal vera minni en 2.85 rúmmetar.

Aðalmálin skulu fundin á eftirfarandi hátt: Lengdin skal mæld frá ytri brún súðar við framstefni að samsvarandi stað á afturstefni. Ef um skutgafli er að ræða, skal mælt að aftanverðum gaflinum.

Breiddin skal mæld milli utanverðra súða og þar, sem báturinn er breiddastur.

Dýptin skal mæld miðskipa frá kili að heinni línu milli hástokka.

Á skipum, sem sigla milli landa, skal hverjum manni ætlað  $0.283 \text{ m}^3$  rúmtak í bát, en í strandferðaskipum  $0.23 \text{ m}^3$ .

Þó mega ekki fleiri vera á báti en svo, að allir geti setið og rúmt sé um ræðara. Á hvern bát skal merkja með skýrum, óafmáanlegum stöfum, stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, er hann má flytja. Nafn skipsins og heimilisfang skal mála á báða bóga. Ef um fiskiskip er að ræða, má í stað nafns og heimilisfangs hafa umdæmisbókstafi þess og tölur. Stærð stafanna skal vera 6—10 cm.

### Loftkassar.

Loftkassar í björgunarbátum skulu vera úr eir eða öðru viðurkenndu efni og enginn kassanna lengri en 1.2 metrar. Fleytimagn björgunarbáta skal tryggt með vatnsheldum lofthylkjum. Rúmtak þeirra samanlagt skal að minnsta kosti vera  $1/10$  hluti af rúmtaki bátsins. Flotmagn málbáts af þessari gerð má ekki vera minna en flotmagn það, sem trébátur á að hafa samkvæmt fyrr greindum ákvæðum, og skal því auka rúmtak lofthylkjanna í bátnum samkvæmt því.

### Bátsuglur.

Tæki til sjósetningar björgunarbáta skulu viðurkennd af skipaskoðunarstjóra.

Styrkleiki bátsugla skal reiknaður með 5-földu öryggi. Bátsuglur, blakkir og falir skulu reyndar eftir að búið er að koma þeim fyrir um borð með 30% meiri þunga en þeim er ætlaður, skal þá reiknað með 75 kg þunga fyrir hvern mann, sem báturinn er gefinn upp fyrir, auk þess skal allur búnaður vera í bátnum.

### Bátstólar.

Björgunarbátum skal fyrir komið í stóla nema bátsuglurnar séu þannig búnar, að bátarnir séu jafn vel skorðaðir í þeim og stólum. Bátarnir skulu vera kjölréttir og skal aðgangur að þeim vera svo greiður sem við verður komið. Hliðarstykki stólanna, sem að skipshliðinni snúa, skal vera hægt að fella niður, þannig að auðvelt sé að ýta bátnum út án þess að þurfa að lyfta honum fyrst. Festingar bátsins skulu vera sterkar og auðvelt að losa þær.

**Merking björgunarbáta.**

Hvern björgunarbát skal merkja skýru óafmáanlegu lettri, stærð hans og tölu þeirra manna, sem heimilt er, að hann flytji. Nafn skips þess, er báturinn fylgir, skal mála á báða bóga.

**Báta- og slökkviliðsæfingar.**

Áhafnir skipa, sem ekki lúta alþjóðareglum, skulu kallaðar til báta- og slökkviæfinga annan hvorn mánuð. Bátana skal setja niður og róðraæfingar gerðar.

Æfingunum skal háttað þannig, að skipverjar fái fulla þekkingu á starfi því, sem hverjum um sig er ætlað. Enn fremur skal gengið úr skugga um, að bátar, búnaður, bátsuglur og annað tilheyrandi sé í fullkomnu lagi, að fljótt og örugglega sé hægt að koma bátunum í sjó og að þeir séu þéttir.

Færa skal inn í eftirlits- og dagbók skipsins dagsetningu slíkrar æfingar. Þar sem því verður við komið, skulu gerðar æfingarskrár um báta- og slökkviæfingar, þar sem tiltekið er hlutverk hvers skipverja við sjósetningu báta og slökkvistörf. Æfingarskráin skal sett í ramma og höfð á áberandi stað í skipinu.

**Neyðarlýsing við björgunarbáta.**

Á nýjum skipum yfir 30 rúml. og þar sem því verður við komið á eldri skipum, skal vera neyðarlýsing við björgunarbáta.

## 147. gr.

**Búnaður björgunarbáta.**

a) Útbúnaður björgunarbáta (fastra) skal vera sem hér segir:

1. Árar í öll ræði, tvær varaárar og ein stýrisár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við bátinn og eitt vararæði fyrir hver tvö ræði; tveir krókstjakar.
2. Tvennar neglur fyrir hvert neglugat; skulu þær bundnar við björgunarbátinn með taug eða keðju (neglur eru ekki notaðar, þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað); austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
3. Stýri með stjórnveli eða taumum tengt við bátinn.
4. Tvær axir, sín í hvorum enda bátsins.
5. Ljósker með ljósmeti, sem nægir í 12 klukkustundir; tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.
6. Sigla eða siglar með zinkuðum vírstögum og rauðgulum seglum.
7. Góður áttaviti í áttavitaskýli með ljósi.
8. Bjargstrengur meðfram hlið bátsins.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með um 27.5 metra löngum kaðli, sbr. 161 gr.
10. Tvær nægilega langar bátsfestar. Önnur þeirra skal fest við framstafn bátsins með lykkju og þolli, svo að auðvelt sé að leysa hana, en hin skal bundin við framstefnið og jafnan tiltæk.
11. Bárufleygur, sem tekur 4½ lítra af olíu eða lýsi, skal svo gerður, að innihaldið geti auðveldlega breyðzt yfir sjávarflötinn og honum skal svo fyrir komið, að hægt sé að binda hann við rekakkerið.
12. Matarskammtur, viðurkenndur af skipaskoðun ríkisins, fyrir hvern mann, sem báturinn rúmar. Matinn skal geyma í loftþéttum ílátum og þau höfð í vatnspéttu hylki.
13. Vatnspétt ílát, sem tekur 3 lítra af drykkjarvatni á mann eða vatnspétt ílát, sem tekur tvo lítra af drykkjarvatni á mann ásamt viðurkenndu seltu-

- eyðingartæki, sem getur framleitt einn lítra af drykkjarvatni á mann, ryðfri ausa í taug og ryðfritt drykkjarlát með mælistrikum.
14. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys, hvort tveggja af viðurkenndri gerð.
  15. Tvö flothæf reykerki (til dagnota) af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér rauðgulan reyk.
  16. Viðurkenndur útbúnaður, sem menn geta haldið sér í, ef báti hvolfir, annað hvort veltikjölur, kjalarhandföng, bjarglína strengd undir kjöl milli borðstokka eða annar viðurkenndur útbúnaður.
  17. Sáraumbúðir og lyf til hjálpar í viðlögum í vatnspéttum umbúðum.
  18. Vatnspétt vasaljós ásamt tveimur varahlöðum og tveimur perum í vatnsheldum umbúðum.
  19. Merkjaspégill af viðurkenndri gerð til dagnota.
  20. Hnifur með dósaskera, festur í bátinn.
  21. Tvær grannar flot-kastlínur.
  22. Handdæla af viðurkenndri gerð.
  23. Hagkvæm geymsla fyrir ýmislegt smávegis.
  24. Blístra eða annað til hljóðmerkjagjafa.
  25. Fiskilína með tilheyrandi sökku og önglum.
  26. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit, til varnar gegn kulda og vætu.
  27. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
- b) Skipaskoðunarstjóri getur gefið undanþágu frá því, sem krafizt er í 6., 12., 19., 25. og 26. tölulið hér að framan.
- c) Í mótorbjörgunarbátum er ekki skylt að hafa seglbúnað og árar mega vera helmingi færri en að ofan greinir, en krókstjakar skulu vera tveir.
- d) Allir björgunarbátar skulu þannig útbúnir, að auðvelt sé að komast um borð í þá.
- e) Í hverjum mótorbjörgunarbát skal vera froðuslökkvitæki eða annað jafn gott til að slökkva olíuelda.

#### Frágangur tækja í björgunarbátum.

Að undanteknum krókstjakanum, sem á að vera laus í bátnum, skal öllum innviði hans fest við hann. Frá festingum skal þannig gengið, að ekkert í bátnum sé í vegi fyrir lyftikrökum eða hindri menn í að komast auðveldlega um borð. Allur búnaður björgunarbáta skal vera eins léttur og fyrirferðalítill og unnt er.

#### 148. gr.

##### Leiðarvísir um notkun öryggistækja og eftirlit með þeim.

*Leiðarvísir.* Leiðarvísir um notkun öryggistækja og annarra tækja, t. d. línu- byssu, flugelda, ljósmerkja, slökkvitækja o. fl., skal vera á íslenzku.

Leiðarvísirinn skal prentaður á haldgott efni og límdur traustlega á tækið og umbúðirnar með greinilegum fyrirmælum um mynd, ef þurfa þykir. Hver sá, er selur tækin, ber ábyrgð á, að þessu sé framfylgt, þannig að fullnægjandi sé, að dómi skipaeftirlitsins.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að nægilega margir menn á skipinu kunni meðferð tækjanna. Hann ber ábyrgð á, að tækin séu geymd á góðum stöðum og enn fremur á endurnýjun þeirra, ef þau glatast eða skemmast.

*Eftirlit.* Þegar skoðun er gerð á skipi, og í hvert skipti, sem ástæða þykir til, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að tækin séu í nothæfu ástandi.

## 5. gr.

B-liður VII. kafla reglnanna orðist þannig:

**B. Gúmmíbjörgunarbátar.**

## 149. gr.

**Um gerð gúmmíbjörgunarbátá.**

- a) Sérhver gúmmíbjörgunarbátur skal þannig gerður, að hann sé stöðugur á sjó, er hann útblásinn flýtur á réttum kili.
- b) Gúmmíbjörgunarbátar skulu þannig gerðir, að þeir þoli, að þeim sé kastað í sjó úr 18 m hæð, án þess að þeir eða útbúnaður þeirra skemmist.
- c) Bátarnir skulu búnir þaki, sem lyftist sjálfkrafa um leið og báturinn þenst út. Skal það geta varið áhöfnina gegn kulda og vosbúð og vera þannig gert að safna megi af því regnvatni. Þar sem þakið er hæst, skal vera ljós á því, sem fær orku sína frá rafhlöðu, sem hleðst við það að koma í sjó, annað ljós af svipaðri gerð skal vera inni í bátnum. Áberandi litur skal vera á þakinu.
- d) Gúmmíbátar skulu búnir bátsfesti og griplínu skal örugglega fest í kringum þá að utan og innan.
- e) Auðvelt á að vera fyrir einn mann að reisa bátinn á réttan kjöl, ef hann skyldi þenjast út á hvolfi.
- f) Á gúmmíbátum skal vera hentugur útbúnaður, sem auðveldar mönnum að komast um borð í þá úr sjó.
- g) Utan um bátana skal vera slitsterk taska eða aðrar hentugar umbúðir, sem þola vel allt venjulegt slit um borð í skipum. Bátarnir eiga að geta flotið í umbúðum sínum.
- h) Gúmmíbátum skal skipt í jafna tölu aðskildra hólfra og skal helmingur þeirra vera nægjanlegur til þess að fleyta manna fjöldi þeim, sem bátunum er ætlað að bera, eða þeir skulu á annan jafn öruggan hátt þannig búnir, að fleytimagn þeirra sé nægilegt samkvæmt ofansögðu, þótt þeir kynnu að skemmast að nokkru leyti eða þendust eigi út að fullu.
- i) Gúmmíbátar í tösku eða öðrum umbúðum og með fullum útbúnaði mega ekki vera þyngri en 180 kg.
- j) Fjöldi manna, sem gúmmíbátum er ætlað að bera, skal vera jafn og:
  - I. Stærsta heila tala, sem kemur út við að deila 3.4 í rúmmál flothólfanna mældum í rúmfetum á bátunum uppblásnum (skal þá ekki tekið tillit til þófta eða þakboga). Sé metramál notað skal deila með 96 í rúmmálið mælt í rúm-desimetrum.
  - II. Stærsta heila tala, sem kemur út við að deila 4 í flatarmál gólfplatara á bátunum uppblásnum, mælt í ferfetum (hér má reikna þóftur með í flatarmáli séu einhverjar). Sé metramál notað skal deila með 3720 í flatarmálið, mælt í fersentimetrum. Skal lægri talan, sem fæst með aðferð I. eða II., gilda.
- k) Botn gúmmíbátá skal vera vatnsþéttur og þannig útbúinn, að hann geti gefið nægilega einangrun gegn kulda.
- l) Gúmmíbátar skulu uppblásnir óskaðlegri lofttegund og þannig, að þeir þenjast sjálfkrafa út, ef kippt er í línu eða á annan jafn einfaldan hátt. Mögulegt skal vera að halda loftþrýstingi bátanna við með því að dæla lofti í þá með hand-dælu þeirri, sem krafizt er í 7. tl. a-liðs 150. gr.
- m) Gúmmíbátar skulu vera úr viðurkenndu efni og af viðurkenndri gerð, þannig búnir til, að þeir þoli að vera 30 daga á floti við allar aðstæður á sjó.
- n) Enginn gúmmíbátur skal viðurkenndur til notkunar í skipum stærri en 15 rúmllestir, ef hann rúmar minna en sex menn, reiknað samkvæmt j-lið í þessari grein, og eigi má viðurkenna báta fyrir fleiri en 25 menn, reiknað á sama hátt.

- o) Gúmmibátar skulu vera virkir og nothæfir við hitastig á milli  $+66^{\circ}$  og  $-30^{\circ}$  C.
- p) Gúmmibátum skal þannig fyrir komið um borð í skipum, að auðvelt sé að grípa til þeirra, er með þarf.
- q) Gúmmibátar skulu búnir festingu fyrir dráttartaug, þannig að megi draga þá, ef þörf krefur.

150. gr.

#### Búnaður gúmmibáta.

- a) Venjulegur búnaður gúmmibáta skal vera sem hér segir:
  - 1. Flothæfur kasthringur í minnst 30 m langri flotlínu.
  - 2. Gúmmibátar fyrir 12 menn eða færri skulu búnir einum hníf og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
  - 3. Tveir svampar.
  - 4. Tvö rekakkeri, öðru skal varanlega fest við gúmmibátinn, hitt til vara.
  - 5. Tvær árar.
  - 6. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til þess að gera við leka á loft-hólfum.
  - 7. Lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta á bátunum til þess að bæta á þá lofti, ef með þarf og dæla upp tvöfalda botninn.
  - 8. Þrír dósahnífar.
  - 9. Lyfjaskrín af viðurkenndri gerð, í vatnsþéttum umbúðum.
  - 10. Ryðfrítt drykkjarlát með mælistrikum.
  - 11. Vatnsþétt vasaljós hæft til morse-sendinga, ásamt einni varahlöðu og vara-  
peru í vatnsheldum umbúðum.
  - 12. Spegill og blístra til merkjagjafa.
  - 13. Tveir fallhlífarflugeldar af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært,  
rautt ljós í mikilli hæð.
  - 14. Sex handblys af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært rautt ljós.
  - 15. Handfæri.
  - 16. Matarskammt fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, með  
„Verkade“ matarskammti eða öðrum viðurkenndum matvælum, sem ekki  
eru þorstaaukandi og skulu þau hafa inni að halda minnst 2200 hitaein-  
ingar á hver 453 gr. Enn fremur  $\frac{1}{6}$  kg kandíssykur eða álíka hentug  
sykurtegund.
  - 17. Þétt ílát, sem að samanlögðu rúmar  $1\frac{1}{2}$  l. af vatni fyrir hvern mann, sem  
báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins, má koma  
hentugt seltueyðingartæki, sem getur framleitt sama magn af drykkjarvatni.
  - 18. Sex sjóveikistöflur fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera.
  - 19. Notkunarreglur á íslensku í vatnsheldum umbúðum eða prentuð á efni,  
sem þolir vætu, skulu vera í gúmmibátnum.
  - 20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgunarsveitir.
- b) Þegar um farþegaskip er að ræða í svo stuttum ferðum, að allur búnaður sá,  
sem upp er talinn í a-lið þessarar greinar þykir ónauðsynlegur að áleti skipa-  
skoðunarstjóra, er honum heimilt að leyfa, að einn eða fleiri gúmmibátar, þó  
ekki færri en einn sjötti hluti þeirra, sem um borð eru, séu aðeins búnir því, sem  
tekið er fram í töluliðum 1—7; 9 og 19 hér að ofan og helmingi þess, sem  
getið er í töluliðunum 13 og 14, afgangur gúmmibátanna skal búinn því, sem  
tekið er fram í töluliðum 1—7 og 19.
- c) Í gúmmibjörgunarbátum á skipum undir 15 rúml. skal vera:
  - 1. Lofthanddæla.
  - 2. Viðgerðarútbúnaður.

3. Rekakkeri.
4. Vasaljós (vatnsþétt).
5. 3 rauð handblys.
6. Hnífur.
7. Leiðarvísir um notkun á íslenzku.

## 151. gr.

**Skoðun gúmmibjörgunarbáta.**

- a) Sérhver gúmmibjörgunarbátur skal skoðaður minnst einu sinni á ári, af mönnum, sem hafa hlotið viðurkenningu skipaskoðunarstjóra. Þessum mönnum einum skal heimilt að annast skoðun og viðgerðir bátanna og er þeim skylt að fylgja nákvæmlega fyrirmælum framleiðenda gúmmibátanna og skipaskoðunarinnar.
1. Athuga skal hvort nokkuð sjái á bátshúðinni.
  2. Hleypt skal lofti á bátinn þar til þrýstingurinn verður 2 lbs. á ferþumlung. Ekki má þrýstingurinn fara undir 1.75 lbs. á ferþumlung eftir að báturinn hefur staðið eina klukkustund útblásinn.
  3. Reynist báturinn óþéttur, samkvæmt 2. tl., skal gert við lekann.
  4. Síðan skal aftur fara fram þrýstiprófun samkvæmt 2. tl.
  5. Loftflaska skal athuguð og vegin, sé hún með hettu, þá án hennar.  
Loftflöskur skulu þrýstireyndar á 5 ára fresti með minnst 235 kg þrýstingi á fersentimeter. Dagsetning þrýstiprófunar skal sett á flöskurnar. Enn fremur skal gengið úr skugga um, að flöskurnar séu eigi ryðgaðar, hvorki að utan né innan.
  6. Allur útbúnaður bátsins skal vandlega yfirfarinn og sé nokkru ábótavant, skal úr því bætt.
  7. Eftir skoðun skal báturinn settur í umbúðir.
- c) Skoðunarmaður gúmmibáta skal setja merki skipaskoðunar ríkisins með númeri á hvern þann gúmmibjörgunarbát, sem í fyrsta skipti er skoðaður.
- d) Að lokinni skoðun og viðgerð á gúmmibátnum, útfyllir skoðunarmaður vottorð í þrírili um, að báturinn sé í lagi. Skoðunarmaður heldur einu eintaki eftir, en annað eintak skal afhent skipstjóra til geymslu með skjölum skipsins og því þriðja skal skilað til skipaskoðunarinnar.

## 152. gr.

**Leiðbeining um notkun gúmmibáta.**

Minnst tvisvar á ári skulu skipstjórnarmenn sýna skipshöfn geymslu gúmmibjörgunarbáta og gefa leiðbeiningar um notkun þeirra. Jafnframt skal líta eftir að vel fari um bátinn.

## 6. gr.

Á eftir B-lið komi nýr liður, sem verður C-liður, svo hljóðandi:

**C. Slöngubátar.**

## 153. gr.

Slöngubátar eru bátar búnir til úr sterkum gúmmibornum dúk og eru stöðugt hafðir uppblásnir um borð í skipinu. Viðurkenndar eru tvær gerðir: *slöngubjörgunarbátar*, sem rúma frá 8—25 manns og hafa burðarþol frá 1.2 tonn upp í 3.1 tonn og *slönguléttbátar*, sem ætlaðir eru 5—8 mönnum og bera frá 450—700 kg. Slöngubátar skulu merktir merki skipaskoðunar ríkisins með númeri.

## 154. gr.

## Útbúnaður slöngubjörgunarbáta.

- a) 1. Báturinn skal gerður úr tveimur aðskildum slöngum 30—40 cm í þvermál og 2—4 skilrúm skulu vera í hvorri slöngu eftir stærð bátsins.
2. Í bátum, sem taka 20 menn og fleiri, skal vera kjalslanga og tvískiptir botnflekar úr viði.
3. Tvær lekaskrúfur.
4. Búnaður til að festa lyftitaug.
5. Líflína kringum bátinn.
6. Fjögur ræði og einn stýristolli.
7. Tvö höld fyrir varaárar.
8. Tvö höld fyrir hnífa.
9. Dráttarbeizli.
10. Hæfilega margar þóftur.
11. Loftdæla með slöngu.
12. Viðgerðarútbúnaður.
13. Lekatappar.
14. Poki til þess að geyma ýmislegt lauslegt.
15. Drifakkeri með línu.
16. Sex 3 metra langar árar.
17. Stýrisár 3.6 metra löng.
18. Krókstjaki með kúlumynduðum oddi.
19. Fimmtán metra löng fangalína.
20. Fata með taug.
21. Austurtrog.
22. Tveir hnífar í skeiðum.
23. Oliuljósker.
24. Ílát með einum lítra af steinolíu.
25. Bárufleygur með 5 lítrum af hentugri olíu.
26. Matarílát, 40 lítra, með matvælum viðurkenndum af skipaskoðun ríkisins.
27. Vatnsílát, sem rúma þrjú lítra af drykkjarvatni á mann.
28. Fjórir rauðir fallhlifarflugeldar og sex rauð handblys af viðurkenndri gerð.
29. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota) af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér rauðgulan reyk.
30. Tvær vatnspéttar dósir af stormeldspýtum.
31. Eitt vatnspétt vasaljós með tveimur varahlöðum og tveimur varaperum í vatnsheldum umbúðum.
32. Góður áttaviti í áttavitaskýli með ljósi.
33. Lyfjaskrín af viðurkenndri gerð.
34. Merkjaspigill af viðurkenndri gerð til dagnota.
35. Ryðfrítt drykkjarílát með mælistrikum.
36. Leiðarvisir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
37. Tveir dósahnífar.
- b) Sleðar, bómur, kranar eða annar útbúnaður til útsetningar slíkra báta, skal viðurkenndur af skipaskoðuninni.
- c) Bátunum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að koma þeim út beggja megin skipsins og vel fari um þá á stað þeim, sem þeir eru geymdir á og skal vandlega breytt yfir þá.
- d) Bátarnir skulu skoðaðir árlega og þrýstimældir.
- e) Um frágang tækja í slöngubjörgunarbátum gildir sama og um venjulega björgunarbáta.



155. gr.

**Búnaður slönguléttbáta.**

Í slönguléttbátum skulu vera árar í öll ræði, lofthanddæla, botnflekar, viðgerðar-útbúnaður, lekatappar, vatnspétt vasaljós og hnifur, enn fremur 500 metra lína. Skal þessi búnaður bundinn í bátinn á þann hátt, að fljótlega sé hægt að losa hann.

156. gr.

**Leiðarvísir um notkun öryggistækja og eftirlit með þeim.**

*Leiðarvísir.* Leiðarvísir um notkun öryggistækja og annarra tækja, t. d. línu-byssu, flugelda, ljósmerkja, slökkvitækja o. fl. skal vera á íslenzku.

Leiðarvísirinn skal prentaður á haldgott efni og líndur traustlega á tækið og umbúðirnar með greinilegum fyrirmælum og mynd, ef þurfa þykir. Hver sá, er selur tækin, ber ábyrgð á, að þessu sé framfylgt, þannig að fullnægjandi sé, að dómi skipaeftirlitsins. Skipstjóra er skylt að sjá um, að nægilega margir menn á skipinu kunni meðferð tækjanna. Hann ber ábyrgð á, að tækin séu geymd á góðum stöðum og enn fremur á endurnýjun þeirra, ef þau glatast eða skemmast.

*Eftirlit.* Þegar skoðun er gerð á skipi, og í hvert skipti, sem ástæða þykir til, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að tækin séu í nothæfu ástandi.

7. gr.

Á eftir C-lið VII. kafla reglnanna komi nýr liður, sem verður D-liður, svo hljóðandi:

**D. Bjargbelti.**

157. gr.

- a) Bjargbelti af viðurkenndri gerð skal vera handa hverjum manni um borð í öllum íslenskum skipum.
- b) Bjargbelti skulu geymd þar, sem fljótlega er hægt að gripa til þeirra.
- c) Bjargbelti skulu ekki viðurkennd nema þau uppfylli eftirfarandi kröfur:
  1. að handbragð og efni sé gott.
  2. að það fljóti með 7.5 kg af járn í 24 klukkustundir.
  3. að það sé þannig sniðið, að komið verði hjá því að svo miklu leyti og mögulegt er, að menn setji það öfugt á sig.
  4. að það styðji höfuðið þannig, að andlit meðvitundarlaus manns, myndi haldast upp úr sjónum og líkama hans halla afturyfir.
  5. að það geti snúið mannslíkama í sjó, þannig að hann liggi með halla afturyfir.
  6. að það þoli olíur án þess að skemmast.
  7. að litur þess sé mjög áberandi.
  8. að við það sé tengd blístra.
- d) Úppblásanleg bjargbelti má nota í skipum, öðrum en farþegaskipum og oliuflutningskipum, að því tilskildu:
  1. að lofthólfinn séu tvö, sem að samanlögðu geta borið 15 kg. af járn í 24 klukkustundir í ferskvatni eða hvort um sig 7.5 kg.
  2. að hægt sé að blása það upp bæði með munnum og frá loftflösku.
  3. að þau uppfylli kröfurnar, sem gerðar eru í c-lið þessarar greinar tölulið I., III., IV., V., VII. og VIII., jafnvel þótt aðeins annað hólfið sé útblásið. Aths.: VIII. töluliður í c-lið skal aðeins gilda um ný bjargbelti.

158. gr.

**Merking.**

Öll bjargbelti og bjargvesti skulu merkt á greinilegan og varanlegan hátt með nafni verksmiðjunnar eða vörumerki, og viðurkennd af skipaefrtirliti ríkisins, áður en þau eru tekin í notkun. Bjargbelti og bjargvesti má ekki mála.

159. gr.

**Viðurkenning bjargbelta.**

Beiðni um viðurkenningu á bjargbeltum og bjargvestum skal senda skipaefrtirliti ríkisins og skal henni fylgja fyrirmynd með nákvæmri lýsingu og greinargerð um, hvernig nota skuli. Fullnægi þau settum reglum, gefur skipaefrtirlit ríkisins út viðurkenningarvottorð. Viðurkenningin er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna viðurkenningarinnar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

Þegar viðurkenning er fengin, hvílir sú skylda á framleiðanda, að láta skipaefrtirliti ríkisins í té leiðbeiningar til skipaskoðunarmanna, með mynd og lýsingu á því, hvernig á að setja bjargbeltið eða vestið á sig, og sams konar leiðbeiningar skulu látnar af hendi til þeirra, er kaupa bjargbelti eða vesti.

8. gr.

Á eftir D-lið VII. kafla reglnanna komi nýr liður, sem verður E-liður, svo hljóðandi:

**E. Bjarghringar o. fl.**

160. gr.

- a) Bjarghringar skulu gerðir úr heilu korki eða korkstykki, trénegldum og vel felldum saman, eða öðru efni, sem skipaefrtirlit ríkisins viðurkennir. Hreindýrahár, sef, kapok, korkspæni eða korkmylsnu má ekki nota, né heldur bjarghringa, sem blásnir eru upp með lofti.

Bjarghringur skal geta flotið í hreinu vatni í 24 klst. með 14.5 kg af járn. Utan um korkið skal saumaður strigi, vel málaður og með kaðalumgerð. Innanmál hringsins skal vera minnst 45 cm (18 enskir þuml.).

Bjarghringar skulu málaðir rauðir og hvítir, í fjórum reitum, hvítum og rauðum til skiptis. Á þá skal einnig mála nafn skipsins og heimilisfang, eða nafn skipsins, umdæmisbókstafi og tölur, sé það fiskiskip. Skulu þeir enn fremur þola oliur.

- b) Sjálfkveikjandi ljósduflin, sem krafizt er samkvæmt b-lið 140. gr., skulu þannig úr garði gerð, að vatn geti ekki slökkt á þeim. Þau eiga að geta logað í 45 mínútur að minnsta kosti og ekki má styrkleiki ljóssins vera undir 35 lumen. Í oliuflutningaskipum skulu notuð rafmagnsljós af viðurkenndri gerð.
- c) Reykdufl skulu geta gefið frá sér reyk með áberandi lit í 15 mín. að minnsta kosti og vera sjálfvirk. Þau skulu höfð nálægt stjórnpalli skipsins og auðvelt skal vera að grípa til þeirra.
- d) Bjarghringum skal þannig fyrir komið, að fljótlegt sé að kasta þeim út; þeir mega ekki vera bundnir fastir.

9. gr.

Á eftir D-lið VII. kafla reglnanna komi nýr liður, sem verður F-liður, svo hljóðandi:

**F. Rekakeri björgunarbáta annarra en gúmmí- og slöngubjörgunarbáta.**

161. gr.

Rekakeri, sem notuð eru í björgunarbátum íslenzkra skipa, skulu vera þannig gerð:

Rekakerin skulu vera keilumynduð, opin í báða enda. Fyrir bjargbáta, sem eru allt að 8 m á lengd, skal efra opið vera 61 cm í þvermál, en fyrir bjargbáta, sem eru 8 m og þar yfir, 69 cm í þvermál. Neðra opið skal vera 12.5 cm í þvermál. Lengd frá efra opi að því neðra skal vera 122 cm. Báðir hringirnir skulu vera úr 10 mm galvaniseruðu járn. Segldúkurinn skal vera fyrsta flokks dúkur, í þremur hlutum, vel saumuðum saman, og á þeim kaðall 45 mm í ummál, sem endar í hanafæti, 75 cm löngum og með „kós“.

Kaðall rekakerisins skal vera:

Í bjargbátum minni en 7.92 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 63 mm.

Í bjargbátum minni en 9.14 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 76 mm.

Í bjargbátum yfir 9.14 m á lengd, 4 × lengdin, ummál 88 mm.

Kaðallinn skal vel festur við rekakerið.

162. gr.

**Ljósmerki og báruflýgar.**

*Ljósmerki.* Ljósmerkjataeki skulu vera í samræmi við alþjóðareglur. Öll slík tæki skulu viðurkennd af skipaæftirlitinu.

*Báruflýgur.* Báruflýgur skal taka 3—8 lítra af oliu. Hann skal svo gerður, að olían geti runnið úr honum og breiðzt yfir sjávarflötinn, þegar hann hefur verið tengdur við rekakerið.

10. gr.

160. gr. reglnanna verði 163. gr. og eftirfarandi greinar hækki því til samræmis.

11. gr.

Við 166. gr. reglnanna, sem verður 169. gr., komi viðbót, svo hljóðandi:

**Brunaboðar.**

Í fiskiskipum, sem eru 15—200 rúml. að stærð, skal vera brunaboði af viðurkenndri gerð í vélarúmi, enn fremur í vistarverum skipanna, sé í þeim eldfæri (olíu- eða kola-kyntur ofn eða eldavél).

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 2 14. janúar 1957, um gúmmíbjörgunarbáta í skipum og auglýsing nr. 3 14. janúar 1957, um breyting á reglum nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Akureyrar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.58 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 0.90 hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 452.00 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplöt af rúmi því, er lýsa skal og kr. 14.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt flatarmál skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetra-gjaldið með 3.5. Þennan gjaldskrárlið má nota fyrir kæliskápa í verzlunum.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósmælinn reiknast ljósagjald kr. 3.58 á kwst., en á hinn mælinn kr. 0.90 á kwst.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.65 hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 0.65 á mánuði af hverjum fermetra gólfplatar íbúðarherbergja.

Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvílíkt er að ræða.

##### C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., þó skal minnsta árgjald vera kr. 270.00 á hvert kw. í málaun vélanna.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 5 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 500 klst. á ári, þannig:  
Kr. 490.00 fyrir fyrstu 50 kw.  
Kr. 405.00 fyrir næstu 50 kw.  
Kr. 325.00 fyrir umfram 100 kw.

Auk þess skal greiða kr. 0.26 fyrir fyrstu 200000 kwst. og kr. 0.19 á kwst. fyrir umfram notkun.

3. Ef um meira en 5 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 500 klst. á ári, um kwst.mæli, þannig:

Fyrstu 50000 kwst. ársnotkun kr. 1.00 á kwst.

Notkun umfram það kr. 0.77 á kwst.

Selja má eftir þessum gjaldskrárlið rafmagn til súgþurrkunar fyrir sama verð á kwst. og umframnotkunin.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 28 aura kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.18 á kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og kr. 0.36 frá kl. 8 til kl. 23.

3. Um kwst.mæli á kr. 0.14 á hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.
4. Til hitunar í iðnaði.
  - a) Á kr. 0.38 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
  - b) Um tvígjaldsmæli á kr. 0.22 hverja kwst. frá kl. 23 til 8 og kr. 0.48 frá kl. 8 til kl. 23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að vélafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengindir og hitastillar notaðir.

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforkustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
4. Notendur með sértaxta.

Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.

## II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja fyrir veitu hverri og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notendann, sem skal greiða ársleigu af mælitækjum, samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækja	Upp að 30 A.	35—75 A.	100 A.	Yfir 100 A.
Einfasa kwst.mælar .....	kr. 46.20	kr. 53.40		
Þrífasa kwst.mælar .....	— 75.20	— 103.80	kr. 149.60	kr. 224.00
Tvígjaldsmælar og mesta- straumsmælar .....	— 108.00	— 144.00	— 240.00	— 360.00
Klukkurofar .....	— 216.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leiga vera að minnsta kosti 15% af verði mælataekjanna.

## III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 25.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, sem reiknast þannig:
  - a) Nýjar veitur, fast gjald kr. 12.00, auk þess á hverja grein kr. 4.00.
  - b) Breyttar veitur, fast gjald kr. 8.00, auk þess á nýja grein kr. 4.00.
 Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

#### IV. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu fyrir byggingar utan skipulagðra byggingasvæða.

Liður	Málstraumur Amp.	Jarðstrengur		Loftlína	
		lágmark kr.	yfirlengd kr. á m.	lágmark kr.	yfirlengd kr. á stólpa
1.	25 1-fasa			1200.00	1600.00
2.	60 3-fasa			2400.00	2800.00
3.	60 3-fasa	3800.00	220.00		
4.	100 3-fasa	4900.00	250.00		
5.	200 3-fasa	9900.00	410.00		
6.	350 3-fasa	17400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, styztu greiðfæra leið að varkassa.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 77 4. maí 1955.

*Atvinnuálaráðuneytið, 21. febrúar 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

26. febrúar.

Nr. 16.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jófríðar Andrésdóttur og Guðbjargar Gísladóttur, Gerði, Hvammssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 26. febr. 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jófríðar Andrésdóttur og Guðbjargar Gísladóttur,  
Gerði, Hvammssveit.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 29. janúar 1962 af Einari Eyjólfssyni, bónda í Gerði, til minningar um fyrri konu hans, Jófríði Andrésdóttur, og móður hans, Guðbjörgu Gísladóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er eign Barnaskólans að Laugum. Stofnfé sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga og virðingu fyrir verklegu námi. Heimilt er að verja allt að helmingi ársvaxta hvers s. l. árs til verðlauna fyrir þau fullnaðar-prófsbörn, er á hverjum tíma skara fram úr í verklegu námi við barnaskólann að Laugum.

Einnig skal heimilt, þegar nægilegt fé er fyrir hendi og sérstök ástæða þykir til, að veita efnilegum nemendum styrk til framhaldsnáms í verklegum greinum, enda nemi sú fjárhæð eigi meira en helmingi ársvaxta hverju sinni.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu þessir menn skipa: Skólastjóri og handavinnukennarar við barnaskólann að Laugum, ásamt gefanda sjóðsins meðan hans nýtur við — annars prófdómara skólans í verklegu námi.

## 5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast á hæstu vöxtum hverju sinni í tryggri lánsstofnun. Eitt eintak af skipulagsskrá þessari skal jafnan geymt í eldtryggi geymslu.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gerði, 29. jan. 1962.

Einar Eyjólfsson. Hólmfríður Andrésdóttir.

## REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 112/1955, um iðnskóla.

## 1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðnskólum með 300 nemendur eða fleiri má, að fengnu samþykki ráðherra, skipta í deildir eftir iðngreinum, enda séu eigi færri en 150 nemendur í deild, en sameina má í deild fleiri en eina iðngrein.

## 2. gr.

Á eftir 2. mgr. 34. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í skólum, þar sem komið hefur verið á deildaskiptingu, sbr. 3. gr., getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hverja deild.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1955 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 6. marz 1962.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## G J A L D S K R Á

### um greiðslur fyrir aukaverk presta.

#### 1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók .....	kr. 55.00
2. — fermingu, ásamt undirbúningi .....	— 225.00
3. — hjónavígslu .....	— 170.00
4. — greftrun .....	— 110.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings .....	— 25.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni .....	— 10.00

Prestur lætur ókeypiss í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypiss vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

#### 3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

#### 4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

#### 5. gr.

Skyllt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 1. marz 1962 til 31. desember 1972, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 122 28. marz 1956, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. marz 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Ragnar Bjarkan.*



## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Hafnarfirði.

#### 1. gr.

Bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt bæjarstjóra fer með stjórn heimilishjálpar í Hafnarfirði í umboði bæjarstjórnarinnar.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem bæjarráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

#### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Bæjarráði ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins.

#### 4. gr.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín, umfram það, sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupir.

#### 5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum bæjarráðs.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

#### 7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

#### 8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp,

til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

16. marz.

Nr. 20.

## **S A M Þ Y K K T**

### **um afgreiðslutíma verzlana í Hafnarfirði.**

#### 1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað dag hvern eigi síðar en segir í samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18 og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 7.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina, sbr. 3. gr.: Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessudag, ef hann ber upp á laugardag) eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 22.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13 á laugardögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19 á föstudögum. Enn fremur getur bæjarstjórn að fengnu samþykki Verzlunarmannafélags Hafnarfjarðar, Kaupmannafélags Hafnarfjarðar og Kaupfélags Hafnfirðinga með sérstakri samþykkt heimilað, að sölubúðir séu opnar til kl. 22 einn virkan dag í viku hverri allt árið eða hluta úr ári. Þá er heimilt að hafa opið fyrsta laugardag í desember til kl. 16 og annan laugardag í desember til kl. 18.

#### 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölbúðir vera opnar, sbr. þó 5., 6. og 7. gr. Hinn 1. maí skal sölubúðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þann dag ber upp á virkan dag.

#### 4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h. einöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

#### 5. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til sölu lyfja né sjúkraáhalda lyfjaverzlunar í bænum.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

a) Bifreiðastöðvar, biðskýli og verzlani, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar til tekið: Blöð, tóbaksvörur, öl, sælgæti, gosdrykki og ís, brauðvörur og mjólk.

b) Veitingastaðir, sem samkvæmt sérstöku leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar, selja heitar máltíðir og kaffi, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi heilbrigðisnefndar. Veitingastaðir, sem um ræðir í b-lið, skulu undanþegnir gjaldi því, sem um ræðir í þessari grein.

Í verzlunarstöðum þessum má sala fram á virkum og helgum dögum kl. 7.30 til 23.30, þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag, aðfangadag jóla og gamlársdag skv. því sem segir í 2. gr.

Bæjarstjórn veitir heimild til verzlunarreksturs samkv. þessum greinum, og eru leyfin bundin við nafn handhafa auk götu og húsnúmers, sömuleiðis hefur bæjarráð heimild til að afturkalla leyfin, hvenær sem er, ef leyfisskilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt. Fyrir leyfi til verzlunarreksturs samkvæmt þessari grein, skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs, er greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Bæjarstjórn ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki. Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um einstök leyfi til verzlunarreksturs samkvæmt þessari grein.

#### 7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlana nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja.

Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma kol, salt, olíur, veiðarfæri og vistir til skipa, sömuleiðis er heimilt að veita viðtöku vörum aðkomumanna í geymsluhúð verzlana.

#### 8. gr.

Heimilt er að afgreiða eftir lokunartíma sölubúða þá, sem komnir eru inn í verzlunina fyrir lokunartíma.

#### 9. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðastofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

#### 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 100.00—5000.00 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem er gerð af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 97 19. júní 1944, um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði með áorðnum breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. marz 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1962

14. marz.

47

Nr. 21.

## AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir bandaríska og kanadíska ríkisborgara.

Frá og með deginum í dag að telja eru bandarískir og kanadískir ríkisborgarar, er ferðast vilja til Íslands, undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín (visum) samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar frá 24. maí 1937.

Undanþága þessi gildir eingöngu um ferðamenn og veitir rétt til allt að þriggja mánaða dvalar hverju sinni, en veitir hins vegar ekki rétt til að stunda atvinnu hér á landi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. marz 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

19. marz.

Nr. 22.

## REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Reykjavík.

### 1. gr.

Skrifstofa félags- og framfærslumála fer með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík undir yfirstjórn borgarráðs og borgarstjóra.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Reykjavík er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er borgarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi borgarráðs, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins, hafi t. d.

B 7

lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Skulu þær leggja fram vottorð heilsuverndarstöðvar eða trúnaðarlæknis.

Ef borgarráð æskir þess, skal Húsmæðraskóli Reykjavíkur halda uppi kennslu til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt samþykkt þessari, ef húsrúm skólans og aðrar aðstæður leyfa.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun borgarráðs.

4. gr.

Borgarsjóður Reykjavíkur ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Borgarráð ákveður, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Borgarráð getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er borgarstjórn setur að fengnum tillögum skrifstofustjóra félags- og framfærslumála og forstöðukonu og ráðherra staðfestir.

Borgarráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Skrifstofa félags- og framfærslumála veitir heimilishjálpinna, nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði og afnot áhalda, svo og skrifstofustörf.

8. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Reykjavíkurborgar.

9. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr borgarsjóði. Um greiðslu kostnaðar, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar, fer þó sem rekstrarkostnað húsmæðraskóla.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er reglugerð nr. 122 21. sept. 1954, jafnframt felld úr gildi.

Reglugerð þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 15 17. febrúar 1959, um breyting á reglugerð nr. 180 16. september 1952, um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinin samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

23. marz.

Nr. 24.

## AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 96 16. júlí 1956, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins og mat og flokkun á garðávöxtum, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka, sem hér segir:

### Úrvalsflokkur:

Gullauga.

Rauðar, íslenzkar.

Möndlukartöflur.

### 1. flokkur:

Rya.

Bintje.

Eigenheimer.

Alpha.

Dir. Johannson.

Ackersegen (Akurblessun).

Duke of York.

Gular, íslenzkar.

King Edward.

Júli.

Pontiac.

Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í I. flokk fram til 20. september, en sem II. flokks kartöflur eftir þann tíma.

Skaan.  
Saga.  
Eva.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. marz 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 25.

28. marz.

## AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda o. fl.

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, sbr. 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, hefur ráðuneytið ákveðið, að innflutningsgjald skuli falla niður af plötum, þynnum, rörum og stöngum í nr. 4, 5 og 6 í 39A kafla og að vörur þessar skuli eftirleidis við tollskoðun og tollútreikning flokkast eins og hér segir:

Tollskrá:  
Kafli Nr.  
39A

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
	— plötur og þynnur, ót. a.			
4	— — einlitar og ómunstraðar:			
a	— — — sléttar eða báraðar, gagnsæjar eða hálf gagnsæjar, til notkunar í staðglers, klæðningar á hús o. þ. h. ....	1 kg	7	8
b	— — — annars .....	—	7	8
5	— — aðrar .....	—	7	15
6	— rör og stengur:			
b	— — vatnsleiðslupípur .....	—	7	10
c	— — þéttlistar til lokunar á þensluraufar ..	—	7	10
d	— — annars .....	—	7	15

Þá hefur ráðuneytið einnig með heimild í athugasemdarákvæðunum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, sbr. 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, og 18. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og þar flokkast eins og þar greinir:

Tollskrá: Kafli Nr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	11m Línustampar úr plasti, gataðir .....	1 kg	7	8
	11n Fiskkassar úr plasti .....	—	2	2
	11o Rennilásar úr plasti .....	—	7	15
	11p Bætingarefni úr plasti .....	—	7	30
	11q Stálgirðingarnet, plasthúðuð .....	—	2	
	11r Girðingarstaurar, plasthúðaðir .....	—	2	
—	11s Plastplötur til myndamótagerðar .....	—	7	8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum. Línustamparnir í 39A/11m, fiskkassarnir í 39A/11n, bætingarefnin í nr. 39A/11p, stálgirðingarnetin í 39A/11q, girðingarstaurarnir í 39A/11r og plastplöturnar í nr. 39A/11s skal undanþegið innflutningsgjaldi og fiskkassarnir í nr. 39A/11n undanþegnir innflutningssóluskatti.

Loks hefur ráðuneytið ákveðið að nota heimildina í 3. gr. laga nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda af nokkrum vörum, fyrir eftirtaldar efnivörur til töskugerðar þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-
Kafli	Nr.		magns-	tollur
			tollur	tollur
			Aurar	%
36	5a	Aðrar húðir og skinn, sítuð, lituð eða unnin á svipaðan hátt, ót. a., til töskugerðar . . . . .	Toll- eining	8
			1 kg	2
39	4	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr svampgúmmi, til töskugerðar . . . . .	—	2
44	8b	Pappi 700 g/m <sup>2</sup> eða þyngri, til töskugerðar ..	—	8
71	17a	Smávarningur í þessu tollskrárnúmeri til töskugerðar . . . . .	—	10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, en framangreindar vörur í nr. 44/8b og 71/17a skulu undanþegnar innflutningsgjaldi.

Ofangreindar vörur í nr. 36/5a, 39/4, 44/8b og 71/17a teljast því aðeins til þessara númera með þeim lækkuðu gjöldum, sem þar eru ákveðin, að viðtakandi reki töskugerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, að vörurnar verði einungis notaðar til töskugerðar.

Enn fremur skal í stað orðsins „—flöskur“ í nr. 11b í auglýsingu ráðuneytisins nr. 115/1959, um niðurfærslu aðflutningsgjalda, koma:

„—flöskur, flöskutappar og hettur“.

*Fjármálaráðuneytið, 28. marz 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Hveragerði.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 8. f. m., varðandi tilmæli íbúa Hveragerðis um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Hveragerði, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Kotstrandarsóknar og héraðsfundar Árnasprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, að Kotstrandarsókn verði skipt í tvær sóknir, Kotstrandarsókn og Hveragerðissókn, þannig að Hveragerðishreppur verði sérstök sókn, enda haldi Kotstrandarkirkja eignum sínum og sjóði óskertum og samkomulag verði um afnot hinnar nýju Hveragerðissóknar af Kotstrandarkirkju meðan þeirra gerist þörf.



## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Framma, Reykjavík, þannig, að ein bifreið komi á hverja 150 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkv. 1. mgr. telst Reykjavík, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 150 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 1500 íbúa, en veita skal nýtt atvinnuleyfi í stað hvers atvinnuleyfis, sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 150 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## GJALDSKRÁ

### Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

#### I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

#### A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 4.40 hverja kwst.

12. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 12.40 á m<sup>2</sup> á ári.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. .... — 5.50 á m<sup>2</sup> á ári.

### B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

#### 21. Um kwst.mæli þannig reiknað:

##### a. Grunngjald (mælisleiga o. fl.):

af einfasa mælingu .....	kr. 11.00 á mán.
af þrífasa mælingu .....	— 22.00 á mán.

##### b. Orkugjald

af allri notkun .....	— 1.10 á kwst.
-----------------------	----------------

##### c. Fastagjald

af hálfri gjaldskráreiningu .....	— 6.00 á mán.
af hverri heilli gjaldskráreiningu .....	— 11.00 á mán.

Gjaldskráreining reiknast sem hér segir:

##### (1) Fyrir fjölskylduheimili

ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

##### (2) Fyrir félagshemili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

ein eining fyrir hverja 20 m<sup>2</sup> gólfplat.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.

22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.10 hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12. Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið 32.

23. Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar orkunotkun yfir aflstillingu og hins vegar heildarorkunotkun. Aflstilling skal vera 500 wött, að viðbættum 300 wöttum fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlið 21. Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó vól á stærri aflstillingu, þó ekki hærri en tvöfaldri og hæst 10 kw. Þegar aðstæður leyfa, getur rafmagnsstjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir, þó eigi hærri en 10 kw. Aflstilling skal gilda til eins árs í senn. Heimila má þó hækkun aflstillingar við ársfjórðungsmót, ef skrifleg umsókn hefur borizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

##### a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu .....	kr. 1680 á kw. á ári
af stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstill. ....	— 1150 á kw. á ári
af stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu .....	kr. 1415 á kw. á ári

##### b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.18 á kwst.
af notkun yfir aflstillingu auk þess .....	— 2.00 á kwst.

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw. til búreksturs, má selja um afl- og orku-mæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli ..... kr. 1415 á kw. á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun ..... — 0.18 á kwst.

Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram með sem næst þriggja mánaða millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

### C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1320 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 523 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

32. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli ..... kr. 1265 á kw. á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun ..... — 0.34 á kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 2640 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl. samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 34 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 990 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

Minnsta aflgjald skal vera kr. 2640 á ári.

34. Raforku til súgþurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 371 á ári, fyrir hvert kw. í málraun véla, og auk þess 34 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt líð 33 kr. 990 á hvert kw. í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækkun eftir sérstökum ákvæðum þar um.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsuðuspenna nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsuðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings. Þá getur hann krafizt þess, að fasviksstuðull rafsuðuspenna sé leiðréttur þannig, að hann verði ekki lægri en 0.8 og auk þess setur hann reglur um auka-fastagjöld af rafsuðuspennum.

### D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwstmæli á 60 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna.

42. Til húshitunar um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
45. Til hitunar á vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
46. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 25 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 75 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.  
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
  - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
  - b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1550 króna verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 2.4 aura hver kwst. á liðunum 41, 44 og síðari hluta 46 og 1 eyri hver kwst. á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hver kwst. á lið 43, fyrir hverjar fullar 75 krónur, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

#### *Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafmagnsveiturnar setja um einangrun.

#### **E. Önnur raforkunotun.**

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.20 hverja kwst.
52. Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 1.43 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 55 aura á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárliði 11. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni .....	kr. 6.00 á mán.
2. — þrífasa kwst.mælum 50 A og minni .....	— 13.00 — —
3. — þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A .....	— 18.00 — —
4. — þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennamælar) ..	— 44.00 — —
5. — mestaafismælum 100 A og minni .....	— 38.00 — —
6. — mestaafismælum yfir 100 A (straumspennamælar) .....	— 71.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkyningu og enduropnun, allt að kr. 180 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 90 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi 1. apríl 1962, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins nr. 28 10. febr. 1961.

*Atvinnuáráðuneytið, 28. marz 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún  
nr. 213, 19. desember 1960.

## 1. gr.

1. málsgrein 2. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu. Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrír menn, kosnir af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Nefndin kýs formann og reikningshaldara úr sínum hópi. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

4. apríl.

Nr. 30.

**REGLUGERÐ**

fyrir Landsbanka Íslands.

## I. KAFLI

Hlutverk og skipulag bankans.

## 1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

Hlutverk bankans er að reka hvers konar bankaviðskipti, og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.

## 2. gr.

Landsbanki Íslands hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

## II. KAFLI

Um starfsemi bankans.

## 3. gr.

Hlutverk sitt leysir Landsbanki Íslands af hendi með því:

- a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum,

- b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
- c. að kaupa og selja verðbréf;
- d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
- e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
- f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
- g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

## A. INNLÁN

### 1. Sparisjóðsbækur.

#### 4. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fé til ávöxtunar í sparisjóðsbækur, minnst 10 krónur í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórnin telur það óhagkvæmt.

#### 5. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 10 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn.

Vextir reiknast 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn.

Vexti skal færa í sparisjóðsbók, þegar hún í fyrsta sinn er sýnd í bankanum eftir að þeir voru lagðir við innstæðuna.

#### 6. gr.

Af fé, sem stendur inni í venjulegri sparisjóðsbók, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests. Þó er bankastjórninni heimilt að áskilja, að upphæðum frá 10000—30000 krónum sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að greiða meira en 30000 krónur á mánuði hverjum úr sömu sparisjóðsbók.

Bankanum er heimilt að taka við til ávöxtunar á sparisjóðsbókum fé, sem bundið er til tiltekins tíma eða háð fyrirfram ákveðnum uppsagnarfresti. Skulu bækur þessar greinilega auðkenndar. Heimilt er að greiða hærri vexti af bundnum innstæðum en af fé með venjulegum sparisjóðskjörum.

#### 7. gr.

Viðskiptamaður, sem fær nýja sparisjóðsbók, greiðir fyrir hana gjald samkvæmt ákvörðun bankastjórnar.

Sá, sem leggur inn eða tekur út fé úr sparisjóðsbók, skal afhenda útfyllt eyðublað samkvæmt nánari ákvörðun bankastjórnar. Sparisjóðsinnstæður skulu að jafnaði bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða að þær séu nafnlausar án auðkenna. Vanti einhverjar þær upplýsingar, sem eyðublaðið krefst, getur bankinn neitað um afgreiðslu.

Þegar fé er lagt inn eða tekið úr sparisjóðsbók, skal það fært í bókina, og nægir þá kvittun gjaldkera sé um vélabókhald að ræða. Heimilt er þó að taka við innborgun gegn kvittun, án þess að sparisjóðsbók sé sýnd, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgunin hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í bankanum.

Eigendur sparisjóðsbóka geta mælt svo fyrir, að aðrir en þeir sjálfir megi ekki leggja inn eða taka út fé úr bókum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandar-sýnishorn sitt um leið. Að öðrum kosti ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt eða innborgun.

## 8. gr.

Bankastjórninni er heimilt að segja lausu fé í sparisjóðsbókum með þriggja mánaða fyrirvara, annaðhvort með áritun í bókina eða auglýsingu í Lögbirtinga-  
blaði. Eftir að sá fyrirvari er liðinn, greiðast engir vextir af því fé, sem sagt er upp.

## 9. gr.

Glatist sparisjóðsbók ber eiganda að snúa sér til bankans, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt, samkv. 19. gr. laga nr. 11 29. marz 1961, um Lands-  
banka Íslands.

Kostnaðinn greiðir eigandinn.

## 10. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því og verður þá með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 9. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtunum rennur í bankann, sbr. 2. gr. laga nr. 14/19065.

## 2. Ávísanareikningar.

## 11. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við fé til ávöxtunar á ávísanareikning, sem stofnaður er með a. m. k. 2000 króna innborgun.

Bankinn greiðir út fé af ávísanareikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á sérstök eyðublöð bankans og útgefnir af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð. Sá, sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning, skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt.

Bankinn getur neitað að greiða tékka, sem eigi er rétt útfylltur samkvæmt formi sínu.

Greiði bankinn falsaðan tékka, eða tékka, sem gefinn hefur verið út í heimildar-  
leysi, skal reikningseigandi bera skaðann, nema augljósu gáleysi starfsmanna bank-  
ans sé um að kenna.

## 12. gr.

Reikningseiganda, sem gefið hefur út tékka á meira fé en hann á innstæðu fyrir, skal tilkynnt að reikningi hans verði lokað, ef eigi verði strax úr bætt. Sé um ítrekun eða alvarlegt misferli að ræða, er bankanum heimilt að loka reikningnum tafarlaust.

## 13. gr.

Bankastjórnin ákveður, hvort innborganir og útborganir af ávísanareikningi skuli færðar í sérstaklega auðkennda ávísanabók á nafni reikningseiganda, eða honum afhent kvittun bankans fyrir hverri innborgun fyrir sig og síðan látið í té endurrit reiknings eins oft og bankastjórnin telur fært.

Ávísanabækur eru ekki úttektarheimild.

## 14. gr.

Bankanum er heimilt að greiða út fé af ávísanareikningi samkvæmt skriflegum fyrirmælum reikningseiganda eða símskeyti hans, staðfestu á venjulegan hátt, enda gangi greiðsla inn á annan reikning við bankann eða til annars banka eða spari-  
sjóðs.

## 15. gr.

Ef bankastjórnin telur að viðskipti á ávísanareikningi séu með þeim hætti, að þau eigi fremur heima á hlaupareikningi, ber henni að tilkynna viðskiptamanninum



það og óska að viðskiptunum verði hætt á hlaupareikning. Verði viðskiptamaðurinn ekki við ósk bankastjórnarinnar að loknum tilteknum fresti, en haldi uppteknum hætti um notkun ávísanareikningsins, er bankanum heimilt að loka reikningnum.

## 16. gr.

Um ávísanareikninga gilda að öðru leyti reglur 4.—10. gr. eftir því sem við á.

### 3. Hlaupareikningar.

## 17. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal semja um það við bankastjórnina eða fulltrúa hennar. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni.

## 18. gr.

Viðskiptamaður fær lausa kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvírtaða, ef óskað er.

## 19. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði gefa út tékkávisun á bankann á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Tékkinn skal undirskrifaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávís á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef eigi er opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fólks ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna gáleysi bankans.

## 20. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af hlaupareikningi og hliðstæðum reikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slik skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

## 21. gr.

Viðskiptamenn geta og fengið fé, er þeir eiga á hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegum fyrirmælum eða eftir símskeyti, enda sé þá undirskrift rétts hlutaðeiganda undir símskeytið staðfest á venjulegan hátt eða á annan hátt þannig frá gengið, að útborgun sé áhættalaus fyrir bankann.

## 22. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé svo um samið við bankastjórnina.

## 23. gr.

Í tékkávisun, sem gefin er út á innstæðu á hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísanaupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðru vísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

## 24. gr.

Bankastjórnin ákveður, hvort taka skuli við ákveðnu fé á hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við.

**B. ÚTLÁN****25. gr.**

Bankinn leysir útlánastarfsemi sína af hendi með:

1. Kaupum á víxlum.
2. Yfirdráttum á hlaupareikningum, reikningslánnum og viðskiptalánnum.
3. Kaupum á skuldabréfum.
4. Framleiðslulánnum.

**26. gr.**

Samþykki tveggja bankastjóra þarf til lánveitinga.

Ef lán er framlengt að meira eða minna leyti, nægir samþykkt eins bankastjóra.

**27. gr.**

Synjun bankans á lánsbeiðni þarf ekki að vera skrifleg, og ekki verður bankinn krafinn um ástæður synjunar.

**28. gr.**

Bankastjórnin skal að jafnaði krefjast þess, að settar séu tryggingar fyrir útlánnum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörzluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar, sem bankastjórnin telur fullnægjandi.

**29. gr.**

Um reikningslán og viðskiptalán skal gerður sérstakur lánsamningur og undirritaður af bankastjórn bankans og lántakanda. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila, trygging fyrir láninu og hverja vexti skuli greiða, bæði af skuld og innstæðu. Reiknings- og viðskiptalán skulu að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til.

Lán þessi skulu veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, svo að þess álitist þörf, eða afborgun af láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Heimilt er að veita yfirdrætti á reikningslánnum og viðskiptalánnum á sama hátt og hlaupareikningum.

**30. gr.**

Um útborgun lána samkvæmt yfirdráttum á hlaupareikningum, reikningslánnum og viðskiptalánnum, gilda reglur 2.—4. mgr. 11. gr., 12. gr., 14. gr. og 19. gr., 20. gr., og 21. gr. reglugerðar þessarar.

**31. gr.**

Um framleiðslulán, sem bankinn veitir til útgerðar, fiskvinnslu, landbúnaðar og skyldra atvinnugreina vegna afla og framleiðslu eins árs í senn, skal að jafnaði gerður sérstakur samningur samkvæmt nánari ákvæðum bankastjórnar.

**32. gr.**

Bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg verðbréf.

**33. gr.**

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti en að framan greinir, enda sé þess gætt, að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

### C. ÁBYRGÐIR

34. gr.

Bankanum er heimilt að ábyrgjast greiðslur til innlendra eða erlendra aðila fyrir viðskiptamenn sína, gegn skilyrðum þeim, sem bankastjórnin ákveður hverju sinni.

Ábyrgð er einföld, nema annað sé tekið fram.

Sá, sem óskar eftir ábyrgð bankans, skal sækja um hana skriflega.

### D. INNHEIMTUR

35. gr.

Bankinn annast innheimtur fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, hérlendis og erlendis.

### E. GJALDEYRISVERZLUN

36. gr.

Bankinn annast kaup og sölu á erlendum gjaldeyri samkvæmt gildandi lögum og reglum um gjaldeyrisverzlun.

### F. ÖNNUR STARFSEMI

37. gr.

Bankinn tekur við geymslufé (depositum).

38. gr.

Bankinn hefur með höndum umsjón og varðveislu eigna, samkvæmt nánari ákvörðun bankastjórnar.

39. gr.

Bankinn annast öll önnur venjuleg bankastörf.

### III. KAFLI

#### Veðdeild.

40. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Landsbankinn. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánnum, innlánnum, bókfærslu og reikningshaldi Veðdeildarinnar frá öðrum deildum bankans.

Veðdeildin starfar samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum, sem um hana gilda.

### IV. KAFLI

#### Stjórn bankans.

41. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

42. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi, hvenær sem er. Varamenn taki sæti í bankaráði þegar aðalmenn falla frá eða forfallast.

Ráðherra ákveður laun bankaráðsmanna. Varamenn taka laun aðalmanna þann tíma, er þeir starfa í bankaráði.

#### 43. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafundir skulu haldnir, er formaður bankaráðs, bankastjórn eða meiri hluti bankaráðs telur þess þörf. Formaður boðar til funda.

Fundir bankaráðs eru lögmatir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Þeir, sem heimild hafa til setu á fundum bankaráðs, geta krafizt bókunar á athugasemdum og ágreiningsálitum sínum.

#### 44. gr.

Verkefni bankaráðs eru:

- a) Að ráða bankastjóra, ákveða laun þeirra, eftirlaun og verkaskiptingu og setja þeim erindisbréf.
- b) Að ráða aðalgjaldkera, aðalbókara, útibússtjóra bankans utan Reykjavíkur og forstöðumann endurskoðunardeildar bankans.
- c) Að setja reglugerðir um laun starfsmanna bankans og um eftirlaunasjóð þeirra.
- d) Að ákveða, í samráði við bankastjórnina, innláns- og útlánsvexti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
- e) Að taka ákvarðanir um afskriftir á skuldum.
- f) Að gera tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, og úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
- g) Að ákveða árslaun þingkjörinna endurskoðenda bankans og hafa eftirlit með starfsemi þeirra.
- h) Að ráðstafa tekjuafgangi bankans til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans, að fengnum tillögum bankastjórnar.
- i) Að hafa yfirumsjón með starfsemi bankans og eignum.
- j) Að ákveða ásamt bankastjórn, hvar bankinn skuli hafa útibú.
- k) Að ákveða að fengnum tillögum bankastjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum.

#### 45. gr.

Bankastjórn Landsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráði er heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra og ákveða laun þeirra.

Ekki mega bankastjórar reka sjálfir atvinnu, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til.

#### 46. gr.

Bankastjórn Landsbanka Íslands hefur með höndum æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans í samræmi við reglugerð þessa og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og ber henni að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum bankans og reglugerð þessari.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

#### 47. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar.

Undirskrift tveggja bankastjóra, og eigi annarra þarf til þess, svo að gilt sé, að selja eða veðsetja eignir bankans, leigja eignir eða taka á leigu, undirrita skuldbréf eða gera aðrar meiri háttar ráðstafanir í nafni bankans.

Bankaráð getur veitt tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann samkv. 1. mgr. með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra.

Bankaráð getur enn fremur veitt tilteknum starfsmönnum umboð til að skuldbinda bankann ásamt starfsmönnum þeim, er umboð hafa samkv. 3. mgr., er gefa skal út innlenda og erlenda tékka, erlendar ábyrgðarskuldbindingar, framselja víxla til innheimtu og undirrita sparisjóðsbækur.

#### 48. gr.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða þá sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans.

#### 49. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, vixlum og lánnum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggðum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé á sparisjóðsbókum.

#### 50. gr.

Útibúi bankans annast þau bankastörf, sem bankaráð og bankastjórn ákveða og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Útibússtjórar hafa á hendi stjórn daglegrar starfsemi útibúanna samkvæmt fyrirmælum bankastjórnar og í umboði hennar.

Bankaráð veitir tilteknum starfsmönnum útibús umboð til að skuldbinda útibúin ásamt útibússtjóra.

Enn fremur getur bankaráð veitt tilteknum starfsmönnum útibúa umboð til að skuldbinda útibúin samkvæmt reglum 4. mgr. 47. gr. reglugerðar þessarar.

### V. KAFLI

#### Reikningsskil og endurskoðun.

#### 51. gr.

Starfsár bankans er almanaksárið, og skal ársreikningur hans birtur í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Auk þess skal við hver mánaðarmót birt stutt yfirlit um efnahag bankans í Lögbirtingablaði.

#### 52. gr.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kys hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Skulu þeir hafa stöðugt eftir-

lit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

#### 53. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti tvisvar á ári fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt, á óákveðnum tíma og að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á öllum útibúum bankans fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá skulu þeir benda bankastjórn og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

#### 54. gr.

Endurskoðendur skulu gefa skýrslu um störf sín til bankaráðs og ráðherra, er fylgja skal ársreikningum bankans, svo og endranær, þegar þeim þykir ástæða til.

#### 55. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda bankans og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði Landsbankans.

### VI. KAFLI

#### Sérréttindi bankans.

#### 56. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs, sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþeginn stimpilgjaldi.

#### 57. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, sparisjóðsbók eða viðurkenning fyrir öðrum innlögnum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis, sparisjóðsbókar eða viðurkenningar með sex mánaða fyrirvara og birt innköllunina þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtinga- blaði. Hafi enginn sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur bankastjórnin greitt þeim manni upphæðina eða afhent handveðið, sem fengið hefur viðtökuskírteinið, sparisjóðsbókina eða viðurkenninguna, án þess að nokkur annar geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

#### 58. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem bankinn hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Ef veðsali er ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, skal bankinn

stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

## 59. gr.

Þegar selja skal fasteign eða skrásett skip á opinberu uppboði, ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo er, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að gæta hagsmuna bankans við uppboðið.

## 60. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

## 61. gr.

Fé ófjárráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

## VII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 62. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi undirritað þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 1. málslíð 3. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

## 63. gr.

Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvitzkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né um viðskipti einstakra aðila við hann.

## 64. gr.

Bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans mega ekki vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

## 65. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki, án leyfis bankastjórnar, taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

## 66. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

## 67. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 197/1958 fyrir Viðskiptabanka Landsbanka Íslands.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. apríl 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Oddur Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Útvegsbanka Íslands.

#### I. KAFLI

##### Hlutverk og skipulag bankans.

###### 1. gr.

Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

Hlutverk bankans er að reka hvers konar bankaviðskipti, styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

###### 2. gr.

Útvegsbanki Íslands hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

#### II. KAFLI

##### Um starfsemi bankans.

###### 3. gr.

Hlutverk sitt leysir Útvegsbanki Íslands af hendi með því:

- a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum.
- b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
- c. að kaupa og selja verðbréf;
- d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
- e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
- f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
- g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

#### A. INNLÁN

##### 1. Sparisjóðsbækur.

###### 4. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fé til ávöxtunar í sparisjóðsbækur, minnst 10 krónur í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórnin telur það óhagkvæmt.

###### 5. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 10 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn.

Vextir reiknast 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn.

Vexti skal færa í sparisjóðsbók, þegar hún í fyrsta sinn er sýnd í bankanum eftir að þeir voru lagðir við innstæðuna.



## 6. gr.

Af fé, sem stendur inni í sparisjóðsbók, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests. Þó er bankastjórninni heimilt að áskilja, að upphæðum frá 10000—30000 krónum sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að greiða meira en 30000 krónur á mánuði hverjum úr sömu sparisjóðsbók.

Bankanum er heimilt að taka við til ávöxtunar á sparisjóðsbókum fé, sem bundið er til tiltekins tíma eða háð fyrirfram ákveðnum uppsagnarfresti. Skulu bækur þessar greinilega auðkenndar. Heimilt er að greiða hærri vexti af bundnum innstæðum en af fé með venjulegum sparisjóðskjörum.

## 7. gr.

Viðskiptamaður, sem fær nýja sparisjóðsbók, greiðir fyrir hana gjald samkvæmt ákvörðun bankastjórnar.

Sá, sem leggur inn eða tekur út fé úr sparisjóðsbók, skal afhenda útfyllt eyðublað samkvæmt nánari ákvörðun bankastjórnar. Sparisjóðsinnstæður skulu að jafnaði bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða að þær séu nafnlausar án auðkenna. Vanti einhverjar þær upplýsingar, sem eyðublaðið krefst, getur bankinn neitað um afgreiðslu.

Þegar fé er lagt inn eða tekið úr sparisjóðsbók, skal það fært í bókina, og nægir þá kvittun gjaldkera sé um vélabókhald að ræða. Heimilt er þó að taka við innborgun gegn kvittun, án þess að sparisjóðsbók sé sýnd, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgunin hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í bankanum.

Eigendur sparisjóðsbóka geta mælt svo fyrir, að aðrir en þeir sjálfir megi ekki leggja inn eða taka út fé úr bókum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn sitt um leið. Að öðrum kosti ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt eða innborgun.

## 8. gr.

Bankastjórninni er heimilt að segja lausu fé í sparisjóðsbókum með þriggja mánaða fyrirvara, annaðhvort með áritun í bókina eða auglýsingu í Lögbirtingablaði. Eftir að sá fyrirvari er liðinn, greiðast engir vextir af því fé, sem sagt er upp.

## 9. gr.

Glatist sparisjóðsbók ber eiganda að snúa sér til bankans, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt, samkv. 19. gr. laga nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands.

Kostnaðinn greiðir eigandinn.

## 10. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, skal með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 9. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtunum rennur í bankann, sbr. 2. gr. laga nr. 14/1905.

## 2. Ávisanareikningar.

## 11. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við fé til ávöxtunar á ávisanareikning, sem stofnaður er með a. m. k. 2000 króna innborgun.

Bankinn greiðir út fé af ávisanareikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á

sérstök eyðublöð bankans og útgefnir af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð. Sá, sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning, skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt.

Bankinn getur neitað að greiða tékka, sem eigi er rétt útfylltur samkvæmt formi sínu.

Greiði bankinn falsaðan tékka, eða tékka, sem gefinn hefur verið út í heimildarleysi, skal reikningseigandi bera skaðann, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé um að kenna.

#### 12. gr.

Reikningseiganda, sem gefið hefur út tékka á meira fé en hann á innstæðu fyrir, skal tilkynnt að reikningi hans verði lokað, ef eigi verði strax úr bætt. Sé um ítrekun eða alvarlegt misferli að ræða, er bankanum heimilt að loka reikningnum tafarlaust.

#### 13. gr.

Bankastjórnin ákveður, hvort innborganir og útborganir af ávísanareikningi skuli færðar í ávísanabók reikningseiganda, eða honum látið í té endurrit reiknings eins oft og bankastjórnin telur fært.

Ávísanabækur eru ekki úttektarheimild.

#### 14. gr.

Bankanum er heimilt að greiða út fé af ávísanareikningi samkvæmt skriflegum fyrirmælum reikningseiganda eða símskeyti hans, staðfestu á venjulegan hátt, enda gangi greiðslan inn á annan reikning við bankana eða til annars banka eða sparisjóðs.

Ráðstöfun fjár samkvæmt 1. mgr. er því aðeins heimil að reikningseiganda sé ekki mögulegt að ráðstafa fénu samkvæmt 2. mgr. 11. gr.

#### 15. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af hlaupareikningi og hliðstæðum reikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skulda færsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

#### 16. gr.

Ef bankastjórnin telur að viðskipti á ávísanareikningi séu með þeim hætti, að þau eigi fremur heima á hlaupareikningi, ber henni að tilkynna viðskiptamanninum það og óska, að viðskiptunum verði beint á hlaupareikning. Verði viðskiptamaðurinn ekki við ósk bankastjórnarinnar að loknum tilteknum fresti, en haldi áfram uppteknum hætti um notkun ávísanareiknings, er bankanum heimilt að loka reikningnum.

#### 17. gr.

Bankinn tekur á móti fé til ávöxtunar á hlaupareikningum og reikningslánnum. Fé það, sem inni stendur á ávísanareikningi, verður greitt út án uppsagnarfrests.

#### 18. gr.

Um ávísanareikninga gilda að öðru leyti reglur 4.—10. gr. eftir því sem við á.

**B. ÚTLÁN**

## 19. gr.

Bankinn leysir útlánastarfsemi sína af hendi með:

1. Kaupum á víxlum.
2. Yfirdráttum á hlaupareikningum og reikningslánnum.
3. Kaupum á skuldabréfum.
4. Framleiðslulánnum.

## 20. gr.

Samþykki tveggja bankastjóra þarf til lánveitinga.

Ef lán er framlengt að meira eða minna leyti, nægir samþykkt eins bankastjóra.

## 21. gr.

Synjun bankans á lánsbeiðni þarf ekki að vera skrifleg, og ekki verður bankinn krafinn um ástæður til synjunar.

## 22. gr.

Bankastjórnin skal að jafnaði krefjast þess, að settar séu tryggingar fyrir útlánnum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörzluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar, sem bankastjórnin telur fullnægjandi.

## 23. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánsamningur undirritaður af bankastjórn bankans og lántakanda. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila, trygging fyrir láninu og hverja vexti skuli greiða, bæði af skuld og innstæðu. Reikningslán skulu að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til.

Lán þessi skulu veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, svo að þess álitist þörf, eða afborgun af láninu, þótt gjaldlagi sé eigi kominn.

Heimilt er að veita yfirdrætti á reikningslánnum á sama hátt og hlaupareikningum.

## 24. gr.

Um útborgun lána samkvæmt yfirdráttum á hlaupareikningum og reikningslánnum gilda reglur 2.—4. mgr. 11. gr., 12. gr., 14. gr. og 15. gr. reglugerðar þessarar.

## 25. gr.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti en að framan greinir, enda sé þess gætt, að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

**C. ÁBYRGÐIR**

## 26. gr.

Bankanum er heimilt að ábyrgjast greiðslur til innlendra eða erlendra aðila fyrir viðskiptamenn sína, gegn skilyrðum þeim, sem bankastjórnin ákveður hverju sinni.

Ábyrgð er einföld, nema annað sé tekið fram.

Sá, sem óskar eftir ábyrgð bankans, skal sækja um hana skriflega.

**D. INNHEIMTUR**

27. gr.

Bankinn annast innheimtur fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, hérlendis og erlendis.

**E. GJALDEYRISVERZLUN**

28. gr.

Bankinn annast kaup og sölu á erlendum gjaldeyri samkvæmt gildandi lögum og reglum um gjaldeyrisverzlun.

**F. ÖNNUR STARFSEMI**

29. gr.

Bankinn tekur við geymslufé (depositum).

30. gr.

Bankinn hefur með höndum umsjón og varðveislu eigna, samkvæmt nánari ákvörðun bankastjórnar.

31. gr.

Bankinn annast öll önnur venjuleg bankastörf.

**III. KAFLI****Stjórn bankans.**

32. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

33. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir voru kosnir, þegar aðalmenn þess lista, sem þeir voru kosnir af, falla frá eða forfallast.

Ráðherra ákveður laun bankaráðsmanna. Varamenn taka laun aðalmanna þann tíma, er þeir starfa í bankaráði.

34. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafundir skulu haldnir, er formaður bankaráðs, bankastjórn eða meiri hluti bankaráðs telur þess þörf. Formaður boðar til funda.

Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Þeir, sem heimild hafa til setu á fundum bankaráðs, geta krafizt bókunar á athugasemdum og ágreiningsálitum sínum.

## 35. gr.

Verkefni bankaráðs eru:

- a) Að ráða bankastjóra, ákveða laun þeirra og eftirlaun og setja þeim erindisbréf.
- b) Að ráða aðalgjaldkera, aðalbókara og útibússtjóra bankans utan Reykjavíkur.
- c) Að setja reglugerðir um laun starfsmanna bankans og um eftirlaunasjóð þeirra.
- d) Að ákveða, í samráði við bankastjórnina, innláns- og útlánsvexti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
- e) Að taka ákvarðanir um afskriftir á skuldum.
- f) Að gera tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, og úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjórnanna.
- g) Að ákveða árslaun þingkjörinna endurskoðenda bankans og hafa eftirlit með starfsemi þeirra.
- h) Að ráðstafa tekjuafgangi bankans til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans, að fengnum tillögum bankastjórnar.
- i) Að hafa yfirumsjón með starfsemi bankans og eignum.
- j) Að ákveða með samþykki bankastjórnar, hvar bankinn skuli hafa útibú.
- k) Að ákveða að fengnum tillögum bankastjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum.

## 36. gr.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráði er heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra og ákveða laun þeirra.

Ekki mega bankastjórar reka sjálfir atvinnu, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til.

## 37. gr.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands hefur með höndum æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans í samræmi við reglugerð þessa og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og ber henni að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum bankans og reglugerð þessari.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

## 38. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar.

Undirskrift tveggja bankastjóra, og eigi annarra þarf til þess, svo að gilt sé, að selja eða veðsetja eignir bankans, leigja eignir eða taka á leigu, undirrita skuldbréf eða gera aðrar meiri háttar ráðstafanir í nafni bankans.

Bankaráð getur veitt tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann samkv. 1. mgr. með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra.

Bankaráð getur enn fremur veitt tilteknum starfsmönnum umboð til að skuldbinda bankann ásamt starfsmönnum þeim, er umboð hafa samkv. 3. mgr., er gefa

skal út innlenda og erlenda tékka, erlendar ábyrgðarskuldbindingar, framselja víxla til innheimtu og undirrita sparisjóðsbækur.

39. gr.

Bankastjórar eiga rétt á að setja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rétt sé um mál, er varða þá sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans.

40. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánnum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé á sparisjóðsbókum.

41. gr.

Útibú bankans annast þau bankastörf, sem bankaráð og bankastjórn ákveða og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Útibússtjórar hafa á hendi stjórn daglegrar starfsemi útibúanna samkvæmt fyrirmælum bankastjórnar og í umboði hennar.

Bankaráð veitir tilteknum starfsmönnum útibúa umboð til að skuldbinda útibúin ásamt útibússtjóra.

Enn fremur getur bankaráð veitt tilteknum starfsmönnum útibúa umboð til að skuldbinda útibúin samkvæmt reglum 4. mgr. 38. gr. reglugerðar þessarar.

#### IV. KAFLI

##### Reikningsskil og endurskoðun.

42. gr.

Starfsár bankans er almanaksárið, og skal ársreikningur hans birtur í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Auk þess skal við hver mánaðarmót birt stutt yfirlit um efnahag bankans í Lögbirtingablaði.

43. gr.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

44. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti tvisvar á ári fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt, á óákveðnum tíma og að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á öllum útibúum bankans fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá skulu þeir benda bankastjórn og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

## 45. gr.

Endurskoðendur skulu gefa skýrslu um störf sín til bankaráðs og ráðherra, er fylgja skal ársreikningum bankans, svo og endranær, þegar þeim þykir ástæða til.

## V. KAFLI

## Sérréttindi bankans.

## 46. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs, sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

## 47. gr.

Glatist viðtökuskirteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, sparisjóðsbók eða viðurkenning fyrir öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskirteinis, sparisjóðsbókar eða viðurkenningar með sex mánaða fyrirvara og birt innköllunina þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði. Hafi enginn sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur bankastjórnin greitt þeim manni upphæðina eða afhent handveðið, sem fengið hefur viðtökuskirteinið, sparisjóðsbókina eða viðurkenninguna, án þess að nokkur annar geti þar fyrir húið kröfu á hendur bankanum.

## 48. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem bankinn hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Ef veðsali er ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, skal bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

## 49. gr.

Þegar selja skal fasteign eða skrásett skip á opinberu uppboði, ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útvegsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo er, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að gæta hagsmuna bankans við uppboðið.

## 50. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

## 51. gr.

Fé ófjárráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 52. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi undirritað þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 1. málslið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

## 53. gr.

Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né um viðskipti einstakra aðila við hann.

## 54. gr.

Bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans mega ekki vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

## 55. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki, án leyfis bankastjórnar, taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

## 56. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

## VII. KAFLI

## Um Fiskveiðasjóð Íslands.

## 57. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal vera sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi og ber sjálfur kostnað af rekstri sínum.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands hefur á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og rekstur.

Fiskveiðasjóður starfar að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um hann gilda.

## 58. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 12 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. apríl 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Oddur Guðjónsson.*



## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingu á prestakallaskipun í Árnesprófastsdæmi.

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, dags. 28. marz 1962, varðandi beiðni íbúa bæjarins Laxárdals í Gnúpverjahreppi um að flytjast úr Hrunasókn í Árnesprófastsdæmi í Stóra-Núpsókn í sama prófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfundar fyrir þessari ráðstöfun, svo og tilmæli yðar, samþykkir ráðuneytið með vísun til 8. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að framangreindur bær skuli framvegis heyra undir Stóra-Núpskirkjusókn.

Nr. 33.

12. apríl.

### REGLUGERÐ

#### um starfsemi Verkfæranefndar ríkisins.

##### 1. gr.

Landbúnaðarvélar og verkfæri eru tekin til prófunar á þrennan hátt, eftir því sem aðstæður leyfa:

- a. Prófun einstakra landbúnaðarverkfæra, að ósk framleiðenda eða umboðsmanns hans.
- b. Samanburðartilraunir á verkfærum, sem notuð eru til sama starfs, skal fara fram eftir því sem Verkfæranefnd þykir ástæða til.
- c. Verkfæranefnd skal heimilt að taka verkfæri til prófunar að eigin frumkvæði, ef henni þykir ástæða til. Skal þá framleiðenda eða umboðsmanni hans tilkynnt um prófunina.

##### 2. gr.

Prófað landbúnaðarverkfæri má ekki taka aftur til prófunar, nema á því hafi verið gerð breyting, sem eftir mati Verkfæranefndar gefur tilefni til nýrrar prófunar.

##### 3. gr.

Beiðni um verkfæraprófun skal vera skrifleg. Með umsókninni skal fylgja nákvæm lýsing á viðkomandi verkfæri, svo og myndir af því og leiðbeiningar um notkun þess.

##### 4. gr.

Umsókn um prófun skal berast Verkfæranefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir þann tíma, sem áætlað er, að prófun hefjist. Umsókn um prófun haustuppskeruvéla skal þó berast eigi síðar en 15. apríl sama ár og prófun er áætluð.

Sé notkun viðkomandi verkfæris bundin við vissan árstíma, skal það berast nefndinni í hendur fyrir þann tíma.

##### 5. gr.

Umsækjandi skal afhenda Verkfæranefnd viðkomandi verkfæri til fullra umráða á meðan prófun stendur. Hann skal á tilsettum tíma senda það til Verkfæranefndar að Hvanneyri eða á annan þann stað, sem nefndin ákveður.

Umsækjandi sér um og kostar flutning verkfæris til og frá tilraunastað.

Verkfæri, sem sent er til prófunar, skal að öllu leyti vera sambærilegt við þau verkfæri af sömu gerð, sem eru á markaðnum.

## 6. gr.

Verkfæranefnd er undanþegin allri ábyrgð og bótaskyldu vegna skemmda, sem verkfæri kann að verða fyrir við prófunina, nema sérstakar ástæður komi til.

## 7. gr.

Umsækjanda eða umboðsmanni hans er heimilt að vera viðstaddur prófun viðkomandi verkfæris. Að öðru leyti ákveður Verkfæranefnd í hvert sinn, hverjum er heimilt að fylgjast með verkfæraprófunum.

## 8. gr.

Verkfæranefnd skal senda umsækjanda skýrslu um niðurstöður prófunar svo fljótt sem unnt er að henni lokinni. Honum er óheimilt án leyfis nefndarinnar að nota skýrsluna í auglýsingaskyni eða á annan hátt til framdráttar viðkomandi verkfæri, fyrr en Verkæranefnd hefur birt skýrslu sína opinberlega.

## 9. gr.

Verkfæranefnd gefur út opinbera skýrslu um niðurstöður prófana á verkfærum, sem eru til sölu á hérlendum markaði.

## 10. gr.

Eftir að skýrslu Verkfæranefndar um verkfæraprófanir hefur birzt, er framleiðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að nota niðurstöður hennar varðandi viðkomandi verkfæri í auglýsingaskyni. Þó aðeins á þann hátt að birta orðrétt skýrslu um viðkomandi verkfæri í heild eða lokaorð Verkfæranefndar. Hins vegar er óheimilt að draga út úr skýrslunni einstakar málsgreinar eða töflur til birtingar, nema með samþykki Verkfæranefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. apríl 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um vinnumiðlun í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING**

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Hríseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Hríseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 36.

27. apríl.

**REGLUGERÐ**

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

**1. gr.**

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu (sveitum eða kaupúnum), nema að fengnu leyfi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu eða umboðsmanna hans (hreppstjóra). Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda á skemmtunina.

**2. gr.**

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði.

En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Suðureyrarhreppur,
2. Flateyrarhreppur og Mosvallahreppur,
3. Mýra-, Þingeyrar- og Auðkúluhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni, um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði skulu vera tveir löggiltir menn, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

**3. gr.**

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með og er þeim heimilt að flytja burt af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda.

Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

#### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

#### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmti- stað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

#### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. júní til 15. ágúst kalla forstöðumenn samkomustaða Vestur-Ísafjarðarsýslu saman á fund.

Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

#### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

#### 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 5. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomu-

staða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn.

Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennis-húfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

**um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í nokkrum hreppum  
Norður-Ísafjárðarsýslu.**

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í þeim hreppum, er að neðan greinir, nema að fengnu leyfi sýslumanns eða hreppstjóra. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzluvæði.

En löggæzluvæðin eru þessi:

1. Hólshreppur,
2. Eyrarhreppur,
3. Súðavíkurhreppur,
4. Reykjafjarðarhreppur,
5. Nauteyrarhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni eða hreppstjóra um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzluvæði,

mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtunin var haldin í, hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa skemmtistaðinn, skulu þeir líta eftir, hvort nokkur maður eða menn, sem líkur eru til að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja mennina burt, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf.

Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrirmælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypiss í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í ofangreindum hreppum á fund.

Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

## 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

## 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 5. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn.

Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennislífur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður eða hreppstjóri krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður eða hreppstjóri sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Höfn við Bakkafjörð.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Höfnin takmarkast af beinni línu, er hugsast dregin úr Svartanesi í Skarfatanga.

### II. KAFLI

#### Um stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn. Enn fremur tvo varamenn til sama tíma.

Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum

Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hópi.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér og um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, gegn innheimtulaunum eða kaupi, sem um semst.

Hafnarnefnd ber, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins, að hafa framkvæmd allra hafnarmála, sjá um viðhald og umbætur á höfninni og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hún annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningskil fyrir hönd hreppsnefndar.

##### 3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð.

Hafnarsjóði skal eftir ákvæðum hreppsnefndar varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim o. s. frv.

Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

##### 4. gr.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til hafnarframkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

##### 5. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fram fyrir hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegustu skýringum á tekju- og gjaldaliðum.



## III. KAFLI

## Almennar reglur.

## 6. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hafnarnefndar og banni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra. En skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum, ef út af er brugðið.

## 7. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar.

## 8. gr.

Ekki má kasta í höfnina ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á henni, frá skipum eða bátum, er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar. Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps.

## IV. KAFLI

## Um notkun bryggju.

## 9. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska at-hafnasvæðisins og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir hvort um er að ræða upp- eða útskipun. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum áætlunum leyft að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og skulu þau þá víkja.

Fyrir sérstaka notkun á bryggju, svo sem aðgerð á fiski, fiskverkun, sildarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald, eða semja við viðkomandi aðila. Forgangsrétt að bryggju, svo og að flytja vörur að og frá skipum um hafnarsvæðið hafa þeir, sem annast affermingu og feringu skipa. Er allri annarri starfsemi skylt að víkja fyrir þeim vöruflutningum, sem um bryggju eða hafnarsvæðið þurfa að fara við losun eða lestun flutningaskipa, þar með talin losun sildarskipa.

## V. KAFLI

## Um gjöld til hafnarsjóðs.

## 10. gr.

Öll skip 12 rúmlestir brúttó og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á höfnina og hafa samband við land. Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land. Hafnargjöld greiðast af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 40 aura af hverri rúmlest í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári. Öll önnur skip, sem til hafnar koma,

með þeim undantekningum, er að framan greinir, skulu greiða 60 aura af hverri rúmlest, þó ekki oftár en einu sinni í mánuði.

## 11. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip, og vísindaleg rannsóknarskip, skulu greiða í bryggjugjald 40 aura af hverri brúttórúmlest í hvert sinn, sem þau leggjast að bryggju hafnarinnar eða að skipum, sem við hana liggja. Innland strandferðaskip skulu þó ekki greiða meira en kr. 1000.00 á ári í bryggjugjald. Lægsta gjald af innlendum veiðiskipum skal aldrei vera lægra en kr. 20.00.

Bátar, heimilisfastir og bátar, sem gerðir eru út á staðnum, 12 rúmlestir eða meira að stærð, skulu greiða 2 kr. á sólarhring fyrir afnot af bryggju og löndunartækjum hafnarinnar, þó ekki meira en 300 kr. á ári. Minni vélbátar greiði 1 kr. á sólarhring, þó ekki minna en kr. 100 á ári. Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða 60 kr. um árið.

## 12. gr.

Öll skip og bátar, sem bryggjugjald greiða samkvæmt reglugerð þessari skulu og greiða ljósagjald á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí eins og hér greinir.

Bátar, undir 50 rúmlestum og gerðir út á hafnarvæðinu, greiði á ári kr. 40.00. Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju, eða utan á önnur skip, sem við bryggjuna liggja, kr. 8.00 fyrir fyrstu 50 rúmlestirnar af stærð skipanna og 0.08 aura af hverri nettórúmlest þar fram yfir, þó aldrei minna en kr. 10.00.

## 13. gr.

Greiða skal 2 kr. pr. 100 kg af afla þeirra báta, er leggja afla á land á hafnarvæðinu. Af síld greiðist kr. 1.50 pr. 100 kg.

## 14. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar, skal greiða vörugjald sem hér greinir:

1. flokkur. Gjald 1.80 kr. fyrir hver 100 kg:  
Salt, kol, sement, tilbúinn áburður, fóðurvörur, saltfiskur, fiskur, annar en saltsild, gærur og kjöt, annað en saltkjöt.
2. flokkur. Gjald 3.00 kr. fyrir hver 100 kg:  
Olía, benzín, lýsi, kornvörur, kaffi, sykur, garðávextir, byggingarefni óunnið (s. s. þakjárn, þakhellur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólflísar) veiðarfæri og fiskumbúðir.
3. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu:  
Saltkjöt í heilum tunnum, saltsild, hrogn og aðrar sjávarafurðir í tunnum.
4. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur og föt.
5. flokkur. Ýmislegt:  
Timbur kr. 0.40 fyrir hvert teningsfet.  
Hljóðfæri, húsgögn, oliugeymar og aðrar vörur, sem reiknast í teningsfetum, kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet.  
Kindur og loðdýr, kr. 5.00 fyrir hvert dýr.  
Stórgripir, kr. 10.00 fyrir hvern grip.  
Reiðhjól, venjuleg, kr. 5.00 fyrir hvert stykki.  
Reiðhjól, vélknúin, kr. 25.00 fyrir hvert stykki.

Dráttarvélar, kr. 100.00 fyrir hvert stykki.

Jeppar og fólksbilar, kr. 125.00 fyrir hvern.

Vörubílar, kr. 150.00 fyrir hvern.

Stórvirkar vinnuvélar, kr. 200.00—500.00 fyrir hverja.

Bátar, opnir, kr. 100.00 fyrir hvern bát.

Herpinótábátar, kr. 200.00 fyrir hvern bát.

6. flokkur. Af öllum vörum, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá, greiðast kr. 4.00 fyrir hver 100 kg.

Minnsta gjald af öllum gjaldskyldum vörum er kr. 1.50.

#### 15. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er pósti- og farþegaflutningur, svo og vistir og aðrar nauðsynjar fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja í höfn og þau nota til eigin þarfa.

#### 16. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af.

Annars skal flokka vörur til vörugjalds, eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

#### 17. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt.

Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga, þegar varan er komin í skip.

#### 18. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

### VII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 19. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á hafnarbótum, mannvirkjum eða áhöldum fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbotum, mannvirkjum eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður

ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

## 21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfn við Bakkafjörð, nr. 66 12. maí 1949.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. apríl 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur  
frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra hjóna og fósturdóttur, Marsilíu Ingibjörgu Bessadóttur, konu Hóseasar Björnssonar, til minningar um foreldra og fósturforeldra þeirra, þau Björn Eiríksson og Kristínu Marteinsdóttur.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hluti úr jörðinni Höskuldsstaðasel í Breiðdalshreppi. Samkvæmt landskiptagerðinni, er fram fór 5. febrúar 1939 og kaupsamningi, dags. 1. ágúst 1947, en báðum þessum skjölum hefur verið þinglýst.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins er árlegt afgjald af nefndum jarðarhluta, 3% af fasteignamati, eins og það er á hverjum tíma, sem setja skal á vöxtu og aldrei má skerða, svo og gjafir, er sjóðnum kann að berast.

Afkomendur Hóseasar Björnssonar og Marsilíu Ingibjargar Bessadóttur sitja fyrir um ábúð á jörðinni, en að þeim frágengnum skal öðrum afkomendum fyrrnefndra hjóna, Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur, boðin jörðin til ábúðar. Að öðru leyti fer um byggingu jarðarinnar samkvæmt ábúðarlögum.

## 4. gr.

Pegar vaxtatekjur sjóðsins nema orðið kr. 2000.00 á ári, má árlega verja vöxtum sjóðsins til umbóta á jörðinni Höskuldsstaðaseli. Stjórn sjóðsins annast útlutun vaxtanna, sem greiðist ábúanda Höskuldsstaðasels, sem bæði er ábúandi sjóðshlutans og erfðafestuhlutans, í hlutfalli við þær umbætur, sem gerðar hafa verið á jörðinni næsta ár á undan. Nú hafa, að dómi sjóðsstjórnar, engar þær umbætur verið gerðar neitt ár, sem ástæða þykir til að verðlauna og leggjast þá vextirinn það ár við höfuðstólinn. Nú eru gerðar á einu ári óvenjumiklar umbætur á jörðinni og má þá verja til styrktar úr sjóðnum meira en eins árs vöxtum, er áður hafa verið lagðir við höfuðstólinn.

Til umbóta í þessu skyni teljast hvers konar framkvæmdir í jarðrækt og húsabætur, bæði íbúðarhúsa, útihúsa, raforkuframkvæmdir og skógrækt.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn í Breiðdal, hreppstjóri og oddviti hreppnefndar. Skulu þeir hafa umsjón með jarðarhluta sjóðsins, sjá um byggingu hans og innheimtu jarðargjalda. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 1. marz 1962.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins,

Hóseas Björnsson.

Marsilía Ingibjörg Bessadóttir.

## S A M Þ Y K K T

## fyrir Veiðifélag Bakkár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Bakkár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bakká (Prestbakkaá), en þær eru Prestbakki, Hrafnadalur, Bakkasel, Bær I, Bær II, Holt, Jónssel, Ljótunnarstaðir I, Ljótunnarstaðir II.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. apríl 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## **S A M Þ Y K K T**

**fyrir Sparisjóð Hveragerðis og nágrennis.**

### **I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.**

#### **1. gr.**

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hveragerðis og nágrennis og skal heimili hans og varnarþing vera Hveragerði, Árnessýslu.

#### **2. gr.**

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður fyrir halla eða tjóni, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meir en kr. 6000.00. Hver ábyrgðarmaður leggur fram við stofnun sparisjóðsins kr. 3000.00, af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram hæstu innlánsvexti sjóðsins.

#### **3. gr.**

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjáreigenda), en einn af sýslunefnd Árnæssýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lög-mætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörf-um, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hags-muni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum fram-kvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórn-endur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýs-ingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðs-ins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

## 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

## 6. gr.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

## 7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin, að undanteknum stjórnarformanni, hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

## 8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Bankaeftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðs-stjórnar.

## 9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af láni skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

## 10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar séu greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

## 11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar í mánuði og ákveður stjórnin, hvornig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

## 12. gr.

Eigi síðar en í febrúarmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er póstlagt sé í Hveragerði eigi síðar en 7 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 3 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmatgur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmatgur, hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparissjóðsins, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmatgum fundi samþykki.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

## 13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 10 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur og skal prenta í hana útdrátt úr sparissjóðslögunum og samþykktum þessum. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparissjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku fé í sparissjóðinn, setja hámarksákvæði um viðtökufé, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Aldrei má sparissjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánunum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en  $\frac{3}{5}$  fasteignamatsverðs hennar.
- f. Um eigur manna í sparissjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.



## 14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema tíu þúsund kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna, þá er hún finnst.

## 15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 5000.00 til kr. 15000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 20000.00 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

## 16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað í viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið fé úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða hluta að því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

## 17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

## 18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum orðin eign sparissjóðsins.

## 19. gr.

Innstæðufé getur sparissjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiptabókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

## 20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparissjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparissjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóðurinn nemi að minnsta kosti 10% af sparissjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparissjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

## 21. gr.

Varasjóður sparissjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Seðlabankanum eða öðrum ríkisbanka. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparissjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

## III. Um útlán.

## 22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð,
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 25% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni,
- c. með því að kaupa vixla, sem sparissjóðsstjórnin álitur tryggja,
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

## 23. gr.

Sparissjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega í dráttarvexti um þann tíma, sem greiðsla hefur dregið.

## 24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparissjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst  $\frac{1}{10}$  af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna bankaeftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðsstjórnin kaupir, hljóða á handhafa, skal að jafnaði tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

#### 25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lántakanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

#### 26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

### IV. Um reikninga sparisjóðsins.

#### 27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

#### 28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint, hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok,
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins,
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

#### 29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útstandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

### 30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir bankaeftirlitsins sýna.

## V. Um endurskoðun.

### 31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja þrjá endurskoðunarmenn, og skulu tveir kosnir af sýslunefnd Árnassýslu og tveir til vara, með hlutfallskosningu til eins árs í senn, en aðalfundur sparisjóðsins kýs einn mann og einn til vara til eins árs. Endurkjósa má endurskoðunarmenn.

### 32. gr.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

### 33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans að minnsta kosti misserislega.

Endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru allir í einu eða hver um sig.

### 34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrimæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

### 35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir janúarmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

### 36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir bankaeftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

## 37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

## VI. Ýmis ákvæði.

## 38. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

Framanritaðar samþykktir eru þannig samdar og samþykktar af stofnfundi Sparisjóðs Hveragerðis þann 28. október 1961 og staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 7. apríl 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Oddur Guðjónsson.*

Stafesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1962. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 kr. — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.

## 3. gr.

Sjóður þessi skal ávallt geymdur í ríkistryggðri peningastofnun, eða á annan öruggan hátt. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og 1/5 vaxta sé árlega lagður við höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum, er honum kunna að berast.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim bændum í Miðdalahreppi verðlaun, er fóðra og hirða jafn bezt búfé sitt, hross, nautgripi og sauðfé. Ef búnaðarhættir breytast

svo í framtíðinni, að fleiri búgreinar geti komið til, sem ein aðalbúgrein, t. d. alifugla- og svínarækt, þá getur sú framleiðsla einnig náð til þessara verðlauna.

**5. gr.**

Forðagæzlumaður hreppsins skal að lokinni seinni skoðun, vetur hvern, afhenda skriflega nöfn þeirra tveggja bænda eða einum fleira en verðlaun geta hlotið hverju sinni, er hann álitur að fóðri jafn bezt búfenað sinn.

**6. gr.**

Stjórn sjóðsins verði þannig skipuð: Hreppstjóri og oddviti eru sjálfkjörnir, en þriðja mannríkis almennur fundur búenda til 3 ára í senn. Gegni sami maður hreppstjórn og oddvitastarfi, ríkis almennur fundur tvo í stjórnina.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins kynnir sér eftir föngum hver eða hverjir þeirra, er forðagæzlumaður tilnefni, hljóti verðlaun það ár.

**8. gr.**

Sama bónda séu ekki veitt verðlaunin oftar en þrjú ár í röð, að þremur árum liðnum getur hinn sami fengið þau aftur í 3 ár og endurtekur það sig á víxl.

**9. gr.**

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að til úthlutunar geti komið eitt þúsund krónur, má veita tveimur bændum verðlaunin, og þeim þriðja á sama hátt, þegar vextir til úthlutunar ná kr. 1500.00 — fimmtán hundruð —, en aldrei fleiri en þremur ár hvert. Ekki minni upphæð en kr. 500.00 — fimm hundruð —, og aldrei hærri en eitt þúsund til hvers árlega.

**10. gr.**

Skrá skal í bókina árlega nöfn og heimili þeirra bænda, er verðlaun hljóta ár hvert.

**11. gr.**

Stjórn sjóðsins ríkis sér sjálf formann og skal hann geyma bókina á tryggum stað og annast fjárhald sjóðsins.

**12. gr.**

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum sveitar-sjóðsreikninga Miðdalahrepps.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ í Árneshreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. apríl 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ í Árneshreppi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Árneshrepps, til minningar um Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ, sem var fædd 3. marz 1945, d. 7. marz 1961.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að veita efnalítlum sjúklingum úr Árneshreppi styrk til að greiða óvenjulegan sjúkrakostnað, að því leyti, sem sá kostnaður fæst ekki greiddur af sjúkrasamlagi eða öðrum almennum styrktarsjóðum.
- b. Telji stjórn sjóðsins, á einhverju tímabili, ekki þörf á úthlutunarbæru fé sjóðsins til að gegna því hlutverki, sem um getur í a-lið þessarar greinar, er henni heimilt að veita fé úr sjóðnum til styrktar fátækum, efnilegum námsmönnum úr Árneshreppi, sem stunda nám við Háskóla Íslands, eða framhaldsnám við erlenda háskóla.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skal hún valin þannig: Formaður Kvenfélags Árneshrepps er sjálfkjörinn í stjórnina. Annar maður skal kosinn af aðalfundi kvenfélagsins til 4 ára í senn og hinn þriðji kosinn af hreppsnefnd Árneshrepps á fyrsta fundi nefndarinnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Varamenn skulu kosnir af sömu aðilum. Verði Kvenfélag Árneshrepps af einhverjum ástæðum leyst upp, er hreppsnefnd Árneshrepps falið að kjósa stjórn sjóðsins, þar til aftur hefur verið stofnað kvenfélag í hreppnum. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og skal í hana rita skipulagsskrá þessa, fundargerðir stjórnarinnar, ársreikninga sjóðsins og annað það, er varðar rekstur hans.

### 6. gr.

Vexti og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn að upphæð kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur —. Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta styrkjum úr honum, sem svarar hálfum vöxtum. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur — má úthluta á sama hátt  $\frac{3}{4}$  vaxtanna.  $\frac{1}{4}$  vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu.**

## 1. gr.

Fasteignaskatt í Reykhólahreppi skal innheimta með 100% álagi.

## 2. gr.

Gjaldldagi fasteignaskattsins er 15. júlí. Þeir gjaldendur fasteignaskatts, sem jafnframt eru útsvarsgjaldendur, mega þó greiða síðari helming skattsins 15. október hvert gjaldár.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, staðfest af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á árinu 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

27. júní.

Nr. 45.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 27. júní 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar.**

## 1. gr.

Helgi Hjörvar og Rósa Hjörvar, kona hans, stofna sjóð til að veita þeim mönnum heiðursgrip til minja, sem fegurst tala íslenzka tungu í útvarp.

## 2. gr.

Sjóðurinn heitir: Heiðursverðlaunasjóður Daða Hjörvar. Stofndagur sjóðsins er 5. nóvember 1958.

## 3. gr.

Heiðursgripurinn er í þrennu formi:

1. Peningur úr gulli, 5,5 sm í þvermál, myndslégin á báðum hliðum (eftir því sem nánar verður ákveðið) og þessi áletrun: **FYRIR FRÁBÆRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.**



2. Peningur úr silfri, 10 sm í þvermál, myndisleginn á efri hlið (höfuðmynd af ungum manni við hljóðnema) og þessi áletrun: FYRIR FAGRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.
3. Peningur úr bronsi, sleginn í sama móti og silfurpeningurinn. Bronspening skal ekki veita nema ungum mönnum, 25 ára og yngri. En hvergi minni kröfur skal gera um verðleika til bronspenings en silfurverðlauna, enda verði silfurpeningur ekki veittur yngra manni en 26 ára.

Nafn þess sem heiðursverðlaun hlýtur skal grafa á þar til gerðan flöt á peningi hverjum.

#### 4. gr.

Heiðursviðurkenning þessi skal veitt fyrir fegurstan flutning málsins einöngu. Þó að sjónvarpað verði eða önnur ný tækni komi til, skal meta túlkun raddarinnar einnar. Meta skal mest einlæga tjáning, en miður rík tilbrigði eða leikbrögð í formi. Frumkvöð er það, að efni og mál sé samboðið verðlaunaverðum flutningi. Fagurt mál, frumsamið, ber að meta góðum flutningi til aukins gildis.

Fullnaðardóm skal fella eftir hljóðbandi eða annarri sams konar upptöku raddar, án sjónvarps.

#### 5. gr.

Heiðursverðlaun má veita fyrir flutning máls og tungutak í þeim greinum dagskrár sem hér eru taldar:

a) þularstörf, — b) atburðalýsingar, af munni fram, — c) fréttapættir, — d) viðtöl, og ber þá einnig að meta það, hversu spyrjandi laðar fram frjálst og lifandi tungutak allrar alþýðu, — e) erindi, en þar til má telja hvers konar ræðuflutning, stjórnáráð, prédikun, rökræður, gamanþætti (án söngs og eftirhermu), — f) sagnalestur, — g) ljóðalestur, — h) almennur upplestur á óbundnu máli, — í) útvarpsleikur, — svo og aðrir þættir talaðs máls, eftir því sem dómnefnd kann að ákveða.

#### 6. gr.

Dómnefnd veitir heiðursverðlaunin. Hún skal skipuð fimm mönnum, þannig:

1. Útvarpsráð, eða sú stofnun sem hefur menningarstjórn á dagskrá útvarpsins, velur formann dómnefndar.
  2. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í dómnefnd.
  3. Fastir leikarar Þjóðleikhússins tilnefna einn mann.
  4. Íslenzkir rithöfundar, allir þeir sem félagar eru í almennum samtökum þeirra, tilnefna einn mann.
  5. Stofnendur sjóðsins, og síðan niðjar þeirra, tilnefna einn mann.
- Ekki má velja þann mann í dómnefnd, sem hefur að einhverju leyti umráð eða framkvæmd á dagskrá útvarpsins.

Falli niður val á manni í dómnefndina, tilnefni dómnefndin sjálf mann í staðinn.

#### 7. gr.

Dómnefnd kýs sér ritara. Hún skráir greinilega tillögur um heiðursverðlaun, úrskurði sína og annað það sem starf hennar varðar. Dómnefnd setur sér skráðar reglur eftir að fara í starfi sínu og leitar samþykkis menntamálaráðuneytisins um þær reglur og breytingar á þeim.

Dómnefnd getur, ef henta þykir, sett reglur um skipulag á tilnefning dómnefndarmanna eftir 3.—5. lið 6. greinar.

## 8. gr.

Setja skal sérstakar reglur, óháðar öðrum starfsreglum, til leiðbeiningar um mat dómnefndar á meðferð máls og atkvæða í einstökum atriðum, hvað fegurst megi telja, eða réttast, og hvað miður æskilegt. Þessar reglur skulu háðar mati dómnefndar hverju sinni, en bornar undir álit heimspekideildar háskólans, svo oft sem hæfa þykir.

Slíkar reglur mega í engu raska ákvæðum 4. greinar, né þröngva sjálfsögðu frelsi tungunnar.

## 9. gr.

Dómnefnd tekur í móti rökstuddum tillögum um veiting heiðursverðlauna; þó ekki tillögum sem augljóst má vera að safnað hafi verið undirskriftum að.

## 10. gr.

Afl atkvæða ræður úrskurði dómnefndar. En hver einn dómnefndarmanna hefur synjunaratkvæði, eftir bókaðri kröfu sinni, um veiting einstakra heiðursverðlauna, en þó enginn nema eitt sinn gegn sama manni. Ekki má heldur beita slíkri synjun að nýju, þó að skipt verði um dómnefndarmann af þeim aðila sem tilnefnir.

## 11. gr.

Heiðursverðlaun skal að jafnaði veita þannig:

1. Gullpening, einn, hið þriðja hvert ár. Engin önnur verðlaun skal veita það ár sem gullpeningur er veittur.

Nú ef dómnefnd telur ekki rétt að veita gullverðlaun eitthvert ár, skal hún veita silfurverðlaun með venjulegum hætti. Ber þá ekki að veita gullpening fyrr en hið þriðja ár þar frá, að rétttri tiltölu.

2. Silfurpening, einn, hver tvö ár (sbr. 1. lið). Dómnefnd er heimilt að veita tvo silfurpeninga hið sama sinn, ef henni þykir sérstök ástæða til. Svo getur dómnefnd og hin fyrstu tvö skipti veitt fleiri heiðursverðlaun úr silfri en hér segir.
3. Bronspening, einn eða tvo, samtímis silfurpeningi. Dómnefnd er heimilt að láta hjá líða veiting bronspenings.

Heiðursverðlaun skal veita hinn 5. nóvember hvert ár, nema atvik hindri.

## 12. gr.

Dómnefnd getur, með einu samþykki og af sérstöku tilefni, veitt ein heiðursverðlaun úr gulli hvenær sem er, óháð reglubundnum verðlaunum.

## 13. gr.

Framkvæmdastjórn sjóðsins hafa að jafnaði á hendi tveir menn:

1. Aðalskrifstofustjóri útvarpsins; hann hefur umsjón með sjóðnum, geymir fé hans og eigur og gerir ársreikning, sem endurskoða skal jafnhliða reikningum útvarpsins.
2. Maður sem stofnendur sjóðsins tilnefna, en síðan niðjar þeirra.  
Greini þessa menn á, skal aðalendurskoðandi ríkisins kvaddur til úrskurðar. Svo skal hann og til kvaddur á sama hátt um allar ákvarðanir sem varða hag sjóðsins að verulegu leyti, enda sé ársreikningur sjóðsins jafnan lagður fyrir hann sérstaklega til athugunar.

Sá stjórnarmaður, sem tilnefndur er af stofnendum eða niðjum þeirra, greiðir

ekki atkvæði um neitt það atriði sem snerta kann hagsmuni ættarinnar gagnvart sjóðinum.

Stjórnarmenn skrá ákvarðanir sínar í gerðabók.

#### 14. gr.

Tekjur sjóðsins og fjárhag skal tryggja þannig:

Stofnendur leggja fram í upphafi:

- a) 6 — sex — heiðurspeninga úr gulli, fullgerða.
- b) 25 — tuttugu og fimm — heiðurspeninga úr silfri, fullgerða.
- c) 20 — tuttugu — heiðurspeninga úr bronsi, fullgerða.
- d) Skuldabréf, kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — með fullnægjandi veði í húseigninni Suðurgötu 6 í Reykjavík. Skuldabréfið er afborgunarlaust í 8 ár, frá 1. janúar 1962, en ársvextir 4%. Eftir það skulu ársvextir vera jafnir almennum innlánsvöxtum Landsbankans af því fé, sem segja má upp með árs fyrirvara; þó ekki lægri en 4%. En eftir 1. janúar 1970 getur framkvæmdastjórn sjóðsins (sbr. 13. gr.) krafizt greiðslu á veðskuldabréfinu með þriggja missira fyrirvara, eða samið um greiðslu þess, svo og vexti, eftir því sem henni þykir henta.

#### 15. gr.

Deild úr sjóðnum er „Dánarsjóður Daða Hjörvar“ og tekur við minningargjöfum um látna menn. Sú deild er í umsjá stofnenda, en síðan niðja þeirra. Reikningur þeirrar deildar skal fylgja ársreikningi heiðursverðlaunasjóðs, og sé fénu skilað í hann við árslok hver.

#### 16. gr.

Heiðursverðlaunasjóðurinn tekur í móti gjöfum.

#### 17. gr.

Sjóðurinn má taka til starfa þegar dómnefnd hefur verið skipuð og fyrir liggur yfirlýsing framkvæmdastjórnar um það, að fullnægt sé ákvæðum 14. greinar. Heimilt er stofnendum að veita hin fyrstu verðlaun úr sjóðnum, þó að dómnefnd sé ekki skipuð.

#### 18. gr.

Þeir aðilar, sem hér eru taldir, skulu hver um sig bærir að óska breytinga á þessari skipulagsskrá og fá þeim framgengt:

1. Stofnendur, báðir eða annar, en síðan niðjar þeirra.
2. Framkvæmdastjórn sjóðsins og dómnefnd sameiginlega.
3. Sá maður eða stofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum að lögum.

Þær breytingar einar má gera, sem brýn nauðsyn krefur, og svo þær, sem efalaust horfa til bóta eftir stefnumarki sjóðsins. Aldrei má breyta 4. grein og ekki skerða meginatriði 8. greinar.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin eldri skipulagsskrá nr. 121 frá 15. september 1959.

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Dalasýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Dalahéraði nema að fengnu leyfi sýslumanns Dalasýslu eða hreppstjóra í umboði hans. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal, gegn gjaldi, sem sýslunefnd ákveður og rennur í sýslusjóð.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er hafa skulu eftirlit með skemmtunum í lögsagnarumdæminu.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni (eða hreppstjóra) um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlu-svæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast, og dveljast þar þangað til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, sem skemmtunin var haldin í, hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa skemmtistaðinn skulu þeir líta eftir, hvort nokkur maður eða menn, sem líkur er til, að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja mennina brott, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann getur eigi mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætla að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim og rannsaka svo, sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrirmælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

#### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypís í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annast slysatryggingar allra þessara löggæzlumanna.

#### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir hverja skemmtun, sem þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

#### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í héraðinu á fund. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu löggæzlumenn og mæta.

#### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skuli með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

#### 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns skv. 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslur eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt, þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanns snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, ein-kennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan skv. 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það að skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

fyrir heilsuverndarstöð Neskaupstaðar.

### 1. gr.

Hlutverk heilsuverndarstöðvarinnar fyrst um sinn er heilsugæzla í eftirtöldum greinum:

- a. Mæðravernd: Eftirlit með barnshafandi konum.
- b. Barnavernd: Eftirlit með heilsufari ungbarna og barna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára) og ónæmisaðgerðir (barnaveiki, stífkrampi, kíghósti, kúabólusetning og ónæmisaðgerðir gegn mænusótt).
- c. Berklavarnir og eftirlit með berklaveikum.
- d. Kynsjúkdómálækningar og eftirlit.

### 2. gr.

Starfsemin fer fram í húsnæði fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og verður tilhögun sem hér segir:

- a. Mæðravernd 1. og 3. föstudag hvers mánaðar kl. 1—2 e. h.
- b. Barnavernd 2. og 4. föstudag hvers mánaðar kl. 1—2 e. h.
- c. Berklavarnaftirlit og kynsjúkdómaeftirlit fara fram á móttökutíma sjúkrahússins alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 1—3 e. h., og samkvæmt samkomulagi.

### 3. gr.

Stjórn sjúkrahússins annast rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Neskaupstaðar, en fjárhagur hennar og allur rekstur skal með öllu fráskilinn rekstri sjúkrahússins.

### 4. gr.

Um skipting kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar, vísast til heilsuverndarlaga nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Austur-Barðastrandarsýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda í Austur-Barðastrandarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Barðastrandarsýslu eða umboðsmanns hans. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkoma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Geiradalshreppur og Reykhólahreppur.
2. Gufudalshreppur.
3. Múlahreppur.
4. Flateyjarhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað og fjarlægðir hafa verið þeir menn, er hætta getur stafað af.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan mann til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu forstöðumenn skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtunum ætla að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað.

Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni dansskemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölaðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

#### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skulu haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

#### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmti- stað eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

#### 6. gr.

Sýslumaður skal, þegar hann sér ástæðu til eða samkvæmt óskum félagssamtaka í sýslunni kalla forstöðumenn samkomustaða Austur-Barðastrandarsýslu á fund í Bjarkarlundi. Á fundi þeim skal rætt um á hvern hátt þess verði gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

#### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er lögreglumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skulu bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

#### 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzluaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  af aðila þeim, er skemmtun heldur, að því er laun aðallöggæzlu- manna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlu- manna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.



Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Vestur-Barðastrandarsýslu.

### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda í Vestur-Barðastrandarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Barðastrandarsýslu. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkoma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Barðastrandarhreppur.
2. Rauðasandshreppur.
3. Patrekshreppur.
4. Tálknafjarðarhreppur.
5. Suðurfjarða- og Ketildalahreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað og fjarlægðir hafa verið þeir menn, er hætta getur stafað af.

Ef löggæzlu maður hefur forföll, svo hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan mann til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtunum ætla að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað.

Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan

hátt eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni dansskemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölaðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullnægjandi reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

#### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skulu haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypiss í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

#### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

#### 6. gr.

Sýslumaður skal, þegar hann sér ástæðu til eða samkvæmt óskum félagssamtaka í sýslunni, kalla forstöðumenn samkomustaða Vestur-Barðastrandarsýslu á fund á Patreksfirði. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

#### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er lögreglumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skulu bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

#### 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  úr viðkomandi sveitarsjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennishúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

**REGLUGERÐ****um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Strandasýslu.**

## 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Strandasýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

## 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Bæjar- og Óspakseyrarhreppar.
2. Fells- og Kirkjubólshreppar.
3. Hólmavíkur-, Hrófbergs- og Kaldrananeshreppar.
4. Árneshreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa skemmtistaðinn, skulu þeir líta eftir, hvort nokkur maður eða menn, sem líkur eru til að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja mennina burt, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlu starfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann

kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir öläði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölv-aðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skulu haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða Strandasýslu á fund í Hólmavík. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skulu bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

## 8. gr.

Dá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr rikissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði (eftir atvikum úr hreppssjóði), að því að laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en rikissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennishúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 47/1958, um skipting læknishéraða í þrjá launaflokka.

## 1. gr.

Í 1. gr. I komi nýr töluliður nr. 39: Seyðisfjarðarhérað.  
4. töluliður í sömu gr. III falli niður.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 19. maí 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Seðlabanka Íslands.

#### I. KAFLI

#### Skipulag bankans og hlutverk.

##### 1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku the Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum hans og þessari reglugerð.

Seðlabanki Íslands (hér á eftir nefndur Seðlabankinn) tekur við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands, Seðlabankans, skulu 100 millj. kr. teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands.

##### 2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

##### 3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt;
2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;
4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;
5. að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum;
6. að gera sem fullkornastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;
7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

##### 4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

#### II. KAFLI

#### Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

##### 5. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er bókhaldslega aðskilin deild í Seðlabankanum. Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að veita fyrirtækjum, er stunda sjávarútveg stofnlán gegn veði í eignum þeirra.

Stofnlánadeildin starfar samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

## III. KAFLI

## Seðlaútgáfa og mynt.

## 6. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar þeir, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður samkvæmt tillögu Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni.

## 7. gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta mánaðarlega í Lögbirtingablaðinu skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltnunnar þessi trygging nemi.

## 8. gr.

Á hvern seðil skal prenta númer á tveim stöðum, svo og nöfn tveggja bankastjóra eftir eigin handskrift.

## 9. gr.

Bankastjórn Seðlabankans skal sjá um, að ætíð sé til nægur forði seðla.

## 10. gr.

Seðlarnir og allt það, er viðvíkur seðlagerðinni, skal geymt í aðalpeningahirzlu bankans, sbr. 79. gr., nema það sem falið er til öruggrar geymslu erlendis.

## 11. gr.

Minnst einu sinni á hverjum ársfjórðungi skal forstöðumaður endurskoðunardeildar og endurskoðandi bankaráðs rannsaka seðlafúlguna ásamt bankastjóra eða trúnaðarmanni bankastjórnar og gefa bankaráði skýrslu um skoðunina.

## 12. gr.

Seðlabankinn innleysir skemmda seðla með þeim hætti, að sjáist bæði númer seðilsins, greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, greiðist hálf tveggja hans, enda fylgi að minnsta kosti fjórðungur seðilsins.

Seðlar, sem eru svo skaddaðir að hvorugt númer sjáist, verða ekki innlestir.

## 13. gr.

Ónýting seðla fer fram eftir reglum, sem bankastjórnin setur. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og trúnaðarmaður bankastjórnar skulu fylgjast með ónýtingu seðla undir eftirliti endurskoðanda bankaráðs.

## 14. gr.

Til þess að fyrir hendi sé nægur forði seðla er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að láta einum banka eða sparisjóði í hverjum landshluta eða stærri byggðalögum í té seðlageymslu. Skulu seðlarnir geymdir í sjálfstæðum, traustum geymslum, sem ekki verða opnaðar, nema með tveim lykllum samtímis. Annar lykilhafinn skal vera trúnaðarmaður Seðlabankans, sem bankastjórnin velur, en hinn forstöðumaður eða féhirðir viðkomandi banka eða sparisjóðs. Þessir

aðilar mega þó tilnefna varamenn sína, en útnefning þeirra er háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Bankastjórnin setur nánari reglur um umgengi og notkun seðlageymslanna. Allur kostnaður af seðlageymslunum, svo og þóknun trúnaðarmanna Seðlabankans, skal greiddur af banka þeim eða sparisjóði, sem geymslu hefur. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og endurskoðandi bankaráðsins ásamt bankastjóra eða trúnaðarmanni bankastjórnar skulu reglulega kanna seðlafúlgú í seðlageymslu og a. m. k. einu sinni á ári.

#### IV. KAFLI

##### Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi.

###### A. Innlán.

###### 15. gr.

Seðlabankinn tekur við fé til ávöxtunar í hlaupareikningi, innláns-skírteini eða aðra innlánsreikninga eftir ákvörðun bankastjórnarinnar frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

###### 16. gr.

Eigendur innlánsreikninga skulu segja fyrir um skriflega, hvaða aðili sé bær til að hefja fé úr reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn hans. Sé þetta ekki gert, ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt.

###### 17. gr.

Beiðnir um færslur á reikningum, sem berast bankanum í símskeyti, skulu því aðeins teknar til greina, að þær berist í staðfestu símskeyti, eða símskeyti, sem rekja má til bærs aðila með símskeytalykli.

###### 18. gr.

Greiði bankinn falsaðan tékka, eða tékka, sem gefinn hefur verið út án heimildar, skal reikningseigandi bera tjónið, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé um að kenna.

###### 19. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af viðskiptareikningi til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldafærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust. Heimildar þessarar skal getið í viðskiptaskilmálum bankans.

###### 20. gr.

Reikningseigendum skulu send reikningsyfirlit reglulega og staðfestingar þeirra aflagð.

###### B. Útlán.

###### 21. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn tryggingu, sem bankastjórnin metur gilda.

Útlánastarfsemin skal einkum fólgin í því:

- a) að kaupa innlenda víxla og ávisanir;
- b) að kaupa innlend verðbréf.
- c) að veita yfirdrátt á hlaupareikningi gegn handveði;
- d) að veita önnur lán gegn handveði.



## 22. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn ríkistryggðum verðbréfum, svo og öðrum tryggum verðbréfum, sem bankastjórnin tekur gild. Þegar kaupþingsviðskipti eru hafin, skal einkum lánað út á þau bréf, sem þar verða skráð. Lánin skulu ekki nema meiru en  $\frac{2}{3}$  af skráðu verði þeirra á viðurkenndu kaupþingi eða gangverði þeirra að mati bankastjórnarinnar. Lán þessi skulu veitast til ákveðins tíma, að jafnaði ekki lengur en 90 daga. Ef bankastjórnin samþykkir framlengingu slíkra lána umfram 90 daga, hækka vextirnir um a. m. k.  $\frac{1}{2}\%$  á ári.

## 23. gr.

Seðlabankinn endurkaupir víxla með veði í afurðum frá bönkum og sparisjóðum. Skulu víxlarnir ávallt vera með sjálfskuldarábyrgð þess banka eða sparisjóðs, sem selur víxlana. Bankastjórnin ákveður, hversu mikið og til hve langs tíma lánað er út á einstakar afurðir, en víxlarnir skulu án undantekningar og í síðasta lagi greiðast upp, er afurðirnar eru seldar. Ef afurðaveð bregzt, það ferst, reynist ófullnægjandi eða er ekki fyrir hendi, skal banki sá eða sparisjóður, sem í ábyrgð er fyrir víxli, þegar í stað innleysa hann.

## 24. gr.

Óumsamin skuldasöfnun á viðskiptareikningi banka eða sparisjóðs er óheimil. Eigi hún sér samt stað, getur bankastjórnin útilokað viðkomandi stofnun frá aðild í greiðslujöfnunarkerfi bankans.

## 25. gr.

Bankastjórnin tekur ákvarðanir um lánveitingar.

## 26. gr.

31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns . . . . .	10	pund	á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns . . . . .	10	pund	á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið	á	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á	120	00	»	»	2400
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á	»	»	»	»	»
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaaurum verður:</b>							
Eftir A. eða í friðu . . . . .				2333	33	1945	
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólq . . . . .				720	00	600	
Eftir C. eða í ullartónvöru . . . . .				»	»	»	
Eftir D. eða í fiski . . . . .				1200	00	1000	
Eftir E. eða í lýsi . . . . .				360	00	300	
Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .				»	»	»	
<b>En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .</b>				<b>4613</b>	<b>33</b>	<b>3845</b>	
og skipt með 4 sýnir:							
<b>Meðalverð allra meðalverða . . . . .</b>				<b>1153</b>	<b>33</b>	<b>961</b>	

Skrifstofu Vestmannaeyjakaupstaðar, 12. apríl 1962.

F. h. yfirskattanefndar.

Torfi Jóhannsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1962.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.



# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Rangárvallasýslu

frá 16. maímánaðar 1962 til jafnlengdar 1963.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>A. Friður peningur.</b>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3200	00	3200	00	2667
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	450	00	2700	00	2250
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	500	00	3000	00	2500
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	300	00	2400	00	2000
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	250	00	3000	00	2500
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	300	00	2400	00	2000
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	150	00	1500	00	1250
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2000	00	2000	00	1667
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	1600	00	2133	33	1778
<b>B. Ull, smjör og tólg.</b>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	5	00	600	00	500
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	5	00	600	00	500
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	20	00	2400	00	2000
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	6	00	720	00	600
<b>C. Tóvara af ullu.</b>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<b>D. Fiskur.</b>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>E. Lýsi.</b>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
<b>F. Skinnavara.</b>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns . . . . .	10	pund á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns . . . . .	10	pund á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert á	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum . .		pundið á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .		pundið á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom . . . . .	10	pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	160	á	00	»	3200
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	200	á	00	»	4000
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:</b>						
	Eftir A. eða í friðu . . . . .	2481	48	2068		
	Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg . . . . .	1081	00	900		
	Eftir C. eða í ullartónvöru . . . . .	»	»	»		
	Eftir D. eða í fiski . . . . .	»	»	»		
	Eftir E. eða í lýsi . . . . .	»	»	»		
	Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .	»	»	»		
	En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .	3561	48	2968		
	og skipt með 2 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða . . . . .	1780	74	1484		

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 8. maí 1962.

F. h. yfirskattanefndar.

*Björn Björnsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1962.*

F. h. r.

*Sigtr. Klemenzson.*

*Kristján Thorlacius.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Árnessýslu

frá 16. maímánaðar 1962 til jafnlengdar 1963.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>A. Friður peningur.</b>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3200	00	3200	00	2667
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	500	00	3000	00	2500
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	400	00	3200	00	2667
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	180	00	1800	00	1500
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1900	00	1900	00	1583
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	1500	00	2000	00	1667
<b>B. Ull, smjör og tólg.</b>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	12	00	1440	00	1200
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	8	00	960	00	800
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	19	00	2280	00	1900
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	8	00	960	00	800
<b>C. Tóvara af ullu.</b>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<b>D. Fiskur.</b>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<b>E. Ljssi.</b>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
<b>F. Skinnavara.</b>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert	á	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....		pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom .....	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	150	00	á	»	»	3000
43.	— 1 lambsfóður .....	150	00	á	»	»	3000
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaúrum verður:</b>							
	Eftir A. eða í friðu .....	2516	67		2097		
	Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg .....	1410	00		1175		
	Eftir C. eða í ullartónvöru .....	»	»		»		
	Eftir D. eða í fiski .....	»	»		»		
	Eftir E. eða í lýsi .....	»	»		»		
	Eftir F. eða í skinnavöru .....	»	»		»		
<b>En meðalverð allra landaúra samtalið .....</b>							
		3926	67		3272		
og skipt með 2 sýnir:							
<b>Meðalverð allra meðalverða .....</b>							
		1936	33		1636		

Skrifstofu Árnassýslu, 15. maí 1962.

F. h. yfirskattanefndar.

Páll Hallgrímsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 12. maí 1962.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað

frá 16. maímánaðar 1962 til jafnlengdar 1963.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	4000	00	4000	00	3333
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	600	00	3600	00	3000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	400	00	3200	00	2667
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	300	00	3000	00	2500
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2500	00	2500	00	2083
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	2000	00	2666	00	2222
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	8	00	960	00	800
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	7	00	840	00	700
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	21	00	2520	00	2100
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	6	00	720	00	600
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispæysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpæysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	210	00	1260	67	1050
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin			
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.			
<b>E. Lýsi.</b>									
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	48	00	720	00	600
<b>F. Skinnavara.</b>									
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns . . . . .	10	pund	á	25	00	150	00	251
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns . . . . .	10	pund	á	17	50	105	00	87
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	»	»	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>									
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	300	00	1800	00	1500	
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið	á	»	»	»	»	»	
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	225	00	2700	00	2250
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á	160	00	»	»	»	3200	
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á	200	00	»	»	»	4000	
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:</b>									
	Eftir A. eða í friðu . . . . .				3161	11	2634		
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg . . . . .				1260	00	1050		
	Eftir C. eða í ullartónvöru . . . . .				»	»	»		
	Eftir D. eða í fiski . . . . .				1260	00	1050		
	Eftir E. eða í lýsi . . . . .				720	00	600		
	Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .				127	50	106		
<b>En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .</b>									
	og skipt með 5 sýnir:				6528	61	5440		
<b>Meðalverð allra meðalverða . . . . .</b>									
					1305	72	1088		

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 21. maí 1962.

F. h. yfirs kattanevndar.

Ásgeir Pétursson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1962.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.10 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.05 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.  
Fastagjald reiknast þannig:  
Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 0.75 á m<sup>2</sup> á mán.  
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. .... — 0.30 — m<sup>2</sup> — —

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.80 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 5.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

##### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00, fyrir kw. í málraun véla.
2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðar-fyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw., þannig reiknað:
  - a. Aflgjald af notuðu afli ..... kr. 750.00 á kw. á ári
  - b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.40 — kwst.
 Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.
3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 660.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Til súgburrkunar um kwst.mæli á kr. 0.50 hverja kwst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

##### D. Hitun.

1. a. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.  
b. Án straumrofs á kr. 0.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.18 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn á tím-anum frá kl. 8—23.  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.
  - a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.

- b. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
2. Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A-1.

## II. MÆLALEIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |   |                 |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum allt að 50 amp. .... | kr. 3.00 á mán. |
| 2. — þrífasa kwst.mælum allt að 50 amp. ....  | — 5.00 —        |
| 3. — þrífasa kwst.mælum 50—200 amp. ....      | — 10.00 —       |
| 4. — þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp. ....    | — 15.00 —       |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunn gjald af hverri loftlínuheimtaug ..... kr. 750.00
2. Grunn gjald af hverri jarðlínuheimtaug ..... — 1050.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.



Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 60 27. apríl 1959.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. júní 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi.

Stofnandi sjóðsins: Despina Karadja prinsessa 6. júní 1962.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Ólafsson á Íslandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hina göfugu, kristnu konu, Ingibjörgu Ólafsson, sem frá fyrstu æskuárum hefur helgað Guði líf sitt og alla ævi þjónað honum með starfi sínu í K. F. U. K og öðru kristilegu starfi á Íslandi, í Danmörku, víðsvegar á Norðurlöndum og á Englandi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kristilegt starf hjá íslenskum æskulýð samkvæmt kenningum lúthersku kirkjunnar íslensku.

4. gr.

Vöxtum af höfuðstóli sjóðsins skal á ári hverju eða a. m. k. annað hvort ár verja til þess að styrkja eina eða fleiri ungar konur, sem vilja stunda guðfræðinám eða búa sig á annan hátt undir æskulýðsleiðtogastarf á evangelis-lútherskum grundvelli á Íslandi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Biskup Íslands, vígslubiskup sá, er hann tilnefni, og einn maður kjörinn af kirkjuráði. Stjórnin vinnur kauplaust.

## 6. gr.

Höfuðstólinn má ekki skerða og skal geyma hann tryggilega í íslenskum ríkisbönkum, ríkisskuldabréfum eða öðrum tryggum verðbréfum.

## 7. gr.

Við hinn upprunalega höfuðstól, krónur 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —, bætast gjafir, sem sjóðnum hlotnast eða hann fær í arf frá áhugasömum vinum.

## 8. gr.

Óhjákvæmileg útgjöld vegna starfsemi sjóðsins (burðargjöld, prentun o. s. frv.) má taka af árlegum vöxtum.

## 9. gr.

Ef til þess kæmi, að sjóðurinn gæti ekki starfað lengur samkvæmt tilgangi sínum (sbr. 3. og 4. gr.), skal hann lagður niður og höfuðstól hans og öðrum eignum skipt jafnt milli æskulýðsstarfs íslenzku, lúthersku kirkjunnar, elliheimilis og blindraheimilis. Skulu þau framlög nefnd: „Minningargjóf Ingibjargar Ólafsson“.

## 10. gr.

Ofanskráðum ákvæðum má ekki breyta.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1962.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Odds Steingrims Tryggvasonar frá Lónkoti. Sjóðurinn er stofnaður 3. október 1961 af foreldrum Odds, Ólöfu Oddsdóttur og Tryggva Guðlaugssyni í Lónkoti í Sléttuhlíð, Skagafjarðarsýslu.

Oddur Steingrímur Tryggvason fæddist í Siglufirði 19. marz 1935 og lézt af slysförum í Lónkoti 9. júní 1959.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — og er hann eign Gagnfræðaskóla Siglufjarðar.

## 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum eða öðrum leiðum til fjáröflunar.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega verðlaun þeim nemanda, sem skarar fram úr í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar í ástundun og dugnaði við nám, hátprýði og reglusemi.

Verðlaunin skulu vera bækur, einhver góður gripur eða peningar. Skal til þess varið öllum vaxtatekjum sjóðsins.

Verðlaun þessi skal afhenda á dánardegi Odds þann 9. júní, eða við skólaslit vor hvert, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri Gagnfræðaskóla Siglufjarðar, og er hann formaður stjórnarinnar, sóknarpresturinn í Siglufirði og yfirkennari skólans, eða sá kennari, sem gegnir störfum skólastjóra í forföllum hans.

Stjórn sjóðsins velur árlega þann nemanda, sem verðlaun skal hljóta.

Hún sér enn fremur um, að árlega sé gerður reikningur sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af endurskoðendum Siglufjarðarkaupstaðar.

#### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um aðstöðugjald.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn skal hafa tekið ákvörðun um innheimtu gjaldsins og tilkynnt hana skattstjóra eigi síðar en 15. dag febrúarmánaðar á gjaldárinu.

Í tilkynningu til skattstjóra skal tilgreina gjaldflokka og fjárhæð gjalds í hverjum flokki.

#### II. KAFLI

##### Um gjaldskyldu.

#### 3. gr.

Gjaldskyldir eru allir atvinnurekendur, einstaklingar, félög og stofnanir svo og þeir, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, sbr. þó 4. og 5. gr.

#### 4. gr.

Nú rekur gjaldskyldur aðili sjálfstæða atvinnu frá heimilisfastri atvinnustöð utan heimilissveitar sinnar og má þá heimilissveitin ekki krefja hann um aðstöðugjald af þeirri starfsemi.

Hins vegar er sveitarfélaginu þar, sem atvinnan er þannig rekin eða stunduð, heimilt að krefja þá, sem heimilisfastir eru utan sveitarinnar, þar með taldir erlendis búsettir aðilar, um aðstöðugjald vegna slíkrar starfsemi skv. því, sem ákveðið er í 8. gr., sbr. þó 5. gr.

## 5. gr.

Undanþegnir aðstöðugjaldi eru:

1. Forseti Íslands.
2. Þeir, sem greiða landsútsvar.
3. Skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús og mjólkurbú.
4. Félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórn mála-félög, trúarbragðafélög, enda reki slík félög ekki atvinnu.
5. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir í umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.

## III. KAFLI

## Um gjaldstofninn.

## 6. gr.

Aðstöðugjald er ákveðinn hundradshluti af útgjöldum vegna atvinnurekstrar eða starfsemi á síðastliðnu reikningsári.

Til útgjalda í þessu sambandi skal telja rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar með talin vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja, fyrningarafskriftir í samræmi við ákvæði skattalaga, svo og opinber gjöld, sbr. þó 6. tölul. 6. mgr. þessarar greinar.

Vörukaup og efniskaup í næstu mgr. hér á undan merkja birgðir í ársbyrjun að viðbættum kaupum á árinu, en að frádrögnum birgðum í árslok.

Öll útgjöld, sem teljast rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts skv. ákvæðum tekjuskattslaga eða venju um framkvæmd þeirra, skulu teljast aðstöðugjaldsstofn.

Til rekstrargjalda teljast því ekki persónuleg útgjöld eða frádráttarliðir, sem bundnir eru við aðila sjálfan eða fjölskyldu hans, eða eru vegna eigna til persónulegra afnota, óviðkomandi atvinnurekstri, og ekki heldur vextir af skuldum óviðkomandi hinna gjaldskyldu starfsemi.

Eftirtaldir gjaldþættir eru þó undanþegnir aðstöðugjaldi:

1. Sá hluti gjalda, sem er umfram brúttótekjur.
2. Afskrifaðar tapaðar skuldir.
3. Yfirfært tap fyrri ára.
4. Tjón af völdum þriðja manns, svo sem þjófnaður, eða skaðabótageiðslur, sem gjaldandi er ábyrgur fyrir skv. almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda.
5. Greiddur arður, úthlutun tekjuafgangs og skattfrjálst tillag í varasjóð.
6. Eftirtaldir skattar og gjöld:
  - a. Tekjuskattur og tekjuútsvar.
  - b. Eignarskattur og eignarútsvar.
  - c. Söluskattur af viðskiptum skv. II. kafla l. nr. 10/1960.
  - d. Gjald í Styrktarsjóð vangefinna (tappagjald) skv. l. nr. 43/1958, sbr. l. nr. 16/1962.
  - e. Gjöld í Styrktarsjóð fatlaðra skv. l. nr. 25/1962, sbr. l. nr. 60/1939, þ. e. gjald frá sælgætisframleiðendum og merkjagjald af eldspýtnastokkum.
  - f. Aðstöðugjald skv. l. nr. 69/1962.
  - g. Gjald af innlendum tollvörutegundum skv. l. nr. 60/1939.
  - h. Skemmtanaskattur skv. 1. tölulið 2. gr. l. nr. 56/1927.
  - i. Gjald af kvikmyndasýningum skv. l. nr. 28/1952.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn sker ráðherra úr. Heimilt er að skjóta slíkum ágreiningi til dómstóla.

## 7. gr.

Nú hefur gjaldandi margþættan atvinnurekstur eða starfsemi þannig, að rekstrar-útgjöld hans falla undir fleiri en einn gjaldflokk skv. 10. gr., eða ef einhverjir þættir starfseminnar eru undanþegnir aðstöðugjaldi, sbr. 5. gr., og skal hann þá senda með skattframtali sínu fullnægjandi greinargerð um, hvað af útgjöldum hans tilheyri hverjum einstökum gjaldflokki, er sveitarstjórn hefur ákveðið og hvað sé vegna gjaldfrjálsrar starfsemi.

Ef slík greinargerð fylgir ekki framtali eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla skiptinguna, ef unnt er, annars ákveða gjaldið í þeim gjaldflokki, sem hæstur er.

Nú eru einhver útgjöld sameiginleg fyrir fleiri gjaldflokka, svo sem yfirstjórn fyrirtækis, skrifstofuhald o. s. frv., og skal þá skipta slíkum kostnaði í hlutfalli við sérkostnað hvers þáttar starfseminnar.

## 8. gr.

Nú rekur gjaldandi atvinnu eða starfsemi frá heimilisfastrí atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi og skal hann þá láta fylgja framtali sínu fullnægjandi greinargerð um, hvað af útgjöldum hans tilheyri gjaldskyldum rekstri hans eða starfsemi í því sveitarfélagi skv. reglum 7. gr. eftir því, sem við á.

Gjaldandi telst hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi, ef hann hefur þar afnot af fasteign vegna starfsemi sinnar þar.

Sé hið annað sveitarfélag í öðru skattumdæmi en því, sem gjaldandi er heimilisfastur, skal skattstjóri senda upplýsingar um málið til hlutaðeigandi skattstjóra.

## 9. gr.

Reki erlendis búsettur aðili atvinnu hér á landi, skal hann greiða aðstöðugjald hennar vegna til þess sveitarfélags þar, sem atvinnan er rekin og gilda þar um ákvæði 8. gr. eftir því, sem við á.

## IV. KAFLI

## Um fjárhæð aðstöðugjalds.

## 10. gr.

Aðstöðugjald má eigi vera herra en hér segir:

- a. Allt að  $\frac{1}{2}\%$  af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. — — 1% — — verzlunarskipa.
- c. — —  $1\frac{1}{2}\%$  — hvers konar iðnrekstri.
- d. — — 2% — öðrum atvinnurekstri.

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu veltuútsvar á rekstur fiskiskipa eða fiskvinnslu, eða lögðu lægri veltuútsvör á þessa gjaldflokka á árinu 1961, en lögð voru á þá í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald af þessum gjaldstofnum allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða fleiri gjaldflokka eftir tegundum atvinnurekstrar innan þeirra takmarka, sem greind eru hér að framan.

Ekki er heimilt að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

## 11. gr.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, skal fella niður.

Gjaldið skal ákveðið í heilum hundruðum króna, þannig, að 50 kr. eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

## V. KAFLI

## Um álagningu, innheimtu o. fl.

## 12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn tekið ákvörðun um að leggja á aðstöðugjald og tilkynnt hana skattstjóra, sbr. 2. gr., og skal skattstjóri eða umboðsmaður hans þá jafnframt auglýsa, á þann hátt, sem tíðkast á hverjum stað, hverjir gjaldflokkar skulu vera og hversu hátt gjaldið skuli vera í hverjum flokki.

## 13. gr.

Telji skattstjóri að ákvörðun sveitarstjórna um álagningu og gjaldflokka, sbr. 2. gr., gangi lengra en heimilað er í 10. gr., eða brjóti á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal hann leita úrskurðar félagsmálaráðuneytisins og fresta álagningu að því leyti, unz úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðuneytið skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

## 14. gr.

Skattstjóri leggur aðstöðugjald á skv. skattframtölum og sundurliðunum gjaldanda. Þeir aðilar, sem ekki eru tekju- og eignarskattsskyldir, skulu senda skattstjóra framtal til aðstöðugjalds, þ. e. fullnægjandi sundurliðun á útgjöldum sínum.

Þessir aðilar skulu skila framtöllum til aðstöðugjalds innan 15 daga frá birtingu auglýsingar samkv. 12. gr. og gilda um það sömu reglur um viðurlög og heimildir til áætlunar eins og um aðra gjaldendur aðstöðugjalds.

Séu skýrslur gjaldanda tortryggilegar eða ófullnægjandi eða ef ekki er talið fram eða sundurliðun ekki send, skal þá með fara eins og fyrir er mælt í VI. og VII. kafla laga um tekju- og eignarskatt eftir því, sem við á.

Komi í ljós eftir að álagningu aðstöðugjaldsins er lokið, að gjaldanda hefir verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á ellegar framtal eða sundurliðun hefir verið röng eða ófullnægjandi að verulegu leyti, skal skattstjóri eða ríkisskattanevnd bæta úr því með nýrri álagningu, en gera skal aðila aðvart og gefa honum kost á að gæta réttar síns, áður en álagning fer fram.

## 15. gr.

Þegar álagningu er lokið, skal skattstjóri semja skrá um aðstöðugjald í hverju einstöku sveitarfélagi, þar sem tilgreint er nafn og heimilisfang gjaldanda og fjárhæð aðstöðugjalds. Skrána sendir hann viðkomandi sveitarstjórn, sem sér um framlagningu hennar á þingstað sveitarfélagsins eða öðrum hentugum stað og skal hún vera almenningi til sýnis í 2 vikur.

Jafnframt skal sveitarstjórn auglýsa í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti, hvar og hvenær skráin liggja frammi.

## 16. gr.

Skriflegar kærur út af álagningu aðstöðugjalds skal senda skattstjóra áður en liðinn er sá tími, sem skráin skal liggja frammi sbr. 15. gr.

Skattstjóri úrskurðar síðan kærurnar svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 30 dögum eftir að kærufresti lýkur. Úrskurðir skattstjóra skulu vera rökstuddir, og skal hann senda kæranda og viðkomandi sveitarstjórn afrit af úrskurði sínum í ábyrgðarbréfi.

## 17. gr.

Vilji gjaldandi ekki hlíta úrskurði skattstjóra, er honum rétt að áfrýja úrskurðinum skriflega til ríkisskattanevndar og skal það gert innan 21 dags, frá því að

skattstjóri póstlagði sinn úrskurð. Ríkisskattanefnd kveður svo fljótt sem unnt er upp fullnaðarúrskurð um upphæð aðstöðugjalds. Skal það gert eigi síðar en 6 vikum eftir að henni barst málið, nema fresta verði úrskurðun vegna öflunar frekari gagna.

Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera rökstuddir og skal afrit af þeim sent hlutaðeigandi gjaldendum og sveitarstjórnnum þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

## 18. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa, til þess að kæra eða áfrýja ákvörðunum aðstöðugjalds, hafa og sveitarstjórnir þær, sem málið varðar.

## 19. gr.

Sveitarstjórn annast innheimtu aðstöðugjalds og gilda um hana sömu reglur og innheimtu útsvara eftir því, sem við á.

Gjalddagi aðstöðugjalds er 1. júlí. Heimilt er sveitarstjórn þó að breyta gjalddögum þess til samræmis við gjalddaga útsvara.

Sé álagningu ekki lokið það tímanlega, að innheimta geti hafizt á réttum gjalddaga, skal gjalddaginn vera viku eftir að gjaldskrá var lögð fram. Sama gildir um gjalddaga aðstöðugjalds skv. 4. mgr. 14. gr.

## 20. gr.

Skattanefndir (skattstjórar þar, sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962 og skal það miðað við gjaldskyld útgjöld á árinu 1961.

Tilkynning sú, sem um ræðir í 2. gr., skal send skattanefnd (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962.

Gjalddagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. sept., sbr. þó ákvæði 2. málsgr. 19. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um eftirlitsgjald af fóðurböndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurböndum, skuli gilda óbreytt árið 1962.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. júní 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

### um fuglaveiði í Drangey.

#### 1. gr.

Þegar vika er liðin af sumri, skal þeim, sem fengið hafa leyfi Drangeyjarnefndar og lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkrókskaupstað, heimilt að fara til Drangeyjar til undirbúnings veiðum við eyna og hafast þar við á „Fjörinni“, meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sér að stunda svartfuglaveiði með flekum í landhelgi eyjarinnar. Fuglaveiði með flekum má stunda frá 20. maí til 7. júlí, og hámarkstala fleka á sjó hverju sinni má ekki fara yfir 400.

Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sé notað sem haganlegast. Verði ágreiningur um tjaldstæði, ræður úrskurður umsjónarmanns. Með orðinu landhelgi í samþykkt þessari er átt við 2 km svæði út frá eyinni og Kerlingunni og umhverfis þær.

#### 2. gr.

Heimilt er mönnum, þegar þeir koma til veiðanna, að ryðja uppsátur fyrir báta sína sem næst tjaldstæði sínu eða þar, sem hentast þykir á Fjörinni, ef áður er ótekið af öðrum, og heldur hver sínu uppsátri þá vertíð. Séu 2 för í félagi, er formaður skyldur að setja annað farið upp fyrir hitt, ef annarra för fá eigi viðunanlegt uppsátur að öðrum kosti. Verði ágreiningur um uppsátur, ræður úrskurður umsjónarmanns.

#### 3. gr.

Allir skulu skyldir til að fara út að vitja um niðurstöður sínar á sama tíma, tvisvar á hverjum sólarhring, eftir því sem formenn og umsjónarmaður koma sér saman um. Bannað er að nota lifandi fugl að bandingja. Ávallt þá er veðurspá eða veðurútlit boðar hindrun umvitjana, skal leitast við að leysa af fleka eða snúa þeim við. Umsjónarmanni er skylt að sjá um, að þetta boð og bann sé haldið.

#### 4. gr.

Aldrei má skjóta fugl eða hleypa af skoti í Drangey og Kerlingunni né í landhelgi hennar.

Þó skal í samráði við umsjónarmann vera heimilt að skjóta gripfugl, er leggst til skemmda á veiði manna, enda brjóti það ekki í bága við fuglafriðunarlæg.

#### 5. gr.

Þeir, sem róa til fiskjar frá eyinni, skulu svo sem kostur er á forðast að stýggja fuglinn frá niðurstöðunum. Einnig er bannað að leggja fiskilóð innan um niðurstöðurnar, svo og að fiska þar á handfæri um umvitjunartíma.

#### 6. gr.

Hver maður, sem stundar fuglaveiðar á fleka við Drangey eina viku eða lengur, skal greiða í fjörutoll 25 krónur. Sama gjald greiðist fyrir hvern bát, en hafi skipshöfn aukafar — fuglfar —, greiðist fyrir það 15 krónur. Fjörutoll ber formanni hverjum að greiða fyrir sig og sína skipshöfn, þá er þeir hafa stundað veiði við eyna í eina viku.

#### 7. gr.

Sýslunefndin eða sýslunefndaroddviti byggir eyna til 3 ára í senn til eggjatöku, og gefur oddviti sýslunefndar leigutaka byggingarbréf, sem skýrt tekur fram, hvað



Það er, sem byggt er, til hve langs tíma og með hvaða skyldum. Skyldur er leiguliði að hreinsa bjargið yfir Fjörinni og annars staðar, þar sem tjöld eru sett undir því, gegn gjaldi, er nemur allt að  $\frac{1}{4}$  hluta af eftirgjaldi hans. Skal hreinsunin fara fram á þeim tíma, sem umsjónarmaður telur hentugastan. Leiguliða skal bannað að stunda eggjatöku lengur en til 14. júní. Leiguliða skal skylt að taka rituegg og fýlsegg úr björgum eyjarinnar, eftir því sem hann getur við komið.

Eftirgjald það, sem leiguliða ber að greiða auk framangreindrar þóknunar, greiðist oddvita sýslunefndar fyrir lok vertíðar ár hvert.

#### 8. gr.

Nefnd sú, er stjórnar málefnum Drangeyjar samkvæmt eignaskiptasamningi, útvegar á ári hverju umsjónarmann, sem hefur á hendi eftirlit með því, að þeir, sem stunda veiði við eyna, og leiguliði eggversins hlýði fyrirætlum samþykktar þessarar. Ber umsjónarmanni að gæta þess vandlega, að fugl sé ekki veiddur í eynni né í Kerlingunni með speldum, háfum, flekum eða á annan hátt. Ekki má heldur drepa lunda eða taka egg hans uppi á eynni. Enn fremur hefur umsjónarmaður á hendi innheimtu á gjaldi því, er ræðir um í 6. gr. Einnig skal hann heimta skýrslu um fuglaveiði af formanni hverjum eftir hverja viku, svo og af eggjatökumanni skýrslu um tölu eggja, þá er eggjasigi er lokið.

Umsjónarmaður semur því næst aðalskýrslu um fuglaveiði og eggjatöku, sem hann skilar oddvita sýslunefndar, ásamt fjörutollum, fyrir lok júlímánaðar ár hvert.

Fyrir starf sitt fær umsjónarmaður hæfilega þóknun, sem greiðist af tekjum eyjarinnar.

#### 9. gr.

Heimilt er sýslunefndinni, ef henni þykir ástæða til, að gera sérstakar ráðstafanir í því skyni, að útrýma úr eynni ritu og öðrum vargfugli, sem spillir svartfuglaveiði við eyna, þó svo að gildandi friðunarlög séu haldin.

#### 10. gr.

Friðlýst skal eynni á öllum manntalsþingum sýslunnar fyrir öllum óleyfilegum afnotum. Öll landspell á eynni eða skemmdir á festum þeim, sem henni fylgja og mönnum verður um kennt, varða sektum og skaðabótum.

#### 11. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum allt að 2000 krónum. Lágmarkssekt fyrir að skjóta í Drangeyjarbjörg og Kerlinguna skal vera 100 krónur.

Að öðru leyti skulu refsíákvæði 33. greinar gildandi laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, gilda, að því er tekur til samþykktar þessarar og eftir því sem við á, svo og um upptöku á ólöglegu veiðifangi og hagnaði af veiði og veiðitækjum.

#### 12. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 14. gr. laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. júní 1962.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Árni Gunnarsson.*

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veidifélag Brynjudalsár.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Brynjudalsár. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns á hverjum tíma, enda sé hann búsettur á félagssvæðinu.

#### 2. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði fyrir landi þeirra jarða, sem land eiga að Brynjudalsá og Þverá, en þær eru, Ingunnarstaðir, Hrisakot, Skorhagi og Þrándarstaðir.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd í samráði við fiskræktarfélag Brynjudalsár og leigja veiðisvæðið til stangveiða.

#### 4. gr.

Óheimilt skal hverjum manni að veiða á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar eða aðila, sem stjórnin hefur með samningi veitt ráðstöfunarrétt yfir veiðinni, sbr. næstu gr. Öll veiðileyfi skulu skrifleg vera og tilgreina veiðitíma, veiðisvæði og veiðitæki.

#### 5. gr.

Félagsstjórn hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum Brynjudalsá ásamt Þverá um tiltekið árabíl.

Í slíkum samningi skal tekið fram, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

#### 6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Þeir skulu kosnir til 5 ára. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Eftir 3 ár formaður, annar meðstjórnandi eftir 4 ár skv. hlutkesti.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið 5 ár í stjórn.

#### 7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og kveður stjórnina til fundar, þegar honum þurfa þykir, eða ef minnst tveir meðstjórnendur krefjast þess. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála.

#### 8. gr.

Aðalfund heldur félagið í marzmánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum félagsins eða arðskrá.

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til fimm ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á tveim lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því augnamiði og skal ekki líða skemmri tími milli funda en mánuður.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. júní 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Kópavogskaupstað.

### I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir, sem fyrst koma, fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur, til að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blistra, syngja hátt, né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá, sem búa í nágrenninu.

#### 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum, eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

#### 5. gr.

Bannað er, að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Bannað er, að tengja vagn eða sleða aftan í ökutæki, sbr. 57. gr. og 58. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig, að hætta eða umferðartruflun geti hlotizt af, nema á vegum, sem merktir eru sem leikgötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna, eða menn í erindum þeirra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar og tillitsemi gagnvart börnum.

## 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammybyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, er sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður vel-sæmi, eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því, að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmlegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

## 8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

## 9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 10. gr.

Almenningi er skylt, að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu á hann á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er hann kann að biða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

## Um útivist barna og unglinga o. fl.

## 11. gr.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis og tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang, né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er. Ákvæði þessi eru þó ekki því til fyrirstöðu, að unglingar megi hafa afnot af strætisvagnaskýlum.

Dvöl fólks í biðskýlum, umfram nauðsynlega bið eftir strætisvögnum, er bönnuð.

Sala tóbaks til barna og unglinga innan 14 ára aldurs er bönnuð. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Þegar sérstaklega stendur á, getur bæjarstjórnin sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt. Lögreglustjóri getur í sérstökum tilfellum veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

### III. KAFLI

#### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

##### 12. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi bæjarstjóra eða slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er eigi séu lægri en 200 kr.

##### 13. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, með þeim undanþágum, sem taldar eru í þessari grein.

Íslenzkar afurðir, aðrar en kjöt, fisk, mjólk og mjólkurafurðir, getur bæjarráð, að fengnu álitni heilbrigðisnefndar, heimilað að selja á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrir mæli um verzlunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða, og er því heimilt, að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, er það telur nauðsynleg vegna hreinlætis og annars.

Um sölu á kjöti og fiski, mjólk og mjólkurafurðum, eru sérstakar reglur í heilbrigðissamþykkt.

Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra.

Bannað er solumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála. (Sbr. 3. grein).

##### 14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það geti valdið óþægindum eða hættu.

##### 15. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um það búið, að engin hætta stafi af þeim.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins, eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að opið viti upp.

## 16. gr.

Ökutæki má ekki stöðva né leggja á þeim stað eða þannig, að hættu geti valdið fyrir aðra eða ónaðsynlegum óþægindum fyrir umferðina. Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrauta og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við vinstri brún akbrautar. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber biluð ökutæki tafarlaust af akbrautum.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því:

- a) Í eða við beygju, þar sem útsýn er takmörkuð eða vegur brattur, í eða við hæðarbrún og þar sem útsýn er takmörkuð af öðrum ástæðum.
- b) Við vegamót, ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg, eða nær vegamótum en 10 metra, miðað við næstu brún þvervegar.
- c) Við umferðarmerki þannig, að það sjáist illa.
- d) Á merktri gangbraut.
- e) Á merktri akrein, eða svo nálægt henni, að torveldi akstur inn á hana eða aðra akrein.
- f) Á 20 metra svæði við merкта biðstöð almenningsvagna.
- g) Á hringtorgum.
- h) Á merktum svæðum fyrir leigubifreiðar.

Einnig er bannað að leggja ökutæki:

- a) Á brúm.
- b) Við akbrautir að húsum eða lóðum, eða svo nálægt þeim, að akstur um þær verði verulegum örðugleikum bundinn.
- c) Fyrir framan vatnshana slökkviliðs.
- d) Hjá merktum bifreiðastæðum.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi menn flutt það úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að eigi valdi hættu né óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og, er fólk fer í eða úr ökutæki og við fermingu og affermingu. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

## 17. gr.

Eigi má án leyfis lögreglunnar skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt, að setja slíka hluti eða tæki út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni, sem unnt er. Ef talið verður, að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum, skal vörður gæta þeirra, eða staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Þetta gildir einnig um vegagerðarefni. Muni, sem eru á vegi og 1. mgr. fjallar um, skal á ljósátíma merkja greinilega með ljóskerum með ólituðu gleri, eða á annan hátt, er sýni, hve langt hluturinn nær inn á veginn.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxta-hýði, oliu eða því um líkt.

## 18. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar, reiðhjól eða því um líkt.

Fatnað, ábreiður eða annað þess konar, má ekki dusta eða berja á svölum, eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

## 19. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði af á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess, að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar, svo sem ljósauglýsingar og ljósskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götu, sé minnst 2.20 m.

## 20. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfn innan hafnargarða, né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað byggingarfni, né neins konar rusl eða úrgang.

Gluggaþvott má ekki framkvæma síðar en kl. 10 árdegis og ekki nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu eða getur valdið truflun á umferð á annan hátt. Í götubrunna og göturæsi má ekki hella gölfskólpi né öðrum óhreinindum, sem saurga götuna.

## 21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarskrifstofu og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár eftir að umbót er lokið og tekin gild af bæjarskrifstofu. Fyrir leyfið greiðast 50 kr. í bæjarsjóð. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti, meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götunar í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir, ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

## 22. gr.

Pegar nýtt hús er byggt, eða eldra rífið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda, eða þeim sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu og óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn



færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt, að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

## 23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað, að vörður standi við stiga, meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

## 24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hrúni eða falli.

## 25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 26. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járn, eða öðru tryggilegu efni, beggja megin við þau, eigi lægri en 60 cm, og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemmi eða hlera, frá því dimma tekur á kvöldi, unz hjart er að morgni.

## 27. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búíð, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt, og húseiganda skylt að halda hvoru tveggja vel við.

## 28. gr.

Þegar ís leggur á vogunum, má enginn fara út á ísinn, fyrr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

## IV. KAFLI

## Almennar umferðarreglur.

## 29. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu við vegamót og þar sem viðvörðunarkerki eru sett.

Þeim er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt, að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða hjörgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar, eða nema staðar.

### 30. gr.

Stéttir meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum og mega menn ekki halda kyrru fyrir eða staðnæmast þar til langframa svo truflun valdi.

Gangandi menn mega ekki safnast saman á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, þannig, að þeir trufla á nokkurn hátt umferð annarra.

Ekki mega gangandi menn flytja neitt það með sér á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, sem er til hindrunar eða truflunar öðrum vegfarendum eða getur valdið þeim tjóni.

Gangandi menn skulu nota gangstéttir og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á vinstri hluta stéttar eða stígs og víkja til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim fram hjá sér á hægri hönd, er fram úr ganga.

Ef ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á hægri vegarbrún og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt er gangbraut yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

Við gangbrautir yfir veg skulu bifreiðastjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varúðar. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð framundan ökutækinu eða á leið í veg fyrir það. Enn fremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilegs færís að komast yfir götu eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbraut, nema nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

Heimilt er blindum mönnum að auðkenna sig með gulum borða með þremur svörtum deplum, bera þeir hann um hægri handlegg fyrir ofan olnboga. Blindur maður réttir fram hægri handlegg, er hann æskir hjálpar vegfaranda og er þeim þá skylt að veita honum hjálp.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.

### 31. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri eða bæjarstjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um einstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum, hvaða umferð er bönnuð.

## 32. gr.

Allir, sem fara í ökutækjum um götur bæjarins, skulu halda farartækjunum á vinstra helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstétt sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meir en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

## 33. gr.

Á miðri götunni má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 10 metra miðað við næstu brún þvervegar.

## 34. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutæki beri það auðveldlega; því skal vel fyrir komið og fest svo, að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörðu né ná langt út af ökutækinu. Með málmvarning skal svo fara, að ekki hljótist hávaði af.

Ökutæki, sem flutt er á mól, sandur, mold o. þ. h., skulu svo gerð, að ekki hrynjí úr þar, sem farið er um.

## V. KAFLI

## Um bifreiðar.

## 35. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bærarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bærarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bærarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða ef aðstæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvara-laust. Lögreglustjóri eða bærarstjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömu leiðis getur lögreglustjóri eða bærarstjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

## 36. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma (ísl. meðaltími) sem segir í eftirfarandi töflu:

7. jan. ....	frá kl. 15.20 til kl. 9.50	28. febr. ....	frá kl. 18.05 til kl. 7.15
14. jan. ....	— — 15.40 — — 9.35	7. marz ....	— — 18.30 — — 6.50
21. jan. ....	— — 16.00 — — 9.15	14. marz ....	— — 18.50 — — 6.25
28. jan. ....	— — 16.25 — — 8.55	21. marz ....	— — 19.10 — — 6.00
7. febr. ....	— — 17.00 — — 8.25	28. marz ....	— — 19.30 — — 5.35
14. febr. ....	— — 17.20 — — 8.05	7. apríl ....	— — 20.00 — — 5.00
21. febr. ....	— — 17.45 — — 7.40	16. apríl ....	— — 20.40 — — 4.20

21. apríl . . . .	frá kl. 20.55 til kl. 4.00	28. sept. . . . .	frá kl. 18.35 til kl. 6.00
28. apríl . . . .	— — 21.15 — — 3.40	7. okt. . . . .	— — 18.05 — — 6.25
7. maí . . . . .	— — 21.45 — — 3.05	14. okt. . . . .	— — 17.40 — — 6.50
14. maí . . . . .	— — 22.25 — — 2.45	21. okt. . . . .	— — 17.15 — — 7.10
1. ágúst . . . .	— — 22.10 — — 2.55	28. okt. . . . .	— — 16.50 — — 7.30
7. ágúst . . . .	— — 21.50 — — 3.15	7. nóv. . . . .	— — 16.20 — — 8.05
14. ágúst . . . .	— — 21.25 — — 3.40	14. nóv. . . . .	— — 15.55 — — 8.25
21. ágúst . . . .	— — 21.00 — — 4.00	21. nóv. . . . .	— — 15.35 — — 8.50
28. ágúst . . . .	— — 20.35 — — 4.20	28. nóv. . . . .	— — 15.20 — — 9.10
1. sept. . . . .	— — 20.10 — — 4.40	7. des. . . . .	— — 15.00 — — 9.35
7. sept. . . . .	— — 19.50 — — 5.00	14. des. . . . .	— — 14.55 — — 9.50
14. sept. . . . .	— — 19.25 — — 5.20	21. des. . . . .	— — 14.50 — — 10.00
21. sept. . . . .	— — 19.00 — — 5.20	28. des. . . . .	— — 15.00 — — 10.00

## 37. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

## 38. gr.

Um ökuhraða gilda ákvæði 49. og 50. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

## VI. KAFLI

## Um reiðhjól.

## 39. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess sem hér segir:

- Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum farartækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.
- Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðinn 17 ára flytja barn, yngra en 7 ára, á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búð, að því stafi ekki hætta af hjólteinunum.
- Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólínu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.
- Bannað er að aka reiðhjóli á gangstígum og gagnstéttum eða yfir þær. Ekki má leiða reiðhjól á gangstígum eða gangstéttum, þar sem það er til óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Byrjendur mega ekki æfa sig á reiðhjóli á götum bæjarins.
- Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af fyrir umferð.
- Ökuhraði á reiðhjóli má ekki vera meiri en 25 km á klst. og þar sem ökumaður sér skammt frá sér í kröppum beygjum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi reiðhjólíð þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skylt er ökumanni að nema staðar, ef akstur hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

- g) Enginn má aka reiðhjóli, ef hann sakir áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum, er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.
- h) Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu, skuli skrásetja hjá lögreglustjóra, og merkja samkvæmt reglum, er bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Skal í þessum reglum ákveðið allt fyrirkomulag skrásetningarinnar og merkjanna og hvaða gjald eigandi (umráðamaður) reiðhjóls skuli greiða fyrir skrásetningu þess og einkenni.

Ákvörðun bæjarstjórnar og reglur þessar skal lögreglustjóri birta í Lögbirtingablaði.

- i) Ákvæði í liðum a—h gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél. Þá má aldrei flytja á því farþega.
- j) Á hverju reiðhjóli skal vera 1) Hæfilega traustur hemill. 2) Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma. 3) Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu. 4) Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerki á reiðhjóli. 5) Lás.

Ákvæði þessa liðs gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót:

Að á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós tengd við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun, með hans vitund og vilja. Enn fremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum í samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem eru yngri en 14 ára.

## VII. KAFLI

### Um rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins, hundahald o. fl.

#### 40. gr.

Loðdýr (dýr sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa án samþykkis heilbrigðisnefndar, og að uppfylltum skilrðum, sem hún setur um húsakynni og aðra aðstöðu.

#### 41. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins, nema maður fylgi til að gæta þeirra eða þær séu í öruggri vörzlu. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eiganda sektum samkv. 67. gr. Enn fremur greiði hann allan kostnað við handsömun og varðveizlu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki.

Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

#### 42. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema útflutningshross til skipa og innanbæjarhesta, sem fluttir eru úr haga og í. Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sér eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fódra.

Um ábyrgð og kostnað fer eins og segir í 41. grein.

#### 43. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að vikja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara. Ef vænta má umferðar ökutækja um

veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta samhliða né riðandi maður teyma fleiri en tvö hross. Má þá enginn annar riða honum samhliða.

Taglhnýting hesta og stórgripa er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórnna hverjum vagni.

Utan þéttbýlis má einn maður stjórnna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir vagni eða sleða.

#### 44. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávallt leiddir í bandi nægilega traustu, og skal næg gæzla höfð á. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

#### 45. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem farið er með um bæinn til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma og hættu fyrir vegfarendur.

#### 46. gr.

Um rekstur búfjár gilda að öðru leyti ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958.

#### 47. gr.

Um hunda gilda ákvæði 123. greinar heilbrigðissamþykktar.

### VIII. KAFLI

#### Um friðun almenningseigna o. fl.

#### 48. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr og trégirðingum, sem liggur við almannafæri.

#### 49. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

#### 50. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, leikvelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða á svæðinu.

### IX. KAFLI

#### Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

#### 51. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornum, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað, og endurnýja, ef á því þarf að halda.

## 52. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsnigar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

## 53. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

## X. KAFLI

## Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

## 54. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnaði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 55. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu afferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 54. gr. er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

## 56. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka kl. 23 $\frac{1}{2}$  til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en  $\frac{1}{2}$  stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka

þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hliðum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23 $\frac{1}{2}$ , og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 54. og 55. greinar taka og til knattþórðsstofa eftir því sem við á.

#### 57. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða bæjarsjóði fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust, eða í góðgerðarskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

#### 58. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í hænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

#### 59. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys (sbr. 6. gr.).

#### 60. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

#### 61. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá er leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 57.—59. grein, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

## XI. KAFLI

### Um almennt hreinlæti og þrifnað.

#### 62. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannaþæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng, né annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannaþæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.



63. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, er megnan óþef leggur af.

64. gr.

Um hreinlæti og þrifnað gilda að öðru leyti ákvæði heilbrigðissamþykktar.

## XII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

65. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Kópavogs.

66. gr.

Með mál, sem risa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

67. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000, ef ekki liggur við þyngri refsing. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

68. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

69. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 1919, lög nr. 88 1938 og lög nr. 111 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

**REGLUGERÐ****um styrktarsjóð fatlaðra.**

## 1. gr.

Styrktarsjóður fatlaðra skal vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans og daglega afgreiðslu mála, er sjóðinn varða.

## 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka, en fé hans skal ætíð handbært til framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari.

## 3. gr.

Fé sjóðsins skal varið sem lánnum eða styrkjum til þess að reisa stofnanir fyrir fatlað fólk.

Félagsmálaráðuneytið ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum Landssambands fatlaðra og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

## 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðunni og birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlað fólk, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

13. júní.

Nr. 87.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Grímsneshreppi, Árnassýslu.**

## 1. gr.

Fasteignaskatt í Grímsneshreppi skal leggja á og innheimta með 100% álagi. Skatturinn skal miðaður við fasteignamatsverð og verður sem hér segir:

- a. 4% af virðingarverði byggingalóða.
- b. 2% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. 1% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

## 2. gr.

Gjalddagi fasteignaskattsins er 15. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist

til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar fyrri reglugerðir um fasteignaskatt í Grímsneshreppi, settar af sýslunefnd Árnessýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Rangárvallasýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Rangárvallasýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en viku áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtunin var haldin í, hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa skemmtistaðinn, skulu þeir líta eftir, hvort nokkur maður eða menn, sem líkur eru til að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja mennina burt, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skrif-

lega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalög málum, er kunna að hafa orðið.

## 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, ef þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

## 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

## 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða sýslunnar á fund. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

## 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

## 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr. á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslur eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skulu bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði (eftir atvikum úr hreppssjóði), að því er laun aðal löggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur,

að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennibúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. júní 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 89.

27. júní.

## REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða á Akranesi og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

### 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akranesi skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Akraness, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 200 íbúa, sem lögheimili eiga á Akranesi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

### 2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akranesi, nema hann hafi öðlzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Akranesi. Leyfin skulu tölu-sett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Þórði Þ. Þórðarsyni. Skal hann fá fjögur atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem ákveðin eru með reglugerð þessari. Er honum óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á hans nafn, fyrir aðrar bifreiðar en þær, sem eru hans eign.

Sem atvinnurekandi skal Þórður Þ. Þórðarson ekki skyldur að gerast félagi í Bifreiðastjórafélaginu Ekli, og skal honum heimilt að ráða bifreiðarstjóra á leigubifreiðar sínar, þótt þeir hafi eigi atvinnuleyfi önnur en þau, er Þórður Þ. Þórðarson hefur fyrir bifreiðum þessum.

### 3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Akranesi, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

### 4. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórafélagsins Ekils. Umsókninni skal

fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Akranesi um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðafélagsins Ekils, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Ekils skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiðar til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðastjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldurflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

#### 5. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sækji um upptök í Bifreiðastjórafélagið Ekil.

Þó skal úthlutunarmönnum heimilt að ákveða, að allt að því 25% atvinnuleyfa einstakra bifreiðastjóra skuli ekki bundin því skilyrði að leyfishafi hafi akstur leigubifreiðar að aðalstarfi.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 10. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

#### 6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Akranesi, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Akraness.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlu stöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Ekli flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

#### 7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Ekils, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafa, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, svo og ef hann telur nauðsynlegt að fá að hverfa til annars tiltekins starfs um tíma, getur með samþykki úthlutunarmanna haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur

því þó, sbr. 2. mgr., og er bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

#### 8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlum félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

#### 9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils atvinnuleyfi, sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

#### 10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirtöldum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 11. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalyðssamtakanna, sem Bifreiðastjóraráfélagið Ekill á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

#### 11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkv. 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjóraráfélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjóraráfélaginu Ekli er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðar- mönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjóraráfélagið Ekill skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

#### 12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

## 13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðgar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

## 14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

## 15. gr.

Þegar eftir birtingu reglugerðar þessarar, skulu úthlutunarmenn innkalla öll þau atvinnuleyfi, sem gefin hafa verið út samkvæmt reglugerð nr. 78 25. júní 1958, og framkvæma síðan úthlutun á grundvelli hinna nýju reglna. Við úthlutun atvinnuleyfa, sem þannig verða gefin út, skulu þeir hafa forgangsrétt, sem fengu þau samkvæmt eldri reglum, enda hafi þeir lagt inn umsóknir til úthlutunarmanna, innan eins mánaðar frá birtingu auglýsingar þar að lútandi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78 25. júní 1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um sýluvegaskjöld fyrir Suður-Múlasýslu nr. 94 31. maí 1951, sbr. samþykkt nr. 51 31. maí 1958, um breytingu á þeirri samþykkt.

## 1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist í II. flokki við 4. tölulið, Stöðvarhreppur: Borgargarðsvegur, af aðalvegi í Kirkjubólsporpi að Borgargarði. Hólsvegur, af aðalvegi í Kirkjubólsporpi að Hóli.

Á eftir 10. tl. bætist nýr töluliður:

## 11. Egilsstaðahreppur:

Miðhúsavegur, af Eiðavegi að Miðhúsum.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*



**REIKNINGUR****Styrktarsjóðs vangefinna.****Rekstrarreikningur 1. jan. til 31. des. 1961.****Tekjur :**

Flöskugjald .....	kr. 2190749.10	
Framlög sveitarfélaga .....	— 99765.00	
Vaxtatekjur .....	— 29057.13	
		<u>kr. 2319571.23</u>

**Kr. 2319571.23****Gjöld :**

<b>Óafturkræfir styrkir:</b>		
Til Kópavogshælis .....	kr. 1500000.00	
— Skálatúnsbyggingarinnar .....	— 150000.00	
— Sólheimahælis .....	— 380000.00	
— dagheimilis vangefinna .....	— 250000.00	
		<u>kr. 2280000.00</u>
Kostnaður .....	— 6000.00	
Tekjur umfram gjöld .....	— 33571.23	

**Kr. 2319571.23****Efnahagsreikningur 31. desember 1961****Eignir :**

Innstæða í sparisjóðsdeild Útvegsbanka Íslands .....	kr. 1068313.46
	<u>Kr. 1068313.46</u>

**Skuldir :**

Höfuðstóll 1. jan. 1961 .....	kr. 1034742.23
Tekjur umfram gjöld árið 1961 .....	— 33571.23
	<u>kr. 1068313.46</u>

**Kr. 1068313.46**

Reykjavík, 3. apríl 1962.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**Ingólfur Guðmundsson.

# REIKNINGAR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

## Efnahagsreikningur Lífeyristrygginga 31. des. 1961.

### Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður .....	kr.	14885064.32
II. Innstæður í Söfnunarsjóði .....	—	1512713.47
III. Ýmsir skuldunautar:		
1. Ríkissjóður .....	kr.	9871617.49
2. Sjúkrasamlög .....	—	1949566.74
3. Aðrir .....	—	60789.05
		<hr/>
IV. Ógreiddir vextir .....	—	11881975.28
V. Ýmislegt greitt eftir áramót .....	—	2614246.20
VI. Verðbréf .....	—	170533.24
VII. Fasteign .....	—	57661335.37
VIII. Áhöld og húsbúnaður .....	—	4663775.00
IX. Innrétting Laugav. 114 .....	—	600000.00
X. Umboðs- og innheimtumenn:		
1. Sjóður og bankainnst. við reikningsl. ....	kr.	69557425.18
2. Óinnheimt iðgjöld .....	—	24685751.29
3. Óinnheimtur barnalífeyrir .....	—	12073376.38
4. Skuldir bæjar- og sveitarfélaga .....	—	12178752.02
5. Ýmislegt .....	—	28384.43
		<hr/>
		118525689.30
	<b>Kr.</b>	<b>212646145.71</b>

### Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:		
1. Sjúkrasamlög .....	kr.	8012778.41
2. Ríkissjóður vegna sjúkratrygginga ...	—	4405938.23
3. Útflutningssjóður .....	—	19562.40
4. Aðrir .....	—	722128.69
		<hr/>
II. Afskrift fasteignar .....	kr.	13160407.73
III. Afskriftasjóður .....	—	34825.00
IV. Stofnkostnaðarsjóður .....	—	15605349.03
V. Vörzlufé:		
1. Ellistyrktarsjóður .....	kr.	3950538.58
2. Vegna Sjúkrasamlags Reykjavíkur ...	—	764143.69
3. — örorkubóta .....	—	4444209.49
4. — sjúkrabóta .....	—	13587216.34
5. — heilsugæzlu .....	—	1080000.00
6. — sjúkrafl. og læknisvitj. ....	—	1818240.32
		<hr/>
VI. Umboðs- og innheimtumenn:		
1. Ógreiddar bætur .....	kr.	25644348.42
2. Inneignir sveitarfélaga .....	—	1689735.22
3. Ógreiddur kostnaður og umboðslaun .	—	1912006.36
4. Ýmislegt .....	—	667278.30
		<hr/>
		1005774.77
		<hr/>
		5274794.65

VII. Til næsta árs:			
1. Ríkissjóður: Inneign f. f. ári .....	kr.	5016484.76	
Tekjuafgangur 1960 .....	---	965823.31	
			kr. 5982308.07
2. Iðgjöld atv.rek.: Inneign f. f. ári .....	kr.	2091078.59	
Tekjuhalli 1960 .....	---	6460.26	
			--- 2084618.33
3. Framl. sveitarsj.: Inneign f. f. ári ..	kr.	2861006.39	
Tekjuhalli 1960 .....	---	949236.96	
			--- 1911769.43
4. Iðgj. hinna tryggðu: Inneign f. f. ári	kr.	3867588.73	
Tekjuafgangur 1960 .....	---	967158.84	
			--- 4834747.57
VIII. Varasjóður:			
1. Frá fyrra ári .....	kr.	117351329.85	
2. Vextir á árinu .....	---	5817808.82	
3. Tillag á árinu .....	---	6351815.19	
			--- 129520953.86
			Kr. 212646145.71

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

## Rekstrarreikningur Lífeyristrygginga árið 1960.

## Gjöld:

I. Greiddar bætur:			
1. Ellilífeyrir .....	kr.	118719525.20	
2. Órorkulífeyrir .....	---	36033156.00	
3. Órorkustyrkur .....	---	2084539.00	
4. Makabætur .....	---	640068.00	
5. Fjölskyldubætur .....	---	115335702.76	
6. Barnalífeyrir .....	---	39753607.00	
7. Mæðralaun .....	---	9662388.00	
8. Fæðingarstyrkur .....	---	10256107.00	
9. Ekkjubætur og lífeyrir .....	---	2900496.00	
10. Sjúkrasamlagsiðgj. lífeyrisþ. ....	---	4830511.27	
			kr. 340216100.23
II. Til opinberra rannsóknarst. ....			--- 473543.12
III. — læknisvitjana og sjúkraflutninga .....			--- 542426.47
IV. Sjúkrakostnaður vegna milliríkjasamninga .....			--- 25051.05
V. Greitt til sjúkrasamlaga vegna útflutningssjóðs .....			--- 409107.40
VI. Tillag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga .....			--- 45072859.46
VII. Kostnaður .....			--- 7082061.12
VIII. Vextir til sérstakra sjóða:			
1. Til ellistyrktarsjóða .....	kr.	270826.93	
2. — vörzlufjár Sjúkrasaml. Reykjavíkur .....	---	55543.89	
3. — stofnkostnaðarsjóðs .....	---	636446.19	

4. Til vörzlufjár v. heilsugæzlu .....	kr.	80000.00	
5. — varasjóðs lífeyristrygginga .....	—	5817808.82	
			kr. 6860625.83
IX. Tillag til varasjóðs .....			— 6351815.19
X. Tekjuafgangur á árinu:			
1. Framlag ríkissjóðs .....	kr.	191400000.00	
Útgjaldahluti .....	—	190434176.69	
			— 965823.31
2. Iðgjöld hinna tryggðu .....	kr.	67721357.89	
Útgjaldahluti .....	—	66754199.05	
			— 967158.84
			Kr. 408966572.02
<b>Tekjur:</b>			
I. Framlag ríkissjóðs skv. 24. gr. ....	kr.	191400000.00	
II. Iðgjöld hinna tryggðu skv. 27. gr. ....	kr.	70560387.15	
Til afskriftasjóðs .....	—	3528019.36	
	Alls	kr. 67032367.79	
Úr afskriftasjóði 1956 .....	—	688990.10	
			— 67721357.89
III. Framlag bæjar- og sveitarfélaga .....			— 36600000.00
IV. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 29. gr. ....	kr.	30000434.27	
Til afskriftasjóðs .....	—	1500021.71	
	Alls	kr. 28500412.56	
Úr afskriftasjóði 1956 .....	—	698089.26	
			— 29198501.82
V. Framl. sveitarsjóða til lífeyrisuppb. ....			— 3786458.40
VI. Endurkræfur lífeyrir:			
1. Skv. bótaskrá .....	kr.	24052809.00	
2. Frá slysatryggingu .....	—	2759155.00	
			— 26811964.00
VII. Vextir .....			— 6860625.83
VIII. Ríkissjóðsstyrkur sbr. gj.lið III .....			— 150000.00
IX. Niðurgreiðsla útfl.sjóðs til sjúkrasamlaga .....			— 409107.40
X. Framl. ríkissj. til sjúkrasamlaga .....			— 45072859.46
XI. Tekjuhalli á árinu:			
1. Framlag sveitarsjóða .....	kr.	36600000.00	
Útgjaldahluti .....	—	37549236.96	
			— 949236.96
2. Iðgjöld atvinnurekenda .....	—	29198501.82	
Útgjaldahluti .....	—	29204962.08	
			— 6460.26
			Kr. 408966572.02

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

B 27

## Efnahagsreikningur Slysatrygginga 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður .....		kr. 40945643.66
II. Ýmsir skuldunautar:		
1. Óinnh. iðgj. skyldutrygginga .....	kr. 3309246.40	
2. — — frjálsra slysatrygginga .....	— 321119.76	
3. Endurtryggjendur .....	— 226705.17	
		— 3857071.33
III. Ógreiddir vextir .....		— 817769.64
IV. Verðbréf .....		— 15068967.04
V. Áhættufé í Ísl. endurtryggingu .....		— 60000.00
		<b>Kr. 60749451.67</b>

## Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:		
1. Ríkissjóður vegna iðgjaldaskatts .....	kr. 39386.86	
2. Aðrir .....	— 24277.82	
		kr. 63664.68
II. Ógreiddar bætur:		
1. Skyldutryggingar .....	kr. 6524192.64	
2. Frjálsar tryggingar .....	— 36000.00	
		— 6560192.64
III. Ógreitt áhættufé í Íslenskri endurtryggingu .....		— 60000.00
IV. Iðgjaldavarasjóður frjálsra slysatrygginga .....		— 34539.11
V. Afskriftasjóður .....		— 2683952.24
VI. Höfuðstólsandvirði slysalífeyris .....		— 19401785.52
VII. Varasjóður frjálsra trygginga:		
1. Frá fyrra ári .....	kr. 2030693.53	
2. Vextir 1960 .....	— 162455.48	
3. Tekjuafgangur frjálsrar slysatryggingar .....	— 278014.44	
		— 2471163.45
VIII. Varasjóður skyldutrygginga:		
1. Frá fyrra ári .....	kr. 28855516.84	
2. Vextir til varasjóðs skyldutrygginga .....	— 2385447.54	
		Kr. 31240964.38
3. Rekstrarhalli .....	— 1766810.35	
		— 29474154.03
		<b>Kr. 60749451.67</b>

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

## Rekstrarreikningur Slysaftrygginga árið 1960.

### Gjöld:

I. Bætur skyldutrygginga:		
1. Dánarbætur .....	kr. 6370879.92	
3. Órorkubætur .....	— 5107637.00	
3. Dagpeningar .....	— 3295228.52	
4. Kaup og aflahlutur lögskráðra sjómanna .....	— 534811.22	
5. Sjúkrakostnaður .....	— 1182389.98	
		kr. 16490946.64
II. Styrkur til slysavarnastarfsemi .....	—	10000.00
III. Bætur frjálsra slysaaftrygginga .....	—	65833.34
IV. Iðgjaldahluti endurtryggjenda .....	—	1145277.43
V. Kostnaður .....	—	1288311.73
VI. Vextir:		
1. Til höfuðstóls lifeyris .....	kr. 1187318.23	
2. — varasjóðs frjálsra slysaaftrygginga .....	— 162455.48	
3. — — skyldutrygginga .....	— 2385447.54	
		3735221.25
VII. Tekjuafgangur frjálsra slysaaftrygginga .....	—	278014.44
		Kr. 23013604.83

### Tekjur:

I. Iðgjöld skyldutrygginga, álögð samkv. 43. gr. Til afskriftasjóðs .....	kr. 16457240.07	
	— 822862.00	
		Kr. 15634378.07
Úr afskriftasjóði 1956 .....	— 388070.95	
		kr. 16022449.02
II. Iðgjöld frjálsra slysaaftrygginga .....	—	1232224.65
III. Þóknun og umboðslaun frjálsra slysaaftrygginga .....	—	196508.97
IV. Tjónahluti endurtryggjenda .....	—	60390.59
V. Vextir .....	—	3735221.25
VI. Rekstrarhalli skyldutrygginga .....	—	1766810.35
		Kr. 23013604.83

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson

## Efnahagsreikningur Erfðafjár sjóðs 31. desember 1960.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 6155039.72
II. Erfðafjárskattur 1960, hjá rikissjóði .....	— 2271145.03
III. Ógreiddir vextir .....	— 127185.36
IV. Verðbréf .....	— 2391207.83
	<hr/>
	Kr. 10944577.94

## Skuldir:

I. Höfuðstólsreikningur:	
1. Hrein eign f. f. ári .....	kr. 8254244.80
2. Viðbót á árinu .....	— 2690333.14
	<hr/>
	kr. 10944577.94
	<hr/>
	Kr. 10944577.94

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

## Rekstrarreikningur Erfðafjár sjóðs árið 1960.

## Gjöld:

I. Styrkur til S.Í.B.S. vegna Múlalundar .....	kr. 212500.00
II. Tekjur umfram gjöld .....	— 2690333.14
	<hr/>
	Kr. 2902833.14

## Tekjur:

I. Erfðafjárskattur 1960 frá rikisféhirði .....	kr. 2271145.03
II. Vextir .....	— 631688.11
	<hr/>
	Kr. 2902833.14

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

## Efnahagsreikningur Atvinnuleysistryggingasjóðs 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 141416011.79
II. Ríkissjóður, framlag greitt 1961 .....	— 2710599.46
III. Innheimtumenn:	
1. Óinnheimt iðgjöld skv. 5. gr. ....	kr. 5343833.32
2. — framlög sveitarfélaga .....	— 7766885.12
3. — framlög sveitarfélaga v. iðgj. sjómanna 1960 .....	— 1402566.64
4. Innheimt við reikningsskil .....	— 28922309.30
	<hr/>
	— 43435594.38
IV. Ógreiddir vextir .....	— 3186908.59
V. Verðbréf .....	— 54913000.01
	<hr/>
	Kr. 245662114.23

## Skuldir:

I. Ógreiddur kostnaður:	
1. Innheimtulaun umboðsmanna .....	kr. 35817.99
2. Ýmislegt greitt eftir áramót .....	— 90427.96
	<hr/>
	kr. 126245.95
II. Afskriftasjóður:	
1. Afskriftasjóður 1. jan. 1960 .....	kr. 2002905.61
2. Óinnheimtanleg iðgjöld 1960 .....	— 66239.97
3. Afskrift 1956 .....	— 319728.92
	<hr/>
	Mismunur kr. 1616936.72
4. Viðbót á árinu .....	— 674527.46
	<hr/>
	— 2291464.18
III. Höfuðstóll:	
1. Höfuðstóll 1. jan. 1960 .....	kr. 176547998.66
2. Viðbót á árinu .....	— 66696405.44
	<hr/>
	— 243244404.10
	<hr/>
	Kr. 245662114.23

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.



### Rekstrarreikningur Atvinnuleysistryggingasjóðs árið 1960.

#### Gjöld:

I. Bætur:			
1. Dagpeningar	.....	kr. 744889.03	
2. — vegna barna	.....	— 87078.52	
			kr. 831967.55
II. Kostnaður	.....	—	601822.64
III. Til afskriftasjóðs iðgjalda	.....	—	674527.46
IV. Rekstrarafgangur	.....	—	66696405.44
			<hr/>
			Kr. 68804723.09

#### Tekjur:

I. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 5. gr.		kr. 13531773.68	
Ranglega álagt f. f. árum	.....	— 41224.39	
			kr. 13490549.29
II. Framlag sveitarfélaga skv. 11. gr.:			
1. Vegna vinnu 1959	.....	kr. 11199264.27	
2. — sjómanna 1960	.....	— 2291285.02	
			— 13490549.29
III. Framlag ríkissjóðs skv. 12. gr.:			
1. Vegna vinnu 1959	.....	kr. 22398528.54	
2. — sjómanna 1960	.....	— 4582570.04	
			— 26981098.58
IV. Vextir	.....	—	14522797.01
V. Frá afskriftasjóði iðgjalda 1956	.....	—	319728.92
			<hr/>
			Kr. 68804723.09

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

### Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 31. des. 1960.

#### Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður	.....	kr. 5198561.52
II. Innstæða í Söfnunarsjóði	.....	— 118755.56
III. Innheimtumenn	.....	— 4544893.74
IV. Ógreiddir vextir	.....	— 7274879.48
V. Verðbréf	.....	— 188032239.01
VI. Inneign v. lífeyris skv. l. nr. 40 1945	.....	— 10168590.53
		<hr/>
		Kr. 215337919.84

#### Skuldir:

I. Ógreiddur lífeyrir og styrktarfé	.....	kr. 92149.59
II. Viðskiptamenn	.....	— 29798.00
III. Skuld v. iðgjalda skv. lögum nr. 40 1945	.....	— 1763236.56

## IV. Höfuðstólsreikningur:

1. Frá fyrra ári .....	kr. 183491402.67	
2. Aukning 1960 .....	— 29961333.02	
		kr. 213452735.69
		<b>Kr. 215337919.84</b>

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins árið 1960.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr. 10264837.95
II. Endurgreidd iðgjöld .....	— 961727.14
III. Endurfærð iðgjöld v. laga nr. 40 1945 .....	— 92722.37
IV. Kostnaður .....	— 500000.00
V. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega .....	— 1709.00
VI. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	— 29961333.02
	<b>Kr. 41782329.48</b>

## Tekjur:

I. Iðgjöld .....	kr. 23025145.01
II. Endurgreiddar lífeyrishækkanir .....	— 4969685.57
III. Endurfærður lífeyrir skv. lögum nr. 40 1945 .....	— 2083365.68
IV. Vextir .....	— 11704133.22
	<b>Kr. 41782329.48</b>

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs barnakennara 31. des. 1960.

Eignir:	
I. Sjóður .....	kr. 1128422.69
II. Ógreiddir vextir .....	— 1249893.60
III. Verðbréf .....	— 36797053.34
	<hr/>
	Kr. 39175369.63
Skuldir:	
I. Ógreiddur lífeyrir .....	kr. 44950.28
II. Viðskiptamenn .....	— 3486.00
III. Ríkissjóður .....	— 991709.07
IV. Höfuðstólsreikningur:	
1. Frá fyrra ári .....	kr. 33783383.60
2. Aukning 1960 .....	— 4351840.68
	<hr/>
	kr. 38135224.28
	<hr/>
	Kr. 39175369.63

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs barnakennara árið 1960.

Gjöld:	
I. Lífeyrir .....	kr. 3864559.05
II. Endurgreidd iðgjöld .....	— 151698.26
III. Kostnaður .....	— 100000.00
IV. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	— 4351840.68
	<hr/>
	Kr. 8468097.99
Tekjur:	
I. Iðgjöld .....	kr. 4273598.20
II. Hluti ríkissjóðs af lífeyrishækkunum .....	— 2089025.03
III. Vextir .....	— 2105474.76
	<hr/>
	Kr. 8468097.99

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrisjóðs ljósmæðra 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 563295.43
II. Ógreiddir vextir .....	— 2322.57
III. Verðbréf .....	— 36000.00
	<hr/>
	Kr. 601618.00

## Skuldir:

I. Ógreiddur lífeyrir .....	kr. 14599.00
II. Innheimtumenn .....	— 50867.38
III. Höfuðstólsreikningur:	
1. Frá fyrra ári .....	kr. 469396.90
2. Aukning 1960 .....	— 66754.72
	<hr/>
	— 536151.62
	<hr/>
	Kr. 601618.00

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs ljósmæðra árið 1960.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr. 270551.95
II. Kostnaður .....	— 6250.00
III. Endurgreidd iðgjöld .....	— 2051.13
IV. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	— 66754.72
	<hr/>
	Kr. 345607.80

## Tekjur:

I. Tillag ríkissjóðs 1960 .....	kr. 23500.00
II. Endurgreiddar lífeyrishækkningar .....	— 237714.09
III. Iðgjöld .....	— 40130.13
IV. Vextir .....	— 44263.58
	<hr/>
	Kr. 345607.80

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs togarasjóðs 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 11055936.69
II. Ríkissjóður, lífeyrishluti 1960 .....	— 66984.00
III. Óinnheimt iðgjöld .....	— 8188131.60
IV. Ógreiddir vextir .....	— 231750.00
V. Verðbréf .....	— 8163618.07

---

 Kr. 27706420.36

## Skuldir:

I. Ógreiddur kostnaður .....	kr. 8400.00
II. Viðskiptamenn .....	— 4070.00
III. Höfuðstóll 1. jan. 1960 .....	kr. 15890805.73
Viðbót á árinu .....	— 11803144.63

---

 — 27693950.36

---

 Kr. 27706420.36

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs togarasjóðs árið 1960.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr. 245851.00
II. Kostnaður .....	— 276867.15
III. Endurgreidd iðgjöld .....	— 986314.86
V. Rekstrarafgangur .....	— 11803144.63

---

 Kr. 13312177.64

## Tekjur:

I. Iðgjöld .....	kr. 12043670.00
II. Hluti ríkissjóðs af lífeyri .....	— 66984.00
III. Vextir .....	— 1201523.64

---

 Kr. 13312177.64

Reykjavík, 1. júlí 1961.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs alþingismanna 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Inneign hjá Alþingi .....	kr. 628570.70
II. — — ríkissjóði .....	— 149757.74

---

 Kr. 778328.44

## Skuldir:

I. Skuld við almannatryggingar .....	kr. 754678.20
II. Ógreiddur lífeyrir .....	— 23650.24

---

 Kr. 778328.44

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

 Þórhallur Hermannsson.

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs alþingismanna árið 1960.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr. 778328.44
-------------------	---------------

---

 Kr. 778328.44

## Tekjur:

I. Iðgjöld .....	kr. 374394.72
II. Halli 1960 .....	— 403933.72

---

 Kr. 778328.44

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

 Þórhallur Hermannsson.

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna 31. des. 1960.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 1520991.75
II. Innheimtumenn .....	— 1177960.68
III. Ógreiddir vextir .....	— 154694.70
IV. Verðbréf .....	— 4586755.50

---

 Kr. 7440402.63

## Skuldir:

I. Innheimtumenn .....	kr.	520.00
II. Höfuðstólsreikningur:		
1. Frá fyrra ári .....	kr.	6476049.34
2. Aukning 1960 .....	—	963833.29
		<hr/>
		— 7439882.63

Kr. 7440402.63

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna árið 1960.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr.	638718.00
II. Kostnaður .....	—	18750.00
III. Endurgreidd iðgjöld .....	—	61705.98
IV. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	—	963833.29

Kr. 1683007.27

## Tekjur:

I. Tilfallin iðgjöld .....	kr.	975429.81
II. Vextir .....	—	402393.02
III. Endurgreiddar lífeyrishækkanir .....	—	305184.44

Kr. 1683007.27

Reykjavík, 1. júlí 1961.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## REIKNINGUR

## Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1961.

## Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1961 .....	kr.	1834251.65
2. Minningargjafir afh. 1961 .....	kr.	1475.00
3. Samúðarskeyti Landssímans .....	—	312833.05
		<hr/>
		— 314308.05
4. Greiddir vextir 1961 .....	—	162098.85
5. Útdregin verðbréf 1961:		
a. Innanríkislán 1941 .....	kr.	10000.00

b. Veðdeildarbréf Landsbankans .....	kr. 15000.00	
c. Byggingarsamv.fél. starfsm. Stjórnarráðsins .	— 3000.00	
		<u>kr. 28000.00</u>
		<b>Kr. 2338658.55</b>

## Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1961 .....	kr. 79822.95	
2. Önnur gjöld, sbr. forskj. 1—16 .....	— 21570.30	
3. Til jafnaðar tekjulið 5 .....	— 28000.00	
4. Eign sjóðsins 1. janúar 1962:		
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands .....	kr. 950.00	
b. Veðdeildarbréf Landsbankans .....	— 54000.00	
c. Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951 .....	— 15000.00	
d. Byggingarsamv.fél. starfsm. Stjórnarráðsins .	— 25000.00	
e. Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar .....	— 10000.00	
f. Bankainnstæður .....	— 2018239.80	
g. Í Söfnunarsjóði, útborgunardeild .....	— 50000.00	
h. Hjá gjaldkera sjóðsins .....	— 36075.50	
		<u>— 2209265.30</u>
		<b>Kr. 2338658.55</b>

## Steinunnararfur.

## Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 28279.37	
Vextir í Söfnunarsjóði 1960 .....	kr. 401.92	
— — Landsbankanum, viðskiptabók .....	— 1892.97	
— — sparisjóðsbók .....	— 16.25	
		<u>— 2311.14</u>
		<b>Kr. 30590.51</b>

## Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:		
Hálf jörðin Hagi í Skorradal .....	kr. 1050.00	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460 .....	kr. 6317.39	
— Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461 .....	— 22926.11	
— — sparisjóðsbók nr. 31353 .....	— 297.01	
		<u>— 29540.51</u>
		<b>Kr. 30590.51</b>

## Míningargjöf um Hans Nathansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

## Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 8736.12	
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1960 .....	— 592.94	
		<u>Kr. 9329.06</u>

## Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1962:		
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456 .....	kr. 9329.06	
		<u>Kr. 9329.06</u>



**Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans:  
Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.**

## Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1961 .....	kr. 9972.91
Vextir í Búnaðarbankanum .....	— 896.37
	<hr/>
	Kr. 10869.28

## Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 60749 .....	kr. 10869.28
	<hr/>
	Kr. 10869.28

**Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.**

## Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 5385.32
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók .....	kr. 461.07
— — — sparisjóðsbók .....	— 18.27
	<hr/>
	— 479.34
	<hr/>
	Kr. 5864.66

## Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468 .....	kr. 5584.82
— — — sparisjóðsbók nr. 9009 .....	— 279.84
	<hr/>
	Kr. 5864.66

**Minningargjöf um Þórunni Jónasson.**

## Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 11039.03
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók .....	kr. 938.16
— — — sparisjóðsbók .....	— 28.00
— — Útvegsbankanum, bankabók .....	— 14.98
	<hr/>
	— 981.14
	<hr/>
	Kr. 12020.17

## Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469 .....	kr. 11362.33
— — — sparisjóðsbók nr. 9011 .....	— 428.15
— Útvegsbankanum, bankabók nr. 14350 .....	— 229.69
	<hr/>
	Kr. 12020.17

### Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

#### Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 6995.88
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók .....	— 629.55

---

Kr. 7625.43

#### Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5462 .....	kr. 7625.43

---

Kr. 7625.43

### Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

#### Tekjur:

Eignir sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 23679.03
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók .....	kr. 2118.02
— — — sparisjóðsbók .....	— 9.80

---

— 2127.82

---

Kr. 25806.85

#### Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5467 .....	kr. 25796.64
— — — sparisjóðsbók nr. 9012 .....	— 10.21

---

Kr. 25806.85

### Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

#### Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....	kr. 19775.38
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók .....	kr. 1745.91
— — — sparisjóðsbók .....	— 26.32

---

— 1772.23

---

Kr. 21547.61

#### Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466 .....	kr. 21145.05
— — — sparisjóðsbók nr. 9010 .....	— 402.56

---

Kr. 21547.61

**Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.**

**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....		kr. 112401.99
Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar 1951 .....	kr. 3600.00	
— í Landsbankanum, viðskiptabók .....	— 4972.16	
— — — sparisjóðsbók .....	— 15.89	
— — — sparisjóðsbók .....	— 14.49	
		<u>8602.54</u>
		Kr. 121004.53

**Gjöld:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:		
Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951 .....	kr. 60000.00	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5471 .....	— 60853.89	
— — sparisjóðsbók nr. 9471 .....	— 68.35	
— — sparisjóðsbók nr. 39189 .....	— 82.29	
		<u>82.29</u>
		Kr. 121004.53

**Sjóður Marsibilar Illugadóttur.**

**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1961 .....		kr. 26588.91
Vextir af innanríkisláni Sogsvirkjunar 1951 .....	kr. 300.00	
— í Landsbankanum, viðskiptabók .....	— 1942.58	
— — — sparisjóðsbók .....	— 19.46	
		<u>2262.04</u>
		Kr. 28850.95

**Gjöld:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962:		
Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951 .....	kr. 5000.00	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463 .....	— 23553.31	
— — sparisjóðsbók nr. 14589 .....	— 297.64	
		<u>297.64</u>
		Kr. 28850.95

Reykjavík, 4. janúar 1962.

**Ragnheiður Jónsdóttir.**

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 24. janúar 1962.

*Jakobína Jósefsdóttir. Sigríður Brynjólfsdóttir.*

10. maí.

223

Nr. 94.

## AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með bönnuð öll stöðvun og staða ökutækja á Reykjanesbraut innan lögsagnarumdæmis Kópavogs, önnur en stöðvun strætisvagna á vegarútskotum, sem til þess eru ætluð.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 10. maí 1962.*

**Sigurgeir Jónsson.**

14. ágúst.

Nr. 95.

## REGLUGERÐ

um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

Í Reykjavík hefur, í samræmi við lög nr. 68/1962, verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Sérstök stofnun, Gjaldheimtan, innheimtir gjöldin og starfar hún á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skatttreikningi, útsvör, aðstöðugjald og sjúkrasamlagsgjöld. Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og gjald ámsgjalda og ábyrgð á greiðslu, gilda eftirfarandi reglur.

### 1. gr.

Gjalddagar opinberra gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, skulu vera sem hér segir:

- a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að helmingi sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næst liðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri gjöld verði lögð á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á greiðslum samkvæmt þessum staflið. Skattstjóri ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum gjöldum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörzlum Gjaldheimtunnar.

B 29

- b. Álögð gjöld, að frádregnu því, sem greitt hefur verið samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum, þ. 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
- c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein, skulu inntar af hendi í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun Gjaldheimtunnar.
- d. Vangreiðsla á hluta gjalda samkvæmt þessari grein, veldur því, að öll gjöld gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

## 2. gr.

Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

## 3. gr.

- a. Hjón bera gagnkvæma ábyrgð á greiðslum opinberra gjalda, sem á þau eru lögð, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.
- b. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, greiða opinber gjöld þeirra og bera ábyrgð á greiðslu þeirra (faðir eða foreldrar fyrir börn, stjúpbörn og fósturbörn, skiptaráðendur fyrir dánar- og þrotabú o. s. frv.).
- c. Aðalumboðsmenn erlendra félaga eða stofnana, sem hér eiga að greiða opinber gjöld, bera ábyrgð á greiðslu þeirra fyrir þessa gjaldendur.
- d. Stjórnendur hlutafélaga, sem greiða erlendis heimilisföstum aðilum arð af hlutafé í félögum eða fyrirtækjum hér á landi, skulu við greiðslu halda eftir sem svarar opinberum gjöldum af arðinum og tilsvareandi hlutafjáreign eða stofnfé. Ef hlutadeigandi aðilar vanrækja þetta og greiða eigi gjöldin, bera þeir sjálfir ábyrgð á greiðslu þeirra.
- e. Við greiðslu út úr landinu á launum, biðlaunum eða styrk úr ríkissjóði eða frá opinberri stofnun innlendri, skal halda opinberum gjöldum eftir, þ. e. greiða fjárhæðirnar að frádregnum gjöldum.
- f. Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en opinber gjöld þess hafa að fullu verið greidd fyrir allan starfstíma félagsins.
- g. Um ábyrgð kaupgreiðslna á opinberum gjöldum starfsmanna fer skv. 4. og 5. gr.
- h. Sá, sem hefur í þjónustu sinni erlenda menn, sem hér dvelja um stundarsakir eða samkvæmt atvinnuleyfi um tiltekinn tíma, ber fulla ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda þessara manna, svo sem um hans eigin gjöld væri að ræða. Nú eru kaupgreiðendur aðila fleiri en einn á hinu sama ári og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þá fjárhæð, sem þeir hafa greitt honum í kaup.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er að framan getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi gjaldanda allt að 20% af laununum. Ef kaup aðila er hærra en sem svarar kr. 6000 á mánuði, skal kaupgreiðanda þó heimilt að halda eftir allt að 35% af kaupinu.

- i. Nú er far látið í té án þess að gætt sé fyrirmæla í 7. og 8. gr. og ábyrgist þá útgerð hlutadeigandi skips eða flugvélar ógreidd gjöld farþega sem eigin gjöld. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur eða meðsekur að því, að einhver komist úr landi án þess að greiða gjaldkræf opinber gjöld, ber einnig sams konar ábyrgð á hinum vangoldnu gjöldum.

## 4. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að gjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á opinberum gjöldum skv. gjaldheimtuseðli álögðum á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir eru samkvæmt 1. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar

- eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til greiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá Gjaldheimtunni til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir greiðslunni.
- b. Vilji Gjaldheimtan haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um opinber gjöld þeirra gjaldanda, sem kaupgreiðandi greiðir gjöldin fyrir og senda jafnframt þrítíða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um opinber gjöld skv. gjaldheimtuseðli sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta gjaldanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í gjöld sín. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir greiðsluna til Gjaldheimtunnar.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Gjaldheimtan getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri skuldum samkvæmt gjaldheimtuseðli, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúkningar greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{2}{3}$  hlutum af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá gjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{2}{3}$ . Nú skuldar maður opinber gjöld eldri en frá síðasta gjaldári, og getur Gjaldheimtan þá ákveðið, að hærri hlutfallstölu skuli haldið eftir af kaupi hans upp í gjöldin.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar Gjaldheimtan krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem hún óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem Gjaldheimtan óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu opinberra gjalda af kaupi. Gjaldheimtan getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almenntri auglýsingu, og setur Gjaldheimtan kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu Gjaldheimtunnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi gjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið, og heimilt er honum að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 20% af kaupi daglaunafólks samkv. h-lið, þó ekki af lægri kaupfjárhæð en 100 krónum, og skila Gjaldheimtunni því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir gjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts.
- j. Nú hættir gjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í opinber gjöld hans, áður en umkrafin skuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna Gjaldheimtunni brottför gjaldandans.
- k. Gjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið greiðslu opinberra gjalda af kaupi gjaldanda.

## 1. Ef kaupgreiðandi:

1. vanrækir að láta Gjaldheimtunni í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um gjaldendur innan tiltekins frests,
2. greiðir gjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt þessari grein.
3. skilar eigi til Gjaldheimtunnar eða umboðsmanna hennar, svo sem segir í i-lið,
4. tilkynnir ekki brottför gjaldanda, svo sem segir í j-lið,

þá ábyrgist hann sem geymslfé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá gjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin skuld opinberra gjalda það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá gjaldanda sjálfum.

- m. Gjaldandi, sem ofgreitt hefur opinber gjöld til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint frá Gjaldheimtunni, hvort sem kaupgreiðandi hefur skilað gjöldunum eða ekki.

## 5. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 4. gr. segir, getur Gjaldheimtan eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt greiðslu opinberra gjalda af kaupgjaldþegna hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi, svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

## 6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna skattstjóra mánaðarlega kaupgreiðslu til manna þeirra, sem um ræðir í h-lið 3. gr. og skila tryggingarfénu, sem haldið er eftir af kaupgjaldþegna, til Gjaldheimtunnar innan sex virkra daga frá útborgunardegi.

Ef fjárhæð sú, sem heimilt er að halda eftir til að fullnægja skyldu til greiðslu opinberra gjalda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða Gjaldheimtan, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til skattstjóra og farið fram á, að hann úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupgjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim greiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðinum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

Jafnskjótt og opinber gjöld gjaldanda hafa verið ákveðin, skal Gjaldheimtunni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kann að hafa verið greitt til hennar.

Taka má áðurnefnd gjöld lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og hjá þeim, er ábyrgð bera á þeim.

## 7. gr.

Nú er einhver þeirra erlendu gjaldanda, sem um ræðir í h-lið 3. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna skattstofu um það með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðila. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofunni skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

Skattstofan ákveður opinber gjöld gjaldanda af tekjum hans frá komudegi til brottfarardags og tilkynnir kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og Gjaldheimtunni um álagningu þegar í stað.

Óheimilt er að selja þeim gjaldendum, er um ræðir í h-lið 3. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði Gjald-

heimtunnar, að opinber gjöld séu að fullu greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Einnig er útgerð skips eða flugfélagi óheimilt að leysa starfsmann sinn úr þjónustu erlendis, nema opinber gjöld hans hafi verið greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Lögreglustjóra eða útlendingaeftirliti er heimilt að banna farþegum að fara úr landi, hafi þeir aflað sér fars án þess að gætt hafi verið ákvæða hér á undan. Einnig getur lögreglustjóri bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið greiðslum opinberra gjalda hér á landi.

## 8. gr.

Enginn má selja innlendum manni eða láta honum á annan hátt í té far til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði Gjaldheimtunnar, að opinber gjöld hans hafi verið greidd eða um þau samið.

Nú ætlar maður af landi brott alfarinn eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má, að dómi skattayfirvalda, og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi opinber gjöld sín til brottfarardags samkv. eftirfarandi reglum:

1. Opinber gjöld undanfarinna gjaldára skal hann greiða að fullu, og skulu gjöld þess fyrir síðast liðið ár ákveðin með sérstakri álagningu fyrir brottför hans, hafi almenn álagning þá ekki farið fram.
2. Opinber gjöld fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann greiða að fullu miðað við þær tekjur, er hann hefur haft til brottfarardags.

## 9. gr.

Nú ætlar maður af landi brott, en þó ekki til langdvalar, og má þá skylda hann til að greiða áður en hann fer úr landi opinber gjöld sín til brottfarardags, eða tryggja greiðslu á þeim sem hér segir:

1. Opinber gjöld vegna undanfarinna ára skal honum skylt að greiða að fullu, eða — ef Gjaldheimtan telur það nægja — að setja fyrir þeim tryggingu.
2. Opinber gjöld fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann tryggja með greiðslu inn á biðreikning hjá Gjaldheimtunni eða setja fyrir þeim fullnægjandi tryggingu. Sé krafizt greiðslu inn á biðreikning, skal fjárhæð greiðslunnar ákveðin hlutfallslega eftir dvöl gjaldanda í landinu á brottfararárinu og gjöldum hans fyrir síðastliðið ár, nema ástæða þyki til að ákveða greiðsluna hærrí eða lægri vegna breytinga á hag gjaldanda.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar, telji Gjaldheimtan eigi þörf sérstakrar tryggingar, eða ef sérstaklega stendur á.

## 10. gr.

Gjöld, sem innheimt eru samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og dráttarvexti af þeim, má taka lögtaki í einu lagi. Sama gildir um fyrirframgreiðslu.

Gjaldheimtan er aðili að málum, sem rísa kunna af innheimtu hinna ýmsu gjalda, er henni er falið að krefja.

## 11. gr.

Heimilt er að beita um einstök gjöld hinnar sameiginlegu innheimtu ákvæðum einstakra heimildarlaga og gildandi reglugerða, er settar hafa verið samkvæmt þeim, að svo miklu leyti, sem þar er að finna fyllri ákvæði um innheimtu og ábyrgð á greiðslu en hér eru sett.

## 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda og heimildum í lögum um hin einstöku gjöld, sem innheimt verða samkv. gjaldheimtuseðli, kemur til framkvæmda





Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. júní 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Elias Eliasson.*

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi  
nr. 155 22. sept. 1942.

Við auglýsinguna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur umsækjandi um skeið starfað sem kandídat í einhverju eftirtalinna sjúkrahúsa: Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, Fjórðungssjúkrahúsi Norðfjarðar, Kristneshæli, Vífilsstaðahæli, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Sjúkrahúsi Keflavíkur eða Sjúkrahúsi Akraness, og leggur fram skilríki fyrir því, og stýttist þá skylduþjónustutími sá, sem tilskilinn er í fyrri málsgrein, um þann tíma, sem hann hefur unnið á fyrrgreindum stofnunum.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn og þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

## REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 45 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er greinir í 2. gr.

2. gr.

Á eftirtöldum vegum má þó hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:

- Flugvallarbraut frá aðalhliði flugvallarins að gatnamótum Víkingsgötu.
- Flugbraut „F“ frá Austurbraut að Alþjóðavegi.
- Grjótagata og Austurbraut frá NCO-klúbbum að Grænáshliði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 89 frá 20. ágúst 1959.

*Utanríkisráðuneytið, 2. júlí 1962.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Hörður Helgason.*

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 1. júlí 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Eltas Eltasson.*

## AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 2. maí 1958.

**1. Bifreiðastöður.**

Bifreiðastöður eru bannaðar við Tjarnarstíg og Lambastaðabraut frá gatnamótum við Tjarnarstíg.

**2. Einstefnuakstur.**

Bannaður er akstur bifreiða um Melabraut til vesturs og suðurs frá gatnamótum við ónefnda götu (A. götu).

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. júlí 1962.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sólheimakapellu, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1962.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sólheimakapellu.

#### 1. gr.

Sólheimakapella er reist í hinum gamla kirkjugarði Sólheimasóknar af fimm áhugamönnum búsettum í hinni fornu Sólheimasókn. Kapellan er ætluð til nota við greftranir í kirkjugarðinum, svo og til allra almennra kirkjulegra athafna eftir samkomulagi við sóknarprest Víkurprestakalls.

#### 2. gr.

Sjóður Sólheimakapellu er stofnaður með gjöf frá kvenfélagi Dyrhólahrepps, kr. 5000.00, sem gefnar eru til minningar um 30 ára starf félagsins. Í gjafabréfi, dagsettu 15. júlí 1959, er fram tekið, að fénu megi aðeins verja til feegrunar og viðhalds Sólheimakapellu.

#### 3. gr.

Annað fé sjóðsins, auk venjulegra vaxta, eru gjafir og áheit, sem kapellunni kunna að berast.

#### 4. gr.

Fé sjóðsins skal varið til feegrunar og viðhalds kapellunni. Þó er óheimilt að skerða höfuðstól meira en svo, að jafnan standi kr. 10000.00 eftir.

#### 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í hinum almenna kirkjusjóði

#### 6. gr.

Stjórn Sólheimakapellu skal skipuð 5 mönnum. Sjálfkjörnir séu sóknarprestur Víkurprestakalls (Skeiðflatarsóknar) og formaður sóknarnefndar Skeiðflatarsóknar. Auk þess skulu 3 menn kosnir á aðalsafnaðarfundum Skeiðflatarsóknar til 6 ára í senn, og tveir til vara, og skulu þeir allir hafa búsetu vestan Hafursár. Sóknarpresturinn er formaður stjórnarinnar.

#### 7. gr.

Stjórn kapellunnar skal annast umsjón og viðhald hennar. Enn fremur skal hún annast reikningshald kapellunnar og halda skrá yfir gjafir og áheit, er henni kunna að berast. Reikningar skulu endurskoðaðir á héraðsfundi og síðan lagðir fyrir safnaðarfund Skeiðflatarsóknar.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal. Hann er stofnaður árið 1950 með kr. 3000.00, þrjú þúsund krónum, til minningar um börn þeirra hjóna, er létust í æsku.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja þau börn í Svarfaðardalshreppi, er verða fyrir þungum sorgum við missi foreldra sinna, annars eða beggja. Sjóðnum má einnig beita í sama tilgangi gagnvart einstæðings gamalmennum.

Það skal á valdi forráðamanna sjóðsins að ákveða hverju sinni, hvenær þeir telja ástæðu til að veita úr sjóðnum samkvæmt markmiði hans.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla eða annarri peningastofnun. Skulu allir vextir leggja við höfuðstól árlega, unz sjóðurinn hefur náð kr. 5000.00, fimm þúsund krónum. Eftir það má verja árlega  $\frac{3}{4}$  ársvaxta samkvæmt tilgangi hans, en  $\frac{1}{4}$  skal árlega leggja við höfuðstól, og alla vexti þau ár, er sjóðstjórnin telur ekki ástæðu til að beita fjárveitingarákvæði hans.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu oddviti Svarfdælahrepps og prestur Vallaprestakalls sjálfkjörnir, en þriðji stjórnarnefndarmaður skal vera kona, útnefnd til fjögurra ári í senn af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

Reikningshald sjóðsins sé jafnan í höndum oddvita.

### 5. gr.

Skipulagsskrá þessari má síðar breyta, ef eigi þykir ástæða, með breyttum tímum, til að láta sjóðinn starfa að því marki, er honum er sett í skipulagsskrá þessari. Þó skal jafnan velja honum verkefni, sem allra skyldast þeim, sem hann hefur nú.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 13. maí 1962.

Guðrún Jónsdóttir.

Björn Jónsson.

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Hofsóshrepps.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hofsóshöfn.

#### 2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

#### 3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

Tengigjald greiði húseigandi um leið og hann sækir um eða fær leyfi til að tengja við vatnsveitu hreppsins, og nemur tengigjaldið kr. 500.00 af hverju húsi og 1% af fasteignamatsverði íbúðarhúsa og 2% af fasteignamati húsa, sem greiða vatnsskatt samkvæmt 15. grein þessarar reglugerðar.

#### 4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hofsóss, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

#### 5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

#### 6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

#### 7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

#### 8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti,

sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

## 9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningar mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkvæmt 8. grein.

## 10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

## 11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæti sektum, nema þyngri refsing liggji við.

## 12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

## 13. gr.

Af öllum húsum í Hofsóshreppi, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsveitu hreppsins.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

## 14. gr.

Af öllum húsum í Hofsóshreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 1.8% — einn komma átta af hundraði — af fasteignamatsverði, þó skal lágmark skattsins vera kr. 350.00 fyrir hvert íbúðarhús. Auk þess skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja íbúð, sem búíð er í umfram eina í hverju húsi.

## 15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 3% — þrjá af hundraði — af fasteignamatsverði.

## 16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar sildar .....	kr.	0.50
2. — hverri tunnu flakaðrar sildar .....	—	0.75
3. — hverri smálest innvegins nýs fiskjar .....	—	2.50

4. Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skippundi .....	kr.	0.50
5. — hverja frysta sildartunnu .....	—	0.50
6. — hvern kjötskrokk .....	—	0.40
7. — vatn í steypu, af hverri sementstunnu .....	—	1.00
8. — hverja bifreið, skrásetta í Hofsósi — árgj. ....	—	100.00
9. — hvern krana utanhúss — árgjald .....	—	30.00
10. — hvern stórgrip, sem stendur inni — árg. ....	—	30.00
11. — hverja 100 lítra lifrar tekna til bræðslu .....	—	1.00

## 17. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14., 15. og 16. gr., hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn. Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1.20 fyrir smálest af fyrstu 1000 smálestunum, og kr. 0.70 fyrir smálest af því, sem fram yfir er.

## 18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af sild og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

## 19. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 15.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 30.00 fyrir fiskiskip og kr. 50.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að hafskipabryggja Hofsóshrepps greiði vatnssveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða, sem um ræðir í 16. gr.

## 20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

## 21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkvæmt 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

## 22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

## 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947,



um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 262 2. desember 1950 fyrir vatnsveitu í Hofsóshreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## SAMPYKKT

**um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Eftirtaldar eignir Kaupfélags Ísfirðinga:  
Lóð nr. 8 við Aðalstræti (norðurhluti).  
Hús og lóð nr. 10 við Aðalstræti.  
Hús og lóð nr. 12 við Aðalstræti (norðurhluti).  
Við Sundstræti: Fiskreitir, sláturhús, Ísafoldarbúð, geymsluhús og hjallur, oliustöð Oliufél. hf. og K. Í., „Hvíta pakkhús“ og lóð, Wardslóð. Bryggjuhús og bryggja við Aðalstræti.
2. Lóð og húseign Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
3. Lóð og aðrar fasteignir nr. 9 við Aðalstræti, eign hf. Munins.
4. Lóð nr. 11 við Aðalstræti, eign Knattspyrnufél. Vestri.
5. Lóð nr. 12 við Aðalstræti, eign Kristjáns Kristjánssonar (suðurhluti).
6. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar og Hinriks Guðmundssonar.
7. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eign Valdimars Veturliðasonar, Ellerts Eiríkssonar, Guðmundar Gíslasonar og Harald Aspelund.
8. Húseign nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson og Ásgeirs Sigurðssonar.
9. Húseign nr. 21 við Aðalstræti, eign Gests Loftssonar.
10. Húseign nr. 25 við Aðalstræti, eign Magnúsar Eliassonar og Ágústs Péturssonar, Marselíusar Bernharðssonar og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.
11. Húseign og lóð nr. 10 við Brunngötu, eign Ólafs Gunnarssonar og Guðbjarts Ásgeirssonar o. fl.
12. Húseign og lóð nr. 12 við Brunngötu, eign Jóhannesar Bjarnasonar.
13. Húseign og lóð nr. 12A við Brunngötu, eign Arinbjörns Guðnasonar.
14. Húseign og lóð nr. 12B við Brunngötu, eign Júlíusar Geirmundssonar, dbú.
15. Húseign og lóð nr. 12E við Brunngötu, eign Magnúsar Árnasonar.
16. Húseign og lóð nr. 14 við Brunngötu, eigns Björns Guðmundssonar.
17. Húseign og lóð nr. 16 við Brunngötu, eign E. O. Kristjánssonar, dbú.
18. Húseign og lóð nr. 14 við Fjarðarstræti, eign Eggerts Halldórssonar o. fl.
19. Húseign og lóð nr. 18 við Fjarðarstræti, eign Agnars Guðmundssonar og Ágústs Einarssonar.

20. Húseign og lóð nr. 32 við Fjarðarstræti, eign Hermanns Sigurðssonar og Elí Ingvarssonar.
21. Húseign og lóð nr. 33 við Fjarðarstræti, eign Guðmundar E. Guðmundssonar.
22. Húseign og lóð nr. 35 við Fjarðarstræti, eign Leifs Jónassonar.
23. Húseign og lóð nr. 38 við Fjarðarstræti, eign Alberts Jónssonar og Guðmundar B. Oddssonar o. fl.
24. Húseign og lóð nr. 39 við Fjarðarstræti, eign Aðalsteins Sigurðssonar og Benedikts Sigurbjörnssonar.
25. Húseign og lóð nr. 47 við Fjarðarstræti, eign Baldvins Jónssonar.
26. Húseign nr. 51 við Fjarðarstræti, eign Guðbrands Kristinssonar o. fl.
27. Húseign og lóð nr. 1 við Hafnarstræti, eign Elíasar J. Pálssonar.
28. Lóð nr. 3 við Hafnarstræti, eign Guðmundar Kjartanssonar.
29. Húseign nr. 5 við Hafnarstræti, eign Ágústs Leóssonar.
30. Húseign nr. 9 við Hafnarstræti, eign Neista hf., sölubúð og verkstæði. (Lóðin eign hafnarsjóðs).
31. Lóð nr. 11 við Hafnarstræti, eign Arngríms Fr. Bjarnasonar, Jónasar Magnússonar og Vilbergs Vilbergssonar.
32. Húseign og lóð nr. 17 við Hafnarstræti, eign Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Eiríkssonar.
33. Húseign og lóð nr. 33 við Hafnarstræti, eign Jóns B. Jónssonar og Hjartar Einarssonar.
34. Húseign og lóð nr. 1 við Hnífsdalsveg, eign Sigurðar Jónassonar.
35. Húseign og lóð nr. 3 við Hnífsdalsveg, eign Magnfreðs Jónassonar og Halldórs Benediktssonar.
36. Húseign og lóð nr. 5 við Hnífsdalsveg, eign Jóhanns S. H. Guðmundssonar.
37. Húseign og lóð nr. 8 við Hnífsdalsveg, eign Jóns Jóhannessonar o. fl.
38. Húseign og lóð nr. 10 við Hnífsdalsveg, eign Jens Markússonar.
39. Húseign og lóð nr. 12 við Hnífsdalsveg, eign Kristjáns G. Sigurðssonar.
40. Lóð nr. 9 við Hrannargötu, eign Hrólfis Þórarinssonar (norðurhluti).
41. Lóð nr. 1 við Krók, eign Lúðvíks Kjartanssonar.
42. Lóð nr. 9 við Mjallargötu, eign Jóns Helgasonar.
43. Lóð nr. 2 við Silfurgötu, eign Péturs Bjarnasonar.
44. Lóð nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Í. Magnússonar, dbú.
45. Lóð nr. 6 við Silfurgötu, eign Verzl. Dagsbrún og Karvels Olgeirssonar.
46. Lóð nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar, dbú.
47. Lóð nr. 8A við Silfurgötu, eign Sigtryggs Jörundssonar.
48. Lóð nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur, dbú.
49. Lóð nr. 12A við Silfurgötu, eign Stefáns Þorbjörnssonar.
50. Lóð við Silfurtorg, eign Jóns Í. Magnússonar, dbú.
51. Lóð nr. 7 við Skipagötu, eign Finnbjörns Hermannssonar, dbú.
52. Húseign og lóð nr. 12 við Skipagötu, eign Egils Kr. Jónssonar.
53. Lóð nr. 14 við Skipagötu, eign Önnu Óladóttur o. fl.
54. Húseign og lóð nr. 1 við Smiðjugötu, eign Arnórs Magnússonar og Össurs Valdimarssonar.
55. Húseign og lóð nr. 1A við Smiðjugötu, eign Jens Einarssonar.
56. Húseign og lóð nr. 2 við Smiðjugötu, eign Hannesar Halldórssonar.
57. Húseign og lóð nr. 4 við Smiðjugötu, eign Magnúsar Árnasonar.
58. Húseign og lóð nr. 5 við Smiðjugötu, eign Tónlistarfél. Ísafjarðar.
59. Húseign og lóð nr. 6 við Smiðjugötu, eign Magnúsar Ó. Jóhannssonar.
60. Húseign nr. 6A við Smiðjugötu, eign Jóhanns Magnússonar.
61. Húseign og lóð nr. 7 við Smiðjugötu, eign Kristins Grímssonar.

62. Húseign og lóð nr. 8 við Smiðjugötu, eign Árna Magnússonar, Gunnars Ásgeirssonar og Ól. Ólafssonar.
63. Húseign og lóð nr. 9 við Smiðjugötu, eign Sigurðar J. Jóhannssonar og Hermanns Hálfðánssonar.
64. Húseign og lóð nr. 10 við Smiðjugötu, eign Guðmundar Björnssonar.
65. Húseign og lóð nr. 11 við Smiðjugötu, eign Bergmanns Þormóðssonar.
66. Húseign og lóð nr. 11A við Smiðjugötu, eign Odds Friðrikssonar.
67. Húseign og lóð nr. 12 við Smiðjugötu, eign Daníels Jónssonar. dbú, og Kristmundar Gíslasonar.
68. Húseign og lóð nr. 13 við Smiðjugötu, eign Guðbjarts Jónssonar.
69. Lóð nr. 11 við Sundstræti, eign Steinunnar Gestsdóttur.
70. Lóð nr. 13 við Sundstræti, eign Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar.
71. Lóð nr. 15 við Sundstræti, eign Ágústs Péturssonar.
72. Lóð Ágústs Péturssonar, undir svonefndum Árna-Hjalli við Sundstræti, Sundamegin.
73. Húseignir Ágústs Péturssonar allar, sláturhús o. fl., Sundamegin við Sundstræti (með fyrirvara kaupstaðarins, að því er varðar lóðarréttindi).
74. Ásgeirshjallur, svonefndur, á Dokkulóð við Sundin, eign Margrétar Reinaldsdóttur og Odds Örnólfssonar, (með fyrirvara kaupstaðarins, að því er varðar lóðarréttindi).
75. Lóð nr. 17 við Sundstræti, eign Sigurgeirs Sigurðssonar.
76. Lóð nr. 21 við Sundstræti, eign Gísla H. Guðmundssonar.
77. Lóð nr. 23 við Sundstræti, eign Jakobs Falssonar o. fl.
78. Lóð nr. 25 við Sundstræti, eign Einars Jólssonar.
79. Lóð nr. 25 við Sundstræti, eign Rögnvaldar Guðjónssonar o. fl.
80. Lóð nr. 27 við Sundstræti, eign Ól. Rósinkarssonar, L. Halldórssonar og Þorsteins Einarssonar o. fl.
81. Lóð nr. 27 við Sundstræti, eign Guðmundar Sigurðssonar og Guðmundar Guðmundssonar.
82. Lóð nr. 29 við Sundstræti, eign Bjarna Guðmundssonar o. fl.
83. Lóð nr. 31 við Sundstræti, eign Hermanns Jakobssonar og Ragnars Áka Jónssonar.
84. Lóð nr. 37 við Sundstræti, eign Hallfríðar Halldórsdóttur.
85. Norurtanginn hf., lóðir og bryggja.
86. Lóð milli Sundstrætis og Skipagötu, eign Margrétar Reinaldsdóttur.
87. Lóð nr. 4 við Tangagötu, eign Halldórs M. Halldórssonar.
88. Húseign og lóð nr. 6 við Tangagötu, eign Stefáns J. Richter.
89. Húseign nr. 6 A við Tangagötu, eign Gunnlaugs Guðmundssonar.
90. Húseign og lóð nr. 8 við Tangagötu, eign Baldvins Þórðarsonar.
91. Húseign og lóð nr. 8A við Tangagötu, eign Guðna Bjarnasonar, dbú, og Torfa Jóhannessonar.
92. Húseign og lóð nr. 10 við Tangagötu, eign Guðmundar Guðmundssonar.
93. Húseign og lóð nr. 10 við Tangagötu, eign Ólafs Ólafssonar, dbú, og Steins Guðmundssonar.
94. Húseign og lóð nr. 17 við Tangagötu, eign Sigurlaugs Sigurlaugssonar og Valdimars Þorbergssonar.
95. Húseign og lóð nr. 22 við Tangagötu, eign Maríasar Kristjánssonar.
96. Lóð hf. Fiskimjöl, Torfnesi.
97. Húseign og lóð nr. 3 við Þvergötu, eign Jóns Jónssonar, dbú.
98. Húseign og lóð nr. 4 við Þvergötu, eign Páls Sigurðssonar og Ívars Hjartarsonar.
99. Húseign og lóð nr. 5 við Þvergötu, eign Ásbergs Kristjánssonar.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá og með dagsetningardegi hennar að telja og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## **H A F N A R R E G L U G E R Þ**

fyrir Grundarfjörð.

### **I. KAFLI**

**Takmörk hafnarinnar.**

#### **1. gr.**

Grundarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Spjararsnoppu, austan fjarðarins, beint í Flangasker og þaðan aftur í beina stefnu í svokallaðan Hamar, vestan við bæinn Krossness á vesturströnd fjarðarins. Að öðru leyti takmarkast höfnin af strandlínu milli þessara sömu staða.

### **II. KAFLI**

**Stjórn hafnarinnar.**

#### **2. gr.**

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir umsjón samgöngumálaráðuneytisins.

#### **3. gr.**

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þó þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

#### **4. gr.**

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

#### **5. gr.**

Hafnarvörður annast, í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.

### **III. KAFLI**

**Um almenna reglu.**

#### **6. gr.**

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu.

Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning, þegar þeir eru að starfi við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisí, er þeir skipta við.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á höfninni eða landi hennar.

9. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavel skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hennar, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiskum, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður segir til.

#### IV. KAFLI

##### Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

12. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, að því er bryggjurými snertir.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu er haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa, skal jafnan skylt að flytja skipið, ef hafnarvörður krefst þess.

13. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á ljósátímanum.

## 14. gr.

Skip, sem koma inn á höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn.

## 15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarstólpana eða festarhringa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa hlífikefli milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

## 16. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypa burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum og hlífðúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggjur né bólvirki.

## 17. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

## 18. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannláus í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 19. gr.

Hafnarvörður getur krafizt þess að sérhvert skip, er liggur við festar í höfninni, verði flutt, ef það að álití hans tálmar umferð inn í höfnina eða úr henni.

Færist hlutaðeigandi undan að flytja skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipið, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeigenda.

## 20. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar. Beittaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

## 21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álití hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

## V. KAFLI

## Um fermingu og affermingu skipa.

## 22. gr.

Þegar hafnarvörður hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalaus, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarvörður krefst þess.

## 23. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

## 24. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífduka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

## 25. gr.

Skylt er farmeiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við upp- og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því, sem ástæður leyfa, að dómi hafnarvarðar, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eigenda. Vöru-leifum, umbúðum og öðru rusli, má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt á þann stað, sem hafnarvörður ákveður.

## 26. gr.

Skip skulu hafa rétt til að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram gerðri og auglýstri áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggju þó önnur skip liggja þar fyrir og verða þau að víkja burtu, meðan hin fá afgreiðslu.

## VI. KAFLI

## Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

## 27. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin veiti, eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður hvort leyfi skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

#### 28. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo víðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi, að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hættu í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

#### 29. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

### VII. KAFLI

#### Lestagjald, bryggjugjald og ljósagjald.

#### 30. gr.

##### Lestagjald.

Öll skip, sem koma til Grundarfjarðar og hafa samband við land, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Grundarfirði, og ekki stunda fiskveiðar, greiði hafnargjald einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest, þó ekki minna en kr. 50.00.
- b. Innlend fiskiskip og strandferðaskip, sem eru í innanlandssiglingum, greiði kr. 0.40 af hverri brúttórúmllest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, en þó ekki meira en kr. 5.00 á ári fyrir hverja rúmllest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða kr. 0.50 af hverri brúttórúmllest, í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.

#### 31. gr.

##### Bryggjugjald.

Hvert skip, sem leggst við bryggju, eða við skip, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins. Gjaldið er reiknað fyrir hverjar 24 klukkustundir eða minna.

- a. Af innlendum fiskiskipum og strandferðaskipum í innanlandssiglingum kr. 0,20 af hverri brúttórúmllest.
- b. Öll önnur skip greiði kr. 0.30 af brúttórúmllest.



- c. Fyrir önnur afnot af bryggjum, mannvirkjum eða lóðum hafnarinnar, fer eftir samningum við hreppsnefnd í hvert skipti.

## 32. gr.

**Ljósagjald.**

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og greiða bryggjugjald, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Bátar frá Grundarfirði greiði einu sinni á ári kr. 30.00.
- b. Öll önnur skip greiði kr. 0.10 af hverri brúttórúmllest skipsins.

## 33. gr.

Undanþegin hafnar- og bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafna vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna menn.

**VIII. KAFLI****Vörugjald.**

## 34. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skipum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru í skip eða í land á höfninni. Þó skal aðeins greiða hálfvörugjald fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipsins, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir.

## 35. gr.

Undanþegnar vörugjaldi er:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Bréfaþóstur og farþegaflutningur.

## 36. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal brot úr gjaldeiningu teljast heil gjaldeining. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins er skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrám skipsins, innan sólarhrings eftir komu þess.

## 37. gr.

**Vörugjaldskrá.**

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur, fryst síld.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
Fiskur upp úr sjó, saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.
3. flokkur. Gjald kr. 2.80 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara, sykur, garðávextir og önnur sekkjavara ótalin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg.  
Vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til bygginga, vatnsrör og miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar, og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar. Oliur, benzín og smurliur. Kjöt, gærur, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.

5. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:  
Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvar, saumur, gólf dúkur og annað linoleum, málningarvörur, smjör, smjörliki, sápur, þvottaefni og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kakaó, leirvörur og búsáhöld alls konar, pappírsvörur, og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vörflokka.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:  
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbak, sælgæti, öl og gosdrykkir, og aðrar munaðarvörur, sem ekki eru taldar annars staðar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:  
Eldavélar, þvottavélar, isskápar, baðker.
9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hverja tunnu af saltsíld, gotu og öðrum sjávarafurðum, kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tóma tunnu.
11. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert tengingsfet af trjáviði og alls konar timburvörum, svo og öll önnur vara, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi, þar með talin húsgögn, einangrunarplötur og því um líkt.
12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hverja kind, og kr. 10.00 fyrir stórgrip.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

38. gr.

#### Verbúðir.

Leiga fyrir verbúðir hafnarinnar í Grafarnesi, Grundarfirði, skal vera sem hér segir:

- a. Fyrir leigu á beitingarúmi og bjóðageymslu kr. 800.00 á mánuði og leiga fyrir veiðarfærageymslu í risi kr. 400.00 á mánuði, og er þá hvort tveggja miðað við ársleigu, en sé leigt til styttri tíma, má leiga vera allt að 50% hærri.
- b. Leiga á íbúðarherbergjum skal vera kr. 500.00 á mánuði og leiga á borðstofu og eldhúsi skal vera kr. 1200.00 á mánuði.
- c. Leigutaki greiði sjálfur rafmagn og upphitun á leiguhúsnæði sínu.
- d. Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega og skal fyrsti gjalddagi vera 2. janúar ár hvert.
- e. Réttur til innheimtu á húsaleigu í verbúðunum er sami og á öðrum hafnargjöldum, og hefur höfnin rétt til þess að kyrrsetja báta og afla þeirra til greiðslu á húsaleigu, upphitun og rafmagn og einnig viðgerðarkostnaði, sem leigjandi telst eiga að greiða.
- f. Öllum skemmdum, sem kunna að verða á verbúðunum eða íbúðum, ber leigutaki fulla ábyrgð á og skal hann bæta þær að fullu. Fulltrúi frá hreppsnefnd og hafnarnefnd skal fylgjast með ástandi hússins og ganga eftir, að gert sé við skemmdir eða láta gera við skemmdir á kostnað leigutaka.
- g. Leigusamningi skal segja upp með þriggja mánaða fyrirvara, sé um ársleigu að ræða. Leigutaki fyrirgerir rétti sínum til leigu á verbúðunum, ef hann sýnir hirðuleysi og vanrækslu í sambandi við umgengni verbúðanna, svo og fyrir ítrekaða vangreiðslu á leigu- og rekstrarkostnaði.
- h. Hafnarnefnd og hreppsnefnd skulu auglýsa verbúðirnar til leigu. Leigusam-

ingar taka gildi, þegar hreppsnefnd hefur samþykkt þá. Leigutaka er óheimilt að framleigja verbúðirnar, nema með samþykki hreppsnefndar.

## 39. gr.

Vörugjöld falla í gjalddaga um leið og vörurnar koma á land og ber afgreiðslumaður skipsins ábyrgð á því, að vörurnar séu ekki afhentar, fyrr en gjaldið er greitt.

Ársgjöld (lesta- og bryggjugjöld) báta, sem skráðir eru á Grundarfirði, falla í gjalddaga 1. maí ár hvert, en annarra báta við komu þeirra í höfnina. Gjald af afla greiðist fyrsta dag hvers mánaðar, eftir á.

## 40. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu allra gjalda samkvæmt reglugerð þessari og reikningsskil fyrir þeim. Hún ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtu á hendi, gegn þóknun er um semur. Hafnarnefnd getur falið hafnarverði að annast innheimtustarfið.

## 41. gr.

Hafnarnefnd hefur haldsrétt á vörum þeim, er greiða skal vörugjald af, unz gjaldið er greitt.

## 42. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða umboðsmanni hans, nema hann með vottorði frá hafnarverði sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef honum ber að greiða slíkt.

## 43. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil, sem nemur 10% eða meiru, en að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 44. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútljád, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

## 45. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda og umboðsmanna hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

## 46. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa ein-

hverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnar-sjóð Grundarfjarðar.

48. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð nr. 60 5. maí 1944, með áorðnum breytingum.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Suðureyrarhreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Kelduneshreppi skal innheimta með 50% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1962.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**AUGLÝSING**

**um að Sauðárkrókskaupstaður skuli talinn til 1. verðlagssvæðis  
almannatrygginganna.**

Með vísun til 10. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Sauðárkrókskaupstaður skuli talinn til 1. verðlagssvæðis almannatrygginganna frá og með 1. jan. 1963, þar til annað kann að vera ákveðið, og verða iðgjöld til trygginganna og bótagreiðslur í samræmi við það.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Nr. 110.

17. ágúst.

**AUGLÝSING**

**um flutning prestsseturs frá Vatnsenda í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga um breyting á lögum nr. 31 4. febrúar 1952, um skipan prestakalla nr. 66 27. apríl 1962 og að fengnum tillögum sóknarnefnda Vatnsenda prestakalls í Suður-Þingeyjarsýslu og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, er hér með mælt svo fyrir, að prestssetur framangreinds prestakalls skuli flytja frá Vatnsenda í nýbýli í landi Fremstafells.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. ágúst 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

Nr. 111.

7. ágúst.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 161 21. september 1959.**

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 29 23 apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtunum í Suður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Suður-Múlasýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Suður-Múlasýslu. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkoma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði.

Löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Geithella-, Búlands- og Beruneshreppar.
2. Breiðdals- og Stöðvarhreppar.
3. Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppar.
4. Reyðarfjarðarhreppur.
5. Eskifjarðar- og Helgustaðahreppar.
6. Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
7. Eiða- og Egilsstaðahreppar.
8. Valla- og Skriðdalshreppar.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtunin á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

Hreppsnefndaroddivitar á hverju löggæzlusvæði skulu vera sýslumanni samhentir við útvegum manna til að taka að sér löggæzlustörf.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtunum ætla að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölv-

aðir á skemmtuninni, og eigi hafa hlýtt fyrirætlum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti og handalögumálum, er kunna að hafa orðið.

## 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skulu haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkennisfatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annast slysatryggingar allra þessara löggæzlumanna.

## 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir störf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

## 6. gr.

Heimilt er sýslumanni Suður-Múlasýslu í samráði við löggæzlumenn og forstöðumenn skemmtistaða á hverju löggæzlusvæði að ákveða, að tilteknum mönnum, sem sannir eru að því að hafa hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs um tiltekinn tíma. Bann þetta skal tilkynna skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 7. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar af öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félög dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafist þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. ágúst 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað (sveitum né kaupstöðum), nema að fengnu leyfi sýslumanns Norður-Múlasýslu eða bæjarfógeta Seyðisfjarðar.

Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Skeggjastaðahreppur.
2. Vopnafjarðarhreppur.
3. Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Fella-, Fljótsdals- og Hjaltastaðahreppar.
4. Borgarfjarðarhreppur.
5. Seyðisfjörður.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni (eða bæjarfógeta) um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dveljast þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað, og samkomugestir eru farnir af staðnum. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.



## 4. gr.

Sýslumaður (bæjarfógeti eftir atvikum) gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlu­manns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlu­manna.

## 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmti­stað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi. Þó skal Seyðisfjarðarkaupstað heimilt að greiða löggæzlumönnum þar kaup samkvæmt gildandi kaup­taxta.

## 6. gr.

Sýslumaður getur kallað forstöðumenn samkomustaða í lögsagnarumdæminu á fund á Seyðisfirði árlega, ef henta þykir. Á þessum fundi skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, sem haldnar verða, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

## 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja skemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

## 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlu­manns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að hafa kynnt sér skýrslu eftirlits­manna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðu­mönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomu­staða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr viðkomandi sveitarsjóði (eftir atvikum úr bæjarsjóði), að því er laun aðallöggæzlu­manna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlu­manna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlu­manna, og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður (bæjarfógeti) krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs (bæjarsjóðs) af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður (bæjarfógeti) sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. ágúst 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## **REGLUGERÐ**

**um löggæzlu á almennum skemmtistöðum í Vestur-Húnavatnssýslu.**

### **1. gr.**

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Húnavatnssýslu. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra samkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

### **2. gr.**

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver í sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Staðar-, Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppar.
2. Hvammstanga-, Kirkjuhvamms-, Þverár- og Þorkelshólshreppar.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni, um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtunin var haldin í hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa staðinn, skulu þeir líta eftir, hvort nokkur maður eða menn, sem líkur eru til að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja þá menn burt, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu 2 menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins. Ef nauðsyn ber til, er löggæzlumönnum skylt að mæta til löggæzlustarfa utan síns löggæzlusvæðis, en innan sýslunnar.

### **3. gr.**

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að

halda uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar, og þjónustumenn þeirra og aðra borgara.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandí, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir öläði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

#### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu spjöll gerð á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annast slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

#### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmti-stað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

#### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða Vestur-Húnavatnssýslu á fund á Hvammstanga. Á þeim fundi skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

#### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök um að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs og um hve langan tíma.

#### 8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslur eftirlitsmanns og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma

bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent lögreglumönnum um að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, svo og fræðslu og þjálfun löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um Sjúkrasamlag Siglufjarðar nr. 8 26. marz 1957, Sjúkrasamlags Bárðdælahrepps nr. 29 27. febr. 1957 og Fremri-Torfustaðahrepps nr. 153 11. okt. 1957.

Aftan við 6. gr. samþykktar allra samlaganna bætist svo hljóðandi liður:  
„Ferðakostnaður. Samlagið greiðir  $\frac{3}{4}$  hluta flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkraflugvél þarf til flutnings að dómi samlagslæknis.“

Viðbótarliður þessi verður b.-liður í samþykktum Sjúkrasamlags Siglufjarðar og Sjúkrasamlags Fremri-Torfustaðahrepps, en c.-liður í samþykkt Sjúkrasamlags Bárðdæla.

Framangreind breyting á samþykktum ofanritaðra sjúkrasamlaga staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:  
**Freyjugötu**, suðvestan megin götunnar og meðfram gæzluleikvelli norðaustan götunnar.  
**Bergþórugötu** norðan megin frá Snorrabraut að Barónsstíg.  
**Geirsgötu**, vestan Kalkofnsvegur að Austurbakka.
2. Samþykkt að setja stöðumæla við **Lækjargötu** austanverða frá Bankastræti að Amtmannsstíg.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. ágúst 1962.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 117.

1. júní.

## ERINDISBRÉF

### fyrir fræðsluráð.

#### I. Skipan fræðsluráða og aðalverksvið.

##### 1. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi, enn fremur varaformann og ritara.

##### 2. gr.

Fræðsluráð hefur á hendi stjórn skólamála í fræðsluhéraðinu undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar, eftir því sem nánar er tiltekið í erindisbréfi þessu.

Fræðsluráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um stofnun gagnfræðastigsskóla í sínu héraði, svo og um stofnun húsmæðraskóla.

#### II. Skipting í skólahverfi og stofnun skóla.

##### 3. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

Fræðsluráð skal aðstoða fræðslumálastjóra við skipulagningu fræðsluhéraðsins í skólahverfi, bæði með tilliti til barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, þannig að sem hagfelldast verði í sambandi við skólasókn og rekstur skólanna. Keppt skal að því, að skólahverfi verði hæfilega stór, og skulu þar fremur ráða staðhættir en hreppa- eða sýslumörk.

## 4. gr.

Fræðsluráð semur í samráði við hlutaðeigandi skólanefndir áætlun um, hvar gagnfræðastigsskólar skuli starfa í héraðinu. Náist ekki samkomulag milli fræðsluráðs og skólanefndar, sker fræðslumálastjórn úr ágreiningnum. Ekki verður skóli stofnaður né honum valinn staður, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Í skólahverfum utan kaupstaða skal þó unglingskóli fyrir fræðsluskylda nemendur að jafnaði starfa í sambandi við barnaskólann. Má þá fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingskólans.

## III. Um fræðsluskyldu.

## 5. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára, en áður en það er gert, skal leita umsagnar fræðsluráðs.

Áður en fræðsluskylda er framlengd til 15 eða 16 ára aldurs, skal fræðsluráð athuga aðstöðu hlutaðeigandi skólahverfa til þess að sú ráðstöfun komi að tilætluðum notum, og beita áhrifum sínum til úrbóta eftir föngum.

## 6. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi barnaskóla í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námstjóra.

## IV. Ýmis ákvæði.

## 7. gr.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefnda gagnfræðastigsskóla, svo og barnaskóla í kaupstöðum, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd eru sammála um það. Um leið falla þau réttindi og skyldur í hlut fræðsluráðs, sem skólanefndum eru ákveðin í erindisbréfi fyrir skólanefndir.

## 8. gr.

Auk þeirra starfa, sem fræðsluráði eru ákveðin í erindisbréfi þessu, skal það vera vel á verði um allt það, er verða má skóla- og uppeldismálum héraðsins til gagns, hvort heldur er um fræðsluskylt fólk að ræða eða ekki.

## 9. gr.

Fræðsluráð heldur fundi, þegar þörf krefur, einnig ef 2 fræðsluráðsmenn eða námstjóri óska þess.

## 10. gr.

Námstjórar og skólastjórar gagnfræðastigsins eiga rétt til setu á fundum fræðsluráðs í sínu héraði, þegar rædd eru mál viðkomandi skóla. Hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að veita kennurum gagnfræðastigsins aðgang með sömu réttindum að fundum fræðsluráðs, þegar þeir óska þess.

## 11. gr.

Halda skal gerðabók um fundi og allar samþykktir fræðsluráðs. Allir viðstaddir fræðsluráðsmenn undirrita gerðabókina. Jafnan skal senda fræðslumálastjóra afrit af samþykktum fræðsluráðs.

## 12. gr.

Kostnaður við störf fræðsluráðs greiðist úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjar-sjóði.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir í barna- og gagnfræðastigsskólum.

### I. Skipan skólanefnda og höfuðmarkmið.

## 1. gr.

Skólanefndir skulu kosnar eða skipaðar samkvæmt ákvæðum laga fyrir hlutaðeigandi skóla.

## 2. gr.

Skólanefnd hvers skóla hefur á hendi stjórn þeirra mála, er skólann varða, undir yfirumsjón fræðslumálastjóra samkvæmt því, er nánar greinir í erindisbréfi þessu.

Í störfum sínum ber skólanefnd að keppa að því, að nemendur hljóti sem bezta aðstöðu til þess að öðlast þá fræðslu, sem ætlazt er til, að skólinn veiti, hverjum eftir sínum aldri og þroska.

### II. Um fræðsluskyldu, skólaskyldu o. fl.

## 3. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

## 4. gr.

Börn og unglingar á fræðsluskyldualdri eru skólaskyld, nema þeim hafi verið veitt undanþága frá skólagöngu.

Undanþegnir skólaskyldu eru:

- a) nemendur á barnaskólaaldri í þeim skólahverfum, þar sem skólanefnd hefur fengið samþykki fræðsluráðs fyrir, að skólaskylda hefjist ekki fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur,

- b) nemendur, sem sækja viðurkennda einkaskóla,
  - c) nemendur, sem hafa fengið leyfi skólanefndar og skólastjóra til þess að stunda nám utan skólans, og skal það leyfi bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi nemendur fái fullnægjandi kennslu annars staðar. Skytt er þessum nemendum að koma til viðtals eða prófs í skólanum, þegar skólastjóri óskar þess,
  - d) nemendur, sem að dómi skólalæknis, kennara og skólastjóra geta ekki haft not venjulegrar skólagöngu vegna andlegra eða líkamlegra annmarka. Leita skal álits skólasálfræðings, sé þess kostur,
  - e) nemendur, sem að dómi skólastjóra og kennara spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum nemendum.
- Skólanefnd skal hlutast til um, að þeim nemendum, er um getur í d- og e- lið- um verði séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

## 5. gr.

Ef ástæða þykir til, getur skólanefnd auglýst, fyrir hvaða tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu skulu sendar henni. Er eigi skytt að taka þær umsóknir til greina, sem koma síðar en einum mánuði áður en kennsla á að hefjast.

## 6. gr.

Skólanefnd lætur skólastjóra í té í tæka tíð, áður en skóli hefst, skrá um þá nemendur, er ganga eiga í skólann, en skólastjóri gerir skólanefnd aðvart, ef nemandi kemur ekki í skóla eða vanrækir skólanám úr hófi fram.

Skólanefnd skal hafa skrá um þá fræðsluskylda nemendur, er sækja viðurkennda einkaskóla.

## 7. gr.

Komi skólaskyldur nemandi ekki í skóla eða vanræki skólagöngu og láti ekki skipast við umvöndun skólastjóra, skal skólanefnd áminna forráðamenn hans, svo fljótt sem auðið er. Beri þetta ekki árangur, má beita dagsektum eftir ákvæðum laga hlutaðeigandi skóla.

Sé um vandræði að ræða í sambandi við samskipti skóla og nemenda eða forráðamanna þeirra, sem heyra undir verksvið barnaverndarnefndar, skal skólanefnd koma málinu til afgreiðslu á vettvangi barnaverndar.

## III. Um húsnæði til skólaihalds.

## 8. gr.

Skólanefnd sér um, að skólahús eða annað húsnæði til skólaihalds sé svo hentugt sem kostur er og að það fullnægi þeim reglum um hollustuhætti, sem heilbrigðismálastjórnin setur.

Þurfi skólanefnd að fá leigt húsnæði til skólastarfa, þarf hlutaðeigandi sveitarstjórn að samþykkja leigumálann.

Þá skal skólanefnd annast um, að skólahúsnæði sé tilbúið til kennslu á rétt- um tíma.

## 9. gr.

Skólanefnd hlutast til um í samráði við skólastjóra, að sveitarstjórn annist nauðsynlegt viðhald skólahúsa, eða felur öðrum að gera það. Fer um þetta atriði eftir þeim reglum, er fræðslumálastjórn setur.

Sé þörf á nýbyggingu, viðbyggingu eða gagngerðum endurbótum skóla, gerir skólanefnd hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjóra aðvart um það. Skóla- nefnd ber að leita álits skólastjóra um þessi atriði.



## 10. gr.

Skólastjóri hefur full umráð skólahúsnæðis til afnota fyrir nemendur og kennara skólans, en að öðru leyti eru umráð þess í höndum skólanefndar, nema í kaupstöðum, þar eru umráð húsnæðis barnaskólanna í höndum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er þó eigi heimilt að ráðstafa skólahúsnæði án samþykkis skólanefndar. Hafa skal samráð við skólastjóra um notkun skólahúsnæðis til annarra nota en starfa skólans.

## IV. Kennslutæki o. fl.

## 11. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að skólinn hafi auk húsnæðis allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

## 12. gr.

Í tæka tíð, áður en skólaárið hefst — eða kennslutíminn að haustinu, skal skólanefnd eða skólastjóri (kennari) fyrir hennar hönd senda Ríkisútgáfu námsbóka skrá yfir þær námsbækur, sem talið er, að þurfi á því skólaári til útbýtingar meðal fræðsluskyldra nemenda í skólahverfinu. Ríkisútgáfan sendir eyðublöð til útfyllingar í því skyni.

Ef þörf krefur, er skólanefnd skylt að annast um útvegum á öðrum bókum, ritföngum, kennsluáhöldum, handavinnuefni og öðru, sem þarf, til þess að kennslan geti komið að tilætluðum notum.

## V. Um kennara og annað starfsfólk.

## 13. gr.

Losni skólastjóra- eða kennarastaða við skóla eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það fræðslumálastjóra, og sér hann þá um, að staðan verði auglýst í útvarpi og Lögbirtingablaðinu.

## 14. gr.

Hafi kennarastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan fræðslumálastjóra allar umsóknirnar ásamt tillögum sínum um val kennara.

Skólanefnd skal mæla með þeim umsækjendum um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum hlutaðeigandi skóla, til þess að vera skipaður kennari, svo fremi að nægar umsóknir berist frá mönnum með ótvíræð kennara-réttindi.

Hið sama gildir einnig um ráðningu stundakennara.

## 15. gr.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefur verið, og telur hún þá þann umsækjandann fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur, að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, og námstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur innan skólanefndar eða milli skólanefndar og skólastjóra eða námstjóra, getur hver aðili

um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar. Rökstudd greinargerð skal ávallt fylgja tillögum framangreindra aðila.

#### 16. gr.

Stundakennara og ráðskonu við heimavistar skóla ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar, svo og forfallakennara, ef þörf krefur.

#### 17. gr.

Sveitarstjórn ræður — að fengnum tillögum skólastjóra — annað starfsfólk barnaskóla en kennara og ráðskonu við heimavistar barnaskóla, en í skólum gagnfræðastigsins ræður skólastjóri sama starfsfólk með samþykki skólanefndar.

Þeir aðilar, sem ráða framangreint starfsfólk, geta sett því erindisbréf, og skal leita staðfestingar fræðslumálastjóra á því.

#### 18. gr.

Í lok kennslutímans ár hvert skal skólanefnd kynna sér, hvort settur skólastjóri eða kennari við skólann hefur hug á að vera áfram í stöðu sinni. Óski kennari að halda stöðunni og skólanefnd fellst á það, ber henni að tilkynna það fræðslumálastjóra. Telji skólanefnd rétt að auglýsa stöðu setts kennara, ber henni að tilkynna kennaranum það eigi síðar en að loknu vorprófi.

Stundakennarar eru aðeins ráðnir yfir kennslutímamann frá ári til árs.

#### 19. gr.

Þegar settur skólastjóri eða kennari við heimavistar barnaskóla eða gagnfræðastigsskóla hefur gegnt stöðu við sama skóla í 2 ár, skal skólanefnd gera tillögu til fræðslumálastjóra um, að hann verði skipaður í stöðu sína eða óska þess, að staðan verði auglýst.

Skólastjóri eða kennari við heimangöngubarnaskóla getur farið fram á skipun í stöðu sína, þegar hann hefur gegnt henni í 1 ár, og skal þá skólanefnd gera tillögu til fræðslumálastjóra um skipun eða setningu, nema hún óski þess, að staðan verði auglýst laus til umsóknar.

#### 20. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til fræðslumálastjóra um árlegan starfsmánaðafjölda skóla síns, svo og um breytingar á þegar ákveðnum starfstíma, ef aðstaða breytist vegna nemendafjölda o. fl. Skal skólanefnd gæta hagsýni í þessu efni.

#### 21. gr.

Vikulegur kennslustundafjöldi kennara er ákveðinn í lögum, en heimilt er skólastjóra með samþykki skólanefndar og fræðslumálastjórnar að fækka skyldustundum kennara, ef sérstök ástæða þykir til, vegna annarra starfa í þágu skólans eða mikillar heimavinnu vegna kennslugreina sinna. Einnig má taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðinn er árlegur starfsmánaðafjöldi kennara.

#### 22. gr.

Í fjölsóttum skólum getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, skipað einn af föstum kennurum skóla sem yfirkennara. Skal hann vera skólastjóri til aðstoðar í starfi hans.

#### 23. gr.

Kennsluskylda skólastjóra er ákveðin í erindisbréfi þeirra. Þó getur skólanefnd gert tillögur til fræðslumálastjórnar um fækkun skyldustunda skólastjóra, ef þess er talin brýn þörf vegna annarra starfa í þágu skólans.

## VI. Um kennslu og próf.

### 24. gr.

Skólanefnd hefur ekki bein afskipti af sjálfu kennslustarfi skólanna, stunda-skrám, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara. Hins vegar ber henni að fylgja-ast með störfum skólanna eftir föngum og gera námstjóra eða fræðslumálastjóra aðvart, ef um alvarlegar misfellur er að ræða. Þá skal skólanefnd sjá um, að skóli starfi tilskilinn tíma ár hvert.

### 25. gr.

Um próf fer eftir reglugerð þar um. Skólanefnd getur, að fenginni umsögn skólustjóra, veitt leyfi til þess, að nemandi ljúki barnaprófi, fullnaðarprófi eða unglingsprófi einu ári fyrr en almennt er ætlað til lögum samkvæmt. Þess skal vel gætt í þessu sambandi að veita aðeins mjög duglegum og vel þroskuðum nemendum umrætt leyfi og því aðeins, að þeir haldi áfram námi.

## VII. Um námstjóra.

### 26. gr.

Námstjórar eru leiðbeinendur og eftirlitsmenn skólanna. Skólanefnd getur því leitað álits og aðstoðar námstjóra, eftir því sem hún telur ástæðu til. Á sama hátt ber skólanefnd að aðstoða námstjóra, veita honum eftir föngum þær upp-lysingar, sem hann kann að óska eftir, og aðstoða hann í störfum, eftir því sem kostur er.

## VIII. Um fjármál.

### 27. gr.

Reikningsár skólanna miðast við almanaksár. Skólanefnd semur áætlun um kostnað við skólahald ár hvert, svo og stofn-kostnað, ef um er að ræða, og sendir sveitarstjórn fyrir þann tíma, er hún ákveður. Einnig sendir skólanefnd fræðsluráði samrit áætlunar sinnar, ef það óskar þess.

### 28. gr.

Nú getur framfærandi skólaskylds nemanda fyrir fátæktar sakir, að dómi skóla-nefndar, ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist hans, og skal þá sá kostnaður greiddast að einhverju eða öllu leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sem önnur gjöld til skólahalds.

### 29. gr.

Oddviti sveitarstjórnar annast allar greiðslur vegna skólanna, nema aðrar ráð-stafanir hafi verið gerðar í samráði við skólanefnd. Formaður skólanefndar áritar alla reikninga, en þó getur skólanefnd falið öðrum að gera það eftir samkomulagi, t. d. skólustjóra.

### 30. gr.

Um reikningshald vegna kostnaðar við skólahald og stofnkostnað skal farið eftir lögum og reglugerð þar að lútandi.

### 31. gr.

Svo fljótt sem auðið er eftir hver áramót, skal reikningshaldari gera reikning yfir kostnað vegna skólahalds og senda hann fræðslumálastjóra og fjármálaeftirlits-manni skóla.

Fræðslumálastjóri leggur til eyðublað undir skólareikninginn, og skal hann færður og áritaður samkvæmt því, er eyðublaðið gerir ráð fyrir.

**IX. Um skýrslugerð o. fl.****32. gr.**

Skólastjóri semur skýrslur um skólahlald, próf o. fl., en formaður skólanefndar staðfestir réttmæti þeirra og veitir skólastjóra upplýsingar eftir þörfum. Skýrslur þessar og skólareikninga skal senda fræðslumálastjóra eigi síðar en fyrir 1. júlí ár hvert.

**33. gr.**

Skólanefnd heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir. Óski einn eða fleiri skólanefndarmenn eftir fundi, skólastjóri eða námstjóri, skal formaður nefndarinnar boða til fundar, svo fljótt sem auðið er.

Skólastjóri skal jafnan boðaður á skólanefndarfund. Skólastjóri og námstjóri hafa málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum.

Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi.

Skólanefndarmenn hafa ekki atkvæðisrétt í þeim málum, er varða þá persónulega.

**34. gr.**

Skólanefnd velur einn mann úr sínum hópi til þess að vera ritari nefndarinnar.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir og ályktanir skólanefndar, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina.

Fundargerðabók, afrit af skýrslum og sendum bréfum skulu vera í vörzlu formanns skólanefndar eða öðrum öruggum og tiltækilegum stað, ef hentara þykir.

**35. gr.**

Formaður skólanefndar, sem jafnframt er trúnaðarmaður fræðslumálastjórnar í nefndinni, annast um framkvæmd samþykpta eða ályktana skólanefndar, svo og önnur atriði, sem fram eru tekin í erindisbréfi þessu.

**36. gr.**

Kostnaður við störf skólanefndar greiðist úr sveitarsjóði sem önnur gjöld við skólahlald.

**X. Um einkaskóla.****37. gr.**

Skólanefnd skal ganga eftir því með auglýsingu eða á annan hátt, að þeir einstaklingar, sem hafa smábarnaskóla eða taka að sér kennslu fræðsluskyldra nemenda, sendi skólanefnd fullnægjandi skýrslu um húsakynni, hollustuhætti skólans og þeirra, sem þar eiga að starfa.

Fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, sem sækja löggilta einkaskóla, þarf eigi undanþágu frá að sækja almenna skóla, en skólanefnd skal ganga eftir því, að forstöðumaður einkaskólans sendi henni í byrjun hvers skólaárs skrá yfir fræðsluskylda nemendur, sem sækja skóla hans, og tilkynni henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

**XI. Um ágreining.****38. gr.**

Verði ágreiningur út af ákvæðum erindisbréfs þessa, má leggja hann undir úrskurð fræðslumálastjóra, en þeim úrskurði má áfrýja til menntamálaráðuneytisins.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## ERINDISBRÉF

fyrir skólastjóra í barna- og gagnfræðastigsskólum.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Skólastjóri stjórnar allri starfsemi skóla síns eftir þeim lögum og reglum, sem þar um gilda á hverjum tíma, og ber ábyrgð á henni gagnvart skólanefnd og fræðslumálastjórn.

#### 2. gr.

Þegar rétt er um skólanefnd í erindisbréfi þessu, á það eins við um fræðsluráð, þar sem það hefur á hendi störf skólanefndar.

#### 3. gr.

Skólastjóri skal leitast við að haga störfum í skóla sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir skólanemenda. Hann skal hlutast til um, að skólinn hjálpi nemendum að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, sé á verði um heilbrigði þeirra og veiti þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.

### II. Um nemendur.

#### 4. gr.

Skólanefnd lætur skólastjóra í té í tæka tíð, áður en skóli hefst, skrá um þá nemendur, sem sækja eigi skóla. Sæki skólaskyldur nemandi ekki skóla á tilsettum tíma, ber skólastjóra að kynna sér ástæður fyrir því og gera skólanefnd aðvart, ef ekki rætist úr.

#### 5. gr.

Til skólastjóra skal sækja um undanþágu fyrir nemendur frá skólavist um stundarsakir af öðrum ástæðum en veikindum. Komi nemandi ekki í skóla af heilsufarsástæðum, skal það tilkynnt skólanum. Skólastjóri getur krafizt læknisvottorðs.

Í barnaskólum, þar sem sérstakir vor- og haustskólar starfa, er skólastjóra heimilt, í samráði við skólanefnd, að veita börnum undanþágu frá skólagöngu vegna sumardvalar eða sumarstarfs, enda sé kunnáttu barnsins og aðrar ástæður því ekki til fyrirstöðu.

#### 6. gr.

Skólastjóri hefur rétt til að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir, ef hann gerist brotlegur.

Nemanda, sem að dómi skólastjóra og kennara er óhafandi með öðrum nemendum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni og hefur ekki látið skipast við áminn-

ingu, er skólustjóra heimilt að víkja úr skóla að fullu og öllu, enda hafi hann leitað álits skólanefndar og námstjóra.

## 7. gr.

Skólustjóri skýtur þeim málum skólans til barnverndarnefndar, sem undir nefndina heyra, og gerir tillögur um ráðstafanir á vandræðanemendum eða þeim, sem eru hjálparþurfi.

## III. Um starfskiptingu og stundaskrár.

## 8. gr.

Við samningu stundaskrár gæti skólustjóri þess varðandi námsefni að fara eftir ákvæðum þeirrar námskrár, sem í gildi er á hverjum tíma, og fylgjast með því, að nemendur hafi hóflega heimavinnu vegna skólanámsins. Einnig verði þess gætt, að stundaskrá nemenda verði sem samfelldust. Rétt er, að sem minnstrar heimavinnu sé krafizt af nemendum undir næsta kennsludag eftir helgidag eða leyfi. Skytt er skólustjóra og kennurum að styðja holla félagsstarfsemi nemenda í skólanum. Eigi skal amast við þess konar starfsemi utan skólans eða menntandi námi í öðrum greinum en þeim, sem kenndar eru í skólanum, svo fremi að nemandi þurfi ekki að vanrækja skólanámið þess vegna.

## 9. gr.

Skólustjóri skiptir störfum með kennurum við kennslu, eftirlit og umsjón í skóla og á leiksvæði, próf eða önnur störf í samræmi við erindisbréf fyrir kennara. Hann semur eða lætur semja stundatöflur og skipar nemendum í deildir. Gæta skal hann hagsýni í verkaskiptingu bæði með tilliti til nemenda, kennara og rekstrarkostnaðar skólans.

## 10. gr.

Daglegur starfstími kennara í skólanum skal vera samfelldur, nema skólustjóri og kennarar eða kennarafundur verði ásáttir um annað.

Starfstími skóla er á tímabilinu kl. 9 — 17 með matarhléi á venjulegum matmálstíma.

Hefji skóli starf fyrir kl. 9.00, skal hann ljúka störfum þeim mun fyrr. Á laugardögum skal kennslu lokið kl. 12.30, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 11. gr.

Skólustjóra er skytt að kynna sér störf kennara í skólanum og árangur þeirra. Þá skal hann og gera sér far um að veita kennurum allt það lið, sem hann má, með ráðum og leiðbeiningum, og þá einkum ungum og öreyndum kennurum.

## 12. gr.

Skólustjóri skal hafa samráð við námstjóra eða fræðslumálastjóra, ef um verulegar breytingar er að ræða á skiptingu eða meðferð námsefnis frá því, er námskrá gerir ráð fyrir, svo og um próf og ýmis vandamál skólans, eftir því sem ástæður eru til. Heimilt er skólustjóra að leita álits sömu aðila um önnur atriði skólustarfsins.

## 13. gr.

Í fjölmennum skólum getur skólustjóri í samráði við skólanefnd og námstjóra leitað samþykkis sveitarstjórnar til þess að fá einn af föstum kennurum skóla fyrir yfirkennara sér til aðstoðar í starfi sínu.

## IV. Um kennsluskyldu skólustjóra o. fl.

## 14. gr.

Kennsluskylda skólustjóra fer eftir tölu fastra kennara, sem skólinn á rétt til samkvæmt nemendafjölda.

Stjórnri skólustjóri bæði barna- og gagnfræðastigsskóla, miðast afsláttur hans í kennsluskyldu við samanlagðan kennarafjölda eftir nánari ákvörðun fræðslumálastjóra. Kennsluskylda skólustjóra í barnaskóla skal að jafnaði vera á viku sem hér segir:

Í skóla með	1— 2	kennurum <sup>1)</sup>	.....	33	kennslustd. á viku		
— — —	3	—	.....	30	—	—	—
— — —	4	—	.....	27	—	—	—
— — —	5	—	.....	24	—	—	—
— — —	6	—	.....	21	—	—	—
— — —	7— 8	—	.....	18	—	—	—
— — —	9—11	—	.....	15	—	—	—
— — —	12—16	—	.....	12	—	—	—
— — —	17—20	—	.....	9	—	—	—
— — —	21 o.fl.	—	.....	6	—	—	—

Miðað er við 40 mín. kennslustund.

Í heimavistarbarnaskólum má með samþykki fræðslumálastjóra minnka kennsluskyldu skólustjóra um 2—4 stundir á viku frá því, er að ofan greinir, ef ástæða þykir til.

## 15. gr.

Í skólum gagnfræðastigsins skal kennsluskylda skólustjóra að jafnaði vera þessi:

## A. Í heimangönguskólum:

Með færri en	75	nem.	.....	24	std. á viku
—	75	að 100	—	21	— — —
—	100	— 150	—	18	— — —
—	150	— 200	—	15	— — —
—	200	— 300	—	12	— — —
—	300	— 400	—	9	— — —
—	400	o. fl.	—	6	— — —

## B. Í heimavistarskólum:

Með færri en	75	nem.	.....	18	std. á viku
—	75	að 100	—	15	— — —
—	100	— 125	—	12	— — —
—	125	— 150	—	9	— — —
—	150	o. fl.	—	6	— — —

Miðað er við 45 mín. kennslustund.

## 16. gr.

Kennsluskylda skólustjóra skal minnka við 55 og 60 ára aldur um sama stunda-fjölda og gildir um kennara við hlutaðeigandi skóla. Einnig er skólanefnd heimilt að draga úr kennsluskyldunni um stundarsakir í samráði við námstjóra og fræðslu-

1) Skólustjóri er alls staðar meðtalinn.

málastjóra, ef eigi verður talið komið hjá því vegna annarra starfa skólastjóra í þágu skólans.

## 17. gr.

Um kennslustarf skólastjóra og samskipti hans við nemendur skólans gilda sömu reglur og eru í erindisbréfi fyrir kennara.

## 18. gr.

Skólastjóri skal hafa ákveðinn viðtaltíma, ef þurfa þykir, og haga þeim tíma þannig, að sem minnstri truflun valdi í skólastarfinu.

## 19. gr.

Þar sem því verður við komið, skal skólastjóri halda foreldrafund a. m. k. einu sinni á skólatímanum. Einnig skal hann hvetja kennara sína til þess að hafa sem nánast samband við forráðamenn nemenda sinna.

Markmið foreldrafunda er að efla gagnkvæman skilning og samstarf milli skóla og heimila.

## 20. gr.

Það er skylda skólastjóra að gæta ýtrustu samvizkusemi í öllum störfum sínum. Hann skal kappkosta að vera kennurum sínum og nemendum til fyrirmyndar í allri framkomu. Hann skal líta eftir því, að nemendur og kennarar séu stundvísir og fylgi reglum skólans og fyrirmælum.

Geti skólastjóri ekki komið í skólann á réttum tíma sökum forfalla eða af öðrum ástæðum, ber honum að gera skólanum eða skólanefnd aðvart um það.

## V. Um ágreining í starfi o. fl.

## 21. gr.

Verði ágreiningur milli skólastjóra og kennara eða annarra, sem undir stjórn hans eru, og náist ekki samkomulag, getur annar hvor aðilinn eða báðir lagt málið undir úrskurð skólanefndar og námstjóra. Verði missætti milli skólastjóra og skólanefndar eða námstjóra, skal leita úrskurðar fræðslumálastjóra.

Kæri annar hvor deiluaðili, er honum skylt að tilkynna hinum það og færa fram ástæður. Takist ekki að koma á sáttum eða annar aðilinn er óánægður með gefinn úrskurð, getur hann skotið máli sínu til menntamálaráðherra, og verður úrskurði hans ekki áfrýjað, nema málið heyri undir dómstólana.

## 22. gr.

Sé um mjög þungar sakir á hendur skólastjóra að ræða, getur skólanefnd vikið honum úr stöðu sinni um stundarsakir fyrirvaralaust, en tilkynna skal fræðslumálastjóra það tafarlaust.

## VI. Um samband skólastjóra og skólanefnda.

## 23. gr.

Skólastjóri á sæti á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

## 24. gr.

Skólastjóra ber að gera skólanefnd aðvart, þegar endurbóta eða aðgerða er þörf á skólahúsi, húsbúnaði eða kennslutækjum, einnig ef útvega þarf bækur, ritföng, kennsluáhöld, handavinnu efni o. fl.

Ef um nýbyggingu eða endurbætur á skólahúsnaði er að ræða, skal skólastjóri vera með í ráðum um alla tilhögun.



Skólastjóri hefur umráðarétt yfir öllum innanstokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og heldur eða lætur halda skrá um þau. Hann getur þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins. Skólastjóri hefur fullan umráðarétt yfir skólahúsi til afnota fyrir nemendur skólans og kennara, og hafa skal samráð við hann um notkun skólahúsnaðis að öðru leyti. Hann hefur eftirlit og umsjón með, að hitun, lýsing og ræsting sé í lagi.

## 25. gr.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur um kennara-stöður. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, er skólastjóra heimilt að gera tillögur um kennaraval til fræðslumálastjóra, enda fylgi þeim rökstudd greinargerð. — Stunda- og forfallakennara ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar.

## 26. gr.

Sveitarstjórn ræður annað starfsfólk barnaskóla en kennara og ráðskonu við heimavistarskóla, en skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um ráðningu þess. Skólastjóri heimavistarskóla ræður ráðskonu með samþykki skólanefndar.

Í skólum gagnfræðastigsins ræður skólastjóri ofangreint starfsfólk með samþykki skólanefndar.

Þeir aðilar, sem ráða framangreint starfsfólk, geta sett því erindisbréf, og skal leita staðfestingar fræðslumálastjóra á því.

Skólastjóri skal líta eftir, að starfsfólkið leysi störf sín vel og samvirkusamlega af hendi.

## VII. Um próf, skýrslugerðir o. fl.

## 27. gr.

Próf skulu fara fram samkvæmt ákvæðum prófreglugerðar.

Skólastjóri sér um undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við kennara skóla. Prófstörf jafngilda kennslustörfum. Skólastjóri sér um, að kennarar geri nauðsynlegar prófskýrslur.

## 28. gr.

Sýni próf nemenda, sem fengið hafa undanþágu frá skólagöngu, að heimanám þeirra hafi ekki borið viðunandi árangur, gerir skólastjóri skólanefnd og námstjóra aðvart um það.

## 29. gr.

Svo fljótt sem auðið er að loknum vorprófum, og eigi síðar en fyrsta júlí, skal skólastjóri senda fræðslumálastjóra og námstjóra skýrslu um skólahald, próf o. fl., sem fræðslumálastjóri mælir fyrir um. Enn fremur skal hann senda Ríkisútgáfu námsbóka beiðni um ókeypis námsbækur fyrir næsta skólaár.

## 30. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að í skjalasafni skólans séu öll helztu lög og reglugerðir um skólamál, sem eru í gildi á hverjum tíma. Þá skulu og geymast í skjalasafni öll embættisbréf, svo og eintak af öllum ársprófsverkefnum skólans.

## 31. gr.

Í lok skólatímans ár hvert skal skólastjóri athuga við setta eða ráðna kennara, hvort þeir ætla að skipta um stöðu næsta skólaár, og gera skólanefnd aðvart um, ef svo er. Einnig ber skólastjóra í samráði við skólanefnd að láta kennara vita, um það bil er kennslu lýkur, hvort óskað muni eftir kennarskiptum.

Á sama hátt ber skólustjóra að láta skólanefnd vita, ef hann ætlar að skipta um stöðu, og skólanefnd að tilkynna settum skólustjóra, ef hún ætlar að láta auglýsa stöðu hans.

### VIII. Um kennarafundi.

#### 32. gr.

Skólustjóri stýrir kennarafundum og boðar til þeirra, er hann telur þess þörf eða þriðjungur fastra kennara óskar þess. Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalaus, séu þeir boðaðir í starfstíma skólans.

Stundakennurum er heimilt að sitja kennarafundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Bóka skal gjörðir kennarafunda.

#### 33. gr.

Skólustjóri skal kynna fyrir samkennurum sínum ný lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli, er honum berast frá yfirboðurum sínum og varða störf eða kjör kennara.

Hið sama gildir einnig, ef skólustjóri hefur hug á verulegum breytingum á starfsháttum eða skipan í skóla sínum.

Þar sem 3 eða fleiri fastir kennarar starfa við skóla auk skólustjóra, skulu ofangreind mál rædd á kennarafundi.

#### 34. gr.

Kennarafundir skulu vera ráðgefandi aðilar um stjórn skóla, nema ákvæði í lögum eða reglugerð ákveði annað. Verði ágreiningur milli skólustjóra og meiri hluta kennarafundar, getur hvor aðili um sig skotið máli sínu undir úrskurð fræðslumálastjórnar.

### IX. Um störf kennara, leyfi o. fl.

#### 35. gr.

Ef kennari vanrækir starf sitt, veldur því ekki eða gerir sig sekan um ósæmi-lega framkomu, skal skólustjóri fyrst ræða málið við hlutaðeigandi kennara og leitast þannig við að bæta úr misfellum. Beri það ekki árangur, skal skólustjóri leggja málið fyrir skólanefnd og námstjóra, og fer um framhaldsafgreiðslu þess eftir því, er um getur í erindisbréfi fyrir kennara.

Kæru um misfellu í starfi eða framferði kennara skal jafnan tilkynna kennaranum og gera skriflega grein fyrir ástæðum.

#### 36. gr.

Skólustjóra er skylt, þegar yfirstjórn skólans óskar þess, að gera grein fyrir því, hvernig hver einstakur kennari innir starf sitt af hendi.

#### 37. gr.

Skólustjóra er heimilt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að veita kennara leyfi frá störfum, sem svarar allt að einum degi á mánuði þann tíma, sem skóli starfar. Sé um lengri leyfi að ræða, þarf samþykki skólanefndar og fræðslumálastjóra.

#### 38. gr.

Sé kona skólustjóri og eigi hún von á barni, skal hún að jafnaði fá 6 vikna leyfi frá störfum fyrir og 6 vikur eftir barnsburð — eða samtals 90 daga.

Um veikindaforföll skólustjóra og kennara gilda á hverjum tíma ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og ákvæði reglugerða, sem settar hafa verið eða verða í samræmi við þau lög.

39. gr.

Um orlof eftir 10 ára starf gilda ákvæði í lögum fyrir viðkomandi skólustig.

40. gr.

Purfi skólustjóri að fá leyfi frá störfum, sem samsvarar 1 degi í mánuði eða skemmri tíma á skólaárinu, gerir hann skólanefnd aðvart um það, enda annist hann um staðgengil sinn, ef með þarf, en sé um lengri tíma að ræða, þarf til þess samþykki skólanefndar og fræðslumálastjóra.

### X. Um heilbrigðismál.

41. gr.

Skólustjórum og kennurum ber að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska og heilsufari nemenda sinna, eins og unnt er, gæta þess eftir föngum, að vel sé að þeim búið í skólanum, varast að ofþyngja þeim í námi og leitast við að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur. Þeir skulu jafnan vera vel á verði um allt, er bent getur til, að nemandi sé andlega eða líkamlega vanheill eða miður sín, og koma slíkum nemanda í hendur skólalækni hið fyrsta, og hlíta skulu þeir fyrir mælum skólalæknis um meðferð á gæzlunemendum.

Að öðru leyti fer um lækni skoðun, undanþágu frá skólagöngu af heilsufarsástæðum o. fl. eftir ákvæðum reglugerðar um heilsuvernd í skólum.

42. gr.

Skólustjóri gerir, þegar þörf krefur og í samráði við skólalækni og barnaverndarnefnd, tillögur til skólanefndar um almennar hreinlætis- og heilbrigðisráðstafanir í skólanum, t. d. matar-, lýsis- eða mjólkurgjafir.

43. gr.

Verði ágreiningur milli skólustjóra og annarra aðila um ákvæði þessa erindisbréfs, skal leita úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Ef ekki er unnt eftir ákvæðum 10. gr. að semja stundaskrá, sem fullnægi gildandi námsskrá, vegna þess að tví- eða þrisetning í skólahúsnæði er óhjákvæmileg eða kennsla sérgreina verður að fara fram á öðrum tímum en þar segir, þá má skólinn starfa lengur en greinin gerir ráð fyrir, sbr. 31. grein laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

## ERINDISBRÉF

fyrir kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Kennara, sem skipaður er, settur eða ráðinn til þess að gegna stöðu við skóla, er skylt að gegna starfi sínu samvirkusamlega í samræmi við þau lög, reglur og fyrirmæli um kennslu og skólamál, sem gilda á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Kennarar skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf, efla andlegan og líkamlegan þroska þeirra og veita þeim fræðslu, hverjum eftir sínum þroska.

#### 3. gr.

Kennari skal kappkosta að vera nemendum til fyrirmyndar í hegðun sinni og framkomu allri. Hann skal leggja kapp á að glæða starfsáhuga nemenda sinna og skapa hjá þeim hollar og heilbrigðar venjur. Refsingum skal aldrei beitt nema að yfirlögðu ráði, þegar mildari aðferðir hafa ekki borið árangur. Gæta skal kennari þess að ámæla aldrei nemanda né hegna honum fyrir hæfileikaskort, og yfirleitt ber honum að varast allt, er vakið getur eða aukið minnimáttarkennd hjá nemendum.

#### 4. gr.

Kennari skal leggja áherzlu á, að börnin læri að hugsa og starfa sjálfstætt. Gæta skal hann þess að skýra vel ný atriði í námsgreinum og stilla öllum kröfum til nemenda svo í hóf, að þær verði þeim ekki ofviða, en fylgjast vel með því, að þeir uppfylli eftir beztu getu þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar.

### II. Starfstími kennara.

#### 5. gr.

Kennara er skylt að kenna þann kennslustundafjölda á viku, sem lög og reglur ákveða. Með samþykki fræðslumálastjóra geta önnur nauðsynleg störf í þágu skólans komið í stað kennslu að einhverju leyti.

#### 6. gr.

Fækka skal kennslustundum kennara, er þeir verða 55 og 60 ára, um þann stundafjölda á viku, sem tilgreindur er í lögum hlutaðeigandi skóla.

#### 7. gr.

Stundahlé ber að skoða sem starfstíma kennara. Heimavinna vegna undirbúnings kennslustunda og úrvinnslu verkefna frá nemendum, sem ekki er greitt fyrir sérstaklega samkvæmt reglugerð eða ráðuneytisbréfi, telst jafngilda 50% af kennslustundafjölda kennarans. Prófstörf kennara jafngilda kennslustörfum. Þóknun fyrir framangreinda heimavinnu og prófstörf er innifalin í föstum launum kennara.

#### 8. gr.

Daglegur starfstími kennara í skólanum skal vera samfelldur, nema skólustjóri og kennarar eða kennarafundur verði ásáttir um annað.

Starfstími skóla er á tímabilinu kl. 9—17 með matarhléi á venjulegum matmálstíma.

Hefji skóli starf fyrir kl. 9.00, skal hann ljúka störfum þeim mun fyrir. Á laugardögum skal kennslu lokið kl. 12.30, nema sérstaklega sé um annað samið.

### III. Helztu störf.

#### 9. gr.

Á þeim tíma, sem kennara ber að vera í skólanum, skal hann:

- 1) annast kennslu samkvæmt stundaskrá og undirbúa næstu kennslustund í stundahléi,
- 2) hafa umsjón með söfnum og áhöldum eða annast önnur skyld störf í þágu skólans,
- 3) fylgjast með því, að borð, sæti, birta, loftræsting, hreinlæti og annað, er snertir aðbúnað nemenda í skólanum, sé þannig, að þeir fái sem best notið kennslunnar,
- 4) hafa umsjón með einstökum deildum skólans og heimavistarnemendum, þar sem þeir eru,
- 5) hafa umsjón og eftirlit í stundahléum eftir þörfum skólans og aðstöðu kennara, annast um að nemendur hlýði settum reglum og fyrirmælum, meðan þeir eru í skólanum, bæði innan húss og á leiksvæði,
- 6) færa reglulega dagbækur, nemendaskrár og einkunnabækur, enn fremur aðrar nauðsynlegar skýrslur eftir samkomulagi við skólastjóra,
- 7) úthluta bókum og áhöldum til nemenda, eftir því, sem fyrir hann er lagt,
- 8) gefa stjórn skólans upplýsingar um nemendur, þegar þess er óskað,
- 9) aðstoða við móttöku og skráningu nýrra nemenda og próf,
- 10) hafa samband við forráðamenn nemenda sinna, ef þurfa þykir,
- 11) veita að öðru leyti þá hjálp í þágu skólans og starfsemi hans, sem óskað kann að verða eftir af stjórn skólans og er í samræmi við gildandi lög og reglur um kennslu og skólamál,
- 12) vera nemendum sínum til fyrirmyndar um stundvísí og háttvísí.

#### 10. gr.

Telji kennari þörf á endurbótum á áhöldum skólans eða öðru, sem snertir kennslustarfið, skal hann ræða um það við skólastjóra.

### IV. Um nemendur.

#### 11. gr.

Kennari skal þann tíma, er skóli starfar, gera sér far um að fylgjast sem best með nemendum í þeim deildum, er hann kennir eða hefur aðalumsjón með. Telji kennari framkomu nemanda, námsgetu, ástundun eða aðbúð athugaverða, skal hann eftir föngum kynna sér orsakir þess og gera skólastjóra aðvart um það. Kennari leiðbeini nemendum um heimanám, eftir því sem við verður komið.

#### 12. gr.

Sýni nemandi mótþróa eða óhlýðni eða veitist kennaranum erfitt að halda uppi aga og geti hann ekki kippt því í lag sjálfur, ber honum að tilkynna það skólastjóra og tjá honum alla málavöxtu.

**V. Um leyfi frá störfum.****13. gr.**

Geti kennari ekki komið á réttum tíma til kennslu eða forfallist hann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, ber honum að tilkynna skólastjóra það þegar í stað.

**14. gr.**

Kennslukona, sem á von á barni, skal að jafnaði fá 6 vikna leyfi frá störfum fyrir og 6 vikur eftir barnsburð — eða samtals 90 daga.

Að öðru leyti en að framan greinir fer um veikindaforföll kennara, réttindi þeirra og skyldur eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og reglugerðum, sem settar hafa verið eða verða settar í samræmi við þau lög.

**15. gr.**

Þurfi kennari að fá leyfi frá störfum, sem svarar allt að einum degi í mánuði þann tíma, sem skóli starfar, skal hann sækja um það til skólastjóra, en sé um lengri tíma að ræða, þarf einnig samþykki skólanefndar og fræðslumálastjóra.

**16. gr.**

Um orlof eftir 10 ára starf gilda ákvæði í lögum fyrir viðkomandi skólastig.

**VI. Um ágreining í starfi o. fl.****17. gr.**

Nú greinir kennara og skólastjóra verulega á um einhver atriði í starfi kennarans, og náist ekki samkomulag, getur annar hvor aðilinn eða báðir lagt málið undir álit eða úrskurð skólanefndar.

Kæri annar hvor aðilinn, er honum skylt að tilkynna hinum það og færa fram ástæður.

**18. gr.**

Nú tekst skólanefnd ekki að koma á sáttum, eða annar aðilinn er óánægður með úrskurð hennar, getur hann þá skotið málinu til námstjóra og fræðslumálastjóra. Takist þá eigi sættir, skal vísa málinu til menntamálaráðherra. Úrskurði ráðherra verður eigi áfrýjað, nema málið heyri undir dómstóla.

**19. gr.**

Sé um mjög alvarlegar eða þungar sakir að ræða á hendur kennara og hann láti eigi skipast við áminningu, getur skólanefnd vikið honum úr stöðu sinni um stundarsakir fyrirvaralaust, en tilkynna skal nefndin það fræðslumálastjóra tafarlaust.

**VII. Ýmis ákvæði.****20. gr.**

Kennarar skulu gera sér far um að kynna sér nýjungar í kennslustörfum, enn fremur sæki þeir kennaranámskeið og kennaraþing, eftir því, sem ástæður þeirra leyfa.

**21. gr.**

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.

3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvornig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinnna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs eða ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinnna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

### Fundarsköp bæjarstjórnar.

#### 3. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

#### 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

## 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samræði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda, skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef 4 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

## 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmæltri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en laugardag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00, tveimur dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tilagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 st. fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

## 9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal með sama fyrirvara send blöðum á Akureyri.

Heimilt er að fella niður auglýsingu og tilkynningu til blaða, skv. þessari grein, ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara, að slíku verði ekki við komið, eða hafa skemmri fyrirvara en greindir eru í 1. og 2. mgr.



## 10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

## 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meiri en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukattillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

## 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins og bæjarfyrirtækja, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

## 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða bæjarfulltrúi. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

## 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

## 15. gr.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

## 16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerða hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

## 17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Fjórir bæjarfulltrúar hið fæsta, geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

## 19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert undan falla, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

## III. KAFLI

## Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

## 20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

## 22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

## 23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamann, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

## IV. KAFLI

## Um bæjarráð.

## 25. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir fimm bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 4 e. h. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

## 26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Akureyjarbæjar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

## 27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

## 28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu er málefni, sem störf þeirra snerta og bæjarstjóri eða bæjarráð óskar, að þeir sitji fund.

V. KAFLI  
Um nefndir o. fl.

## 29. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál-efni, eftir því sem lög mæla fyrir eða samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

A. *Til eins árs á fyrri fundi í júní ár hvert:*

1. Bæjarráð: 5 bæjarfulltrúa og 5 til vara.
2. Byggingarnefnd: 2 bæjarfulltrúa og 2 menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.
3. Framfærslunefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
4. Hafnarnefnd: 2 bæjarfulltrúa og 2 menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.
5. Rafveitunefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
6. Þjóðhátíðarnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
7. Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara. (Kjörstjórn við alþingiskosningar, er jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.)
8. Endurskoðendur bæjarreikninga: 2 aðalmenn og 2 til vara.

B. *Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:*

1. Krossanesstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
2. Sjúkrahússtjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.
3. Elliheimilisstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
4. Lystigarðsstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.
5. Bókasafnsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
6. Framtalsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
7. Heilbrigðisnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
8. Umferðarnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
9. Skipulagsnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
10. Fjallskilastjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara.
11. Vinnuskólanefnd: 4 aðalmenn og 4 til vara.
12. Botnsnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
13. Fræðsluráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
14. Iðnskólanefnd: 4 aðalmenn og 4 til vara.
15. Húsmæðraskólanefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
16. Íþróttaráð: 4 aðalmenn og 4 til vara.
17. Æskulýðsráð: 5 aðalmenn samkv. tilnefningu og 5 til vara.
18. Sjúkrasamlagsstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
19. Stjórn Eftirlaunasjóðs: 2 aðalmenn og 2 til vara.
20. Stjórn Sparisjóðs Akureyrar: 2 aðalmenn og 2 til vara.
21. Náttúruverndarnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
22. Áfengisvarnarnefnd: 6 aðalmenn og 6 varamenn.
23. Barnaverndarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
24. Byggðasafnsstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.

C. *Til fjögurra ára:*

1. Einn mann til að annast forðagæzlu.
2. Einn mann til að annast millimat og einn til vara.
3. Einn mann í merkjadóm og einn til vara.
4. Einn markavörð og einn til vara.
5. Fimmtán menn í sjó- og verzlunardóm.
6. Tvo sáttamenn og 2 til vara.

7. Einn mann í stjórn Veiðifélags Eyjafjarðarár og einn til vara.
  8. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
  9. Níu menn í fulltrúaráð Norðlenskra byggðasafnsins á Akureyri og jafnmarga til vara.
  10. Fjóra menn á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og 4 til vara.
- D. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða.

### 30. gr.

Um skipan nefnda, valdssvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

## VI. KAFLI

### Um starfsmenn bæjarins.

#### 31. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim laun, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastir starfsmenn bæjarins teljast þeir einir, er bæjarstjórn hefur skipað og eru jafnframt félagar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar og taka laun samkvæmt launasamþykkt bæjarins eða sérsamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðin störf.

Bæjarstjórn getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins og sett þeim erindisbréf. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í starf, á rétt á að halda starfinu, meðan hann rækir það þannig, að ekki verði að fundið.

## VII. KAFLI

### Um bæjarstjóra.

#### 32. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

## 33. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

## 34. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

## 35. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

## 36. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sanningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema komi til samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávisi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

## 37. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum.

Hann hefur með höndum daglega stjórn á fjármálum bæjarins undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal á innheimtu tekna bæjarins og umsjón með öllum skrifstofum hennar.

## VIII. KAFLI

## Um endurskoðendur.

## 38. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 88 31. maí 1946, um stjórn bæjar-  
málefna í Akureyrarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Bændasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps,  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. ágúst 1962.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bændasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Önnu Sigurjónsdóttur og Bjarna Jónas-  
syni, hreppstjóra í Blöndudalshólum á sjötugsafmæli hins síðarnefnda.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur — gjöf þeirra hjóna,  
sem hefur verið afhent hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps, en nefndin hefur yfir-  
stjórn sjóðsins á hendi og setur honum skipulagsskrá í samráði við gefendur.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að safna, eftir því sem tók eru á, myndum af öllum körlum og konum, sem  
búið hafa eða búa í Bólstaðarhlíðarhreppi fyrr eða síðar og öðrum, er gegnt  
hafa þar mikilsverðum störfum.
2. Að færa stutt æviágrip þessa fólks.
3. Að varðveita þessar minjar á öruggum stað innan héraðs.

### 5. gr.

Af stofnfé sjóðsins má verja þegar í byrjun kr. 3000.00 — þjú þúsund krónum —  
til þess að taka myndir af búendum Bólstaðarhlíðarhrepps 1961.

### 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að áskotnast.
- c. Fé, sem sveitarsjóður Bólstaðarhlíðarhrepps leggur til starfseminnar með sér-  
stakri fjárveitingu hverju sinni.

## 7. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps kýs 3 menn í stjórn sjóðsins. Í fyrsta sinn 1961, til eins árs, en svo eftir það jafnan til fjögurra ára að afstöðnum hreppsnefndarkosningum hverju sinni.

Þessi eru störf stjórnarinnar:

1. Að vinna að myndasöfnun, æviskrárritun og öðru því, sem um getur í 4. gr. reglugerðar þessarar.
2. Að ávaxta fé sjóðsins í Innlánsdeild Kaupfélags Húnavetninga á Blönduósi, eða Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi.
3. Að halda gerðabók, en þar skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, árlega skýrslu um framkvæmdir sjóðsins og reikninga hans.
4. Að semja árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og leggja fyrir hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps til úrskurðar.
5. Að gera árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og sé reikningurinn einn af fylgireikningum sveitarsjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskráin þannig samþykkt.

Bólstaðarhlíðarhreppi, 15. apríl 1962.

Jón Tryggvason.

Bóas Magnússon.

Haraldur Eyjólfsson.

Blöndudalshólum, 15. apríl 1962.

Bjarni Jónasson.

Anna Sigurjónsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Pétursdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Pétursdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning Jóhönnu Pétursdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jóhönnu Pétursdóttur, handavinnukennara stúlkna við barna- og unglingaskóla Bolungarvíkur. Jóhanna var fædd í Bolungarvík 20. júlí 1917 og lézt hinn 25. febrúar 1962. Hún kenndi við skólann frá 1952—1961.

## 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru foreldrar Jóhönnu, þau Pétur J. Ólafsson og Þorsteina Guðmundsdóttir, hjón í Bolungarvík, og dóttir hennar, Agnes S. Óskarsdóttir, Ísafirði. Stofndagur er 20. júlí 1962.



## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —. Tekjur hans eru, auk árlegra vaxta, það fé, sem honum kann að berast sem gjafir, áheit, minningargjafir eða á annan hátt.

## 5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita verðlaun eða viðurkenningu þeim stúlkum, er ljúka burtfararprófi frá barna- og unglingskóla Bolungarvíkur og skarað hafa fram úr að því er vandvirkni snertir og dugnað í handavinnu. Verðlaun skulu fyrst veitt úr sjóðnum vorið 1967 og upp frá því má verja vaxtatekjum sjóðsins, öðrum tekjum, svo og eignum, öðrum en stofnfé, í samræmi við ofangreindan tilgang, eftir því sem stjórn hans ákvarðar. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri barna- og unglingskóla Bolungarvíkur og er hann formaður, handavinnukennari stúlkna í áður nefndum skóla og formaður skólaneftndar Hólsskólalshverfis. Stjórn sjóðsins sér um reikningshald hans og semur árlegan reikning, sem skal endurskoðaður jafnframt reikningum skólans.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bolungarvík, 20. júlí 1962.

Pétur J. Ólafsson.

Þorsteina Guðmundsdóttir.

Agnes S. Óskarsdóttir.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og fræðslusjóðs Guðspekifélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. september 1962.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Menningar- og fræðslusjóðs Guðspekifélags Íslands.

## 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Guðmundi Kristjánssyni, til heimilis að Grundargötu 12 á Siglufirði. Sjóðurinn skal vera eign Guðspekifélags Íslands og er stofnfé hans kr. 50000.00.

## 2. gr.

Nafn sjóðsins er Menningar- og fræðslusjóður Guðspekifélags Íslands.

## 3. gr.

Verja skal vöxtum af sjóði þessum til útbreiðslu guðspekinnar í landinu, til ritgerða, fyrirlestra og ferða út um land. Enn fremur má gleðja af vöxtum þessum fátæka og sjúka, ef öll stjórnin er samþykkt.

## 4. gr.

Ekki má skerða sjóðinn til fjárveitinga af stofni hans.

## 5. gr.

Fé það, sem stofnandi sjóðsins kann að leggja síðar meir í hann, bætist við stofnfé hans, ásamt því, sem eftir kynni að verða að honum látnum.

## 6. gr.

Hætti ofanefnt félag störfum hér á landi, rennur fé sjóðsins til líknar blindu fólki í landinu, svo fremi, að ekki teljist brot á allsherjarlögum Guðspekifélagsins.

## 7. gr.

Stjórn Guðspekifélagsins skipar stjórn sjóðsins til sjö ára í senn, þremur mönnum og tveimur til vara, og skal forseti Guðspekifélagsins ávallt vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan og sér hún um reikningshald hans og semur árlegan reikning, sem endurskoðaður skal jafnframt reikningum Guðspekifélags Íslands.

## 8. gr.

Verði útbreiðslustarfsemin eittvert árið með minna móti, er stjórninni heimilt að láta vextina renna í stofnsjóð eða ef hún telur af einhverjum öðrum ástæðum rétt að auka sjóðinn.

## 9. gr.

Sjóður þessi skal geymdur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands, og má ekki veðsetja hann.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds, og Margrétar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1962.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds,  
og Margrétar Sigurðardóttur.

## 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Friði Símonardóttur Andersen, Karlslundevej 1 A í Kaupmannahöfn, til minningar um foreldra hennar, Símon Bjarnason og Margréti Sigurðardóttur.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er danskar krónur 2000.00, með dagsgengi 1/8 1962 6.23.16, að fjárhæð í íslenskum krónum 12463.20.

## 3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Starfsemi hans er í Goðdaldasókn í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, sbr. þó ákvæði 4. greinar.

Stjórn sjóðsins og endurskoðendur skulu kjörin af eftirgreindum aðilum, er skulu hafa umsjón hans og forsjá:

Húsmæður í Goðdaldasókn kjósa formann sjóðsstjórnar, sóknarnefnd Goðdaldasóknar og stjórn Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps kjósa hvor sinn meðstjórnanda.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna og styðja með öðrum hætti, sbr. 5. grein, þjóðlega heimilismenningu í Goðdaldasókn og öllum Lýtingsstaðahreppi, þá er sjóðurinn hefur vaxið það að dómi sjóðsstjórnar, að honum telst fært að færa út starfssvið sitt.

## 5. gr.

Tilgangi sjóðsins skal reynt að ná með því að verðlauna þau heimili, sem til fyrirmyndar eru um hvers konar þjóðlega heimilismenningu, þar sem saman fer smekkvísi í húsbúnaði, umgengni utan húss og innan, er til fyrirmyndar þykir, og einkum þó þau heimili, er komið hafa upp fögrum og smekklefum blóma- og trjágrðum, sem vel eru hirtir.

Þá er geta sjóðsins leyfir að dómi sjóðsstjórnar, er og heimilt að veita af tekjum hans framlög til einstakra heimila til að ná þessum markmiðum.

## 6. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan jafntryggilegan hátt.

Leggja skal helming vaxta við höfuðstól sjóðsins, svo og það fé, sem sjóðnum síðar kann að áskotnast með gjöfum, áheimum eða á annan hátt.

Öðrum hluta vaxta skal varið til verðlauna samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 7. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður fjárhæð verðlauna, og hvort fleiri heimili en eitt hljóti verðlaun hvert ár. Við afhendingu verðlauna skal fylgja skrautprentað skirteini, þar sem tilgreindir eru verðleikar þeirra, sem verðlaunin hljóta.

## 8. gr.

Megintilgangi sjóðsins, samkvæmt 4. grein, má aldrei breyta. Aðrar breytingar á skipulagsskránni, sem síðar kunna að þykja nauðsynlegar, má þó því aðeins gera, að til komi einróma samþykki sjóðsstjórnarinnar.

## 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 30. ágúst 1962.

Fyrir hönd og í umboði Friðar Símonardóttur Andersen,

**Pálmi Einarsson.**

## AUGLÝSING

um nýtt verð á ílátum og umbúðum samkvæmt lyfsöluskrá I.

Frá og með 17. þ. m. gengur í gildi nýtt verð á ílátum og umbúðum samkvæmt lyfsöluskrá I frá 15. september 1959.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

12. september.

Nr. 149.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar og Guðrúnar Steinsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Valgerðar og Guðrúnar Steinsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Valgerðar og Guðrúnar Steinsen.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með dánargjöf Valgerðar Steinsen og gjöfum til minningar um Guðrúnu Steinsen.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 40000.00. Skál höfuðstóllinn aldrei skertur, og bætist sjóðnum gjafir, skal leggja þær við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta eitt eða fleiri fátæk börn á dagheimili. Skál barn það eða börn þau, er styrk hljóta, verða klædd eftir þörfum, að því leyti er styrkurinn leyfir, meðan þau dvelja á heimilinu, og einnig þá þau fara þaðan. Þau börn, sem einstæðingsstúlkur hafa á framfæri sínu, skulu ganga fyrir um styrkveitingu.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sem beztan og tryggilegastan hátt. Árlegum vöxtum skal úthlutað í framangreindum tilgangi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa dómprófasturinn í Reykjavík, ásamt einum ættingja Valgerðar og Guðrúnar Steinsen, er dómprófastur tilnefnir.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. september 1962.

F. h. V. Steinsen,  
Emil Ágústsson.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Blönduós, nr. 150 31. júlí 1951.

## 1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Öll skip, 12 brúttólestir eða þar yfir, skulu greiða lestagjald, kr. 0.45 af hverri brúttórúmllest, í hvert skipti, er þau koma á höfnina, og hafa þaðan samband við land.

## 2. gr.

12. gr. orðist þannig:

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og björgunarskip, skulu greiða bryggjugjald, kr. 0.30 ef hverri brúttórúmllest, í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju hafnarinnar eða skipum, er við hana liggja. Lægsta gjald skal þó vera kr. 12.00, ef skipið er 12 rúmllestir eða stærra, annars kr. 6.00 af þilfarsbátum og kr. 3.00 af opnum vélbátum. Heimilisfastir bátar á Blönduósi, 12 rúmllestir eða meira að stærð, skulu greiða kr. 1.50 á sólarhring fyrir afnot af bryggju eða löndunar-tækjum hennar, þó ekki yfir kr. 90.00 á ári. Minni vélbátar greiði kr. 0.75 á sólarhring, þó ekki minna en kr. 37.50 á ári.

Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða kr. 45.00 á ári.

## 3. gr.

Á eftir 12. gr. komi eftirfarandi ný grein, sem verður 13. gr., en greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt þessu:

**Ljósagjald.**

Öll skip, sem koma til hafnarinnar frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:

- a. Hver bátur og skip, sem á heima á Blönduósi, greiði kr. 25.00 á ári.
- b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar frá Blönduósi, greiði kr. 10.00 í hvert skipti, er þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnar:
 

Skip undir 200 rúmllestum .....	kr. 15.00
Skip frá 200—400 rúmllestir .....	— 30.00
Skip yfir 400 rúmllestir .....	— 60.00

## 4. gr.

13. gr., sem verður 14. gr., orðist þannig:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks og salt.

2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara og fôðurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir í sekkjum (s. s. kartöflur, rófur og laukur), sement og kalk.
3. flokkur. Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:  
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín, byggingarefni óunnið (s. s. þakjárn, þakskífur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólflísar), veiðarfæri, ótalin annars staðar, fiskumbúðir og saltfiskur.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur, sjávarafurðir, ótaldar annars staðar, gærur, húðir og garnir.
5. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Járn óunnið, smíðajárn, miðstöðvar og vatnsleiðslurör (s. s. rör, ofnar, katlar, kranar og annar „fittings“), rör og pípur (s. s. raflagnarör, olíuleiðslur, rör ótalin annars staðar), jarðstrengur, vír óeinangraður, girðingarefni annað en tréstaumar, vélar og tæki (þyngri en 100 kg, s. s. vinnuvélar, mótórar, rafalar, spennar), háspennueinangrarar, bifreiðar, vélar og tæki til landbúnaðar, önnur en handverkfæri, olíur í heilum fötum aðrar en brennsluolíur (s. s. smurolíur og smjörlikisolíur), trjáviður og þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd, skreið.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:  
Olíur í litlum pakkningum, ílátum og dósum, rafknúin heimilistæki, raf-lagnaefni, ótalið annars staðar, eldavélar, ofnar, kynditæki, hreinlætistæki, s. s. úr postulíni og málmum, málningarvörur ýmiss konar, sementsmálning, húðunarefni, ótalin annars staðar, terrasso, gólfdukar og plötur til gólflagna, korkur unninn og óunninn, rúðugler í kistum, einangrunarvír, sykur, kaffi, kaffibætir, brauðvörur alls konar, ávextir, grænmeti, matvara í stórum pakkningum og dósum og glösum, fullunnar efnagerðarvörur, ótaldar annars staðar, kjötvörur og fiskvörur í dósum og smápakkningum, handverkfæri, vélar og tæki undir 100 kg, varahlutir ýmiss konar (s. s. saumur, skrúfur, boltar, skrár, lamir o. fl. þess konar, úr málmum og gerviefnum), barnavagnar, hjólhestar, mótórhjól, smávélar (s. s. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, aldinsafar, öl og gosdrykkjavörur, búsaðhöld ýmiss konar, hurstavörur, siglingartæki, gúmmívörur, bækur, pappírsvörur, kennslutæki, vefnaðarvörur, garn (ull og gerviefni).
8. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Leðurvörur, skófatnaður, glervörur, ótaldar annars staðar, lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki, ótalin annars staðar, smáhljóðfæri, viðtæki, upptökutæki, grammófónar, spólur og hljómplötur, mælitæki, s. s. mælar, klukkur, úr og önnur mælitæki ótalin, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningar, áfengi, ilmvoðn, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og eru ótaldar annars staðar.
9. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur, föt og umbúðir.

10. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hvert tengingfet:  
Húsgögn, hljóðfæri, olfugeymar o. fl., allar aðrar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvert stykki:  
Stórgripir og lifandi sauðfé.
13. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu:  
Saltsild í tunnum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendinargætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## **H A F N A R R E G L U G E R ð**

**fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.**

### **I. KAFLI**

**Takmörk hafnarinnar.**

#### **1. gr.**

Seyðisfjarðarhöfn tekur yfir Seyðisfjörð vestan línu, sem hugsast dregin frá Grýtá í Grjótgarða.

### **II. KAFLI**

**Stjórn hafnarinnar.**

#### **2. gr.**

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd er, auk bæjarstjóra, skipuð þremur mönnum, sem bæjarstjórn kys jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma. Til aðstoðar þeim skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur þeim erindisbréf.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Bæjarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnarsjóðs. Dagleg störf við framkvæmdastjórn og eftirlit annast bæjarstjóri og ræður hafnarstjóra og annað starfsfólk hafnarinnar, í samráði við hafnarnefnd.

#### **3. gr.**

Eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

## 4. gr.

Óheimilt er án samþykkis samgöngumálaráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

## III. KAFLI

## Almennar reglur.

## 5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða tafarlaust boði og banni hans eða þeirra starfsmanna, sem hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði sem unnið er á að fermingu þeirra eða affermingu. Telji hafnarvörður hættu geta stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur má banna að sjóða tjöru, bik, fernisoliu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni eða á landi hafnarinnar.

Bannað er stranglega að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

## 7. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfnina. Seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi hafnarnefndar.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði við hafnarbryggjur.

## 8. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnarnefnd, er sendir hana áfram til bæjarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því. Sé leyfið ekki notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til. Bannað er að leggja skipum í hafnarfjörurnar nema með leyfi bæjarstjóra.

Heimilt er að nema burt án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnarmálefna látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.



## IV. KAFLI

## Lega skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skal þeim í hvert skipti skylt að hlýða boði hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi leggjast. Ekki mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé, að dómi starfsmanna hafnarinnar, nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina, né þar sem sæsímanum er hætta búin af þeim.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað hans.

## 10. gr.

Í sérhverju skipi (að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til þess að liggja mannlauis í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 11. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Seyðisfjarðarkaupstað eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legufæri á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Skal hafnarnefnd ákveða, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má leggja eða flytja legufæri báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp, án leyfis hennar.

## 12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, þess, að bætt sé úr tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða bólvirkis. Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

## 13. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið brott á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið fyrir kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lög taki.

## V. KAFLI

## Notkun hafnarbryggna.

## 14. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau skip að víkja meðan áætlunarskipin eru

afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hann vísað skipum frá bryggjunni, telji hann það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarvörður, í hverri röð skip komast að bryggju.

Hafnarvörður getur ráðið, að hvaða bryggju hafnarsjóðs áætlunarskip fá afgreiðslu ef sérstaklega stendur á.

#### 15. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

#### 16. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bitanna svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi aka annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd gera það á þeirra kostnað.

#### 17. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og ekki á öðrum stöðum á landi hafnarinnar en þeim, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja brott vörur og muni jafnskjött og hann krefst þess.

## VI. KAFLI

### Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

#### 18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp eða sprengja það sundur, ef það sekkur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður hverju sinni, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skulu vera, og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þótt það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst.

## 19. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en vikulega fara út í það, til þess að líta eftir því, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

## VII. KAFLI

## Hafnargjöld.

## 20. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald. Undanþegin eru þó herskip, skip sem hafa skriteini sem skemmtiferðaskip, björgunarskip, skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða, varðskip ríkissjóðs, vitaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Seyðisfirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 8 krónur af hverri brúttósmálest.
- b. Skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri áætlun og eingöngu sigla með ströndum landsins, skulu greiða 30 aura af hverri brúttósmálest í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, greiði 70 aura af hverri brúttósmálest í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 14 daga, skal það greiða hálf lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfn, vegna þess að hafis lokar henni.

## 21. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju eða við hlið annars skips, sem liggur við bryggju á höfninni, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talinni í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring og skal vera 30 aurar af hverri brúttólest, þó ekki minna í hvert skipti en 50 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta, og 100 krónur fyrir stærri skip.

Herskip og skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, má undanþiggja bryggjugjaldi.

Heimilt er hafnarnefnd og bæjarstjórn að ákveða, að gjöld af bryggjum í eign annarra en hafnarsjóðs, skuli renna til bryggjueigenda, sem þá annast innheimtu gjaldanna. Íslenzkir fiskibátar greiði 20 krónur í hvert skipti, sem þeir leggjast að bryggju.

## 22. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um getur í 20. gr. a., greiði 50 krónur á ári.
- b. Önnur skip greiða 30 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

## 23. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

## 24. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gald.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Allar nauðsynjar herskipa og skemmtiferðaskipa.
- d. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.

## 25. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Vanti farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagn á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vara meiri en upp var gefið, greiðir skipið kostnað við mælingu hennar.

Ef ýmsar vöruteindir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Ef vafi leikur á því, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## Vörugjaldskrá.

## A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 100 aurar af hverjum 100 kg:  
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 1.50 krónur af hverjum 100 kg:  
Alls konar óunnið járn, bárujárn, eldavélar, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur. Gjald 200 aurar af hverjum 100 kg:  
Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hevvinnuvélar, plógar, herfi sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður.
4. flokkur. Gjald 300 aurar af hverjum 100 kg:  
Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessian, bindigarn, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.
5. flokkur. Gjald 75 aurar af hverjum 10 kg:  
Málningarvörur og efni til málningar, lakk, kitti, lím, gips, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbíð, glykosa o. þ. h., olíufatnaður, maccaroni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælur til skipa.

6. flokkur. Gjald 70 aurar af hverjum 10 kg:  
Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr eir, messing, bronse o. þ. h., emal-  
leraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvotta-  
efni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðar-  
vörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá  
járnvara (isenkram), svo sem skrár og lamir, eldhúsáhöld, barna-  
vagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bók-  
unarvörur, lyfjavörur, ávextir.
7. flokkur. Gjald 150 aurar af hverjum 10 kg:  
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smá  
hljóðfæri og tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur,  
mælar og símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sæl-  
gæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffbætir, húsgögn, peningaskáp-  
ar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
8. flokkur. Gjald 100 aurar af hverju kg:  
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
9. flokkur. Gjald 40 aurar af hverju teningsfeti:  
Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
10. flokkur. Gjald 60 aurar af hverju teningsfeti:  
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald 100 aurar af hverju stykki:  
Tómar tunnur og föt.
12. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum 100 kg:  
Sjávarafli slægður og óslægður lagður í land.

#### B. Útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 150 aurar af hverjum 100 kg:  
Ull, ullarvörur, hert skinn, sundmagi.
2. flokkur. Gjald 150 aurar af hverjum 100 kg:  
Sildarmjöl, fiskimjöl, lýsi.
3. flokkur. Gjald 70 aurar af hverjum 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 150 aurar af hverri tunnu:  
Krydduð, sykursöltuð eða flött sild, saltsild 100 kg, fryst sild og freð-  
fiskur.
5. flokkur. Gjald 160 aurar af hverri tunnu:  
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 30 aurar af hverju teningsfeti:  
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald 10 krónur af hverjum grip:  
Hestar, nautgripir.
8. flokkur. Gjald 100 aurar af hverri kind.  
Sauðfé.

Lægsta gjald í öllum flokkum aðfluttra og útfluttra vara skal þó aldrei vera lægra en 5 kr. Aldrei skal tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

## VIII. KAFLI

## Innheimta og reikningshald.

## 26. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra tekna hafnarsjóðs, og ber að greiða öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari á skrifstofu hans. Öll þessi gjöld má taka lög-taki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

## 27. gr.

Gjalddagi lestagjalds er, þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggju-gjalds, þegar skipið hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjalddagi vörugjalds, þeg-ar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um útfluttar vörur að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem eiga að greiðast einu sinni á ári, er 1. júlí.

## 28. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum, en sendandi af útfluttum vörum, auk þess skipstjóri, sé farmur skips ekki skráður.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir lestagjaldi og bryggjugjaldi, en í vöru fyrir vörugjaldi, unz gjöldin eru greidd að fullu.

## 29. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnarsjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sér-stök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

## 30. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

## 31. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðu-neytisins þarf til, og skal þá bæjarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tím-anlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en bæjarstjórn gengur endan-lega frá fjárhagsáætlun hafnarsjóðs.

## 32. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis bæjarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

IX. KAFLI  
 Ýmis ákvæði.

## 33. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi, og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði. Nú vill annar hvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meiru en nemur 10 af hundraði hinnar ákveðnu endurgjaldsfjárhæðar, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði.

Sömu reglum og að framan greinir, skal beitt eftir því sem við á um mat skaðabóta fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum.

## 34. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

## 35. gr.

Enginn skipstjóri getur vænzt þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarsjóðs á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum kann að bera að greiða.

## 36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum skipverja skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

## 37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þús. króna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

## 38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 18 30. janúar 1948, með síðari breytingum, nr. 40 11. febrúar 1952 og nr. 196 16. nóvember 1960.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabanka Íslands ákveðið innflutningskvóta, sem gildir til ársloka 1962, til viðbótar áður auglýstum innflutningskvótum, sem hér segir:

Tollskrá:	Innflutnings-
Kafli. Nr.	kvóti 1962.
50 12 Færi og línur til fiskveiða .....	200 000 kg
18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður .....	100 000 —

Umsóknir um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir ofangreindum vörutegundum skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. október n. k.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Yngvi Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

#### 1. gr.

Eftirtalin tollskrárn. bætist við 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:
Kafli. Nr.
50 12 Færi og línur til fiskveiða.
50 18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Yngvi Ólafsson.*



## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Egilsstaðahreppi og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

##### 2. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtun í 2. flokki. Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skatti getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Getur hreppsnefnd þannig undanþegið skemmtanir skatti, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, svo og þær skemmtanir, sem haldnar eru sem fræðslu- og menningarstarfsemi.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins. Heimilt er hreppsnefnd að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða og getur hún enn fremur ráðið sérstakan mann til þess að annast eftirlit með skemmtunum.

#### 6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar alla þá aðgöngumiða, sem ætlunin er að nota við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir samkomu, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir voru.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

## 7. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður getur gert eftirtalin skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar þeir eru notaðir, þannig, að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.
2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtanaskatts af hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtanaskattsstimplinum.

## 8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins og varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar.

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðsins skal varið til menningar- og framfarastarfsemi í Egilsstaðahreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum. Með mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

## 10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. september 1962.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

**REGLUGERÐ****um heimilishjálp í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.**

## 1. gr.

Kvenfélagið Björk í Áshreppi fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum undir yfirstjórn hreppsnefndar Áshrepps.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum sérstaks fulltrúa kvenfélagsins og á hann rétt á að sitja fundi hreppsnefndar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

## 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum í hreppnum, þegar sannað er, með vottorði læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gilda, að hjálpar sé þörf, um stundarsakir, vegna slysa, sjúkdóma, barnsburðar, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal, að jafnaði, ekki veitt til lengri tíma en 14 daga.

## 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um það, að konur þær, sem heimilishjálp stunda, á vegum hreppsins, séu hæfar til starfsins og hafi heilbrigðisvottorð héraðslæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

## 4. gr.

Hreppsnefnd Áshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

## 5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp, að einhverju eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðukonu.

## 6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd Áshrepps setur og ráðherra staðfestir.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

## 7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðsins.

## 8. gr.

Halli, sem verða kann af heimilishjálp, er veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{2}{3}$  úr sveitar-sjóði Áshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Áshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Svalbarðshreppi, N.-Þingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Svalbarðshreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum þar til kjörinnar framkvæmdanefndar innan Kvenfélags Þistilfjarðar í Svalbarðshreppi.

Framkvæmdanefndin eða einstakir meðlimir hennar eiga rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum um stundarsakir, þegar veikindi, slys, barnsfæðingar eða eitthvað óvænt ber að höndum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegt, sé þess kostur.

#### 3. gr.

Framkvæmdanefndin skal ætíð leitast við að hafa konu til taks til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga úr skugga um, að konur þær, sem ráðnar eru, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

#### 4. gr.

Framkvæmdanefndin getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi hjálparstúlku, er að heimilishjálpu vinnur, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

Reikningar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitar-sjóðs.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir veitta aðstoð á heimilum að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Hreppsnefnd setur og nánari reglu um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta.

#### 6. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpu, greiðist að  $\frac{1}{2}$  úr rikissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóði Svalbarðshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Svalbarðshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpu í viðlögum, til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Jón S. Ólafsson.

B 43

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Kirkjubæjarlæknishéraði.

#### 1. gr.

Kvenfélög Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps annast framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar í Kirkjubæjarlæknishéraði í umboði hreppsnefnda téðra hreppa undir yfirstjórn héraðslæknis.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar metur gildan, að heimilishjálpar sé þörf um stundarsakir, vegna sjúkdóma, barnsurðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 10—20 daga.

#### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Stjórn heimilishjálparinnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

#### 4. gr.

Viðkomandi hreppar bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

#### 5. gr.

Framkvæmdastjórn getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi starfstúlka þeirra, er að heimilishjálpar vinna, en fullt gildi hafa þeir samningar fyrst, er oddvitar hlutaðeigandi hreppa hafa samþykkt þá.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálpar ber þeim, er hennar njóta, að greiða viðkomandi starfstúlku hálf kaup. Hrepparnir með styrk frá ríki, greiða hinn helminginn.

#### 7. gr.

Reikningshald heimilishjálpar annast framkvæmdastjórn, og skulu reikningar endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar viðkomandi hreppa.

#### 8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpar, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpar og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr rikissjóði en  $\frac{2}{3}$  úr viðkomandi hreppssjóði.

Reglugerð þessi, sem oddvitar Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps hafa samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálpar í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Jón S. Ólafsson.

## SAMÞYKKT

### um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar.

#### I. KAFLI

##### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

###### 1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

###### 2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
  1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
  2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
  3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
  4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

#### II. KAFLI

##### Fundarsköp bæjarstjórnar.

###### 3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa

um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

#### 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarstjóra utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabóka skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

#### 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fund þriðja föstudag hvers mánaðar, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda, skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

#### 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

*Á dagskrá skal taka:*

1. fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum;
2. hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmæltri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið;
3. lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en þriðjudag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

#### 9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

#### 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, er þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

#### 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 2 bæjarfulltrúar



hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í rétttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

## 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

## 15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

## 16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

## 17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. 2 bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brizlum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi vara-fulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúa-starfi.

### IV. KAFLI

#### Um bæjarráð.

25. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafn-margir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kys sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði tvisvar í mánuði. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um, að hún verði send bæjarráðsmönnum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

#### 26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Kópavogskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum.

Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

#### 27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

#### 28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað með 24 stunda fyrirvara.

### V. KAFLI

#### Um bæjarstjóra.

#### 29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

#### 30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

## 31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

## 32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

## 33. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

## 34. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

## VI. KAFLI

## Endurskoðendur.

## 35. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

## VII. KAFLI

## Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

## 36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður getur, til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir:

## A. Til eins árs:

1. Þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Þrjá menn í framfærslunefnd og þrjá til vara.
4. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.

5. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara.
6. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
7. Einn mann í stjórn Sparisjóðs Kópavogs svo og tvo endurskoðendur.
8. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
  - a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara.
  - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
9. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
  - a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
  - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

B. *Til fjögurra ára:*

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Kópavogs og fjóra til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
3. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
4. Þrjú menn í bókasafnsstjórn og þrjú til vara.
5. Einn mann í stjórn Heilsuverndarstöðvar Kópavogs og einn til vara.
6. Tvo menn í náttúruverndarnefnd og tvo til vara.
7. Einn mann til að annast forðagæzlu.
8. Einn mann til að framkvæma millimat.
9. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
10. Sex menn í áfengisvarnarnefnd.
11. Átta menn í sjó- og verzlunardóm.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum sínum.

1. Fimm menn í íþróttanefnd og fimm til vara.
2. Einn bæjarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogskaupstaðar og einn til vara.
3. Fimm menn í vatnsveitunefnd og fimm til vara.
4. Fjóra menn í skipulagsnefnd og fjóra til vara.
5. Fimm menn í æskulýðsráð og fimm til vara.
6. Fimm menn í leikvallanefnd og fimm til vara.
7. Fjóra menn í raforkumálanefnd og fjóra til vara.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verkvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

40. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn og 4 til vara, auk bæjarstjóra sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu

vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

## 41. gr.

Framfærslunefnd er skipuð 3 mönnum og 3 til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála og um störf nefndarinnar fer að framfærslulögum. Nefndinni er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að ráða sér sérstakan starfsmann, framfærslufulltrúa.

## 42. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrirmælum þeim, sem þar um gilda.

## 43. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar og hér- aðslæknir. Bæjarstjórn kys 3 menn í nefndina og 3 til vara og skal einn þeirra vera bæjarráðsmaður, annar verkfræðingur í þjónustu bæjarins, en hinn þriðji kosinn óbundinni kosningu. Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

## 44. gr.

Framtalsnefnd er skipuð fimm mönnum og er kosin og starfar samkvæmt lögum nr. 69/1962.

## 45. gr.

Kjörstjórnir eru kosnar og þær starfa samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

## 46. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kys bæjarstjórn 4 menn og 4 til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál er sjúkrasamlagið varða, samkvæmt lögum þar um.

## 47. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

## 48. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum og 5 til vara. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkvæmt lögum þar um. Fræðsluráð hefur á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins.

## 49. gr.

Bókasafnsstjórn skipa 3 menn og 3 til vara. Hún starfar samkvæmt lögum og reglugerð um almenningubókasöfn.

## 50. gr.

Íþróttanefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Hún fjallar um íþróttamál bæjarins og hefur á hendi umsjón og eftirlit með íþróttamannvirkjum kaupstaðarins og gerir tillögur um breytingar og aukningu á þeim.

## 51. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Nefndin fer með vatnsveitumál, hefur eftirlit og umsjón með rekstri vatnsveitunnar, sér um viðhald vatnsveitukerfis og gerir tillögur um breytingar og aukningu þess. (Verkfræðingi í þjónustu bæjarins skal skylt að sitja fundi vatnsveitunefndar.)

## 52. gr.

Skipulagsnefnd skipa 4 til vara auk bæjarverkfræðings, sem er sjálfkjörinn form. nefndarinnar. Hún fjallar um og annast skipulagsmál kaupstaðarins undir yfirumsjón bæjarráðs og leggur fyrir það tillögur sínar.

## 53. gr.

Æskulýðsráð er skipað 5 mönnum og 5 til vara. Það vinnur að menningarmálum æskulýðsins í samvinnu við skóla og bæjaryfirvöld. Það skipuleggur tómtunda-  
iðju ungmenna og föndurstarfsemi, gengst fyrir heilbrigðu og þroskandi skemmtanalífi og leitar úrræða til heppilegrar hagnýtingar á starfsgetu unglinga.

## 54. gr.

Leikvallanefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Hún gerir tillögur um skipulag og staðsetningu, búnað og fyrirkomulag barnaleikvalla og gæzluskýla og hefur eftirlit með starfssemi og rekstri þessara stofnana.

## 55. gr.

Raforkumálanefnd skipa 4 menn og 4 til vara auk bæjarverkfræðings, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Hún fjallar um raforkumál kaupstaðarins undir yfirumsjón bæjarráðs og leggur fyrir það tillögur sínar.

## VIII. KAFLI

## Um starfsmenn bæjarins.

## 56. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarráð ákveður, hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður í 1.—6. flokki laun-  
samþykktu bæjarins, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna, þannig að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 22 5. marz 1956 um stjórn bæjar-  
málefna Kópavogskaupstaðar.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

### um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitarfélaga og stofnana eða atvinnufyrirtækja þessara aðila, með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Skilyrði þess, að reglugerðin taki gildi fyrir tiltekið sveitarfélag, er enn fremur að hlutaðeigandi starfmannafélag hafi óskað þess.

Ákvæði reglugerðarinnar taki ekki til:

1. Borgar-, bæja- eða sveitarstjóra.
2. Iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks, né starfsfólks í iðjuverum, er um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

##### 2. gr.

Sveitarstjórn fer með fyrirvar síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn þess. Hún getur skipað þriggja til fimm manna nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

##### 3. gr.

Hlutaðeigandi starfsmannafélag fer með fyrirvar starfsmanna síns sveitarfélags um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna, samkvæmt reglugerð þessari.

Séu starfsmenn sveitarfélaga í fleiru en einu starfsmannafélagi, fer hvert starfsmannafélag með umboð fyrir þá starfsmenn, sem eru á þess félagssvæði.

Stjórn starfsmannafélagsins velur fimm menn í samninganefnd, sem fer með umboð félagsins til samningagerðar.

Starfsmenn þeir, sem reglugerð þessi tekur til eiga rétt á að vera í starfsmannafélagi síns sveitarfélags, eftir nánari samþykktum félagsins.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Launakjör starfsmanna sveitarfélaga, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðilja þeirra, er í 2. og 3. gr. getur.

##### 5. gr.

Í kjarasamningum skal kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu, svo og önnur kjaraákvæði, sem ekki eru bundin í lögum.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bág við kjarasamning starfsmanni í óhag.

##### 6. gr.

Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót.



Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkvæmt III. og IV. kafla reglugerðar þessarar að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

7. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en sjö mánuðir.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

8. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

9. gr.

Aðili, sem segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja tillögur sínar í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

10. gr.

Endurrit af uppsögn kjarasamnings og tillögum um nýjan samning skulu send sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og uppsögn og tillögur eru sendar samningsaðilja, sbr. 7. og 9. gr.

### III. KAFLI

11. gr.

Aðili kjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningar komið á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla þeirra starfsmanna sveitarfélaga, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillöguna undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, hvort tillagan telst samþykkt eða felld.

Hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri, greiðir fyrir hönd sveitarfélagsins atkvæði sitt leynilega um miðlunartillöguna, áður en atkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsg. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt reglugerð þessari.

## 13. gr.

Nú er kjaradeila eigi til lykta leidd, að liðnum tveimur mánuðum uppsagnarfrests, og senda aðiljar þá þegar Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta á fyrra stigi máls en í 1. málsgr. segir, vísað kjardeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitani verði árangurslausar.

## IV. KAFLI

## 14. gr.

Kjaradómur sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, tekur kjaradeilu til meðferðar, er honum hafa borizt gögn samkvæmt 13. gr., og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni, áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá upphafi uppsagnarfrests.

## 15. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín, ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

## 16. gr.

Kjaradómur aftar sér af sjálfdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum og embættismönnum.

## 17. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

## 18. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum aðilum.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfur þjóðarbúsins.

## 19. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Dómur kjaradóms kemur til framkvæmda á næstu áramótum eftir uppsögn hans og gildir í tvö ár.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gildir um uppsögn hans og framlengingu ákvæði reglugerðar þessarar um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

## V. KAFLI

## 20. gr.

Stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, en um ákvörðun hennar skal fara fram allsherjar atkvæðagreiðsla starfsmanna sveitarfélags þess, er í hlut á, til samþykktar eða synjunar.

## VI. KAFLI

## 21. gr.

Kjaranefnd, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sker til fullnaðar úr ágreiningi sammingsaðilja um:

1. Skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna.

## VII. KAFLI

## 22. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli sammingsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreining um skilning á kjarsamningi og gildi hans.

Þegar félagsdómur fer með slík mál, nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og félagsmálaráðherra dómendur til setu í dóminum í stað þeirra dómenda, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Hlutaðeigandi starfsmannafélag rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga.

## VIII. KAFLI

## 23. gr.

Nú er stofnun sett á fót hjá sveitarfélagi, sem reglugerð þessi tekur til, og ákveður þá sveitarstjórn í samráði við stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags og með hliðsjón af því, sem gildir um hliðstæðar eða sambærilegar stofnanir, kjör starfsmanna hinnar nýju stofnunar, þar til þau hafa verið ákveðin eftir reglum þessarar reglugerðar.

Ef til koma við stofnanir nýjar stöður, ákveður sveitarstjórn, með sama hætti og í 1. málsg. segir, kjör starfsmanna, er í hlut eiga.

## 24. gr.

Þegar aðiljar gera í fyrsta sinn kjaraákvæðanir samkv. reglugerð þessari, má ákveða að gildistaka þeirra sé bundin við annan tíma en næstu áramót.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

### um gæðamat á smjöri og ostum.

#### I. KAFLI

#### Um efnainnihald, merkingu og heiti.

##### 1. gr.

Smjör, sem framleitt er í mjólkursamlögum, skal búið til úr rjóma, sem gerilsneiddur hefur verið, að minnsta kosti við 90 gráðu hita á Celcius og kældur niður í 5—10 stig strax á eftir.

Smjörið skal ekki innihalda yfir 16% vatn. Þó skal það ekki teljast saknæmt, þó vatnsinnihald smjörsins sé allt að 16.2%.

Í smjörið má engu bæta nema hreinu matarsalti. Heimilt er þó að nota í smjörið litarefni, sem viðurkennt er af heilbrigðismálaráðuneytinu, og skal þess getið á umbúðum.

##### 2. gr.

Smjör, sem framleitt er í mjólkursamlögum, skal selt í tveim gæðaflokkum, 1. og 2. flokk. Framleiðandi, eða sölufélag framleiðanda, getur þó auðkennt 1. fl. smjör með sérstöku skrásettu merki.

Smjör, sem boðið er til sölu, skal auðkennt með greinilegri áletrun, hvers flokks það er og einnig með nafni eða einkennisstaf framleiðanda eða þökkunarstöðvar.

##### 3. gr.

Eftir feitiinnihaldi skiptast ostar í fjórar aðaltegundir:

1. Feitur ostur með minnst 45% feiti í þurrefni.
2. Hálffeitur ostur með minnst 30% feiti í þurrefni.
3. Kvartfeitur ostur með minnst 20% feiti í þurrefni.
4. Magur ostur með minnst 10% feiti í þurrefni.

Landbúnaðarráðuneytið skrásetur sérstök heiti á ostum og getur veitt heimild til þess, að sérstakar orstategundir innihaldi feiti í öðrum hlutföllum en að framan greinir.

Á ostinn skal vera stimplað feitiinnihald hans í þurrefni og orðin „Íslenzkur ostur“ eða samsvarandi orð á erlendu máli, einnig nafn eða einkennisstafir framleiðanda eða þökkunarstöðvar.

##### 4. gr.

Mysuostur skiptist í eftirfarandi þrjá aðalflokka.

1. Mysuost, þegar hann er framleiddur úr mysu frá venjulegri mjólk til ostagerðar og inniheldur minna en 20% feiti í þurrefni.
2. Rjómaostur, enda sé lágmark feiti í þurrefni 33%.
3. Mysingur, sem er magur ostur með minna en 20% feiti í þurrefni, en svo linur, að hann sé vel smyrjanlegur ofan á brauð.

Mysuostur skal auðkenndur á umbúðum með nafni ostsins, framleiðanda eða þökkunarstöðvar.

## II. KAFLI

### Um mat og gæðaflokkun.

#### 5. gr.

Allt smjör, sem framleitt er í mjólkursamlögum, skal metið í tvo flokka eftir gæðum, 1. og 2. flokk.

#### 6. gr.

Mat það, sem um ræðir í 5. og 10. gr., skal framkvæmt af sérstökum matsmönnum, einum eða fleirum, sem landbúnaðarráðherra viðurkennir eftir ábendingu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Skal þess gætt, að hann sé vel menntaður í mjólkurfræðum og beri glögg skyn á gæði smjörsins og framleiðslutækni.

Kostnaður við störf matsmanna og aðstoðarmanna þeirra við matið greiðist af mjólkursamlögum eða sölufélögum þeirra

#### 7. gr.

Aðalmatsmaður skal skipaður af landbúnaðarráðherra fyrir landið allt. Skal hann vera sérmenntaður í mjólkurfræðum og hafa yfirumsjón með starfi matsmanna, sjá um, að þeir starfi eftir settum reglum, og vera trúnaðarmaður ráðuneytisins um allt, sem að störfum matsins lýtur. Aðalmatsmaður skal eiga sæti í yfirmatsnefnd, sbr. 8. gr. Kostnaður við störf aðalmatsmanna greiðist úr ríkissjóði.

#### 8. gr.

Verði árgreiningur um störf matsmanna, geta hlutaðeigendur skotið úrskurði þeirra til yfirmats. Við yfirmat starfa aðalmatsmaður og tveir menn með honum, sinn frá hvorum aðila.

#### 9. gr.

Mat á smjöri skal þannig framkvæmt, að matsmaður fær til sín daglega að minnsta kosti 2 kg af daglegri framleiðslu hvers mjólkursamlags. Skal hvert sýnishorn auðkennt greinilega eftir nánari fyrirmælum viðkomandi matsmanns eða matsmanna, ef fleiri eru en einn.

Þegar matsmanni hefur borizt sýnishorn, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, ber honum um að dæma smjörið strax eftir bragði, þéttleika, útliti, vökvaskiptingu og ásigkomulagi þess að öðru leyti. Skal hann gefa smjörinu einkunnir frá 6—12, þar sem einkunnin 12 táknar, að smjörið sé í alla staði óaðfínanlegt. Smjör, sem ekki nær einkunninni 6.9, er ekki söluhæft. Smjör, sem fær einkunnir frá 7—8.9 telst til annars flokks, en smjör, sem fær einkunnir frá 9—12 telst til fyrsta flokks. Ekki má selja smjör, sem hefur bragðgalla, s. s. þráabragð, fiskbragð o. fl. þ. h., né inniheldur meira en 16% vatn sem 1. flokks smjör. Innihaldi smjörið meira en 0.2% umfram hið ákveðna hámark 16%, telst það ekki söluhæft.

Sýnishorn, sem berst matsmanni, sbr. 1. málsgrein, skal hann geyma í 14—15 daga við 12—14 stiga hita og meta gæði þess að svo búnu. Skal hann þá tilkynna mjólkursamlöginu, á sérstöku matsvottorði, einkunnagjöf þá, sem smjörið hefur fengið.

Þegar smjörið berst til sölu, ber matsmanni að athuga, áður en sala fer fram, hvort gæði smjörsins eru í samræmi við þau sýnishorn, sem áður hafa verið metin. Sé svo ekki, ber honum að endurskoða fyrra mat sitt.

## 10. gr.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað sérstakt gæðamat á ostum að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Getur hann m. a. fyrirskipað sölufélögum mjólkursamlaganna og öðrum umboðsmönnum þeirra, að afreikna ost til mjólkursamlaganna eftir gæðum. Skal þá lögð til grundvallar sams konar einkunnagjöf og sú, er um ræðir í 9. gr. þessarar reglugerðar.

Ostur, sem ekki nær einkunninni 7.0 telst ekki söluhæfur. Ostur, sem nær einkunninum 9—10.9 skal greiðast mjólkursamlagi á heildsöluverði. Fáí osturinn einkunnirnar 7—8.9, skal hann reiknast lægra verði til viðkomandi mjólkursamlaga. Fáí osturinn hins vegar einkunnirnar 11—12, skal hann greiðast viðkomandi mjólkursamlagi við hærra verði. Skal nota heildarfrádrátt þess osts, sem fær einkunnirnar 7—8.9 til uppbóta á þann ost, sem fær einkunnirnar 11—12 stig.

## 11. gr.

Til þess að auðvelda framkvæmd gæðamats á ostum, ber hverju mjólkursamlagi að auðkenna ostinn með dagatölu almanaksársins, þ. e. 1—365 eftir því hvenær á árinu hann er framleiddur og auk þess með einkennistölu ostakers viðkomandi dags.

## 12. gr.

Ostur skal metinn áður en hann er afgreiddur til sölu. Skal matsmaður eða matsmenn skera sundur einn ost úr hverri lögun. Ef í einni og sömu ostasendingu eru ostar úr fleiri en einni lögun, skal sendingin dæmd sem ein heild með því að taka meðaltal af einkunnagjöfum hinna ýmsu lagana, sem í sendingunni eru.

Ostinum skal síðan gefa einkunnir, sbr. 10. gr., og skal þar farið eftir útliti hans, skorpumyndun, þéttleika og bragði. Skal matsmaður tilkynna viðkomandi mjólkursamlagi um úrslit matsins strax og því er lokið.

## 13. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum frá kr. 1000.00—10000.00, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum.

## 14. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

#### A. Ljós.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.90 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal.

Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.00 af fermetra á ári.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.90 hver kwst., auk fastagjalds kr. 8.00 á mánuði af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálf, þó þannig að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 fermetrar. Herbergi sem eru stærri en 25 fermetrar, skal telja sem tvö.
2. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 0.90 hverja kwst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd, og öll önnur notkun seld eftir lið A. Fastagjald miðast við 20 fermetra í sölum.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst.
2. a. Um kwst.mæli á kr. 0.80 hver kwst., sé vélaafl fasttengdra véla meira en 16 kw.
2. b. Um afl- og orkumæla (mesta aflsmæla) þannig reiknað  
aflgjald af notuðu afli ..... kr. 1000.00 á kw. á ári.  
orkugjald af allri notkun ..... — 0.26 á kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 2500.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

#### D. Hitun.

1. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um tvígjaldsmæli á kr. 0.30 hverja kwst. á tímanum frá kl. 22—10 og á kr. 1.00 hverja kwst. á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
2. Hiti í kirkju um kwst.mæli á kr. 0.50 hver kwst.
3. Hiti í sundlaug um kwst.mæli á kr. 0.30 hver kwst.

#### E. Önnur notkun.

1. Til götu- og hafnarljósa um kwst.mæli á kr. 0.80 hver kwst.
2. Til vinnuljósa meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst.
3. Til súgþurrkunar um kwst.mæli á kr. 0.50 hverja kwst. á tímabilinu júní—september.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A.—1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

### MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni .....	kr. 5.00 á mánuði.
2. — þrifasa kwst.mælum 30 A og minni .....	— 10.00 — —
3. — þrifasa kwst.mælum 30—100 A .....	— 12.00 — —
4. — þrifasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennamælur)	— 20.00 — —
5. — mesta aflsmælum 100 A og minni .....	— 35.00 — —
6. — mesta aflsmælum yfir 100 A (straumspennamælur) ..	— 65.00 — —
7. — lausum skiptiklukkum .....	— 4.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir loftlínuheimtaug .....	kr. 1000.00
2. Grunnjald fyrir jarðlínuheimtaug .....	— 1500.00
3. Grunnjald fyrir jarðlínuheimtaug frá loftlínu .....	— 2000.00

Auk grunnjalds skal greiða kr. 4.00 af hverjum rúmmetra húss allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.00 af hverjum rúmmetra þar yfir. Grunnjald greiðist, þegar sótt er um heimtaug, hinn hlutinn, þegar lokið er tengingu heimtaugar.

Sé lengd jarðheimtaugar meiri en 15 m, mælt frá lóðarmörkum að stofnvari, og lengd loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, greiðir húseigandi umframlengdir samkvæmt kostnaði. Sé gildleiki heimtaugar meiri en  $3 \times 25$  mm<sup>2</sup>, greiðir húseigandi sömuleiðis umframkostnað.

Ef byggja þarf sérstaka spennistöð til að fullnægja orkuþörf notanda, skal notandi leggja til húsnæði fyrir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

### OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 100.00 í opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.

### ÁKVÆÐI VEGNA VATNSSKORTS

Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortri stendur.



**HEIMILD TIL BREYTINGAR Á GJÖLDUM**

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 74 6. júlí 1961.

*Atvinnuáráðuneytið, 28. september 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis.**

**1. gr.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurtta og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talin stjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verzlunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra, er annast daglega stjórn Grænmetisverzlunarinnar, og ræður hann annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverzlunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

**2. gr.**

Grænmetisverzlun landbúnaðarins hefur með höndum heildsölu á innlendum kartöflum og garðávöxtum. Hún ræður umboðsmenn utan Reykjavíkur til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Umboðsmennirnir skulu einnig sjá um kaup og sölu þessara vara á tilteknum verzlunarsvæðum, samkvæmt nánari fyrir-mælum þar um á hverjum tíma, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Grænmetisverzlunin hefur einnig með höndum sölu á gróðurhúsaframleiðslu eftir ákvörðun framleiðsluráðs. Enn fremur sér verzlunin, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, um innflutning þessara vörutegunda og heildsölu þeirra eftir því sem ráðuneytið felur henni.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins kaupir innlendar kartöflur og grænmeti af framleiðendum, eftir því sem ástæður leyfa. Skal taka tillit til vörugæða á þann hátt, að láta betri vöru sitja fyrir þeirri lakari.

**3. gr.**

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum, uppskeru og birgðum af kartöflum og öðrum matjurtum í landinu, svo hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf, að hann torveldi ekki sölu á innlendra framleiðslu. Þó skal þess gætt, að ætíð séu til nægar birgðir af þessum vörum við hæfilegu verði, eftir því sem við verður komið.

## 4. gr.

Nú verður svo mikil uppskera af innlendum kartöflum, að útlit er fyrir að I. fl. kartöflur og II. fl. kartöflur seljist ekki að öllu leyti til manneldis, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum framleiðsluráðs, bannað sölu á III. flokks kartöflum til neyzlu.

## 5. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hagkvæmast að gera verðmætan þann hluta kartöfluframleiðslunnar, sem er umfram innlendar þarfir hverju sinni, t. d. með útflutningi eða á annan hátt eftir því sem aðstæður leyfa.

## 6. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu innlendu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöflutegunda og leita um það samráðs og samstarfs við Tilraunaráð jarðræktar og síðan semja við einstaka framleiðendur um ræktun útsæðis af þeim stofnum. Skal ræktun þessi háð ströngu heilbrigðiseftirliti, sem Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans hefur á hendi.

## 7. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal, í samráði við Framleiðsluráð, stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem allra bezt, og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Skipuleggja skal dreifingu og sölu þannig, að Grænmetisverzlunin ákveði sölusvæði hvers umboðsmanns til þess að komist verði hjá óþörfum flutningum og undirboðum frá því verði, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur auglýst.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins ber að vinna að því, að umboðsmenn hennar komi á fót móttökustöðvum. Móttökustöðvarnar skulu annast flokkun og geymslu á kartöflum fyrir framleiðendur, sem þess óska, eftir því sem við verður komið.

## 8. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um útgáfu fræðslurita um ræktun, tegundaval, meðferð og neyzlu matjurta. Skal í þeim efnum hafa samráð við félög garðræktarmanna, svo og neytendasamtök landsins og samtök smásöluverzlana.

## 9. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirmatsmann, er hafi á hendi mat kartaflna og grænmetis í Reykjavík og umsjón með mati út um land.

Yfirmatsmaður skal gangast fyrir námskeiðum fyrir matsmenn, þegar ástæður leyfa, og stuðla á allan hátt að því, að flokkun og mat verði sem bezt samræmt alls staðar á landinu.

Lögreglustjórar skipa matsmenn eftir tilnefningu yfirmatsmanns. Laun yfirmatsmanns og þóknun til undirmatsmanna ásamt öðrum þeim kostnaði, er af störfum þeirra leiðir, greiðist af innborguðum matsgjöldum.

## 10. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru til manneldis, skulu aðgreindar í þrjá flokka: I. flokk, II. flokk og III. flokk.

## 11. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurðar hlutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem III. flokks vöru. Allar

kartöflur, sem seldar eru í smásöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum, svo að auðsætt sé, hvers flokks þær eru, og einnig hver hefur selt þær í heildsölu. Heiti tegundar (afbrigði) skal tilgreint á kartöflum, sem metnar hafa verið í 1. flokk.

Á tímabilinu frá því að uppskera hefst og þar til 20. september ár hvert, er heimilt að selja kartöflur, gulrófur og gulrætur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, enda séu þær hreinar, ógallaðar og ekki of smáar að dómi matsmanna. Óski Grænmetisverzlun landbúnaðarins hins vegar eftir mati á þessu tímabili, skal það framkvæmt að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

#### 12. gr.

Matsmenn skulu undirrita vottorð um flokkun á þeim kartöflum, sem þeir meta. Þar skal tilgreina flokk og auk þess tegundaheiti á kartöflum, sem metnar eru í I. og II. flokk, nafn framleiðenda eða seljanda, framleiðslustað, magn og hvenær mat hefur farið fram. Matsmönnum ber að senda yfirmatsmanni yfirlit yfir flokkun og magn þess, sem metið er á þeirra matssvæði. Sá, sem mats óskar, lætur matsmanni í té ókeypis nægilega aðstoð við matið.

#### 13. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram, að matsmaður skoðar að minnsta kosti tíunda hvern poka af hverri tegund, séu þeir 50 eða fleiri. Ef sama matsgerð nær til kartöflum frá fleiri en einum framleiðanda, skal þess jafnan gætt, að skoða hlutfallslega jafnmikið frá hverjum um sig, og ekki minna en tvo poka frá hverjum þeirra. Þegar metið er minna magn en 50 pokar, ber að skoða fimmta hvern poka. Við mat skal jafnan tæma kartöflurnar úr þeim pokum, sem skoðaðar eru. Komi í ljós við skoðun áberandi gallar ber matsmanni að gera nákvæmari athugun en að ofan greinir, til þess að tryggja rétta flokkun.

#### 14. gr.

Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Tilraunaráðs jarðræktar, með nægum fyrirvara, hvaða afbrigði skulu teljast til I. flokks og II. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Í 1. flokki mega aðeins vera kartöflur af þeim afbrigðum, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Hrein afbrigði aðgreind í tvo stærðarflokka, frá 30 gr til 45 gr (þ. e. aðgreindar: 35 m/m netsigti) og 45 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar á 50 m/m netsigti). Kartöflurnar skulu vera þurrar og heilbrigðar vel með farnar og fallegar útlits. Grænar og verulega hýðisskemmdar kartöflur má ekki selja í I. flokki.

*II. flokkur:* Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlitandi. Íblöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. Þær skulu aðgreindar í tvo stærðarflokka, frá 25 til 45 gr (þ. e. aðgreindar á 30 m/m netsigti) og frá 45 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar á 50 m/m netsigti). Kartöflurnar mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar ekki yfir 5%.

*III. flokkur:* Aðrar kartöflur en þær, sem teljast í I. flokki og II. flokki, ef þær teljast hæfar til manneldis og fullnægja eftirfarandi skilyrðum: Kartöflurnar skulu vera þurrar, þyngd ekki minni en 20 gr. Grænar kartöflur hverfandi fáar og hýðisskemmdir skulu ekki vera áberandi. Sjúkdómar, skemmdir og aðrir ágallar mega samtals ekki vera yfir 5%.

Heimilt er að selja smáar kartöflur af þyngd 20 til 30 gr úr I. flokks afbrigðum á verði annars eða þriðja flokks eftir ákvörðun Grænmetisverzlunar landbúnaðarins.

Nú koma í ljós verulegir bragðgallar í kartöflum og sker þá bragðprófun úr í hvaða flokki þær eru, ef þær reynast neyzzluhaf vara.

## 15. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, hreinum og gisnum pokum, þyngd 25 eða 50 kg nettó eftir því sem Grænmetisverzlun landbúnaðarins ákveður. Skal vera vel saumað fyrir pokana og gerð á horn. Merkja skal pokana með þar til gerðum spjöldum. Á spjöldin skal letra, öðru megin: Nafn afbrigðis en hinu megin: Nafn og heimili framleiðanda.

## 16. gr.

Verði ágreiningur milli seljanda og matsmanna út af mati, sker yfirmat úr. Tilnefnir landbúnaðarráðuneytið einn sérfróðan mann í yfirmat. Hlutaðeigandi matsmaður skal stöðva sölu þeirra kartaflna, sem krafizt er yfirmats á, unz úrskurður yfirmatsins er fenginn. Kostnað við yfirmat skal sá greiða, er yfirmatsins óskar, nema að undirmati verði breytt honum í hag um 10% eða meira. Þá greiði kaupandi yfirmatskostnaðinn.

## 17. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að kartöflur séu eigi seldar ómetnar, og skal þeim heimilt að skoða kartöflubirgðir verzlana, þegar þurfa þykir. Seljanda skal skylt að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoða við skoðunina.

## 18. gr.

Þegar kartöflur eru auglýstar til sölu, skal jafnan tilgreina hvers flokks þær eru, svo og heiti afbrigðis, ef átt er við I. flokk.

## 19. gr.

Landbúnaðarráðuneytið annast um útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á kartöflum. Skal þar lýst helztu afbrigðum, svo og kvillum og göllum, sem koma til greina við flokkunina. Skal leiðarvísi þessum útbýtt ókeypis.

## 20. gr.

Fyrir mat á kartöflum og öðrum matjurtum skal framleiðandi greiða sérstakt matsgjald, er landbúnaðarráðherra ákveður. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast um innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna. Laun yfirmatsmanns skulu ákveðin af ráðherra, en þóknun til undirmatsmanna skal vera venjulegt verkamanna kaup á matsstaðnum að viðbætti 50% uppþót.

## 21. gr.

Matsmenn skulu meta gulrófur og grænmeti á sama hátt og kartöflur (sbr. 13. gr.).

Við mat á gulrófum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Hreinar, gallalausar, jafnar og svipaðar að útliti, innan hvers afbrigðis, ræturnar lítið greindar, þyngd 200—700 gr.

*II. flokkur:* Eins og I. flokkur, en mega vera ójafnar að stærð og lögun, þyngd ekki undir 100 gr, lítið gallaðar.

Um gulrófurnar skal búið í þurrum, heilum, gisnum og hreinum pokum, þyngd 25 kg nettó. Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda, og heiti afbrigðis. Trénaðar gulrófur eða skemmdar af maðki eða bórskorti teljast ekki markaðsvara. Heldur ekki gulrófur, sem óbragð reynist að af völdum varnarlyfja, né þær, sem vegna sveppa eða annarra sjúkdóma eru óhæfar til geymslu.

## 22. gr.

Við mat á gulrótum skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Hreinar, jafnar, hrufulausar og sem líkastar að lögum og útliti, þyngd ekki undir 80 gr.

*II. flokkur:* Eins og I. flokkur, en þyngd ekki undir 40 gr.

*III. flokkur:* Lítið gallaðar, þyngd ekki undir 20 gr. Um gulrætur skal búið í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 25 kg nettó eða 50 kg nettó.

Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda. Gulrætur, sem af völdum þrúgu- eða bikarsvepps, eða annarra sjúkdóma, eru óhæfar til geymslu, teljast ekki markaðshæfar.

## 23. gr.

Um blaðskurð af gulrófum og gulrótum o. fl., skal farið eftir fyrirmælum matsmanna.

## 24. gr.

Yfirmatsmaður og matsmenn skulu undirrita eiðstaf um það, að þeir ræki skyldur þær, sem matsstarfið leggur þeim á herðar, af alúð og samvirkusemi í hvívetna.

## 25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum frá 300—10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 26. gr.

Hagnaði þeim, sem verða kann af rekstri Grænnelisverzlunar landbúnaðarins, skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktinni í landinu, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 59 frá 19. júlí 1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mat og flokkun á kartöflum, nr. 96 frá 16. júlí 1956.

## Bráðabirgðaákvæði.

Fyrst um sinn, þó ekki lengur en til 31. desember 1962, er heimilt að selja I. flokks kartöflur í umbúðum, sem merktar eru sem úrvalsflokkur og II. fl. kartöflur í umbúðum merktum I. fl. eins og verið hefur.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**S A M Þ Y K K T****um stjórn Húsavíkurkaupstaðar.****I. KAFLI****Skipan og verkefni bæjarstjórnar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Húsavíkur er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkv. lögum nr. 58/1961.

**2. gr.**

Bæjarstjórn Húsavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber henni að gæta hagsmuna hans í hvívetna. Meginverkefni bæjarstjórnarinnar eru þessi:

**A. Hún fer með yfirstjórn á fjárreiðum kaupstaðarins.**

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlanir um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar tekið fram hvernig áætlaðar tekjur greinast.
2. Hún hefur yfirumsjón með fjárstjórn kaupstaðarins, og gætir þess að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir kaupstaðarins séu tryggilega varðveittar.
4. Hún kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán, án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
5. Hún kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og ábyrgð bæjarsjóðs er nægilega tryggð með öruggri baktryggingu.
6. Hún skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

**B. Hún hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda kaupstaðarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.****C. Hún kys bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í samþykkt þessari eða í öðrum samþykktum segir, svo og endurskoðendur reikninga kaupstaðarins. Enn fremur kys bæjarstjórn fulltrúa kaupstaðarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem kaupstaðurinn er aðili að, svo og fulltrúa er kaupstaðnum kann að vera skylt að tilnefna skv. lögum.**

Hún ræður fasta starfsmenn kaupstaðarins. Ákveður laun þeirra, sbr. 58. grein.

**D. Hún setur reglur og reglugerðir um stjórn kaupstaðarins og fyrirtækja hans eftir því, sem við á og þurfa þykir.**

Bæjarstjórn ákveður gjaldskrár fyrirtækja kaupstaðarins eftir því sem þörf krefur.

## II. KAFLI

## Fundarsköp bæjarstjórnar.

## 3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnimánuði ár hvert, skal bæjarstjórn kjósa sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafn mörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður sá rétt kjörin, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verða atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti. Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímans.

## 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnarinnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarskópum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnarinnar, er sker þá úr.

## 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara úr hópi bæjarfulltrúa á þeim fundi bæjarstjórnar, er forsetakjör fer fram. Kjörtími skrifara og varaskrifara er sami og forseta. Komi ósk fram um að skrifararnir skuli kosnir hlutfallskosningu, er forseta skylt að verða við henni.

## 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar. Bæjarstjórn ákveður þóknun til fundarritara.

Í gerðabók skal þess getið hvar og hvenær fundur er haldinn, og hverjir sitji fundinn. Fundargerð hvers fundar skal lesa upp úr gerðabók í fundarlök og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver bæjarfulltrúi, sem eigi er samdóma hinum á rétt á því, að ágreiningsálit hans sé ritað með fáum orðum í gerðabókina.

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur að jafnaði reglulegan fund einu sinni í mánuði og getur bæjarstjórn, ef hún telur ástæðu til, ákveðið fasta fundardaga. Heimilt er bæjarstjóra að fengnu samþykki bæjarráðs að fella niður fundi í júlí og ágústmánuðum. Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar. Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra. Nú kemur fram ósk frá forseta bæjarstjórnar eða minnst þrem bæjarfulltrúum að bæjarstjórnin sé kvödd saman til aukafundar, og er þá bæjarstjóra skylt að verða við henni.

## 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal setja:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmaeltra nefnda, sem þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.

2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. mgr. og sbr. 10 gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmælti nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3. Kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en tveim sólarhringum fyrir fund. Heimilt er þá bæjarstjóra að verða við ósk um að mál sé tekið á dagskrá, þótt síðar berist, enda hafi ósk um það borizt áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar, að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar, og skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða þeirrar nefndar, sem það vegna efnis frekast heyrir undir og skal það tekið á dagskrá bæjarstjórnar, sem liður í fundargerð bæjarráðs eða nefndarinnar, nema erindið sé afgreitt með fullnaðarákvörðun bæjarráðs. Bæjarstjóri skal í síðasta lagi einum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum dagskrá fundararins, þó er heimilt að stytta þennan frest, ef boðað er til aukafundar um málefni, sem meiri hluti bæjarfulltrúa óskar eftir að tekið sé á dagskrá. Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fylgja skuli eftirrit fundargerða og tillagna með dagskrá. Mál skulu að jafnaði afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, þó er forseta heimilt að víkja frá röð mála á dagskrá, enda fallist bæjarstjórn á breytinguna.

Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, séu afbrigði veitt, með samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

#### 9. gr.

Auglýsa skal venjulega fundi bæjarstjórnarinnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara á sama hátt og venja er að birta opinberar tilkynnnigar í Húsavík. Greina skal í fundarauglýsingu efni dagskrár í höfuðdráttum.

#### 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða málefni, sem æskilegt er vegna hagsmuna kaupstaðarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum. Komi tillaga fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal hún afgreidd án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Raski áheyrandi fundarfríði á bæjarstjórnarfundi, getur forseti látið vísa honum úr fundarsal.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur horið fram breytingartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um, þó skulu breytingartillögur við afgreiðslu mála, sem samkvæmt þessum samþykktum þarf tvær umræður um, hafa verið tilgreindar í dagskrá og afhentar bæjarstjóra skriflega, sem um sérstaka tillögu væri að ræða, sbr. 8. grein. Þó er heimilt að veita afbrigði í þessum eignum með meiri hluta atkvæða. Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu



bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því. Forseti ákveður hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

## 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun kaupstaðarins og fyrirtækja hans, ársreikninga, svo og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

## 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal við hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn í skrána í rétttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru.

Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

## 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þegar hann talar, nema forseti leyfi annað. Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt er honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

## 15. gr.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til þess að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarskóp. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundum, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

## 16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða og má ekki ræða nema eitt mál í einu. Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

## 17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers fulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímallengd eða umræðu sé hætt. Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. mgr. umræðulaust. Tveir fulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram slíkar tillögur, og skulu þær líka afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

#### 18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúum að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann.

Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé á fundi um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

#### 19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum, skrifarastörf o. s. frv.

Sá er verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða fastanefnd, getur þó skorazt undan kosningu, jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

#### 20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl kaupstaðarins.

#### 21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn og nefndum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður á fundi sínum í desembermánuði, hver þóknunin skuli vera næsta reikningsár fyrir störf í bæjarstjórn og nefndum kaupstaðarins.

#### 22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til þess að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kjörinn. Hafi hann engan tilgreint, fer um varamann skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### IV. KAFLI

#### Bæjarráð.

#### 23. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert skulu kosnir hlutfallskosningu þrjú bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara, þó mega varamenn vera úr hópi fyrstu varabæjarfulltrúa. Kosning bæjarráðs gildir unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarráð kys sér formann og ritara. Kjósa má bæjarstjóra formann, þó hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð heldur að jafnaði fundi vikulega, þó má fella niður fundi í fjarveru og forföllum bæjarstjóra. Heimilt er bæjarráði að fækka fundum sínum í júlí- og ágústmánuðum. Kveðja skal bæjarráð saman til aukafundar, ef bæjarstjóri telur

ástæðu til og fyrir tilmæli bæjarráðsmanns. Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum eigi síðar en með þriggja stunda fyrirvara. Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarskópum.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundurinn sé haldinn og hvenær og hverjir sitji fundinn. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þær geta átt við.

#### 24. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Húsavíkurkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum. Fundargerðir og tillögur nefnda bæjarstjórnar skulu lagðar fyrir bæjarráð til athugunar.

Ekki getur bæjarráð tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það, nema sé um að ræða mál, sem bæjarstjórnin hefur vísað til fullnaðarafgreiðslu hjá bæjarráði.

#### 25. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn kaupstaðarins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um að ársreikningar séu samdir. Enn fremur hefur það eftirlit, ásamt bæjarstjórn með verklegum framkvæmdum, fasteignum og fyrirtækjum kaupstaðarins, nema öðrum sé það falið skv. lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð annast málefni vatnsveitu, holræsamál, skipulagsmál, þó ekki skipulagsuppdrætti, sbr. 28. gr., brunamál, fjallskilamál, og öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykkt þessari eða öðrum með sérstökum ályktunum bæjarstjórnar. Auk þess getur bæjarstjórn falið bæjarráði að annast einstök mál, sem heyra undir aðrar nefndir bæjarstjórnar, nema lög og reglugerðir kveði á um annað.

#### 26. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði.

### V. KAFLI

#### Lögmæltar fastanefndir bæjarstjórnar.

#### 27. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu á fundi innan fjögurra vikna frá bæjarstjórnarkosningum eftirtaldar lögmæltar fastanefndir bæjarstjórnar:

Bygginganefnd, hafnarnefnd, rafveitunefnd, heilbrigðisnefnd, framfærslunefnd og fræðsluráð.

Kjörtími er sami og bæjarstjórnar. Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín skv. ákvæðum 21. gr.

#### 28. gr.

Bygginganefnd skipa, auk bæjarstjóra, fjórir menn kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður skv. lögum. Tveir nefndarmenn skulu kosnir úr hópi bæjarfulltrúa, og jafnmargir til vara.

Varamenn mega vera úr hópi varabæjarfulltrúa. Þá kýs bæjarstjórn tvo nefndarmenn úr hópi annarra en bæjarfulltrúa og jafnmarga til vara. Bygginganefnd annast

stjórn byggingarmála Húsavíkurkaupstaðar skv. fyrirmælum í lögum og byggingasamþykkt og sér um að henni sé fylgt og að byggt sé í samræmi við skipulag. Bygginganefnd úrskurðar uppdrætti, veitir löggildingar, fjallar um skipulagsuppdrætti, ákveður nöfn gatna, svo og tölusetningar húsa, svo og umferðarmál. Byggingafulltrúi setur fundi nefndarinnar með tillögurétt og málfrelsi. Hann undirbýr dagskrá funda í samráði við formann. Byggingafulltrúi er ekki kjörgengur í bygginganefnd. Bygginganefnd kýs fundarritara úr hópi nefndarmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema atkvæði séu jöfn, þá sker úr atkvæði formanns, enda taki hann þátt í atkvæðagreiðslunni.

#### 29. gr.

Hafnarnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar. Hafnarvörður skal jafnan sitja fundi nefndarinnar með tillögurétti og málfrelsi. Hafnarnefnd hefur á hendi umsjón með framkvæmd hafnarmála, svo sem nánar kveður á um í hafnarlögum, hafnarreglugerð og samþykktum þessum. Fundarsköp bæjarráðs gilda á fundum hafnarnefndar svo sem við á. Hafnarnefnd kýs sér fundarritara úr hópi nefndarmanna.

#### 30. gr.

Rafveitunefnd skal skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjóri er formaður rafveitunefndar, þótt hann sé ekki kjörinn nefndarmaður. Rafveitustjóri skal sitja fundi nefndarinnar með tillögurétti og málfrelsi. Rafveitunefnd annast yfirumsjón með rekstri Rafveitu Húsavíkur og fjárreiðum hennar. Hún skal undirbúa fjárhagsáætlun rafveitunnar í tæka tíð og hafa eftirlit með innheimtu tekna hennar. Rafveitunefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um breytingar á gjaldskrá rafveitunnar, þegar þurfa þykir. Fundarsköp bæjarráðs gilda á fundum nefndarinnar svo sem við á. Rafveitunefnd kýs fundarritara úr hópi nefndarmanna.

#### 31. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa þrjú menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir, en bæjarstjórn kýs einn nefndarmanna úr hópi bæjarfulltrúa og annan til vara.

Lögreglustjóri er lögum samkvæmt formaður nefndarinnar.

Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins.

#### 32. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Fræðsluráð kýs sér formann og ritara úr hópi fræðsluráðsmanna. Það hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum kaupstaðarins svo sem kveður á um í lögum. Skylt skal fræðsluráði að gera tillögur til bæjarráðs um fjárframlög til skólahalds í tæka tíð fyrir gerð fjárhagsáætlunar.

#### 33. gr.

Framfærslunefnd skipa þrjú menn og jafnmargir til vara. Bæjarstjóri er formaður framfærslunefndar, þótt hann sé ekki kjörinn nefndarmaður. Hún hefur umsjón með framfærslumálum kaupstaðarins, ásamt bæjarstjóra. Fundarsköp bæjarráðs gildi á fundum nefndarinnar, svo sem við á. Framfærslunefnd kýs sér fundarritara úr hópi nefndarmanna. Bæjarstjóri er framfærslufulltrúi nema bæjarstjórn ákveði aðra skipan.

## VI. KAFLI

## Aðrar lögmæltar nefndir.

## 34. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu á fundi innan fjögurra vikna frá bæjarstjórnarkosningum eftirtaldar lögmæltar nefndir til 4 ára: Sjúkrasamlagsstjórn, barnavendarnefnd, áfengisvarnarnefnd, náttúruverndarnefnd, sáttanefnd, skólanefnd iðnskóla, millimatsnefnd, og sjó- og verzlunardómsnefnd. Enn fremur kýs bæjarstjórn kjörstjórn til eins árs á fundi í desembermánuði.

## 35. gr.

Stjórn sjúkrasamlags Húsavíkur skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar formann, en bæjarstjórn kýs fjóra menn og jafnmarga til vara.

Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varðar lögum samkvæmt.

## 36. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara.

Hún kýs sér formann og ritara úr hópi nefndarmanna. Barnaverndarnefnd starfar samkvæmt lögum um barnavernd

## 37. gr.

Áfengisvarnarnefnd skipa sjö menn, þar af kýs bæjarstjórn sex menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnarráðs. Starfssvið áfengisvarnarnefndar markast af lögum um áfengisvarnir.

## 38. gr.

Náttúruverndarnefnd skipa þrjú menn. Þar af kýs bæjarstjórn tvo menn og jafnmarga til vara, en bæjarfógeti er sjálfkjörinn formaður. Starfssvið nefndarinnar afmarkast af lögum um náttúruvernd.

## 39. gr.

Sáttanefnd skipa tveir menn og jafnmargir til vara.

Starfssvið nefndarinnar afmarkast af lögum.

## 40. gr.

Skólanefnd Iðnskóla Húsavíkur skipa þrjú menn, þar af tveir iðnlærðir menn og jafnmargir til vara, kosnir af bæjarstjórn, en ráðherra skipar formann. Skólanefnd stjórnar iðnskólanum ásamt skólastjóra, samkvæmt lögum og reglum um iðnskóla.

Skólanefnd skal gera tillögur til bæjarráðs um fjárframlög til skólarekstursins í tæka tíð áður en fjárhagsáætlun er samin.

Skylt er skólanefnd að annast fjárreiður skólans, ef bæjarstjórn óskar þess.

## 41. gr.

Millimatsnefnd skipa tveir menn og kýs bæjarstjórn annan og einn til vara, en ráðherra skipar hinn.

Störf millimatsnefndar fara eftir lögum um fasteignamat.

## 42. gr.

Framtalsnefnd skipa þrjú menn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum og reglugerðum um tekjustofna sveitarfélaga.

## 43. gr.

Kjörstjórn skipa þrjú menn og jafnmargir til vara. Starfssvið nefndarinnar fer eftir kosningalögum.

## 44. gr.

Sjó- og verzlunardóm Húsavíkur skipa sjö menn og þrjú til vara, sem bæjarstjórn tilnefnir alla úr hópi manna, sem hafa þekkingu á sviði siglinga og verzlunar.

## VII. KAFLI

## Bæjarstjóri.

## 45. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar, þó framlengist ráðningartími bæjarstjóra unz bæjarstjórn ræður bæjarstjóra og hann tekur til starfa. Heimilt er að ráða bæjarstjóra til lengri tíma og skal þá hvorum aðila heimilt, að kjörtímabili loknu, að segja upp ráðningarsamningi með sex mánaða fyrirvara. Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

## 46. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir og framkvæmd á málefnum kaupstaðarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

## 47. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur, sem bæjarfulltrúar, þar með talin réttur til þóknunar. Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

## 48. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, er hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt, sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni svo hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs.

## 49. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísí því til greiðslu.

## 50. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhöggud, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun.

## VIII. KAFLI

### Endurskoðun ársreikninga.

#### 51. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða ársreikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans. Kosning skal fara fram á fundi bæjarstjórnar í desembermánuði og kjörtími fylgja reikningsárinu. Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa. Um framkvæmd endurskoðunarinnar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58 1961 og nánari ákvæðum í reglugerð. Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Bæjarráð getur falið viðurkenndum endurskoðanda að semja ársreikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 25. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og að gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal bæjarráði skriflega skýrslu um niðurstöður sínar, áður en bæjarráð gerir tillögur um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnarinnar.

## IX. KAFLI

### Nefndarkosningar.

#### 52. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í byrjun kjörtímabils vegna aðildar að eftirtöldum samtökum.

- A. Samtök, sem kaupstaðurinn er aðili að heima fyrir:
  - 1. Fulltrúaráð félagsheimilis Húsavíkur.
  - 2. Fulltrúaráð Sjúkrahúss Húsavíkur.
  - 3. Stjórn Bókasafns Suður-Þingeyinga.
  - 4. Stjórn Héraðsskjalasafns Suður-Þingeyinga.
- B. Félagssamtök sveitarfélaga:
  - 1. Landsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga.
  - 2. Aðalfundur Brunabótafélags Íslands.
  - 3. Fjórðungsþing Norðlendinga.
  - 4. Fulltrúafundur kaupstaða á Vestur-, Norður- og Austurlandi.Samþykktir samtakanna kveði á um réttinn til fulltrúakjörsins.

#### 53. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til eins árs:

- A. Á fundi í desembermánuði skulu kosnir:
  - 1. Fimm menn í hátíðanefnd 17. júní.
- B. Á fundi í júnímánuði skulu kosnir:
  - 1. Einn maður samkvæmt tilnefningu Íþróttafélagsins Völsungur, sem vera skal, ásamt íþróttakennurum skólanna og forstöðumanni sundlaugar, bæjarráði til ráðuneytis um málefni Sundlaugar Húsavíkur.
  - 2. Tveir menn og jafnmargir til vara úr hópi sauðfjáreigenda, sem eru ásamt fjallskilastjóra bæjarráði til ráðuneytis um landbúnaðarmál.
  - 3. Tveir menn, sem eru ásamt slökkviliðsstjóra, bæjarráði til ráðuneytis um brunavarnamál.
  - 4. Fjórir menn og jafnmargir til vara, ásamt bæjarstjóra, í hitaveitunefnd. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.

## 54. gr.

Bæjarstjórn kýs einn eða tvo menn í stjórnir sparisjóða í Húsavík, svo og endurskoðendur, eftir því sem samþykkt hvers sjóðs segir til um.

## 55. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt kaupstaðarins. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið með lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrslausnar ákveðið og afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

## X. KAFLI

## Starfsmenn kaupstaðarins.

## 56. gr.

Bæjarráð ræður fasta starfsmenn kaupstaðarins og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana. Bæjarráð ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður í samræði við bæjarráð, hvernig auglýsa skuli. Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í föst störf svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðin störf. Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum sínum við þá breytingu.

## 57. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem skv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

## 58. gr.

Nú verður gerður samningur milli bæjarstarfsmanna eða samtaka þeirra annars vegar og kaupstaðarins eða samtaka sveitarfélaga hins vegar um kaup og kjör, og skulu þá kjör fastra starfsmanna kaupstaðarins fylgja þeim kjarasamningi, svo sem við á, þó er óheimilt að rýra kjör starfsmanns til samræmis við samninginn.

## 59. gr.

Fastir starfsmenn kaupstaðarins og fyrirtækja hans njóta sömu réttinda um orlof og veikindadaga og opinberir starfsmenn, unz gerður er samningur sá, er um getur í 58. gr. Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrjú mánuðir.

## 60. gr.

Með gildistöku þessarar samþykktar falla úr gildi ákvæði um vatnsveitunefnd í reglugerð Vatnsveitu Húsavíkur svo og ákvæði í reglugerð um holræsi í Húsavík eru bæjarráði falin störf nefndarinnar.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Kjör framtalsnefndar fyrir núverandi kjörtímabil skal fara fram á fundi bæjarstjórnar í desember 1962.



Kosningum skv. 52. gr. og kosningu endurskoðenda bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins fyrir reikningsárið 1962, skal lokið í tæka tíð á árinu 1962.

Kosningar skv. B-lið 53. gr. skulu fara fram í fyrsta sinn á fundi bæjarstjórnar í október 1962.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 216 11. október 1950.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4.77 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 30.00
b. Fyrir mæla allt að 1—2" .....	— 75.00
c. Fyrir mæla allt að 3" .....	— 270.00

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta liða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## II. KAFLI

## 7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss  
(utanmál) m<sup>3</sup>:

Heimæðagjald:

Allt að 400	8000 kr.				
400— 2000	8000 —	fyrir	400 m <sup>3</sup> +	16 kr/m <sup>3</sup>	þar yfir
2000— 6000	33200 —	—	2000 —	+ 14 —	— —
6000—10000	89200 —	—	6000 —	+ 13 —	— —
meira en 10000	141200 —	—	10000 —	+ 12 —	— —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1500 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

## 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 9. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær samband við hitunarkerfi borgarinnar. Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæðagjaldirnu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 jöfnum árlegum afborgunum, enda sé slíkur samningur gerður fyrir gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er

húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá álestursdegi í október 1962.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 71 13. maí 1960 og breyting á þeirri gjaldskrá nr. 78 14. júlí 1961.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 165.

## REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

### Ársreikningur 1961.

**Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúum 31. des. 1961.**

## Eignir :

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 27 807 734.93	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 19 505 342.78	
c. Sveitarstjórnarlán .....	— 501 232.50	
d. Reikningslán .....	— 29 908 238.95	
		kr. 77 222 549.16
2. Vixlar .....	— 183 115 660.98	
3. Lán í hlaupareikningi .....	— 104 647 069.74	
4. Verðbréf .....	— 82 875 598.83	
5. Innanstokksmunir .....	— 2 679 838.26	
6. Fasteignir .....	— 6 758 227.13	
7. Veðdeild .....	— 2 059 711.45	
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....	— 12 330 705 57	
9. Innheimtur .....	— 12 128 282.71	
10. Ýmsir skuldunautar .....	— 7 736 574.79	
11. Bankainnstöða og peningar í sjóði .....	— 59 899 228.57	
		Kr. 551 953 447.19

## Skuldir :

1. Innstöða í sparisjóði .....	kr. 384 229 058.69
2. — á viðtökuskírteinum .....	— 3 758 012.87
3. — í hlaupareikningi .....	— 64 692 859.05
4. — í reikningslánum .....	— 1 092 551.67

5. Ræktunarsjóður .....	kr.	1 811 756.03
6. Byggingarsjóður .....	—	367 015.03
7. Nýbýlasjóður .....	—	177 137.05
8. Smábýladeild .....	—	299 617.83
9. Ýmsir kröfuhafar .....	—	38 790 126.32
10. Ábyrgðir .....	—	12 330 705.57
11. Seðlabanki Íslands .....	—	6 000 000.00
12. Skuldir á fasteignum .....	—	2 750.000.00
13. Skuldaskilareikningur .....	—	4 000 000.00
14. Fyrningasjóður fasteigna .....	—	40 000.00
15. Varasjóður .....	—	28 466 558.97
16. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	—	3 148 048.11
		<hr/>
		Kr. 551 953 447.19

### Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúum 1961.

#### Tekjur:

1. Vextir frá fyrra ári .....	kr.	3 891 931.28
2. Vextir 1961 .....	—	41 474 065.75
3. Ýmislegar tekjur .....	—	1 963 501.83
		<hr/>
		Kr. 47 329 498.86

#### Gjöld:

1. Vextir .....	kr.	30 442 857.91
2. Rekstrarkostnaður .....	—	9 419 645.12
3. Aukatillag til eftirlaunasjóðs .....	—	350 000.00
4. Afskrifað af fasteignum .....	—	896 998.00
5. Fært á skuldaskilareikning .....	—	418 705.77
6. Til varasjóðs .....	—	2 653 243.95
7. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	—	3 148 048.11
		<hr/>
		Kr. 47 329 498.86

### Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. des. 1961.

#### Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán .....	kr.	24 778 676.60
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	—	18 345 842.78
c. Sveitarstjórnarlán .....	—	501 232.50
d. Reikningslán .....	—	28 461 073.50
		<hr/>
	kr.	72 086 825.38
2. Vixlar .....	—	154 891 382.14
3. Lán í hlaupareikningi .....	—	102 383 833.94
4. Verðbréf .....	—	82 047 598.83
5. Innanstokksmunir .....	—	2 600 000.00
6. Innheimtur .....	—	12 128 282.71
7. Fasteignir .....	—	500 001.00

8. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....	kr.	12 330 705.57
9. Veðdeild .....	—	2 059 711.45
10. Ýmsir skuldunautar .....	—	5 781 560.37
11. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	—	57 279 325.89

---

Kr. 504 089 227.28

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr.	346 658 311.08
2. — á viðtökuskírteinum .....	—	3 679 872.75
3. — í hlaupareikningi .....	—	58 389 660.39
4. — í reikningslánum .....	—	809 840.13
5. Útibú á Akureyri .....	—	553 759.72
6. Útibú á Egilsstöðum .....	—	2 029 223.66
7. Ábyrgðir .....	—	12 330 705.57
8. Ræktunarsjóður .....	—	1 811 756.03
9. Byggingarsjóður .....	—	367 015.03
10. Nýbýlasjóur .....	—	177 137.05
11. Smábýladeild .....	—	299 617.83
12. Seðlabanki Íslands .....	—	6 000 000.00
13. Ýmsir kröfuhafar .....	—	38 765 992.83
14. Skuldaskilareikningur .....	—	4 000 000.00
15. Varasjóður .....	—	25 801 796.73
16. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	—	2 414 538.48

---

Kr. 504 089 227.28

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1961.

Tekjur:

1. Vextir frá fyrra ári .....	kr.	3 141 285.32
2. Vextir 1961 .....	—	38 052 404.99
3. Ýmislegar tekjur .....	—	1 890 890.01

---

Kr. 43 084 580.32

Gjöld:

1. Vextir .....	kr.	28 015 611.83
2. Rekstrarkostnaður .....	—	8 266 300.77
3. Kostnaðartillag til útbúsins Akureyri .....	—	224 203.00
4. Kostnaðartillag til útbúsins Egilsstöðum .....	—	120 000.00
5. Aukatillag til eftirlaunasjóðs .....	—	350 000.00
6. Afskrifað af fasteignum .....	—	712 000.00
7. Fært á skuldaskilareikning .....	—	418 705.77
8. Til varasjóðs .....	—	2 563 220.47
9. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	—	2 414 538.48

---

Kr. 43 084 580.32

## Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. des. 1961.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 3 029 058.33	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán .....	— 1 159 500.00	
c. Reikningslán .....	— 1 447 165.45	
		kr. 5 635 723.78
2. Vixlar .....	— 24 070 547.89	
3. Lán í hlaupareikningi .....	— 317 933.12	
4. Ýmsir skuldunautar .....	— 685 644.35	
5. Fasteignir .....	— 4 750 002.00	
6. Verðbréf .....	— 803 000.00	
7. Bankainnstöða og peningar í sjóði .....	— 2 536 260.30	
		Kr. 38 799 111.44

## Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr. 29 747 764.52
2. — á viðtökuskírteinum .....	— 78 140.12
3. — í hlaupareikningi .....	— 2 609 866.31
4. — í reikningslánnum .....	— 282 711.54
5. Skuldir á fasteignum .....	— 2 750 000.00
6. Fyrningasjóður fasteigna .....	— 40 000.00
7. Varasjóður .....	— 2 643 458.45
8. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 647 170.50
	Kr. 38 799 111.44

## Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1961.

## Tekjur:

1. Vextir frá fyrra ári .....	kr. 671 763.04
2. Forvextir og aðrir vextir .....	— 2 850 950.92
3. Ýmislegar tekjur .....	— 69 671.82
4. Kostnaðartillag aðalbanka .....	— 224 203.00
	Kr. 3 816 588.78

## Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 2 018 888.34
2. Rekstrarkostnaður .....	— 896 812.25
3. Afskrifað af fasteignum .....	— 184 998.00
4. Til varasjóðs .....	— 68 719.69
5. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 647 170.50
	Kr. 3 816 588.78

**Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum 31. des. 1961.****Eignir :**

1. Vixlar .....	kr.	4 153 730.95
2. Lán í hlaupareikningi .....	—	1 945 302.68
3. Verðbréf .....	—	25 000.00
4. Ýmsir skuldunautar .....	—	1 269 370.07
5. Innanstokksmunir .....	—	79 838.26
6. Fasteignir .....	—	1 508 224.13
7. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	—	2 666 625.76

---

 Kr. 11 648 091.85
**Skuldir :**

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr.	7 822 983.09
2. Innstæða í hlaupareikningi .....	—	3 693 332.35
3. Ýmsir lánardrottnar .....	—	24 133.49
4. Varasjóður .....	—	21 303.79
5. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir .....	—	86 339.13

---

 Kr. 11 648 091.85
**Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum 1961.****Tekjur :**

1. Vextir frá fyrra ári .....	kr.	78 882.92
2. Vextir .....	—	570 709.84
3. Ýmislegar tekjur .....	—	2 940.00
4. Kostnaðartillag aðalbanka .....	—	120 000.00

---

 Kr. 772 532.76
**Gjöld :**

1. Vextir .....	kr.	408 357.74
2. Rekstrarkostnaður .....	—	256 532.10
3. Til varasjóðs .....	—	21 303.79
4. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir .....	—	86 339.13

---

 Kr. 772 532.76
**Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1961.****Eignir :**

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
1. flokkur .....	kr.	24 715.25
2. flokkur .....	—	6 738 545.83
3. flokkur .....	—	20 043 503.99
4. flokkur .....	—	6 145 883.16

---

 kr. 32 952 648.23

---

 Kr. 32 952 648.23

## Skuldir :

1. Skuld við sparisjóðsdeild .....	kr. 2 059 711.45
2. Ýmsir lánardrottinnar .....	— 2 500 000.00
3. Seðlabanki Íslands .....	— 1 558 454.77
4. Skyldusparnaður .....	— 13 635 378.81
5. Ríkissjóður .....	— 3 172 500.00
6. Varasjóður .....	— 10 026 603.20
	<hr/>
	Kr. 32 952 648.23

## Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1961.

## Tekjur :

1. Vextir af lánnum .....	kr. 1 727 669.64
2. Lántökugjöld .....	— 31 630.00
3. Hluti af stóreignaskatti .....	— 1 341 545.23
	<hr/>
	Kr. 3 100 844.87

## Gjöld :

1. Rekstrarkostnaður .....	kr. 594 500.60
2. Vextir .....	— 729 555.95
3. Vextir af skyldusparnaði .....	— 662 588.58
4. Vísitölubætur vegna skyldusparnaðar .....	— 1 023 044.35
5. Til varasjóðs .....	— 91 155.39
	<hr/>
	Kr. 3 100 844.87

## Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1961.

## Eignir :

1. Skuldabréf fyrir lánnum:		
4% Þjóðjarðasölulán .....	kr. 23.05	
4½% lán í 1. flokki .....	— 395.10	
4½% lán í 3. flokki .....	— 27 679.52	
4½% lán í 4. flokki .....	— 118 462.03	
2½% lán í 5. flokki .....	— 50 684 491.25	
4% lán í 6. flokki .....	— 165 977 418.64	
6½% lán í 7. flokki .....	— 76 272 390.12	
	<hr/>	kr. 293 080 859.71
2. Skuldabréf Viðlagasjóðs .....	— 71 138.85	
3. Verðbréf .....	— 1 295 122.31	
4. Ýmsir skuldheimtumenn .....	— 20 079.00	
5. Sparisjóðsdeild .....	— 1 811 756.03	
6. Höfuðstóll .....	— 52 589 962.50	
	<hr/>	Kr. 348 868 918.40

## Skuldir :

1. Ríkissjóður:		
a. Erlend lán .....	kr. 20 295 911.81	
b. Innlend lán .....	— 30 691 559.88	
	<hr/>	kr. 50 987 471.69



## 2. Framkvæmdabanki Íslands:

a. Erlend lán .....	kr. 200 273 352.71	
b. Mótvirðissjóður .....	— 97 608 094.00	
		kr. 297 881 446.71
		<b>Kr. 348 868 918.40</b>

**Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1961.****Tekjur:**

1. Vextir af lánnum .....	kr. 10 586 713.58
2. Vextir af verðbréfum .....	— 583 660.42
3. Lántökugjald .....	— 411 524.00
4. Ríkissjóðstillag .....	— 1 600 000.00
5. Rekstrarhalli .....	— 5 116 537.08
	<b>Kr. 18 298 435.08</b>

**Gjöld:**

1. Vextir .....	kr. 16 171 079.81
2. Rekstrarkostnaður .....	— 1 500 000.00
3. Þátttaka í kostnaði teiknistofu og eftirlit .....	— 357 355.27
4. Lántökugjald .....	— 270 000.00
	<b>Kr. 18 298 435.08</b>

**Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. des. 1961.****Eignir:**

1. Skuldabréf fyrir lánnum:		
a. Endurhýsingarlán, 1. flokkur .....	kr. 1 423 667.11	
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi .....	— 73 031.43	
c. Nýbýlalán á óræktuðu landi .....	— 40 015.00	
d. Endurhýsingarlán, 2. flokkur .....	— 56 273 492.47	
e. Endurhýsingarlán, 3. flokkur .....	— 37 309 771.56	
f. Endurhýsingarlán, 4. flokkur .....	— 19 690 993.57	
		kr. 114 810 971.14
2. Verðbréf .....	— 3 102 691.56	
3. Sparisjóðsdeild .....	— 367 015.03	
		<b>Kr. 118 280 677.73</b>

**Skuldir:**

1. Ríkissjóður .....	kr. 43 407 722.63
2. Framkvæmdabanki Íslands .....	— 22 910 967.21
3. Veðdeild Landsbanka Íslands .....	— 34 050 197.59
4. Höfuðstóll .....	— 17 911 790.30
	<b>Kr. 118 280 677.73</b>

**Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1961.****Tekjur :**

1. Lántökugjald .....	kr. 82 995.00
2. Vextir af lánum .....	— 3 400 879.20
3. Vextir af verðbréfum .....	— 214 396.78
4. Ríkissjóðstillag .....	— 3 195 863.94
5. Halli .....	— 941 309.93
	<hr/>
	Kr. 7 835 444.85

**Gjöld :**

1. Vextir .....	kr. 5 638 898.50
2. Rekstrarkostnaður .....	— 1 500 000.00
3. Þátttaka í kostnaði teiknistofu .....	— 328 124.28
4. Laun byggingarfulltrúa .....	— 368 422.07
	<hr/>
	Kr. 7 835 444.85

**Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. des. 1961.****Eignir :**

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 16 807.19
2. Innstæða í sparissjóðsdeild .....	— 299 617.83
	<hr/>
	Kr. 316 425.02

**Skuldir :**

Varasjóður .....	kr. 316 425.02
	<hr/>
	Kr. 316 425.02

**Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1961.****Tekjur :**

Vextir af lánum .....	kr. 616 55
	<hr/>
	Kr. 616 55

**Gjöld :**

Til varasjóðs .....	kr. 616 55
	<hr/>
	Kr. 616 55

**Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. des. 1961.****Eignir :**

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 495 249.47
2. Innstæða í sparissjóðsdeild .....	— 177 137.05
	<hr/>
	Kr. 672 386.52

**Skuldir :**

Varasjóður .....	kr. 672 386.52
	<hr/>
	Kr. 672 386.52

**Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1961.****Tekjur :**

Vextir af lánuum .....	kr. 24 448.34
------------------------	---------------

---

 Kr. 24 448.34
**Gjöld :**

Til varasjóðs .....	kr. 24 448.34
---------------------	---------------

---

 Kr. 24 448.34

Reykjavík, 1. janúar 1962.

**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS****Magnús Jónsson. Hilmar Stefánsson.**

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1961 höfum við undirritaðir yfirlit og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 9. marz 1962.

*Einar Gestsson. Guðmundur Tryggvason.*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 20. marz 1962.

*Jón Pálmason. Friðjón Þórðarson. Guðm. Hjartarson.*  
*Hermann Jónasson. Baldur Eyþórsson.*

**Efnahagsreikningur Landnáms ríkisins 31. des. 1961.****Eignir :**

1. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 6 148 735.69
2. Ýmsir skuldunautar .....	— 1 354 132.56
3. Verðbréf .....	— 458 666.70
4. Innanstokksmunir .....	— 95 433.58
5. Bifreiðar .....	— 230 015.81
6. Vélar og áhöld .....	— 567 938.59
7. Verkstæði .....	— 113 031.55
8. Efnisbirgðir .....	— 536 147.53
9. Stofnkostnaður nýbýlahverfa .....	— 22 155 032.98

---

 Kr. 31 659 134.99
**Skuldir :**

1. Lánardrotnar .....	kr. 287 642.44
2. Skuldir á fasteignum í nýbýlahverfum .....	— 38 287.51
3. Óráðstafað af tilagi vegna 38. gr. laga nr. 48/1957 .....	— 6 847 763.88

## 4. Höfuðstóll:

a. Frá fyrra ári .....	kr. 22 792 582.97	
b. Frá rekstrarreikningi .....	— 1 692 858.19	
		kr. 24 485 441.16
		Kr. 31 659 134.99

**Rekstrarreikningur Landnáms ríkisins 1961.****Tekjur:**

1. Tillag úr ríkissjóði til landnáms .....	kr. 5 000 000.00
2. Tillag úr ríkissjóði vegna íbúðarhúsa á nýbýlum .....	— 1 500 000.00
3. Tillag úr ríkissjóði samkv. 38. gr. laga nr. 48/1957 .....	— 5 000 000.00
4. Vextir .....	— 419 032.09
5. Ráðstafað umfram framlag vegna 38. gr. laga nr. 48/1957 ....	— 1 041 524.12
	Kr. 12 960 556.21

**Gjöld:**

1. Rekstrarkostnaður .....	kr. 717 672.43
2. Skipulagskostnaður .....	— 207 415.68
3. Ræktunarstyrkir .....	— 1 990 007.39
4. Styrkir til smábýla .....	— 31 000.00
5. Styrkir til garðyrkjubýla .....	— 7 500.00
6. Byggingarstyrkir .....	— 2 272 578.40
7. Kostnaður vegna 38. gr. laga nr. 48/1957 .....	— 359 700.12
8. Framlög samkv. 38. gr. laga nr. 48/1957 .....	— 3 492 624.00
9. Framlög vegna endurbyggingar eyðijarða .....	— 249 700.00
10. Byggingarstyrkir skv. lögum nr. 49/1960 .....	— 1 939 500.00
11. Fært á höfuðstól .....	— 1 692 858.19
	Kr. 12 960 556.21

Reykjavík, 5. marz 1962.

**Pálmi Einarsson**  
landnámsstjóri.

Reikninga þessa höfum við yfirlit og borið saman við bækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugvert.

Reykjavík, 12. marz 1962.

*Guðmundur Tryggvason.*      *Einar Gestsson.*

Með hliðsjón af yfirlýsingu endurskoðenda kvittar nýbýlastjórn fyrir reikningana.

Reykjavík, 27. marz 1962.

*Jón Pálmason.*      *Jón Sigurðsson.*      *Steingr. Steinþórsson.*  
*Ásmundur Sigurðsson.*      *Benedikt Gröndal.*

### Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld árið 1961 og efnahag 31. desember 1961.

#### Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1961:		
a. Verðbréf .....	kr. 6 088 376.46	
b. Innstæða í sparisj. Búnaðarbanka Íslands —	1 675 482.63	
c. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 250 000.00	
	<hr/>	kr. 8 013 859.09
2. Vextir .....	—	480 683.19
3. Tillag bankans og sjóðsfélaga .....	—	714 546.46
4. Viðbótartillag bankans .....	—	350 000.00
	<hr/>	Kr. 9 559 088.74

#### Gjöld:

1. Greidd eftirlaun .....	kr. 250 107.49
2. Endurgreidd tillög .....	— 21 276.28
3. Greidd sjúkrasamlagsgjöld .....	— 3 515.00
4. Eign í árslok:	
a. Verðbréf .....	kr. 8 756 437.29
b. Innstæða í sparisj. Búnaðarbanka Íslands —	177 752.68
c. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 350 000.00
	<hr/>
	— 9 284 189.97
	<hr/>
	Kr. 9 559 088.74

Nr. 166.

### REIKNINGAR ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H.F.

1. janúar — 31. desember 1961.

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands og útibúa hans 31. desember 1961.

#### Eignir:

Fasteignaveðslán .....	kr. 52512.60
Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 8314625.62
Reikningslán .....	— 89004732.41
Lán í hlaupareikningi .....	— 183032525.97
Víxlar .....	— 566236514.88
Ýmsir skuldunautar .....	— 68078224.85
Verðbréf .....	— 85989396.84
Erlend mynt .....	— 969167.93
Húseignir bankans og útibúa hans og aðrar fasteignir .....	— 96733.82
Innlendir bankar .....	— 50499943.96
Erlendir bankar .....	— 11426604.06
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	— 144451733.88
Sjóður .....	— 14279350.52
	<hr/>
	Kr. 1222432067.34

## Skuldir:

Stofnfé .....	kr.	7315400.00
Varasjóður .....	—	42000000.00
Afskriftareikningur .....	—	28000000.00
Gengisreikningur .....	—	2100000.00
Húsbyggingasjóður .....	—	11500000.00
Ógreiddur arður 1943—1956 .....	—	15130.00
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	137094464.49
Sparisjóðsfé .....	—	475925008.53
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	105537572.48
Endurseldir víxlar .....	—	168050600.00
Innlendir bankar .....	—	33600000.00
Erlendir bankar .....	—	59207805.21
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	7154033.41
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	—	144451733.88
Yfirfært til næsta árs .....	—	480319.34
		<hr/>
	Kr.	1222432067.34

## Rekstrarreikningur Útvegsbanka Íslands og útibúa hans 1961.

## Gjöld:

Kostnaður við bankareksturinn .....	kr.	23603845.96
Fært á afskriftareikning .....	—	1000000.00
Til varasjóðs .....	—	5000000.00
Til húsbyggingasjóðs .....	—	5000000.00
Framlag til eftirlaunasjóðs .....	—	500000.00
Til næsta árs yfirfærast .....	—	480319.34
		<hr/>
	Kr.	35584165.30

## Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári .....	kr.	218914.49
Vextir, umboðslaun og aðrar tekjur .....	—	35365250.81
		<hr/>
	Kr.	35584165.30

Reykjavík, 6. febrúar 1962.

## ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Elíasson.

F. R. Valdimarsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanritaðan efnahagsreikning ásamt rekstrarreikningi.

Höfum við borið reikningana saman við bækur bankans og eru þeir í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir bankans af víxlum, verðbréf og aðrar eignir bankans og útibúa hans eru fyrir hendi.

Reykjavík, 24. apríl 1962.

Karl Kristjánsson.

Björn Steffensen.

Með skírskotun til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 9. maí 1962.

Gylfi P. Gíslason.

## Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, 31. desember 1961.

## Eignir:

Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	kr.	2694183.76
Reikningslán .....	—	53879804.98
Lán í hlaupareikningi .....	—	112648484.90
Víxlar .....	—	353449180.25
Ýmsir skuldunautar .....	—	61741828.68
Verðbréf .....	—	83006683.75
Erlend mynt .....	—	668796.55
Bankahúsið og aðrar fasteignir .....	—	70224.37
Innlendir bankar .....	—	50499943.96
Erlendir bankar .....	—	9809960.93
Útibúið á Akureyri .....	—	19950240.33
Útibúið á Ísafirði .....	—	33434696.14
Útibúið á Seyðisfirði .....	—	29690320.28
Útibúið í Vestmannaeyjum .....	—	45172263.52
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	—	114764578.43
Sjóður .....	—	11421856.41

---

 Kr. 982903047.24

## Skuldir:

Stofnfé .....	kr.	7315400.00
Varasjóður .....	—	42000000.00
Afskriftareikningur .....	—	28000000.00
Gengisreikningur .....	—	2100000.00
Húsbyggingasjóður .....	—	11500000.00
Ógreiddur arður 1943—1956 .....	—	15130.00
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	94686118.85
Sparisjóðsfé .....	—	307083018.83
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	95422437.85
Endurseldir víxlar .....	—	168050600.00
Innlendir bankar .....	—	33600000.00
Erlendir bankar .....	—	59207805.21
Útibúið á Siglufirði .....	—	15534206.16
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	3143432.57
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	—	114764578.43
Yfirfært til næsta árs .....	—	480319.34

---

 Kr. 982903047.24

## Efnahagsreikningur útibúa Útvegsbanka Íslands 31. desember 1961.

## I. Útibúið á Akureyri.

## Eignir:

Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	kr.	1662500.00
Reikningslán .....	—	20009660.06
Lán í hlaupareikningi .....	—	25335890.04
Víxlar .....	—	23862393.80
Ýmsir skuldunautar .....	—	796554.82

Erlendir bankar .....	kr.	935702.39
Verðbréf .....	—	30048.90
Húseign útibúsins .....	—	1.00
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	—	612311.95
Sjóður .....	—	577128.04

---

Kr. 73822191.00

**Skuldir:**

Skuld við Útvegsbanka Íslands .....	kr.	19950240.33
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	8657808.02
Sparisjóðsfé .....	—	42151078.37
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	1802904.00
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	647848.33
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	—	612311.95

---

Kr. 73822191.00

**II. Útibúið á Ísafirði.**

**Eignir:**

Fasteignaveðslán .....	kr.	52512.60
Reikningslán .....	—	8959075.32
Lán í hlaupareikningi .....	—	16934053.23
Víxlar .....	—	43682442.87
Ýmsir skuldunautar .....	—	1247101.25
Verðbréf .....	—	981133.03
Húseignir útibúsins .....	—	1.00
Sjóður .....	—	1015008.75
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	—	5856543.50

---

Kr. 78727871.55

**Skuldir:**

Skuld við Útvegsbanka Íslands .....	kr.	33434696.14
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	9379049.01
Sparisjóðsfé .....	—	27953883.12
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	1542067.13
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	561632.65
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	—	5856543.50

---

Kr. 78727871.55

**III. Útibúið á Seyðisfirði.**

**Eignir:**

Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	kr.	3638641.86
Reikningslán .....	—	3476294.96
Víxlar .....	—	24982490.29
Verðbréf .....	—	1168600.00
Lán í hlaupareikningi .....	—	8768480.29
Ýmsir skuldunautar .....	—	240892.17
Erlend mynt .....	—	247506.95



Húseign útibúsins og aðrar fasteignir .....	kr.	26505.45
Sjóður .....	—	313728.08

---

Kr. 42863140.05

Skuldir:

Skuld við Útvegsbanka Íslands .....	kr.	29690320.28
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	2932331.98
Sparisjóðsfé .....	—	8921250.57
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	1013013.57
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	306223.65

---

Kr. 42863140.05

IV. Útibúið á Siglufirði.

Eignir:

Inneign hjá Útvegsbanka Íslands .....	kr.	15534206.16
Lán í hlaupareikningi .....	—	14123817.46
Reikningslán .....	—	681504.78
Víxlar .....	—	5343817.52
Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	—	319300.00
Húseign útibúsins .....	—	1.00
Erlendir bankar .....	—	680940.74
Ýmsir skuldunautar .....	—	4679.00
Sjóður .....	—	292762.48

---

Kr. 36981029.14

Skuldir:

Sparisjóðsfé .....	kr.	28974196.54
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	6167814.70
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	1689017.90
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	150000.00

---

Kr. 36981029.14

V. Útibúið í Vestmannaeyjum.

Eignir:

Reikningslán .....	kr.	1998392.31
Víxlar .....	—	114916190.15
Lán í hlaupareikningi .....	—	5221800.05
Erlend mynt .....	—	52864.43
Ýmsir skuldunautar .....	—	4047168.93
Verðbréf .....	—	802931.16
Húseign útibúsins .....	—	1.00
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	—	23218300.00
Sjóður .....	—	658866.76

---

Kr. 150916514.79

Skuldir:

Skuld við Útvegsbanka Íslands .....	kr.	45172263.52
Innstæðufé í hlaupareikningi .....	—	15271341.93

Sparisjóðsfé .....	kr.	60841581.10
Ýmsir skuldheimtumenn .....	—	4068132.03
Fyrirfram greiddir vextir .....	—	2344896.21
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	—	23218300.00

---

Kr. 150916514.79

Nr. 167.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1956.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr.	203571.59
2. Árgjöld frá félögum .....	—	14596.00
3. Styrkur úr bæjarsjóði .....	—	20000.00
4. Styrkur úr rikissjóði .....	—	6000.00
5. Vextir á árinu .....	—	10544.78

---

Kr. 254712.37

### Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr.	43550.00
2. Ýmis gjöld .....	—	822.35
3. Sjóður:		
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr.	11000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	—	5000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	—	130000.00
d. — Alþýðuh. Rv. hf. ....	—	35000.00
e. — Alþýðuh. Iðnó hf. ....	—	4000.00
f. Innslæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	1363.11
g. Innslæða í Landsbanka Íslands .....	—	23976.91

---

— 210340.02

---

Kr. 254712.37

Reykjavík, 25. janúar 1957.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Framanritaðan reikning höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 15. marz 1957.

Alfreð Guðmundsson.

Magnús Ástmarsson.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1957.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr. 210340.02
2. Árgjöld frá félögum .....	— 13833.00
3. Styrkur úr bæjarsjóði .....	— 20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	— 10000.00
5. Vextir á árinu .....	— 10949.42

---

Kr. 265122.44

**Gjöld:**

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr. 47200.00
2. Ýmis gjöld .....	— 337.25
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr. 8000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	— 4000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	— 111000.00
d. — H-B Vísitölubr. ....	— 20000.00
e. — Alþýðuh. Rv. hf. ....	— 33500.00
f. — Alþýðuh. Iðnó hf. ....	— 2000.00
g. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	— 1432.10
h. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 37653.09

---

— 217585.19

---

Kr. 265122.44

Reykjavík, 25. janúar 1958.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Undirritaðir hafa í dag endurskoðað reikning þennan, talið í sjóði og borið saman verðbréfaeign sjóðsins, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 17. marz 1958.

Alfreð Guðmundsson.

Magnús Ástmarsson.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1958.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr. 217585.19
2. Árgjöld frá félögum .....	— 14984.00
3. Styrkur úr bæjarsjóði .....	— 20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	— 10000.00
5. Vextir á árinu .....	— 9579.60

---

Kr. 272148.79

**Gjöld:**

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr. 46200.00
2. Ýmis gjöld .....	— 1413.95
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr. 7000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	— 4000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	— 93000.00
d. — H-B vísitölubr. ....	— 45000.00
e. — Alþýðuh. Rv. hf. ....	— 31500.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	— 1504.57
g. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 42530.27

---

— 224534.84

---

Kr. 272148.79

Reykjavík, 25. janúar 1959.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Við undirritaðir höfum í dag endurskoðað reikning þennan, talið í sjóði og borið saman verðbréfaeign sjóðsins, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 2. apríl 1959.

Alfreð Guðmundsson.

Magnús Ástmarsson.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1959.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr.	224534.84
2. Árgjöld frá félögum .....	—	14381.00
3. Styrkur úr bæjarsjóði .....	—	20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	—	10000.00
5. Vextir á árinu .....	—	9673.07

---

Kr. 278588.91

### Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr.	48050.00
2. Ýmis gjöld .....	—	1244.85
3. Sjóður:		
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr.	7000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	—	3000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	—	85000.00
d. — H-B vísitölubr. ....	—	70000.00
e. — Alþýðuh. Rv. hf. ....	—	29500.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	1580.72
g. Innstæða í Landsbanka Íslands og í vörzlu gjaldkera .....	—	33213.34

---

Kr. 278588.91

Reykjavík, 25. janúar 1960.

**Hilmar Jónsson.**

**Hannes M. Stephensen.**

**Jóna Guðjónsdóttir.**

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athuga-  
vert.

Reykjavík, 16. sept. 1960.

*Alfreð Guðmundsson.*

*Magnús Ástmarsson.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1960.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr.	229294.06
2. Árgjöld frá félögum .....	—	14790.00
3. Styrkur úr bæjarsjóði .....	—	20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	—	10000.00
5. Vextir á árinu .....	—	13015.63

---

Kr. 287099.69

### Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr.	50800.00
2. Ýmis gjöld .....	—	628.90
3. Sjóður:		
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr.	7000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	—	1000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	—	73000.00
d. — H-B vísitölubr. ....	—	70000.00
e. — Alþýðuh. Rv. hf. ....	—	27500.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	1713.79
g. Innstæða í Landsbanka Íslands og í vörzlu gjaldkera .....	—	55457.00

---

Kr. 287099.69

Reykjavík, 25. janúar 1961.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athuga-  
vert.

Reykjavík, 11. sept. 1961.

*Alfreð Guðmundsson.*

*Magnús Ástmarsson.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1961.

### Tekjur:

1. Sjóður frá f. ári .....	kr.	235670.79
2. Árgjöld frá félögum .....	—	14328.00
3. Styrkur úr borgarsjóði .....	—	20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	—	10000.00
5. Vextir á árinu .....	—	13484.38
		Kr. 293483.17

### Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr.	52900.00
2. Ýmis gjöld .....	—	305.15
3. Sjóður:		
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr.	4000.00
b. — Sogsvirkjunar .....	—	1000.00
c. — Byggingarsj. vkm. ....	—	48000.00
d. — H-B vísölubr. ....	—	70000.00
e. — Alþýðuh. Rv hf. ....	—	25500.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	1833.70
g. Innstæða í Landsbanka Íslands og í vörzlu gjaldkera .....	—	89944.32
		— 240278.02
		Kr. 293483.17

Reykjavík, 20. febrúar 1962.

**Hilmar Jónsson.**

**Hannes M. Stephensen.**

**Jóna Guðjónsdóttir.**

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athuga-  
vert.

Reykjavík, 8. marz 1962.

*Alfreð Guðmundsson.*

*Magnús Ástmarsson.*

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Dalasýslu.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

#### 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefnd Dalasýslu á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum, hver í sínum hreppi.

### II. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

#### 3. gr.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu, og brennimerkja allt sitt hyrnda fé með sýslu- og hrepps Brennimerki. Enginn má hafa afeyrt að marki. Svigamörk eru óheimil. Ef kindur koma fyrir í haustleitum með óglöggu marki, skulu þær færðar til slátrunar úr þeim skilaréttum, sem þær finnast í, sbr. þó 24. gr., nema einhver geti sannað eignarrétt sinn á þeim með áreiðanlegra manna vitnisburði.

#### 4. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð, og borga sýslusjóði prentun þess.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5. til 10. hvert ár. Skulu hreppsnefndir annast um að safna öllum eyrna- og brennimerkum í hreppnum og rita þau greinilega á skrá eftir stafrófsröð. Skulu þær sendar manni þeim, er sýslunefnd hefur falið að búa markaskrána undir prentun, og skal hann sjá um, að sammerkingar eigi sér ekki stað innan sýslunnar, né heldur við nálæg héruð, sbr. gildandi reglur um takmarkanir á sammerkingum á sauðfé vegna sauðfjárveikivarna.

#### 5. gr.

Sýslunefnd ræður mann (markavörð) til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og búa markaskrár undir prentun. Ráðning hans gildir um 5 ár í senn.

Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, og mörk framan á eyra fyrr en aftan. Í markalýsingu skal fyrst greint yfirmark, þá undirben framan og aftan, og fyrr það efra, ef tvö eru sama megin. Vilji einhver taka upp mark milli þess,



sem markaskrá er prentuð, skal leita samþykkis markavarðar og að því fengnu auglýsa markið í Lögbirtingablaðinu. Eigandaskipti að mörkum skulu tilkynnt markaverði.

### III. KAFLI

#### Um ítölu og upprekstrarlönd.

##### 6. gr.

Nú þykir einhverjum búendum eða jarðeigendum nauðsyn til bera, að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í heimalöndum eða fjalllöndum, og er þeim þá heimilt að krefjast ítölumats samkvæmt gildandi lögum um ítölu. Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal leita fyrir sér um upprekstrarland í nærliggjandi hreppum fyrir afréttarpening þeirra bænda, sem ekki teljast hafa viðhlítandi sumarhaga án slíkrar íhlutunar. Leita skal álits sýslunefnda, ef til ágreinings kemur um slíka beit.

##### 7. gr.

Í þeim hreppum, sem að áliti ítölunefndar hafa aðeins fjalllönd fyrir innanhreppsfé, er öllum bannað að taka sauðfé til sumargöngu úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má hver sá, sem fjallland er eigi notað hjá af innanhreppsmönnum, taka í það til sumargöngu svo margt fé utanhreppsmanna, sem ítölunefnd hefur metið.

##### 8. gr.

Upprekstartoll skal hver maður greiða með 2 álnum fyrir hverjar 10 sauðkindur, jafnt lömb sem fullorðið fé, nema öðruvísi sé um samið, hvort sem hann notar upprekstrarlandið eða ekki. Gjald þetta skal greiða innan októbermánaðarloka ár hvert, og ber hreppsnefnd að innheimta það, þar sem hún hefur verið í útvegum með upprekstrarland, ef eigandi krefst þess.

##### 9. gr.

Enginn má leyfislaust reka fé sitt eða sleppa því í annarra manna lönd. Þá er lömb eða annað sauðfé er rekið á sumarhaga gegnum annarra manna lönd, skal það gert með þeirri varúð, að ekki hljótist skaði af.

Öllum er bannað að veita sauðfé móttöku til vor- eða sumargöngu úr öðrum hreppum eða sýslum, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar.

### IV. KAFLI

#### Um fjallskil.

##### 10. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til, samkv. 11. gr., að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, í hvaða landi hver skuli ganga, hvernig fjalleitum skuli haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina, þar til réttarhald byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utan hrepps, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir, og yfirleitt sérhvað annað, er að fjalleitum lýtur. Fjallskilaboð gangi sem þingboð um hreppinn, og varðar sektum, ef það tefst eða glatast fyrir vanrækslu eða hirðuleysi.

Allir fjáreigendur skulu, að forfallalausum, skyldir til að taka við leitarstjórastarfi og hafa það á hendi svo oft sem hreppsnefnd vill. Til að sækja sauðfé og hross í réttir utan hrepps, skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn, og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

**11. gr.**

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur eða ótamið hross, hvort sem það er í heimahögum eða ekki. Skal hver leggja til fjallskila það, sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli, nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hreppsnefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki maður fénað sinn í aðra hreppa, skal hreppsnefnd færa niður fjallskil hans að nokkru. Full fjallskil greiðist af fé því, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti og vori, gæzlukostnað á úrtíningsfé o. fl., eftir ákvæðum hreppsnefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

**12. gr.**

Allir búendur hreppsins eru skyldir að láta smala heimalönd sín rækilega fyrir hverja rétt, svo snemma, að allt ókunnugt fé, er finnast kann í heimalandi, geti náð til réttar áður en réttarhald byrjar, og skal reka það beinustu leið eða bæ frá bæ til réttar eða í réttarsafn Á eyðijörðum hvílir smölunar- og rekstrarskylda á eigendum jarðanna. Sé ákvæði þessu ekki hlýtt, varðar það sektum frá 100 til 1000 kr. og skal hreppsnefnd kaupa mann á kostnað þess, er brotið hefur, til að smala landið. Þeim, sem hafa stór heimalönd að smala, skal hreppsnefnd vægja í fjallskilum, er hún jafnar þeim á. Enginn má smala fjalllönd fyrir leitir né heldur heimalönd annarra, eða reka sauðfé úr þeim fyrir fyrstu rétt, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefnda.

**13. gr.**

Haustleitir skulu vera þrjár: Fyrsta leit mánudaginn í 22. viku sumars, nema í Haukadalshreppi, þar fer fyrsta leit fram til Vatnsréttar laugardaginn og Kirkjufellsréttar sunnudaginn í 22. viku sumars. Réttar skal leitardagana í Dunksrétt, Vatnsrétt, Skerðingsstaðarétt, Flekkudalsrétt, Sveinsstaðarétt og Múlarétt, en í hinum réttunum næsta dag við leitardag. Önnur leit sunnan varnargirðingar, Hvammsfjörður—Hrútafjörður, mánudaginn í 23. viku sumars, en í öðrum hreppum sýslunnar mánudaginn í 24. viku sumars. Þriðja leit fari fram mánudaginn í 26. viku sumars.

**14. gr.**

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir, sem menn eiga að leggja til í fjallleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað, og að allir leitarmenn fylgi fjársafni sínu til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit sína strax og sauðljóst er orðið, bíði hver eftir öðrum á gatnamótum, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitunum samhliða.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir og um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir; auk þess greiði hann sekt.

**15. gr.**

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn sé þess kostur og greiði sá, er leitina átti að inna af hendi, þann kostnað, er af hlýzt.

Ef einhver óhlýðnast skipun leitarstjóra í leitum, eða hreppsnefndar eða réttarstjóra við réttarhöld, skal það tafarlaust kært fyrir lögreglustjóra til sekta.

Ef leitarstjórar, hreppsnefndir eða réttarstjórar vanrækja skyldustörf sín, misbeita valdi sínu eða hylma yfir með öðrum, er hver og einn skyldur til að kæra það fyrir sýslumanni.

#### 16. gr.

Enginn má reka fjallsafn heim á bæi í fyrstu leit til þess að draga sitt eða annarra fé úr því, nema hreppsnefnd leyfi.

### V. KAFLI

#### Um réttir, réttarhöld og úrtíning.

#### 17. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess er krafizt, fullt endurgjald koma fyrir úr hreppssjóði, eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnr.

#### 18. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að fjárréttir séu ávallt í gildu standi. Skulu dilkar að jafnaði svo stórir, að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en fjárdrætti er lokið. Allir þeir hreppar, er sauðfé gengur saman hjá á sumrum, skulu kosta byggingu á hæfilega stórum dilk við lögrétt þess hrepps, sem nokkur fjárvon er í, eftir nánari fyrirmælum viðkomandi hreppsnefndar. Kostnaður af byggingu og viðhaldi slíkra dilka skal greiddur úr sveitarsjóði þess hrepps, sem féð á, nema öðruvísi sé um samið. Allir einstakir fjáreigendur, er fá upprekstur í öðrum hreppum, sjái sér fyrir dilkplássi þar, sé þess krafizt af hreppsnefndum viðkomandi hreppa. Skyldur er hver fjáreigandi að vinna eða láta vinna að réttarbyggingu eða viðgerð hennar, eftir fyrirskipun hreppsnefndar, er jafnar helming kostnaðar niður á alla hreppsbúa eftir fjártölu þeirra, en helming á búendur eina eftir landverði jarða. Heimilt er hreppsnefnd að ívilna búendum eyjajarða að þessu leyti.

#### 19. gr.

Lögréttir skulu vera þessar:

- Í Hörðudalshreppi á Hóli.
- Miðdalahreppi á Fellsenda.
- Haukadalshreppi við Villingadalsá.
- Laxárdalshreppi á Gillastöðum.
- Hvammshreppi á Skerðingsstöðum.
- Fellsstrandahreppi á Flekkudal.
- Klofningshreppi í Sveinsstaðalandi.
- Skarðshreppi á Skarði.
- Saurbæjarhreppi á Litla-Múla.

Aukarétt skal vera á Dunki í Hörðudalshreppi og Vatni í Haukadalshreppi. Breyta má um lögréttarstað, ef meiri hluti hreppsbúa og sýslunefnd samþykkja.

#### 20. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal stjórna réttarhöldum, en kjósa má þó hreppsnefnd annan mann fyrir réttarstjóra. Réttarstjóri sér um réttarhaldið, að það fari vel og skipulega fram, og eru allir, sem að réttarhaldinu vinna, skyldir til að hlýða öllum þeim fyrirskipunum hans, er samhljóða eru þessari reglugerð, og nauðsynlegar til að halda reglu og skipulagi. Hreppstjórar skulu vera viðstaddir réttarhöld í hverri lögrétt til þess að annast löggæzlu.

## 21. gr.

Réttarstjórar skulu skipa hæfa menn til að sjá um, að fé misdragist ekki í réttum, að svo miklu leyti sem unnt er.

Ef einhver hreppsúi hefur of fáa menn til að draga fé sitt í réttinni, svo að réttarhald fyrir það tefst, er réttarstjóra leyfilegt að kaupa menn, á hans kostnað, til að draga fé hans. Sama er og ef utanhreppsmenn eða hreppsnefndir annarra hreppa leggja of fáa eða lélega menn til í réttina.

## 22. gr.

Enginn má marka nokkra kind á eyrum eða hornum í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra og undir hans umsjón, né heldur má nokkur hleypa fé út úr dilk án hans leyfis.

## 23. gr.

Réttarstjóri skal hafa sterkar gætur á, að ekki séu teknir ómerkingar úr réttinni fyrr en sundurdrætti er lokið. Þá ómerkinga, sem engin ær helgar sér, skal láta í sérstakan dilk, og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til, að vanti dilk. Þeir ómerkingar, sem engin sérstök ær helgar sér, skulu færðir til slátrunar skv. gildandi fyrirælum.

## 24. gr.

Mýétningar og allar þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna hafa skemmd eyru af sólbruna, kali o. fl., og auðsjáanlega hefur skemmt svo mark á, að ekkert mark er hægt að gera úr eyrum þeirra eða hornum, skulu þegar að afloknu réttarhaldinu færðar til slátrunar, ef enginn sannar eignarrétt sinn á þeim, þó skal, ef lömb eru, fara með þau sem ómerkinga, sbr. 23. og 27. gr. Andvirði þeirra rennur í sveitarsjóð skilaréttarinnar. Séu slíkar kindur með sérstökum einkennum, skulu þær seldar samkvæmt 3. gr.

Ákvæði þessi takmarkast af fyrirælum um slátrun óskilafjár.

## 25. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á landi þar sem lögrétt stendur á, skal gjalda réttartoll úr viðkomandi sveitarsjóði, sé þess krafizt, er eigi fari fram úr 20 álnum árlega, en að Dunki í Hörðudalshreppi sé hámark 7 álnir.

## 26. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utanhrepps, samkv. 2. lið 10. gr., skulu skila í lögrétt síns hrepps öllu því sauðfé, sem þeir hafa tekið í utanhreppsréttum. Þó mega þeir sjálfir skila fé þeim eigendum, sem heima eiga á bæjum á leiðinni. Afganginn skulu þeir reka á lögréttarstað, en ef þeir geta ekki náð í fyrstu rétt, vegna vegalengdar, skulu þeir skila rekstrinum eftir því, sem hreppsnefnd hefur ákveðið. Fé það, sem kemur úr öðrum hreppum í síðari réttum, skal ganga tafarlaust bæ frá bæ beinustu leið til eiganda. Stöðvist rekstur á bæ að degi til, skal honum haldið til þeitar, ef fært er veður. Sá, sem sleppir rekstri, er honum hefur verið afhentur, eða fer illa með sauðfé annarra, svo sem með því að svelta það inni í húsum eða girðingum meira en næturlangt, sæti sektum, nema þyngri hegning liggja við. Sektir þessar renna í sveitarsjóð.

## 27. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um geymslu hjá áreiðanlegum manni í hreppnum á þeim kindum öllum, sem þekkjast en enginn hirðir í 1. rétt, og engin ráðstöfun hefur verið gerð fyrir. Telst slík geymsla til fjallskila. Hreppsnefnd getur heimtað sér þetta fé endurgoldið af fjáreigendum.

## 28. gr.

Skilaréttir skulu haldnar næsta dag við leitardag annarrar fjalleitar að hausti í öllum hreppum sýslunnar. Réttarhöld má hreppsnefnd fyrirskipa í tilefni af öðrum leitum en fyrstu og annarri, ef hún telur það nauðsynlegt.

## 29. gr.

Allt það sauðfé, sem enginn vill hirða í skilarétt, og það, sem ekki þekkist mark á, skal farið með eftir gildandi fyrir mælum og venjum.

## 30. gr.

Ef sauðfé, sem innanhreppsmenn eða menn í nágrannahreppum eiga, finnst í af-réttum eftir allar réttir, skal það tafarlaust rekið bæ frá bæ stytztu leið til eiganda. Finnandi getur krafizt borgunar fyrir fyrirhöfn sína af eiganda, þó má sú borgun aldrei fara fram úr 6 álnum fyrir fullorðna kind og 3 álnum fyrir lamb.

Ef kindur finnast eftir réttir, en eigandi þeirra er svo fjarri, að ekki þyki gerlegt að senda honum þær eða koma þeim til skila á annan hátt, skal selja slíkar kindur, að auglýstum sölustað og stund með nægum fyrirvara. Þjóðist einhver til að veita þeim viðtöku og greiða áfallinn kostnað, skulu þær eigi seldar. Kindur, sem finnast á þessum tíma, og ekki þekkist eigandi að, skulu seldar strax og búið er að auglýsa þær með nægum fyrirvara.

## 31. gr.

Um hver áramót skal hreppstjóri senda sýslumanni mörk og lýsingu á því óskilafé, er hann hefur selt á uppboðum í hreppnum, og enginn eigandi hefur leitt sig að, en sýslumaður auglýsir þetta í Lögbirtingablaðinu. Þeir, sem sanna eignarrétt sinn á hinum seldu kindum fyrir Mikaelsmessu næstu á eftir, eiga heimtingu á að fá andvirði kindanna hjá hlutaðeigandi hreppstjóra, að frádregnum kostnaði. Andvirði óskilafénaðar, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Hreppstjórar skulu sýna hreppsnefnd kvittanir fyrir fjárverði því, er þeir hafa greitt eigendum.

## VI. KAFLI

## Um vorleitir.

## 32. gr.

Almenn vorsmölun skal fara fram, í öllum hreppum sýslunnar, þriðjudaginn í 11. viku sumars. Enginn má reka lambær til fjalls, fyrr en eftir vorleit. Heimilt er að jafna niður vorleit á sama hátt og haustleit. Hamli veður, skal leita næsta færán dag. Færsla á vorleit er algjörlega háð samþykki sýslumanns í samráði við hreppsnefndir nærliggjandi hreppa.

## 33. gr.

Allt það sauðfé í ullu og ær með ómörkuðum lömbum, sem finnst í hinni fyrirskipuðu vorleit, skal rekið heim til næstu bæja og skilið þar sundur eftir vild fjáreigenda. Það fé, sem engin ráðstöfun hefur verið gerð fyrir, skal rúið og ómörkuð lömb mörkuð fyrir eigendum. Skulu leitarmenn annast þetta gegn hæfilegri þóknun. Ullin skal geymd á góðum stað, og eigendum gert viðvart um hana.

## VII. KAFLI

## Um ótamin hross.

## 34. gr.

Sérhver hrossaeigandi er skyldur að hafa glöggð eyrnamark á hrossum sínum. Hver sá, sem á ótamin hross, skal koma þeim á afrétt til sumargöngu eigi síðar en 8 vikur af sumri, eða þá er nægur gróður er kominn, nema land hans liggji svo, að ekki geri þau öðrum skaða með ágangi.

## 35. gr.

Sumargöngutoll skal eigandi greiða afréttarbónda með 4 álnum fyrir hvert hross, nema öðruvísi sé um samið.

## 36. gr.

Leiti afréttarhross niður í byggð á þeim tíma, sem þeim er ætlað að ganga á fjalli, skal sá ábúandi, sem þau leita til, skyldur að reka þau til fjalls aftur. Ef afréttarhross gera mikinn ágang í heimalöndum, má sá ábúandi, sem fyrir þeim verður, reka þau beint til réttra eigenda, eða þeirra, er tekið hafa hrossin til sumargöngu. Reki hann hross í annars manns heimalönd, skal hann skyldur til að gjalda þeim ábúanda fyrir átroðning af þeim.

## 37. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rétta á annarri leit. Þó er Hörðdælingum og Haukdælingum heimilt að smala hrossum til fyrstu réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur, þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag og 9 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 9 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

## VIII. KAFLI

## Um sláturfé.

## 38. gr.

Á sláturfénaði eða öðrum förgunarfénaði skal rekstrum hagað svo, að þeim, sem búa á löndum, sem fé er um rekið, eða að er í, verði sem minnstur bagi að, og skulu hverjum rekstri fylgja nægilega margir menn.

Áður en fé er aflífað á slátursstöðum eða selt á markaðsstöðum, — en markaðsstaðir teljast hvert það heimili, er fjárkaupmenn kaupa fé á, — skal markglöggur maður, annar en eigandi, athuga mark á hverri kind. Allt markaðsfé skal, um leið og það er keypt, merkja glöggu og haldgóðu rekstrarmerki, og sé hver markaðskind merkt tveim litum, til aðgreiningar frá heimamerktu fé bænda, annar liturinn sé jafnan rauður. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til allra þeirra, sem reka fé út úr héraðinu til slátrunar, þótt ekki hafi þeir keypt það af öðrum.

## IX. KAFLI

## Um brot o. fl.

## 39. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 5 000.00 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brot er framið, nema þar sem öðruvísi er ákveðið.

Mál, er rísa út af broti á reglugerðinni, skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. marz 1961, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 163 frá 30. júlí 1952.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 174.

10. október.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Fræðasjóð Skagfirðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1962.  
Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

### **fyrir Fræðasjóð Skagfirðinga.**

1. gr.

Nafn sjóðsins er Fræðasjóður Skagfirðinga.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir frá þeim, er unna þjóðlegum fræðum og vilja viðhalda og efla áframhaldandi fræðastörf Skagfirðinga á því sviði. Gjafir og óafturkræf framlög, er sjóðnum berast, eru stofnframlög, og gefendur þeirra skulu skrásettir í bókum sjóðsins sem þátttakendur í stofnun hans og í þeirri röð, sem gjafirnar berast stjórn sjóðsins.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Skagfirðingar rannsaki og riti um sem flesta þætti sögu Skagafjarðar, sem ekki eru fullkannaðir, þar með talda persónusögu Skagfirðinga og ættfræði. Skal að því stefnt að tengja ljóslega saman fortíð og nútíð, með það fyrir augum að styrkja svo sem verða má þau bönd, er tengja Skagfirðinga við hérað sitt og áttuga, og einstakar jarðir. Heimilt er að veita ritverkum um þessi efni viðurkenningu, þó að þau séu unnin af utan-héraðsmönnum. Sögufélag Skagfirðinga hefur forgangsrétt til útgáfu slíkra rita, ef óskað er.

Stjórn sjóðsins skal vinna að þessu þannig:

1. Að verðlauna rit (heimildarrit) eða ritgerðir, er stjórn sjóðsins berast og fjalla um einhverja ákveðna þætti úr sögu Skagafjarðar eða skagfirzskri persónusögu og ættfræði, byggt á rannsóknum höfundarins, enda hafi ritsmíðar þessar verið dæmdar verðlauna verðar.
2. Nú berast stjórn sjóðsins ekki verðlaunahæf rit eða ritgerðir, sem um ræðir í tölulíð 1, og er henni þá heimilt að veita efnilegum innanhéraðsmönnum, sem áhuga hafa á þessari fræðigreini, styrk til eins árs í senn af fé því, sem stjórn sjóðsins hefur til umráða og úthlutunar hverju sinni til þess að rannsaka og rita um einhver þau efni, er hér um ræðir. Stjórn sjóðsins skal fylgjast með starfi styrkþega á þessu sviði.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins, þ. e. höfuðstól hans eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða. Leggja skal árlega  $\frac{1}{4}$  vaxta við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn  $\frac{1}{2}$  milljón króna, eftir það skal leggja  $\frac{1}{8}$  hluta vaxta við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks með svo hagstæðum kjörum sem kostur er hverju sinni.

## 5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í fyrsta skipti eftir að  $\frac{3}{4}$  ársvaxta sjóðsins nema að minnsta kosti kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónum —, til þess tíma leggjast allir vextir árlega við höfuðstólinn. Nú eru hvorki veitt verðlaun eða styrkur úr sjóðnum eitthvert ár, samanber 3. gr., og skal þá stjórn sjóðsins leggja það fé á sérstakan reikning í Sparisjóði Sauðárkróks til ávöxtunar þar til umsóknir berast, sem taldar eru viðurkenningar eða stuðnings verðar, samanber 3. gr.

## 6. gr.

Stjórn Héraðsskjalasafns Skagafirðinga fer með stjórn sjóðsins, hún ákveður hver eða hverjir skuli hljóta verðlaun eða styrk úr sjóðnum. Stjórnin skal þó leita álits sérfróðs manns eða manna um ritgerðir, sem henni berast, ef einhver úr stjórn sjóðsins óskar þess. Verðlaun úr sjóðnum veitast einu sinni á ári, og ganga þeir fyrir að öðru jöfnu, sem búsettir eru í Skagafirði.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins annast um varðveislu eigna hans og ávöxtun þeirra í samræmi við ákvæði 4. og 5. greinar. Hún hefur með höndum reikningshald hans og er ábyrg fyrir eignum hans. Skulu ársreikningar sjóðsins lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, en afrit af þeim skal senda bæjarstjórn Sauðárkróks. Sýslunefnd skal jafnframt fylgjast með því, að ákvæðum skipulagsskrárinnar sé fylgt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningi skal fylgja skrá yfir stofnframlög til sjóðsins ásamt nöfnum gefendanna. Ársreikninginn ásamt skránni skal birta í sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessa skal rita í sérstaka bók, í hana skal enn fremur færa nöfn þeirra, er leggja fram stofnframlag, samanber 2. gr. Fyrsta stofnframlag til sjóðsins er gjöf frá Reynistaðahjónum, Sigrúnu Pálmadóttur og Jóni Sigurðssyni, að upphæð kr. 12 000.00 — tólf þúsund krónum.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í hana skal færa fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um verðlaun eða styrk úr sjóðnum og verðlaun og styrkveitingar stjórnarinnar. Enn fremur ársreikning sjóðsins og annað, er verðar hag hans og rekstur.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda.

Reynistað, 12. maí 1961.

Jón Sigurðsson. Sigrún Pálmadóttir.



## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

#### 1. Almenn ákvæði.

##### 1. 1. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Hveragerðishrepps.

##### 1. 2. Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps fer með stjórn Hitaveitu Hveragerðis og skipar framkvæmdarstjóra hitaveitunnar og þriggja manna hitaveitunefnd honum og sér til ráðuneytis. Hitaveitustjóri annast daglegan rekstur hitaveitunnar og skipar hreppsnefnd starfsmenn honum til aðstoðar eftir því, sem þörf krefst.

##### 1. 3. Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Hveragerðis hefur innan hreppsmarkanna einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni, með þeim takmörkunum, sem um getur í 2. og 7. gr. samnings landbúnaðarráðuneytisins og hreppsnefndar Hveragerðis frá 16. maí 1952 um not jarðhita í Hveragerðishreppi og síðustu málsgrein þessarar greinar. Þó getur hreppsnefnd heimilað einstaklingum eða félögum að annast byggingu og rekstur fjarhit-unarkerfis á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Hitaveitan getur ekki selt heitt vatn til notenda með hærra hitastigi en 110°C nema leyfi ráðherra komi til hverju sinni.

##### 1. 4. Utanhússlagnir.

Hreppsnefnd lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiaðar og heimæðar inn í hús, sbr. þó 1. mgr. liðar 1.3.

##### 1. 5. Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum sínum, svo og heimæðum að húsvegg nema notaður sé forhitari utanhúss, þá að honum. Húseiganda er óheimilt að hylja þessar lagnir eða gera þær óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.

##### 1. 6. Afnot varmaorku.

Sú varmaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa. Nú kann að koma fram ósk um að nota varmaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

##### 1. 7. Nýting.

Nýting heits vatns skal vera slík, að hitastig notaðs vatns (frárennslisvatns) frá gróðurhúsum skal ekki fara yfir 40 gráður á C., en frá íbúðarhúsum 60 gráður. Hreppsnefnd getur þó með einfaldri hreppsnefndarsamþykkt hækkað eða lækkað hitastig þetta um allt að 10 gráðum á Celsius.

##### 1. 8. Bótaskylda hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld, þótt notendur verði fyrir tjóni vegna ófullnægjandi varmaflutnings og eigi heldur vegna rafmagnstruflana, breytinga á borholum og

hverum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þá er hitaveitan ekki bótaskyld, þótt tjón verði á mönnum, munum eða eignum af heitu vatni eða gufu frá varmalögnum innanhúss enda þótt kerfið hafi staðizt nauðsynlega þrýstiprófun hitaveitunnar, og er sú prófun gerð á ábyrgð húseiganda.

### 1. 9. Takmörkun varmanotkunar.

Hitaveitan getur fyrirskipað takmörkun á varmanotkun, ef hún telur það nauðsynlegt, eða lokað varmaæð vegna hreinsana eða viðgerða. Full varmagjöld ber að greiða, þótt notandi hafi orðið fyrir lokun af því tagi, er um ræðir í 1. mgr.

### 1. 10. Umsóknir.

Nú hyggst húseigandi leggja hitakerfi í hús sitt eða gera breytingu á eldra kerfi, og skal hann þá með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra. Umsókn skal rita á eyðublað, sem hitaveitustjóri lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans. Umsókn skal fylgja uppdráttur gerður af sérfróðum manni af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni.

### 1. 11. Uppdrættir.

Uppdrættir séu gerðir á haldgóðan pappir og þannig frágengnir, að ekki máist letur við geymslu. Stærð skal vera DIN A2 (42,0 × 59,4 cm) eða margfeldi af þeirri stærð. Lagnir skulu sýndar á rúmteikningu með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, raufar og gót í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag við tengingu hitaveitu. Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, ofnum, loftristum og tengingum þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur nauðsynlegt, getur hann krafizt útreikninga.

### 1. 12. Samþykkt uppdráttá.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Annað eintakið varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt eintakið afhendist umsækjanda. Meistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það, sem geymt er í skrifstofu hitaveitustjóra. Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða því, að kerfi sé rétt útreiknað.

### 1. 13. Meistarar.

Meistari sá, sem tekur að sér verk samkvæmt reglugerð þessari, ber ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að vera sett og samþykktá uppdráttá.

### 1. 14. Eftirlit.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitunni. Álíti eftirlitsmaður hitaveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

**1. 15. Eftirlitsmaður.**

Eftirlitsmaður hitaveitu skal, meðan á verki stendur, hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan.

**1. 16. Dælur.**

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi, og þannig frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

**2. Sérákvæði.****2. 1. Efni og frágangur.**

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt efni óaðfínnlegt. Nú telur hitaveitustjóri, að vinna eða efni sé gallað, og er þá skylt að bæta það.

**2. 2. Forhitara.**

Pípur í forhitara skulu þrýstíprófaðar með 30 kg/cm<sup>2</sup>, en kápa með 6 kg/cm<sup>2</sup>. Forhitara skulu staðsettir minnst 5 cm frá lofti, vegg eða gólfi og tryggilega festir. Á forhitara skal vera öryggisloki auk tæmingarstúts og þannig frá gengið, að ekki valdi hávaða. Hitaveitustjóri gefur upp hámarksþrýstítap gegnum forhitara.

**2. 3. Baðvatnsgeymar.**

Ytra byrði baðvatnsgeyma með gormpípum (spíral) skal þrýstireynt með 6 kg/cm<sup>2</sup>, en innra byrði og gormpípur með 9 kg/cm<sup>2</sup>. Baðvatnsgeymar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg eða lofti og tryggilega festir. Stútar á baðvatnsgeymum skulu vera sem hér segir:

Fyrir hringrásarvatn .....	2 stútar
— baðvatn .....	2 stútar
— hitamæla .....	1 stútur
— hitastilli .....	1 stútur

Botnar baðvatnsgeyma skulu vera úthverfir og skulu suðusamskeytin vera fyrir utan kúpuna. Um kápugeyma gilda sérákvæði: Séu geymar undir 700 mm að þvermáli, skal þykkt kápu vera minnst 4 mm, innra byrðis 5 mm og botns 6 mm. Sé þvermál meira, ber að leggja fram sérstakan útreikning á styrkleika. Innan við kaldavatnsstútinn skal komið fyrir kringlótttri dreifiplötu, sem sé minnst 20 cm í þvermál og 3 mm á þykkt.

**2. 4. Pípur.**

Pípur þær, sem notaðar eru til hitalagna, skulu fullnægja lágmarkskröfum þeim, sem gerðar eru í gildandi þýzkum stöðlum (DIN Normen 2440). Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir. Í gegnum hverja pípu, sem minni er en 50 mm, skal fyrir notkun renna stálkúlu, er sé minnst 80% af þvermáli pípunnar, en stærri pípur nægir að skyggna. Í miðstöðvarkerfi má nota létt-dregnar pípur. Þar sem pípur eru í múruðum eða lokuðum raufum, fer um samsetning þeirra eftir ákvæðum í grein 2. 5. Um frágang á raufum í gólfum fer eftir ákvæðum greinar 2. 15.

## 2. 5. Samsetningar.

Allar pípur skal sjóða saman. Þó er heimilt að nota tengistykki til samsetninga á pípum, sem eru grennri en 40 mm, enda séu þær ekki huldar í veggjum eða gólfum. Enn fremur er heimilt að nota sértengingar (kraga eða tengja), ef líklegt er að nauðsynlegt verði að taka pípur þær sundur síðar. Ef um er að ræða breytingu á eldri hitalögnum, getur hitaveitustjóri leyft, að notuð séu tengistykki.

## 2. 6. Um suðuvinnu á pípum.

Nú eru pípur soðnar saman, og skal þá tryggt, að frá öllum samskeytum sé þannig gengið, að soðið sé gegnum pípuveggina og ekki sé gjall, loftbólur eða aðrir gallar á suðu.

## 2. 7. Prófun á suðu.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra hefur rétt til að krefjast þess, að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir sem þurfa þykir. Meistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt lag aftur. Komi í ljós, að sýnishorn fullnægir ekki þeim kröfum, sem gera verður til þeirra, ákveður hitaveitustjóri hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfis skuli endurleggja.

## 2. 8. Um pípulögnina.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar kerfisins. Þegar breyta þarf stefnu lagnar, skal að jafnaði beygja pípu eftir því, sem aðstæður leyfa. Séu lyppubeygjur notaðar, skal eigi beygja meira en svo, að ein lyppa komi á hverja 10 gráðu beygju. Skámiðju tengistykki skal nota eftir því sem unnt er. Við skurð á endum skal snarað úr þeim. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum skal festa með burðarjárnnum og ber að ganga svo frá járnunum að þau hindri ekki hitaþenslu pípanna.

## 2. 9. Miðstöðvarofnar.

Alla miðstöðvarofna skal skola og þrýstiprófa með 7 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi áður en þeir eru settir upp. Ofnar skulu að jafnaði festir á vegg. Fjarlægð milli burðarjárna skal vera mest 80 cm og fjarlægð frá burðarjárnnum að enda ofns ekki meiri en 20 cm. Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig, að fjarlægð ofns yrði að minnsta kosti 3 cm frá fullgerðum vegg, en fjarlægð frá fullgerðu gólfi upp að ofni skal vera 10–15 cm. Tengipípur ofna skulu vera það langar, að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

## 2. 10. Geislahitunarlögn.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur, sem þola a. m. k. 40 kg/cm<sup>2</sup> þrýsting. Pípunar skal beygja kaldar á þar til gerðu borði eftir nákvæmlega renndum beygjuhjóllum, þannig að bil pípanna verði rétt. Um innsteypt samskeyti vísast til greinar 2. 5. Hitamottur skal leggja í mót ofan á 5–6 mm steypustyrktarjárn. Áður en pípur eru huldar steypu skal með þrýstilofli blása kúlu í gegnum þær og sé kúlan að þvermáli ekki undir  $\frac{3}{4}$  af vídd pípunnar. Því næst skal prófa geislahitunarkerfið með köldu vatni með 30 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi, er haldið sé óbreyttum í 2 klukkustundir. Geislahitunarlögn telst því aðeins fullnægjandi, að ekki sjáist rakamerki utan á pípu eftir slíka prófun. Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal vera viðstaddur þegar prófanir skv. þessari grein fara fram. Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórnæki.

## 2. 11. Lokar.

Lokar skulu að jafnaði vera rennilokar með krögum eða suðuendum. Í lokum, sem eru 80 mm eða minni, mega endar vera skrúfuskornir. Stillilokar skulu að jafnaði vera keilu- eða sætislokar. Við alla miðstöðvarofna skulu vera tvístillilokar með kvarða, er sýni á hvað viðkomandi loki er stilltur.

## 2. 12. Þenslukur.

Á miðstöðvarkerfum, sem hituð eru frá einföldu hitaveitukerfi, skal vera þenslukur á uppstreymispípu þannig staðsett, að það sé efsti hluti hitakerfisins. Á kerfi, sem hitað er frá forhitara, þarf ekki að vera þenslukur á hitaveituæðinni. Sé frosthætta þar sem þenslukur er staðsett, skal það einangrað. Yfirfall skal vera frá öllum opnum þenslukerum til frárennsliskerfis. Yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni skal tengja við frárennsliskerfi við vatnslás.

Heimilt er að nota þrýstþenslukur. Á tvöföldu hitaveitukerfi þarf ekki þenslukur.

## 2. 13. Dælur.

Dæluhús og dæluhjól skulu gerð úr steypujárni eða öðru jafnhentugu efni, en dæluöxlar skulu vera úr ryðfríu stáli. Þó skal dæluhús vera úr stáli, ef notað er heitara vatn í miðstöðvarkerfi en 100°. Skyllt er að ganga þannig frá dælu, að ekki valdi hávaða. Á dælu skal vera merkiplata með áletruðum upplýsingum um samsvarandi þrýstihæð í metrum og vatnsmagn í lítrum á mínútu (eða m<sup>3</sup>/h), straumtegund og verksmiðjunúmer. Dælu skal fylgja línurit, er sýnir þrýstihæð og vatnsmagn.

## 2. 14. Málning.

Allar pípur miðstöðvarkerfa, svo og burðarjárn, sem hulin verða, skal mála vandlega með asfaltmálningu, er þolir þann hita, sem kerfið er gert fyrir. Pípur í geislahitunarflötum má þó ekki mála. Pípur skulu vera þurrar og hreinar, áður en þær eru málaðar. Miðstöðvarofna og hitapípur gróðurhúsa skal mála með vatns- eða olíumálningu en ekki bronsa.

## 2. 15. Einangrun.

Allar pípur í veggjum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé að minnsta kosti 20 mm þykkt. Pípur í neðsta gólfi skal þó einangra þannig, að raufar þær, sem pípur liggja í, séu fylltar vandlega með asfalt efni. Sýnilegar pípur skal einangra með ólífrænni einangrun.

## 2. 16. Sjálfvirk stjórnæki.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja sjálfvirkan loka á inntakspípu. Lokanum skal stýrt af hitastilli í útrennslispípu, sbr. ákvæði greinar 1. 8. hér að framan. Slíkir lokar skulu gerðir fyrir minnst 7 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingsmun.

## 2. 17. Mælar.

Á inntakspípur húsa, sem tengd eru Hitaveitu Hveragerðis, getur hún sett upp mæla. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hennar og er skyllt að tilkynna tafarlaust, ef vart verður leka eða annarra bilunar á mælunum.

**2. 18. Þrýstiprófun hitakerfa.**

Þegar lokið er lögnum miðstöðvarkerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað af meistara að viðstöddum eftirlitsmanni hitaveitustjóra. Prófa skal með köldu vatni og 7 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi.

**2. 19. Eftirlit og úttekt.**

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfis er lokað, skal eftirlitsmanni hitaveitustjóra gert aðvart með hæfilegum fyrirvara og skal hann þá gefa út vottorð um ástand lagnarinnar.

**3. Refsiákvæði.****3. 1. Brot á reglugerð.**

Nú brýtur meistari, sem áritar uppdrátt, í bága við reglugerð þessa eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum hans og hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu.

**3. 2. Sektir.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 30 000 krónum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem á vantar á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppsþjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING****um viðauka og breytingar nr. 5 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.**

Frá og með 20. október 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Eltas Ellasson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Akraness hefur verið ákveðið eftirfarandi um umferð á Akranesi.

Eftirtaldar götur og gatnamót hafa aðalbrautarrétt:

1. Hafnarbraut með forgangsrétt við Suðurgötu.
2. Kirkjubraut með forgangsrétt við Skagabraut.
3. Skagabraut með forgangsrétt við Suðurgötu.
4. Skólabraut.
5. Stillholt með forgangsrétt við Kirkjubraut.
6. Suðurgata.
7. Vesturgata með forgangsrétt við Skólabraut og Stillholt.

Á eftirfarandi götum verði einstefnuakstur:

1. Miðteigur—Háteigur, ekið frá Vesturgötu að Suðurgötu.
2. Melteigur, ekið frá Vesturgötu að Suðurgötu.

Bílastæði eru bönnuð:

1. Á Vesturgötu, frá Bárugötu að Bakkatúni, beggja megin götunnar.
2. Á Skólabraut, frá Vesturgötu að Skuldartorgi, sunnan götunnar.
3. Á Kirkjubraut, frá Skuldartorgi að Akurgerði, vestan götunnar.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem að aðalbrautum liggja, eru við vega-mótin merktir biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn á Akranesi, 16. október 1962.*

**Þórhallur Sæmundsson.**

## REGLUGERÐ

### um verkstjóranámskeið.

#### I. Námskeið fyrir starfandi verkstjóra.

##### A. Almenn námskeið.

##### 1. gr.

Verkstjóri samkvæmt reglugerð þessari er hver sá, sem stjórnar og ber ábyrgð á daglegri vinnu annarra.

##### 2. gr.

##### Inntökuskilyrði.

Þátttakandi skal hafa starfað a. m. k. þrjú ár við starfsgrein sína og vera starfandi verkstjóri.

##### 3. gr.

Námsgreinar skulu m. a. vera: Verkstjórn, sálfræði, undirstöðuatriði vinnuhag-ræðingar, hollustuhættir og slysavarnir á vinnustöðum, reksturshagfræði, vinnulög-gjöf og kaupsamningar.

## 4. gr.

Námskeiðin skulu haldin einu sinni á ári eða oftari, eftir því sem þörf krefur að dómi stjórnar námskeiðanna. Skulu þau vera dagnámskeið, um 100 klst. að lengd. Námskeiðin skulu haldin í Reykjavík, en heimilt skal að halda styttri námskeið úti á landi.

## 5. gr.

Í lok hvers námskeiðs skal þeim þátttakendum, sem sýnt hafa ástundun, iðni og hæfni, afhent þátttökuskírteini, undirritað af forstöðumanni og námskeiðsstjórn.

## 6. gr.

Þátttökugjald skal vera kr. 1 000.00 fyrir hvern, en heimilt er að ákveða annað gjald, með samþykki ráðherra, ef sérstaklega stendur á.

## B. Sérnámskeið.

## 7. gr.

Þátttakendum í almennum námskeiðum skal gefinn kostur á, eftir því sem unnt reynist, að sækja sérnámskeið fyrir verkstjóra í einstökum starfsgreinum eða sérstökum greinum verkstjórnarfræða.

## 8. gr.

Slík námskeið skulu skipulögð í samstarfi við samtök og stofnanir, sem hagsmuna hafa að gæta hverju sinni, og skal námsefni og tilhögun ákveðin í samráði við þessa aðila.

## 9. gr.

Þátttökuskírteini skulu gefin út á sama hátt og í almennum námskeiðum, sbr. 5. gr.

## 10. gr.

Námskeiðsstjórn ákveður þátttökugjald hverju sinni, og skal það miðast við námsstundafjölda, með hliðsjón af 4. og 6. gr.

## II. Námskeið fyrir verkstjóraefni.

## 11. gr.

Sérstök reglugerð skal sett um námskeið fyrir verkstjóraefni, er til slíkrar kennslu verður stofnað, samkvæmt lögum um verkstjóranámskeið, nr. 49/1961.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um verkstjóranámskeið, nr. 49 23. marz 1961, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 17. október 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Brynjólfr Ingólfsson.*



Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þórarins Olgeirssonar, ræðismanns í Grimsby, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. október 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð Þórarins Olgeirssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórarins Olgeirssonar, ræðismanns í Grimsby.

### 2. gr.

Sjóðurinn er gjöf Þórarins, upphaflega í verðbréfum Byggingarsjóðs verzlunarmanna í Reykjavík, L D nr. 1—20, 2000 kr. hvert með  $5\frac{1}{2}\%$  vöxtum, en nú að fjárhæð kr. 140764.36 — eitt hundrað og fjörutíu þúsund sjö hundruð sextíu og fjórar  $\frac{3}{100}$  — krónur, talinn undir nafninu Styrktarsjóður togarasjómanna í reikningum Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja aldraða togarasjómenn skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

### 4. gr.

Eigi skal veita fé úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 1000000.00 — ein milljón króna —.

### 5. gr.

Árlegir vextir leggjast við höfuðstólinn, unz hann hefur náð greindri fjárhæð. Auk vaxtanna renna í sjóðinn gjafir og áheit, ef því er að skipta.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eldrei skerða, meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum, eftir að náð er því marki, er sett er í 4. gr.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Sjómannadagsráðs á hverjum tíma.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu endurskoðendur sjóðsins vera þeir sömu sem endurskoðendur Sjómannadagsráðs. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þar á meðal reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Sjómannadagsráðs.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. september 1962.

Kristens Sigurðsson.

Pétur Sigurðsson,  
form.

Guðm. Oddsson,  
gjaldkeri.

Hilmar Jónsson.

Tómas Sigvaldason.

## REGLUGERÐ

### um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

#### 1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skipar fulltrúa og varafulltrúa í Verðlagsráð sjávarútvegsins til tveggja ára í senn miðað við 1. október. Starfsár ráðsins er frá 1. október til 30. september.

#### 2. gr.

Á fyrsta fundi verðlagsráðs hvert starfsár, kýs ráðið sér formann og ritara, annan úr hópi fiskisöluaðila, en hinn úr hópi fiskkaupenda, svo og varaformann og vararitari á sama hátt, og skulu þeir í samráði við framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

#### 3. gr.

Verðlagsráð ræður sér framkvæmdastjóra, með samþykki ráðherra, til að annast dagleg störf. Framkvæmdastjóri ræður, í samráði við verðlagsráð, annað starfsfólk eftir því, sem þörf krefur.

#### 4. gr.

Kjósi aðili að verðlagsráði að neyta heimildar laga til að skipta um fulltrúa í ráðinu eftir því hvers konar verðákvæðanir skulu teknar, skal tilkynna ráðuneytinu þá staðgengla sem varafulltrúa í ráðið. Fulltrúaskipti skulu tilkynnt framkvæmdastjóra verðlagsráðs með nægum fyrirvara, áður en fundir hefjast, fyrir hvert verðákvæðunartímabil. Sömu fulltrúar skulu að forfallalausú sitja alla fundi ráðsins um hverja verðákvæðun, þar til henni er lokið.

#### 5. gr.

Framkvæmdastjóri, í samráði við formann og ritara verðlagsráðs, skal boða fundi í verðlagsráði. Tilkynna skal fulltrúum í verðlagsráði með a. m. k. 7 daga fyrirvara, hvenær fundir skuli hefjast um hverja verðákvæðun. Geti skipaður aðalfulltrúi ekki mætt á fundi ráðsins vegna forfalla, skal hann koma boðum þar um til varafulltrúa síns í verðlagsráði og framkvæmdastjóra, svo tímanlega, að varafulltrúi eigi þess kost að mæta á þeim fundi.

#### 6. gr.

Enginn fulltrúi getur farið með nema eitt atkvæði á fundum verðlagsráðs. Verðlagsákvæðanir verða því aðeins teknar, að ráðið sé fullskipað. Þó getur enginn fulltrúi hindrað starfsemi ráðsins með fjarveru, hafi hann verið löglega boðaður til fundar. Um málefni, er allir verðlagsráðsmenn fjalla um, skal tilhögun vera sú, að aðilar tilnefndir af seljendum og kaupendum skulu fara með 6 atkvæði hvorir um sig, er skiptast jafnt á viðstadda fulltrúa. Séu atkvæði jöfn í máli, er ekki varða verðákvæðanir, sker sjávarútvegsráðherra úr.

#### 7. gr.

Verðlagsári fiskideildar, vegna verðákvæðunar á bolfiski og flatfiski, skal skipt í eftirtalin 3 veiðitímabil:

- A) 1. janúar til 31. maí,
- B) 1. júní til 30. september,
- C) 1. október til 31. desember.

Verð á öðrum tegundum sjávarafla, að undanskilinni síld, svo sem rækjum, humar o. fl., skal verðlagsráði heimilt að ákveða á öðrum tíma en greinir hér á undan eftir því, sem þörf krefur hverju sinni.

8. gr.

Verðlagsráð (fiskideild) skal leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn, og skal þá hafa lokið verðákvörðunum sínum fyrir 10. desember ár hvert. Náist ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð fyrir tilskilinn tíma, skal vísa ágreiningsatriðum til yfirnefndar þegar í stað. Yfirnefndin skal hafa felld fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og tilkynnt fiskverð eigi síðar en 31. desember ár hvert.

9. gr.

Kjósi verðlagsráð (fiskideild) að gefa út verðákvörðun fyrir eitt veiðitímabil í senn skv. 7. gr., skal þeirri ákvörðun verðlagsráðs fyrir hvert veiðitímabil vera lokið 20 dögum áður en viðkomandi veiðitímabil hefst. Að öðrum kosti vísast ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði eins og greinir í 8. gr. og skal fiskverð tilkynnt áður en nýtt veiðitímabil hefst.

10. gr.

Landinu skal skipt í 2 síldveiðisvæði:

A. Norður- og Austurlandssvæði:

Frá Rit norður um að Hornafirði.

B. Suður- og Vesturlandssvæði:

Frá Hornafirði vestur um að Rit.

11. gr.

Verðlagsári síldardeildar á hvoru svæði skv. 10. gr. skal skipt í eftirtalin veiðitímabil:

1. Norður- og Austurlandssvæði:

a. 10. júní til 30. september.

Veiðist síld á öðrum tíma á þessu svæði, skal verðlagsráð ákveða verð á þeirri síld.

2. Suður- og Vesturlandssvæði:

a. 1. marz til 31. ágúst.

b. 1. september til febrúarloka.

Verðákvæðanir síldardeildar verðlagsráðs skulu liggja fyrir með sama fyrirvara og mælt er um í 9. gr. um fiskideild.

12. gr.

Verðlagsráðsmönnum svo og starfsmönnum verðlagsráðs er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru verðlagsráði í té samkvæmt lögum nr. 97/1961, svo og því sem fram fer á fundum verðlagsráðs, að því leyti sem það varðar einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97 frá 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 273  
30. desember 1950.**

**1. gr.**

Liður e í 39. gr. XV. kafla reglugerðarinnar falli niður.

Í stað hans komi nýr liður, er verður því 39. gr. e, svohljóðandi:

Amfetamín, dexamfetamín, metamfetamín og önnur skyld og álíka hættuleg efni og sölt þeirra, og er óheimilt að láta úti í einu meira en 150 mg handa einstaklingi.

Enn fremur fenmetralín (Preludin) og metýlfenidat (Ritalin) og sölt þessara efna, en af því fyrrgreinda má aðeins láta úti í einu 750 mg og af því síðargreinda aðeins 300 mg handa einstaklingi.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. nóvember 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

**REGLUGERÐ**

**um landsútsvör.**

**I. KAFLI**

**Almenn ákvæði.**

**1. gr.**

Greiða skal landsútsvör í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt reglugerð þessari.

**2. gr.**

Landsútsvör miðast við tvenns konar gjaldstofn:

1. Hagnað skv. II. kafla þessarar reglugerðar.
2. Heildarsölu skv. III. kafla þessarar reglugerðar.

**II. KAFLI**

**Um landsútsvör af hagnaði.**

**3. gr.**

Landsútsvör af hagnaði greiða þessir aðilar:

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölnunefnd varnarliðseigna.

Landsútsvar þeirra aðila, sem um ræðir í þessari grein, skal vera 5% — fimm af hundraði — af árlegum hagnaði.

**4. gr.**

Hagnaður telst sama og hreinar tekjur félaga til skatts, ákvarðaðar á þann hátt, sem lög nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt og reglugerð skv. þeim lögum kveða á um.

## III. KAFLI

## Um landsútsvör af heildarsölu.

## 5. gr.

Landsútsvör af heildarsölu greiða þessir aðilar:

1. Sildarverksmiðjur ríkisins, Áburðarverksmiðjan hf., Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Landsútsvar þessara aðila skal vera 1½% — einn og hálfur af hundraði — af heildarsölu.

2. Þeir, sem flytja inn olíu og oliuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

Landsútsvar þessara aðila skal vera 1⅓% — einn og einn þriðji af hundraði — af heildarsölu.

## 6. gr.

Til heildarsölu skv. 5. gr. telst sérhver sala eða afhending vöru, vinnu og þjónustu eða annarra verðmæta.

Eftirtalið telst þó ekki með í heildarsölu:

1. Andvirði fasteigna og lausafjár, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti slík sala ekki talizt til atvinnurekstrar.
2. Andvirði verðbréfa.
3. Söluskattur af viðskiptum skv. II. kafla laga nr. 10/1960.

## 7. gr.

Landsútsvar miðast við heildarsölu skv. 6. gr., án frádráttar nokkurs kostnaðar. Þó má draga frá söluinni afskrifaðar skuldir, sem áður hafa verið taldar með í heildarsölu til landsútsvars, enda stafi þær af landsútsvarsskyldri sölu.

## IV. KAFLI

## Um framtöl, álagningu, tilkynningar, kærur, innheimtu o. fl.

## 8. gr.

Fyrir 1. marz ár hvert skulu gjaldskyldir aðilar ótilkvaddir senda skattstjóranum í Reykjavík framtal til landsútsvars.

Framtalinu skulu fylgja rekstrar- og efnahagsreikningar næst liðins árs, svo og önnur þau gögn, sem skattstjóra þykir við þurfa, til þess að landsútsvar og skipting þess verði réttléga ákveðið. Framtalsskýrslur og önnur gögn skulu vera í því formi, sem skattstjóri ákveður.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru til tekju- og eignarskatts og hafa heimilisfang í Reykjavík, þurfa þó ekki að gera sérstakt framtal til landsútsvars, hafi þeir skilað skattstjóra tekju- og eignarskattsframtali fyrir 1. marz, enda hafi því fylgt fullnægjandi gögn til álagningar og skiptingar landsútsvarsins.

## 9. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, ákveður skattstjórinn í Reykjavík í umboði félagsmálaráðuneytisins landsútsvar gjaldanda samkvæmt framtali hans. Sé framtalskýrsla ófullnægjandi í heild eða einstökum atriðum, tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda, eða ekki talið fram innan tilskilins frests, skal beita ákvæðum VI. og VII. kafla laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

## 10. gr.

Nú rekur gjaldskyldur aðili atvinnu eða starfsemi frá heimilisfastri atvinnustöð utan heimilissveitar sinnar, eða þar sem aðal atvinnustöð er staðsett, og skal

hann þá láta fylgja framtali sínu fullnægjandi greinargerð um heildarsölu á hverjum stað.

Atvinnustöð telst heimilisföst í sveitarfélagi, ef gjaldskyldur aðili hefur þar fasteign til afnota fyrir starfsemi sína.

Skattstjóri ákveður eftir framlögðum gögnum, hve mikill hluti landsútsvarsins skuli lagður á hverja atvinnustöð. Fjórðungur landsútsvars, sem lagt er á hverja atvinnustöð, skal koma í hlut þess sveitarfélags, þar sem hún telst heimilisföst.

Við skiptingu landsútsvarsins skv. II. kafla skal farið eftir hlutfallinu á milli heildarsölu fyrirtækisins og sölu þess í hverju sveitarfélagi.

Nú hefur gjaldskyldur aðili eigi talið fram til landsútsvars eða framtali hans er ábótavant á þann hátt, sem segir í 9. gr., og landsútsvar því verið áætlað, og skal þá skattstjóri einnig áætla, hversu landsútsvarið skuli á lagt í hverju því sveitarfélagi, þar sem honum er kunnugt um, að gjaldandi hafi heimilisfasta atvinnustöð og með hliðsjón af þeim tilkynningum og gögnum, sem honum hafa horizt frá sveitarstjórnnum, sbr. 11. gr.

#### 11. gr.

Telji sveitarstjórn, að gjaldskyldur aðili hafi haft heimilisfasta atvinnustöð í sveitarfélaginu, skal hún tilkynna skattstjóranum í Reykjavík kröfu sína um hlutdeild í landsútsvari skv. 10. gr. fyrir 1. marz. Sveitarstjórn láti fylgja tilkynningunni upplýsingar eða gögn til stuðnings kröfu sinni til landsútsvars.

Berist skattstjóra eigi tilkynning frá sveitarfélagi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar, og ekki eru fyrir hendi fullnægjandi gögn um skiptingu gjaldstofnsins milli sveitarfélaga, hefur sveitarfélag glatað rétti sínum til fjórðungs landsútsvarsins skv. 10. gr. Fellur sá hluti til skiptingar með  $\frac{3}{4}$  hlutum landsútsvars skv. 2. mgr. 20. greinar laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 12. gr.

Álagningu landsútsvars skal vera lokið fyrir 1. júní ár hvert.

Skattstjóri semur skrá um gjaldendur landsútsvars. Þar skal tilgreina nafn og heimilisfang hvers gjaldanda, heildarfjárhæð landsútsvars, svo og hluta hvers sveitarfélags í fjórðungi útsvarsins, sbr. 10. gr. Skrá þessa ber skattstjóra að senda félagsmálaráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum þann hluta hennar, er þau varðar. Jafnframt tilkynnir skattstjóri gjaldanda í ábyrgðarbréfi um heildarlandsútsvar, er honum hefur verið gert að greiða.

Landsútsvar greiðist til félagsmálaráðuneytisins.

Nú kemur í ljós, eftir að árlegri álagningu er lokið, að aðila, sem lagt skyldi hafa verið á, hefur verið sleppt af skrá, eða honum hefur eigi verið gert að greiða landsútsvar af öllum gjaldstofni, og skal þá skattstjóri leiðrétta það með nýrri álagningu, en gera skal aðila aðvart og gefa honum kost á að gæta réttar síns, áður en álagning fer fram. Skattstjóri tilkynnir síðan gjaldanda, félagsmálaráðuneyti og viðkomandi sveitarstjórn breytingu á landsútsvari á sama hátt og segir í 2. mgr. þessarar greinar. Um kærur og fresti fer eftir ákvæðum 13. og 14. gr.

Ekki skal reikna landsútsvar að nýju lengra aftur í tímann en 4 ár. Hafi gjaldandi skýrt frá tekjum sínum eða heildarsölu lægri en vera ber, má þó reikna landsútsvarið 6 ár aftur í tímann. Reiknast þá dráttarvextir frá þeim tíma, sem landsútsvarið hefði að réttu lagi verið gjaldkræft.

#### 13. gr.

Gjaldandi getur kært álagningu landsútsvara til skattstjóra. Kæra skal vera skrifleg og hafa horizt skattstjóra innan 15 daga frá því ábyrgðarbréf um álagninguna, sbr. 12. gr., var póstlagt.

Fyrir 1. júlí skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skrá þá, sem um ræðir í 12. gr., skv. þeim úrskurðum. Tilkynnir hann síðan kærendum úrskurði sína í ábyrgðarbréfi. Jafnframt tilkynnir hann félagsmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélagi breytingar.

## 14. gr.

Vilji gjaldandi ekki una við úrskurð skattstjóra, getur hann áfrýjað honum með skriflegri kæru til ríkisskattanevndar innan 15 daga frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattanevnd skal úrskurða kæruna innan tveggja vikna frá móttöku hennar, nema fresta verði úrskurði vegna ófullnægjandi gagna. Ríkisskattanevnd sendir úrskurð sinn til gjaldanda, félagsmálaráðuneytisins, viðkomandi sveitarfélags og skattstjórans í Reykjavík. Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður um gjaldhæð. Ágreiningi um gjaldskyldu og gjaldstofna má einnig skjóta til úrskurðar félagsmálaráðherra. Heimilt er og að bera málið undir dómstóla.

## 15. gr.

Telji sveitarstjórn, að réttur hennar sé fyrir borð borinn að því er varðar álagningu landsútsvars eða skiptingu þess, getur hún leitað úrskurðar um málið hjá sömu aðilum og nefndir eru í 13. og 14. gr., innan þeirra kærufresta, sem þar eru ákveðnir.

## 16. gr.

Gjalddagi landsútsvars er 15. ágúst ár hvert.

Sé álagningu af einhverjum ástæðum eigi lokið fyrir þann tíma, skal gjalddagi vera 10. dagur frá póstlagningu tilkynningar um álagningu. Sama gildir um álagningu skv. 4. mgr. 12. gr.

Kæra eða málsskot frestar ekki eindaga landsútsvars né viðurlögum við vangreiðslu þess, en sé landsútsvar lækkað með úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

## 17. gr.

Sé landsútsvar ekki greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, skal greiða 1% dráttarvexti af skuldinni fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, talið frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt að fullu.

Landsútsvar ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885.

## 18. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvör vegna Jöfnunarsjóðs.

Jöfnunarsjóður endurgreiðir sveitarfélagi fjórðung landsútsvars skv. 3. mgr. 10. gr.

## 19. gr.

Skattyfirvöldum og innheimtumönnum, svo og starfsmönnum þeirra, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

## 20. gr.

Landsútsvör skv. 3. gr. skal í fyrsta sinn greiða af hagnaði af rekstri ársins 1962. Landsútsvör skv. 1. tölul. 5. gr. skal í fyrsta sinn miða við heildarsölu á árinu 1962, og landsútsvör skv. 2. tölul. 5. gr. skal í fyrsta sinn miða við heildarsölu á árinu 1961.

Á árinu 1962 skulu aðilar þeir, sem um ræðir í 2. tölul. 5. gr., hafa skilað framtali og tilskildum gögnum um heildarsölu fyrir 25. nóv. 1962. Fyrir sama tíma skulu sveitarstjórnir hafa sent skattstjóranum í Reykjavík tilkynningar þær, er um ræðir í 11. gr. varðandi þá aðila, sem gjaldskyldir eru árið 1962.

Gjalddagi landsútsvara, sem lögð eru á heildarsölu ársins 1961, skal vera 31. des. 1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 5. nóv. 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um skipulag í Bessastaðahreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Bessastaðahrepps í Gullbringusýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli taka til byggingarlóða í Bessastaðahreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. nóv. 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Staðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Staðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*



## REGLUGERÐ

### fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

#### I. KAFLI

##### Stofnun og skipulag bankans.

###### 1. gr.

Iðnaðarbanki Íslands hf. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans  $6\frac{1}{2}$  milljón króna, en heimilt að auka það í allt að 10 millj. króna, sbr. lög nr. 30 frá 18. apríl 1962.

#### II. KAFLI

##### Starfsemi bankans.

###### A. Innlán.

###### 2. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fé til ávöxtunar í sparisjóðsbækur, minnst 10 krónur í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjóri telur það óhagkvæmt.

###### 3. gr.

Þegar innistæða nemur minnst 10 krónur, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn.

Vextir reiknast 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn.

Vexti skal færa í sparisjóðsbók, þegar hún í fyrsta sinn er sýnd í bankanum eftir að þeir voru lagðir við innistæðuna.

###### 4. gr.

Af fé, sem stendur inni í sparisjóðsbók, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests. Þó er bankastjóra heimilt að áskilja, að upphæðum frá 10 000—30 000 krónum sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að greiða meira en 30 000 krónur á mánuði hverjum úr sömu sparisjóðsbók.

###### 5. gr.

Viðskiptamaður, sem stofnar nýja sparisjóðsbók, greiðir fyrir hana gjald samkvæmt ákvörðun bankastjóra.

Sá, sem leggur inn eða tekur út fé úr sparisjóðsbók, skal afhenda útfyllt eyðublað samkvæmt nánari ákvörðun bankastjóra. Sparisjóðsbækur skulu að jafnaði bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða að þær séu nafnlausar án auðkenna. Vanti einhverjar þær upplýsingar, sem eyðublaðið krefst, getur bankinn neitað um afgreiðslu.

Þegar fé er lagt inn eða tekið úr sparisjóðsbók, skal það fært í bókina, og nægir þá kvittun gjaldkera sé um vélabókhald að ræða. Heimilt er þó að taka við innborgun gegn kvittun, án þess að sparisjóðsbók sé sýnd, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgun hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í bankanum.

Eigendur sparisjóðsbóka geta mælt svo fyrir, að aðrir en þeir sjálfir megi ekki

leggja inn eða taka út fé úr bókum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn sitt um leið. Að öðrum kosti ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt eða innborgun.

#### 6. gr.

Bankastjóra er heimilt að segja lausu fé í sparisjóðsbókum með þriggja mánaða fyrirvara, annað hvort með áritun í bókina eða auglýsingu í Lögbirtingablaði. Eftir að sá fyrirvari er liðinn, greiðast engir vextir af því fé, sem sagt er upp.

#### 7. gr.

Glatist sparisjóðsbók, ber eiganda að snúa sér til banks, er annast um að handhafa hennar verði stefnt, samkv. 19. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 11 1961, sbr. 10. gr. laga um Iðnaðarbanka Íslands hf. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

#### 8. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, skal með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt sem segir í 7. gr., skorað á eiganda að vitja fjárens. Gefi hann sig eigi fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtunum rennur í bankann, sbr. 2. gr. laga nr. 14 1905.

#### 9. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við fé til ávöxtunar á ávísanareikning, sem stofnaður er með a. m. k. 2 000 króna innborgun.

Bankinn greiðir út fé af ávísanareikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á sérstök eyðublöð bankans og útgefin af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð. Sá, sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning, skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt.

Bankinn getur neitað að greiða tékka, sem eigi er rétt útfylltur samkvæmt formi sínu.

Greiði bankinn falsaðan tékka eða tékka, sem gefinn hefur verið út í heimildarleysi og tékkinn er útgefinn á eyðublað úr tékkhefti, sem reikningseigandi hefur sjálfur fengið, skal hann bera skaðann, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé að kenna.

#### 10. gr.

Reikningseiganda, sem gefið hefur út tékka á meira fé en hann á innistæðu fyrir, skal tilkynnt, að reikningi hans verði lokað, ef eigi verður strax úr bætt. Sé um ítrekun eða alvarlegt misferli að ræða, er bankanum heimilt að loka reikningnum tafarlaust.

#### 11. gr.

Bankastjóri ákveður, hvort innborganir og útborganir af ávísanareikningi skuli færðar í ávísanabók reikningseiganda eða honum látið í té endurrit reiknings síns eins oft og bankastjóri telur fært.

Ávísanabækur eru ekki úttektarheimild.

#### 12. gr.

Bankanum er heimilt að greiða út fé af ávísanareikningi samkvæmt skriflegum fyrirmælum reikningseiganda eða símskeyti hans, staðfestu á venjulegan hátt, enda gangi greiðslan inn á annan reikning við bankann eða til annars banka eða sparisjóðs.

Ráðstöfun fjár samkvæmt 1. mgr. er því aðeins heimil, að reikningseiganda sé ekki mögulegt að ráðstafa fénu samkvæmt 2. mgr. 9. gr.

## 13. gr.

Bankinn tekur á móti fé til ávöxtunar á hlaupareikningum og reikningslánnum. Fé það, sem inni stendur á ávísanareikningum verður greitt út án uppsagnarfrests.

## 14. gr.

Um ávísanareikninga gilda að öðru leyti reglur 2.—8. gr. eftir því sem við á.

**B. Útlán.**

## 15. gr.

Útlánastarfsemi bankans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist aðalhlutverki hans, að styðja verksmiðjuíðnað og handiðnað í landinu.

## 16. gr.

Bankinn leysir útlánastarfsemi sína af hendi með:

1. Kaupum á víxlum.
2. Yfirdráttarlánnum á hlaupareikningum og reikningslánnum.
3. Kaupum á skuldabréfum.

## 17. gr.

Synjun bankans á lánbeiðnum þarf ekki að vera skrifleg, og ekki verður bankinn krafinn um ástæður til synjunar.

## 18. gr.

Bankastjóri skal að jafnaði krefjast þess, að settar séu tryggingar fyrir útlánnum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörzluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar, sem bankastjóri telur fullnægjandi.

## 19. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánssamningur og undirritaður af banka-  
stjóra og lántakanda. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af hálfu  
beggja aðila, trygging fyrir láninu og hverja vexti skuli greiða, bæði af skuld og inni-  
stæðu. Reikningslán skulu að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði  
í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök  
ástæða þykir til.

Lán þessi skulu veitt með því skilyrði, að annaðhvort sé hægt að heimta viðbótar-  
veð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, svo að þessa álitist þörf eða afborgana af  
láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Heimilt er að veita yfirdrætti á reikningslánnum á sama hátt og hlaupareikningum.

## 20. gr.

Um útborgun lána samkvæmt yfirdráttum á hlaupareikningum og reikningslánnum  
gilda reglur 2.—4. mgr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. reglugerðar þessarar.

## 21. gr.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti en að framan greinir, enda  
sé þess gætt, að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

**C. Ábyrgðir.**

## 22. gr.

Bankanum er heimilt að ábyrgjast greiðslur til innlendra eða erlendra aðila fyrir  
viðskiptamenn sína, gegn skilyrðum þeim, sem bankastjóri ákveður hverju sinni.

Ábyrgð er einföld, nema annað sé tekið fram.

Sá, sem óskar ábyrgðar bankans, skal sækja um hana skriflega.

#### D. Innheimta.

##### 23. gr.

Bankinn annast innheimtur fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa hérlendis og erlendis.

##### 24. gr.

Bankinn hefur með höndum umsjón og varðveislu eigna, samkvæmt nánari ákvörðun bankastjóra og bankaráðs.

##### 25. gr.

Bankinn annast öll önnur venjuleg bankastörf.

### III. KAFLI

#### Stjórn bankans.

##### 26. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum bankans, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi hans. Bankaráð ræður bankastjóra.

##### 27. gr.

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 5 bankaráðsmenn, aðalmenn eða varamenn þeirra, að sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það, sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Bankastjóra er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rétt sé um mál, er snertir hann sjálfan.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verðbréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans, en hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt honum.

##### 28. gr.

Útibú bankans annast þau bankastörf, sem bankaráð og bankastjóri ákveða og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

### IV. KAFLI

#### Reikningsskil og endurskoðun.

##### 29. gr.

Ársreikningi Iðnaðarbankans, sem miðast við almanaksárið, skal lokið fyrir marzmanaðarlok, en yfirlit um hag bankans skal gera mánaðarlega. Reikningsyfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði. Reikningurinn skal vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

## 30. gr.

Aðalfundur í hlutafélaginu kýs með hlutfallskosningu tvo bókhaldsfróða endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir rannsaka reikninga bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankastjóra og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

## 31. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti ársfjórðungslega fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á útibúum bankans, sem stofnuð kunna að verða, fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

## 32. gr.

Endurskoðendur skulu gefa skýrslu um störf sín til bankaráðs, er fylgja skal ársreikningum bankans, svo og endranær, þegar þeim þykir ástæða til.

## 33. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glögg sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

## 34. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda bankans og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði.

## 35. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi Iðnaðarbankans. Rétt er, að bankaráð setji endurskoðendum erindisbréf.

## V. KAFLI

## Sérréttindi bankans.

## 36. gr.

Iðnaðarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvivetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19. og 21.—23. gr. laga nr. 11 1961.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 37. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi undirritað þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 1. málslið 3. mgr. 5. gr.

## 38. gr.

Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né um viðskipti einstakra aðila við hann.

## 39. gr.

Bankastjóri má ekki vera skuldskeyttur bankanum.

## 40. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki, án leyfis bankastjóra, taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

## 41. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

## 42. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gangvart bankanum.

## VII. KAFLI

## Um Iðnlánasjóð.

## 43. gr.

Iðnlánasjóður skal vera sérstök deild í Iðnaðarbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi og ber sjálfur kostnað af rekstri sínum. Um Iðnlánasjóð fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum, sem um hann gilda, og reglugerðum, sem settar kunna að verða af ráðherra.

## 44. gr.

Breytingar á reglugerð þessari má einungis gera á aðalfundi Iðnaðarbankans, enda staðfesti ráðherra þær.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf., hinn 2. júní 1962.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands hf.

Sveinn B. Valfells. Sveinn Guðmundsson. Einar Gíslason.

Magnús Ástmarsson. Guðmundur H. Guðmundsson.

Framanrituð reglugerð staðfestist sem reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf., nr. 66 6. nóvember 1952.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 9. nóvember 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T I R

### fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Nafn félagsins er „Iðnaðarbanki Íslands hf.“, í samþykktum þessum kallað Iðnaðarbankinn.

##### 2. gr.

Heimili Iðnaðarbankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðal-skrifstofunnar má setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík eftir þörfum, og útibú má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

##### 3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka bankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

#### II. KAFLI

##### Um hlutfé Iðnaðarbankans.

##### 4. gr.

Hlutfé Iðnaðarbankans er sex og hálf milljón króna, en lögmætur hluthafafundur getur ákevðið, skv. lögum nr. 30/1962, að auka hlutféð í allt að 10 millj. kr., og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutfjár-eign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutfjáráuka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutfjáráuka. Hlutféð er allt jafnréttthátt.

##### 5. gr.

Hlutabréf hljóða á nafn. — Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 250.00, kr. 500.00, kr. 1 000.00, kr. 5 000.00 og kr. 100 000.00. — Hlutabréfin skiptast í fjóra flokka (A, B, C, D) eftir uppruna þeirra, og bréf í hverjum flokki hafa framhaldandi tölumerki. Í flokki A eru hlutabréf, sem Landssamband iðnaðarmanna annaðist sölu á. Í flokki B eru hlutabréf, sem Félag íslenzkra iðnrekenda annaðist sölu á. Í flokki C eru hlutabréf ríkissjóðs. Í flokki D eru hlutabréf seld með opinberu útboði. Hlutfjáráuka skal skipað í flokka með sama hætti. Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi. Réttur til arðs fellur niður, ef arðs er ekki vitjað innan þriggja ára frá gjalddaga, og rennur hann þá í varasjóð bankans.

##### 6. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokk og tölu.
3. Eiganda bréfsins og eigandaskipti.
4. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.

##### 7. gr.

Nú vill eigandi hlutabréfs í A-flokki selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það stjórn Landssambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaup-

anda. Hefur sambandsstjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji sambandsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, þá öðlast stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess, með sömu skilmálum. Hafi félagsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnnum félagssamtakanna var gefinn kostur á. — Á sama hátt skal eigandi hlutabréfs í B-flokki, er selja vill hlutabréf sitt, fyrst tilkynna það stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Hefur þá stjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji félagsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, þá öðlast stjórn Landssambands iðnaðarmanna forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess með sömu skilmálum. Hafi sambandsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnnum félagasamtakanna var gefinn kostur á. — Vilji eigandi hlutabréfs í D-flokki selja hlutabréf sitt, skal hann tilkynna það stjórnnum Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Eiga þá stjórnir þessara samtaka sameiginlegan forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd samtakanna eða einstakra aðila innan þeirra með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji stjórnir þessara samtaka eigi neyta forkaupsréttar síns innan fjögurra vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnnum félagasamtakanna var gefinn kostur á.

#### 8. gr.

Eigandaskipti hlutabréfa skulu tilkynnt bankaráðinu og eru þau ella ógild gagnvart félaginu. — Nú verða eigandaskipti fyrir arftöku og skal þá tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið á hluthafaskránni. — Veðsetning hlutabréfa er óheimil.

#### 9. gr.

Iðnaðarbankinn má ekki veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín, og ekki má hann eiga þau, nema ráðherra leyfi, og aldrei meira en 5% alls hlutafjárins.

#### 10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiði, til handhafa, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali. — Bankaráði skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf eða arðmiði, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráðið telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatazt. — Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villzt um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur bankaráðið gefið út til aðila, á hans kostnað, nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

#### 11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Iðnaðarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.



## III. KAFLI

## Um starfsemi Iðnaðarbankans.

## 12. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að taka við fé til ávöxtunar með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávisanir.
3. Að kaupa og selja verðbréf.
4. Að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.
5. Að annast hvers konar önnur venjuleg störf viðskiptabanka.

## 13. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hlut eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem greiðast eiga á skömmum tíma. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum, öðrum auðseldum verðbréfum og innistæðum í öðrum bönkum vera að minnsta kosti 15% af innlánsfé í sparisjóðsbókum.

## 14. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 113 frá 1951 og með samningi milli Iðnaðarbankans og iðnaðarmálaráðherra er Iðnlánasjóður sérstök deild í Iðnaðarbankanum með aðskildum fjárhag og sérstöku bókhaldi. Skal bankinn hafa á hendi stjórn sjóðsins og starfrækslu, en ber ekki ábyrgð á töpum, er hann kann að verða fyrir. — Iðnlánasjóður tekur þátt í sameiginlegum reksturskostnaði með Iðnaðarbankanum, eftir samkomulagi milli bankastjórnar og iðnaðarmálaráðherra.

## IV. KAFLI

## Stjórn Iðnaðarbankans.

## 15. gr.

Með stjórn Iðnaðarbankans fara:

- A. Hluthafafundir.
- B. Bankaráð.
- C. Bankastjóri. (Framkvæmdastjóri).

## A. Um hluthafafundi.

## 16. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Iðnaðarbankans, samkvæmt þeim fyrirætlum, sem hér fara á eftir.

## 17. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaði, með ekki minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboðið með ekki minna en viku fyrirvara í útvarpi og dagblöðum og sé þar tekið fram, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðamiða til fundar, og skal afhendingin fara fram 4 síðustu dagana fyrir fundardag. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs, enda skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráðið boðar til funda og undirbýr þá, ásamt bankastjóra, að öðru leyti. Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík.

## 18. gr.

Á aðalfundi fylgir 1 atkvæði hverjum 500 krónum í hlutafé. Að því er hlutabréf rikissjóðs snertir gilda engar takmarkanir um atkvæðisrétt, en um aðra hluthafa fer eftir gildandi lögum.

## 19. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundarins, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem fundarboð greinir, og breytingartillögur við þau. — Tillögur frá hluthöfum er bankaráðinu skylt að taka á dagskrá á hluthafafundi þeim, sem boðað er til í Lögbirtingablaðinu næst á eftir, að þær bárust bankaráðinu í hendur, enda séu þær bornar fram skriflega af hluthöfum eða umboðsmönnum hluthafa af 100 000.00 króna hlutfjárins eða þaðan af meira.

## 20. gr.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með sér og mót, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal mann til starfa fyrir Iðnaðarbankann, skal hlutkesti ráða.

## 21. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, er fundarhald varða. Þá er fundargerðir hafa verið lesnar upp og samþykktar, skal fundarstjóri og formaður bankaráðs, ásamt ritara, undirrita þær.

## 22. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál og þeim ljúka þar:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi Iðnaðarbankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga hans fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra fyrir reikningsskil.
4. Kosning bankaráðs, sbr. 25. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda.
7. Önnur mál.

## 23. gr.

Breytingar á reglugerð bankans má ekki gera nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

## 24. gr.

Hver hluthafi, sem ætlar að neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, verður, í síðasta lagi daginn fyrir fundinn, að gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum á þeim stað, er bankaráð hefur tilgreint í fundarboðinu, og fær hann þar aðgöngumiða að fundinum. Skal tilgreint á aðgöngumiðanum hve mörg atkvæði hann hafi. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til þess að mæta á fundinum fyrir sína hönd, og fara þar með atkvæði sín. Aðrar heimildir til þess að vera fyrir hönd einhvers hluthafa á hluthafafundi verður að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

**B. Bankaráðið.**

## 25. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu 5 menn í stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, og jafnmarga til vara. Varamenn skulu kosnir sérstaklega með sama hætti og aðalmenn, og taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru

kosnir af, falla frá eða forfallast. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð, en ekki þurfa þeir að vera hluthafar. Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

## 26. gr.

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. — Formaður kallar saman fundi bankaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. — Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lög- mætir, að mættir séu 5 fulltrúar á fundi, aðalmenn eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lög- mætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

## 27. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Iðnaðarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum. Verkefni þess eru því:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun hans og eftirlaun, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
2. Að ráða aðalgjaldkera, aðalbókara og útibússtjóra og veita þeim lausn.
3. Að eiga aðild að reglugerð eða heildarsamningi um launakjör starfsmanna bankans og réttarstöðu þeirra gagnvart bankanum.
4. Að hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín óaðfínanlega.
5. Að ákveða í samráði við bankastjóra innláns- og útlánsvexti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
6. Að taka ákvarðanir um afskriftir af eignum bankans og gera tillögur til aðal- fundar um aðra ráðstöfun á ágóða á ársreikningi.
7. Að gera tillögur um breytingar á reglugerð bankans.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú.
10. Að ákveða að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans ásamt bankastjóra geti skuldbundið bankann með undirskrift sinni og kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem bankastjóri eða hluthafafundur skjóta til þess.

## 28. gr.

Bankaráðsmenn og varamenn þeirra hafa aðgang að öllum bókum Iðnaðarbankans og skjölum.

## 29. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Iðnaðarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni sankvæmt, fyrir hans hönd.

## C. Bankastjóri.

30. gr.

Frankvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn Iðnaðarbankans samkvæmt reglum þeim, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu, samkvæmt samþykktum þessum. — Hann má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankastjóri má ekki vera skuldskeyttur Iðnaðarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautur eða ábyrgðarmaður. — Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn Iðnaðarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

31. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Iðnaðarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fái vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

## V. KAFLI

## Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

32. gr.

Starfsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir marz-mánaðarlok, og sé hann jafnskjótt sendur endurskoðendum, en yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega. — Yfirlit skal birta í Lögbertingablaðinu eftir hverja 6 mánuði.

33. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, enda má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þeir skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, enda er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum. — Fyrir aprílmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans, og ber þeim þá þegar að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum. — Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórinn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

34. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum. Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráðið ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftareikning vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 22. gr. 2. tölulið.

35. gr.

Tekjuafgangi samkv. rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2.  $\frac{1}{3}$  hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Til arðgreiðslu samkv. ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af

sparifé, unz hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu. Nú er hluta af tekjuafgangi óráðstafað vegna þessara takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.

4. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

36. gr.

Ef árságóði hrekkur ekki fyrir töpuðum skuldum eða til afskrifta á öðrum eignum Iðnaðarbankans, skal það, sem á vantar, tekið af varasjóði.

## VI. KAFLI

### Um breytingar á samþykktum félagsins.

37. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæða, og sé breytingin samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en lagabreytingin samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því, að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

## VII. KAFLI

### Um félagsslit.

38. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar. — Fundur sá, sem samþykkir á lögmatan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á framhaldsstofnfundi Iðnaðarbanka Íslands hf., hinn 26. október 1952 og aðalfundi bankans hinn 2. júní 1962.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands hf.

Sveinn B. Valfells. Sveinn Guðmundsson.

Magnús Ástmarsson. Einar Gíslason.

Guðmundur H. Guðmundsson.

Framanritaðar samþykktir staðfestast sem samþykktir fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf. nr. 65 6. nóvember 1952.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 9. nóvember 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

#### 1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er kerfi hennar, í té nægjanlega varmaorku til hitunar hússins í hæfilegan hita, að hennar dómi. Nú breytist varmagjafi þannig, að afköst kerfisins í heild minnka, og skal þá ekki koma lækkun til á gjöldum fyrir varmaorku.

#### 3. gr.

Gjald fyrir notkun varma:

1. Varmi frá hitaveitukerfi er seldur svo sem hér segir:
  - a. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 23.00 pr. m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.
  - b. Öll önnur hús greiða kr. 33.00 pr. m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.

Þó skulu gjöld samkv. grein þessari ekki vera undir kr. 2 000.00 á ári.
2. Þeir, sem taka varma frá opnum hverum og leiða sjálfir í íbúðarhús sín, greiði kr. 25.00 pr. m<sup>2</sup>. Sé um gróðurhús að ræða, greiðist kr. 20.00 pr. m<sup>2</sup>. Hreppsnefnd er heimilt, að fengnum tillögum hitaveitunefndar, að lækka gjald þetta niður í kr. 16.00 pr. m<sup>2</sup> á ári, ef um er að ræða langar leiðslur í hlutfalli við stærð upphitaðs húsnæðis.
3. Nú er varminn notaður til iðnaðar eða sem gufuorka, og ákveður hreppsnefnd þá gjald fyrir slíka notkun að fengnum tillögum hitaveitunefndar.
4. Gjöld fyrir hitastilla skulu vera kr. 500.00 á ári fyrir 20 mm stilla og fyrir 25 mm stilla kr. 1 000.00 á ári.

#### 4. gr.

Heimæðagjöld eru svo sem hér segir:

1. Gróðurhús og skúrar kr. 10.00 pr. m<sup>2</sup> gólfflatar.
2. Öll önnur hús kr. 20.00 pr. m<sup>2</sup> gólfflatar.
3. Lágmarksgjald samkv. grein þessari skal aldrei vera lægra en krónur 2 000.00.
4. Heimæðagjöld greiðast við tengingu húsanna.
5. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál hitaðra húsa.

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 3. gr. skulu krafín mánaðarlega. Þó er hreppsnefnd heimilt að láta lengri tíma líða á milli gjalddaga.

#### 6. gr.

Hver húseigandi ber ábyrgð á að heimæðargjald sé greitt af húsi hans. Hver sá, sem fengið hefur varmaafnot fyrir húseign sína hjá hitaveitunni, ber ábyrgð á greiðslu hitagjalda án tillits til þess, hver er hinn raunverulegi notandi.

#### 7. gr.

Nú er ekki staðið í skilum með greiðslu fyrir varma og getur stjórn hitaveitunnar þá sent gjaldanda tilkynningu um, að hann verði að greiða gjaldið innan viku í skrifstofu hreppsins. Dragist greiðsla lengur, má loka fyrir varmann. Þá er heimilt

að loka fyrir varma hjá notanda, sem eftir itrekaða áminningu eyðir varma að óþörfu eða umfram gjaldskrá þessa og reglugerð hitaveitunnar. Slik lokun leysir ekki notanda undan að greiða hitagjöld fyrir þann tíma, sem lokun stendur yfir, og ekki er heldur hitaveitan bótaskyld fyrir tjón, sem kann að hljótask af slíkri lokun.

Nú er lokað vegna skuldar og má þá ekki enduropna nema:

1. Sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu skuldar eða hún greidd að fullu.
2. Gjald fyrir enduropnun kr. 250.00 sé greitt í sjóð hitaveitunnar. Starfsmenn hitaveitunnar einir mega annast enduropnun.

#### 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru lögtakskræf með veði í hinni hituðu eign.

#### 9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að tuttugu af hundraði án staðfestingar ráðuneytisins, þó aldrei nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1952, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 121 19. sept. 1958 fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykktum nr. 158 6. júlí 1943 fyrir Sparisjóð Húsavíkur.

#### 1. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein, sem verður 38. gr., svo hljóðandi:

Ef sparisjóðurinn verður lagður niður eða hættir störfum, skal eignum hans varið til almenningsþarfa og skulu stofnfjáreigendur gera samþykkt um á hvern hátt það skuli gert. Leita skal samþykkis stjórnarráðsins á ráðstöfun eignanna.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 9. nóvember 1962.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Oddur Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948.

## 1. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 0.90.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi, er skoðunargjaldið kr. 0.60 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 14.50.

Kálfar, grísir kr. 7.25.

Verðlagsvísitöluuppbót greiðist ekki á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

## 2. gr.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum gjaldskrárinnar en 8. gr. skulu innheimt með 25% álagi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 138 25. september 1961.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 190.

## REIKNINGAR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Efnahagsreikningur Slysatrygginga 31. des. 1961.

## Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður .....	kr. 50094495.39
II. Ýmsir skuldunautar:	
1. Óinnheimt iðgjöld skyldutrygginga .....	kr. 3343442.66
2. Óinnheimt iðgjöld frjálsra slysatrygginga —	353016.40
3. Endurtryggjendur .....	— 201399.58
	— 3897858.64
III. Ógreiddir vextir .....	— 688975.77
IV. Verðbréf .....	— 14110265.67
V. Áhættufé í Ísl. endurtryggingu .....	— 60000.00
	—
	<b>Kr. 68851595.47</b>



## Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:			
1. Ríkissjóður vegna iðgjaldaskatts	..... kr.	56817.57	
2. Aðrir	.....	41817.23	
			kr. 98634.80
II. Ógreiddar bætur:			
1. Skyldutryggingar	..... kr.	7424192.64	
2. Frjálsar slysatryggingar	.....	66000.00	
			--- 7490192.64
III. Ógreitt áhættufé í Ísl. endurtryggingum	.....		--- 60000.00
IV. Iðgjaldavarasjóður frjálsra slysatrygginga	.....		--- 42321.32
V. Afskriftasjóður	.....		--- 3036719.92
VI. Höfuðstólsandvirði slysalífeyris	.....		--- 22358863.04
VII. Varasjóður frjálsra slysatrygginga:			
1. Frá fyrra ári	..... kr.	2471162.45	
2. Vextir 1961	.....	172981.44	
3. Tekjuafgangur	.....	340407.17	
			--- 2984551.06
VIII. Varasjóður skyldutrygginga:			
1. Frá fyrra ári	..... kr.	29474155.03	
2. Vextir	.....	2436915.79	
			--- 31911070.82
3. Tekjuafgangur	.....	869241.87	
			--- 32780312.69
			--- 68851595.47

Reykjavík, 1. júlí 1962.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Slysatrygginga árið 1961.

## Gjöld:

I. Bætur skyldutrygginga:			
1. Dánarbætur	..... kr.	5314722.83	
2. Órorkubætur	.....	4117015.50	
3. Dagpeningar	.....	3190994.63	
4. Kaup og aflahlutur lögskráðra sjómanna	.....	336604.82	
5. Sjúkrakostnaður	.....	1139938.17	
			kr. 14099275.95
II. Styrkur til slysavarnastarfsemi	.....		--- 10000.00
III. Bætur frjálsra slysatrygginga	.....		--- 263081.43
IV. Iðgjaldahluti endurtryggjenda	.....		--- 1395625.19
V. Kostnaður	.....		--- 1530410.00
VI. Vextir:			
1. Til höfuðstóls lífeyris	..... kr.	1552142.84	
2. — varasjóðs frjálsra slysatrygginga	.....	172981.44	
3. — varasjóðs skyldutrygginga	.....	2436915.79	
			--- 4162040.07

VII. Tekjuafgangur frjálsra slysatrygginga .....	kr.	340407.17
VIII. Tekjuafgangur .....	—	869241.87
		<hr/> Kr. 22670081.68

## Tekjur:

I. Iðgjöld skyldutrygginga álögð samkv. 43. gr.	kr.	16896318.42
Til afskriftasjóðs .....	—	844815.92
		<hr/> Kr. 16051502.50
Úr afskriftasjóði .....	—	457425.32
		<hr/> kr. 16508927.82
II. Iðgjöld frjálsra slysatrygginga .....	—	1495411.68
III. Þóknun og umboðslaun frjálsra slysatrygginga .....	—	272885.23
IV. Tjónahluti endurtryggjenda .....	—	230816.88
V. Vextir .....	—	4162040.07
		<hr/> Kr. 22670081.68

Stjórn Verzlunarráðs Íslands ákveður aðal starfstilhögun og stefnu skólans, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Stjórn Verzlunarráðsins ræður skólastjóra og vikur honum frá. Einnig tekur stjórn Verzlunarráðsins ákvörðun um húsnaði fyrir skólann eða byggingu fyrir hann.

Sé um ágreining að ræða milli skólanefndar og skólastjóra, skal þeim ágreiningi skotið til stjórnar Verzlunarráðsins, er gefur fullnaðarúrskurð.

#### 5. gr.

Skólastjóri annast daglegar framkvæmdir og stjórn skólans, ákveður stunda-skrá, sér um starfsemi skólans og semur skýrslu yfir hana, að liðnu hverju skólaári. Hann ræður stundakennara og vikur þeim frá, hvort tveggja í samráði við skólanefnd.

#### 6. gr.

Reikningsár skólans telst frá 1. júlí til 30 júní. Skal skólanefnd leggja fyrir stjórn Verzlunarráðsins skýrslu með yfirliti yfir rekstur skólans fyrir liðið reikningsár og skilgrein um eignir hans og sjóði þá, sem honum tilheyra.

#### 7. gr.

Verði Verzlunarskólinn lagður niður sem sjálfseignarstofnun skal Verzlunarráð Íslands taka við eignum hans og skuldum og hagnýta þær í þágu íslenzkrar verzlunarmenningar.

#### 8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari getur stjórn Verzlunarráðs Íslands gert, að fengnum tillögum frá skólanefnd og skólastjóra.

**S A M Þ Y K K T****um forkaupsrétt hafnarsjóðs Akureyrar og bæjarsjóðs Akureyrar á nokkrum fasteignum á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., samþykkti bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 6. nóvember 1962 að áskilja hafnarsjóði Akureyrar forkaupsrétt á lóðum og fasteignum Sverris Ragnars og db. Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga á Akureyri. Enn fremur samþykkti bæjarstjórn Akureyrar á sama fundi að áskilja bæjarsjóði Akureyrar, vegna skipulags, forkaupsrétt á eftirtöldum fasteignum á Akureyri:

1. Húseigninni Melstað í Glerárþorpi,
2. — Gránufélagsgötu 1,
3. — Gránufélagsgötu 11,
4. — Geislagötu 1,
5. — Geislagötu 39,
6. — Glerárgötu 9,
7. — Eyrarlandsvegi 19.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

**A U G L Ý S I N G****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.**

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

66. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag iðnverkafólks. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 27. ágúst 1958.
67. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag flugvallarstarfsmanna. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 30. okt. 1958 .
68. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag húsasmiða. Starfssvið þess er: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Garðahreppur. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 23. júlí 1960.



69. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Keflavíkurbæjar. Varnarþing Keflavíkur. Staðfest 27. nóvember 1962.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 214.

10. desember.

**Staðfesting** forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning Guðrúnar Ólafsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðrúnu Ólafsdóttur, er lengi bjó ekkja að Miðdal í Hólshreppi. Hún var fædd 26. nóv. 1877 og lézt 10. ágúst 1947. Stofndagur sjóðsins er 26. nóvember 1962, en stofnendur eru Pétur J. Ólafsson, bróðir Guðrúnar, og kona hans Þorsteina Guðmundsdóttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund — og skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir og áheit, svo og annað það fé, er stjórn hans kann að afla honum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu þeim bændum í Hólshreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, er sýnt hafa sérstakan dugnað í búrekstri sínum og þó einkum þeim, sem kunnir eru að því að eiga gott búfé og fara vel með það. Verðlaunum skal úthlutað 26. nóvember og skal fyrsta úthlutun fara fram árið 1967. Eftir það má úthluta úr sjóðnum á fimm ára fresti og skulu eigi líða meira en tíu ár á milli úthlutana.

Verja má í samræmi við ofangreindan tilgang allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af árlegum vaxtatekjum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  hluti af árlegum vöxtum skal lagður við höfuðstól, unz hann nemur kr. 10000.00 — tíu þúsund —, eftir það má verja vaxtatekjum öllum til téðra verðlaunaveitinga.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Hólshrepps hefur með höndum stjórn sjóðsins. Skal árlegur reikningur færður í sérstaka bók og hann endurskoðaður með reikningum Búnaðarfélagsins.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Bolungarvík, 26. nóvember 1962.

Pétur Ólafsson. Þorsteina Guðmundsdóttir.

**HEILBRIGÐISSAMÞYKKT**

fyrir Suðureyrarhrepp.

## I. KAFLI

## A. Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Suðureyrarhrepps, þó sérstaklega fyrir þéttbýli í hreppnum, en fyrir sveitabýli eftir því, sem við verður komið.

## 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

## 3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar, þá á héraðslæknir sæti í nefndinni, og loks er þriðji maður valinn af hreppsnefnd.

## 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef annar hvor hina nefndarmanna æskir þess.

## 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd samþykktir eða álitsgerðir fundarins eða afrit af fundargerð.

## 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

## 7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leitað úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

## 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt, að ráða sérstakan heilbrigðisfulltrúa. Skal hann þá starfa samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd

setur honum í samráði við heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar.

### 9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda, svo og til greiðslu kostnaðar vegna bréfaskrifta og bókhalds. Skal heilbrigðisnefnd gera tillögu um upphæðina til hreppsnefndar áður en fjárhagsáætlun er samín ár hvert.

### B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

#### 10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að haldin séu ákvæði samþykktar þessarar, svo og laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hún skal yfirleitt vera á verði um allt það, er varðar hollustu og heilbrigði á samþykktarsvæðinu, og í samræmi við lög og reglur setur hún um það fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigandi er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað er að hollustuháttum lýtur, utanhúss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum. Nefndin getur krafizt lagfæringar og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og lætur taka af vatninu sýnishorn til rannsóknar, þegar ástæða þykir til. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum, vatns- og sorprennum, enn fremur sundstöðum, ef hún telur þess þörf.
- c. Nefndin lítur eftir meðferð á sorpi úr húsum.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar meindýra úr húsum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar lífi og heilsu íbúa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VIII—XIX. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringar á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf. Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt lífi og heilsu þeirra, sem við eiga að búa.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem fjallað er um í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir eftir því, sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þó samþykkis hreppsnefndar, svo fljótt sem auðið er.
- j. Nefndin hefur heimild til að gera rikari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er mælt fyrir í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði, eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, sem hún setur samkvæmt heimild í j.-lið þessarar greinar.

### C. Ýmis ákvæði.

#### 11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki, né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVII. og XIX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðrar breytingar á húsakynnum og rekstri.

Öllum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits með stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

#### 12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega og oft, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvillum eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógæð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo ræki-lega hreinlætis, sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, er það hefur gengið til salernis og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzluyörubúðum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf og stúlkur hafa hreina kappi á höfði.

#### 13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, loft máluð, veggir málaðir eða að öðru leyti þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla, 69.—72. gr. og 79. gr.

#### 14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslum, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírshurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

#### 15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum, sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oft, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

## 16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a. og 17.—20. gr. að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirliti með því.

## 17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim, sem heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað í þrifnaðarskyni, ef þurfa þykir.

## 18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfnina né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annars konar byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

Götur kaupsins, fjörur, hafnarbakka, ræsi og annað þess háttar skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

## 19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur kaupsins skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist niður eða hrynur við flutninginn, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## 20. gr.

Bannað er með öllu að bera salernisáburð í garða, hvort heldur er um að ræða matjurta- eða skrudgarða. Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir mega ekki vera á þéttbyggðum svæðum í hreppnum.

Eigi má hengja upp eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað það, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 21. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. b. að því er varðar vatnsból, vatnsveitu og frárennsli og eftirlit með því.

## 22. gr.

Allar byggingar innan vébanda Suðureyrarkaupþings skulu taka neyzluvatn úr hinni sameiginlegu vatnsveitu kaupþingsins.

Skip skulu einnig taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari.

## 23. gr.

Leita skal samþykkis og umsagnar heilbrigðisnefndar, sé ný vatnsveita lögð eða eldri breytt. Sama máli gegnir, ef leyfa skal önnur vatnsból.

## 24. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, skal bera undir heilbrigðisnefnd.

## 25. gr.

Öllum húseigendum í kaupþúninu skal skylt að leggja nægilega við og hallandi holræsi frá húsi sínu og út í göturæsi, þar sem til þess næst. Skulu ræsi þessi eigi verr gerð en aðalræsin. Eftir þeim skal leiða allt skolp frá húsinu, enn fremur rigningarvatn eftir því sem við verður komið. Húseigandi skal á sinn kostnað sjá um hreinsun á ræsum þeim, er frá húsinu ganga og gæta þess, að frárennsli stíflist ekki.

## 26. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

## 27. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 28. gr.

Þar sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir smástraumsfjöruborð, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

## IV. KAFLI

## Um salerni og meðferð sorps.

## 29. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó nær þetta ákvæði ekki skilyrðislaust til sveitabýla, og heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágur, ef sérstaklega stendur á, t. d. bráðabirgðasalerni verkamanna á vinnustað, en jafnan skal leitað fyrirmæla heilbrigðisnefndar um salerni þessi, svo og um uppsetningu salerna af annarri gerð en vatnssalerni.

## 30. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpilát úr málmni, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt í burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema hreppsnefnd fallist á frágang þeirra.

## 31. gr.

Hreppsnefnd lætur annast brottflutning sorps, ef annað fyrirkomulag þykir ekki henta betur, og tiltekur í samráði við heilbrigðisnefnd, hvert það skuli flutt og hvernig skuli eytt eða fyrir komið. Þá skal þess vandlega gætt, að enginn óþefur eða óþrifnaður annar berist frá sorphaugum til mannabyggða.

## V. KAFLI

## Um veggjalús, kakalaka og önnur meindýr.

## 32. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráð-

stafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skyllt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir-mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

33. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. d.

## VI. KAFLI

### Um íbúðarhúsnæði.

34. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni, (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllumur), svo og eftir byggingarsamþykkt hreppsins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. og 35.—37. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo að 4.5 m<sup>2</sup> gólfs og 10 m<sup>3</sup> loftrýmis komi minnst á hvern íbúa, og séu þá einungis talin sjálf íbúðarherbergin.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

36. gr.

Eigendum íbúðarhúsnæðis er skylt að halda húsum sínum vel við, að utan jafnt sem innan. Sama máli gegnir um leiguíbúðir, og skal leigjendum séð fyrir nægum hita, ljósi og rakavörn.

37. gr.

Hverjum íbúa húsnæðis er skylt að halda húsakynnum sínum hreinum og saggalausum eftir fögum.

## VII. KAFLI

### Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

38. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðvum, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með breytingum samkv. reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem mælt er fyrir í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 39. gr.

39. gr.

Þeir, sem reka iðju, iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Getur heilbrigðisnefnd þá krafizt lagfæringa á því, sem á skortir, að fylgt sé fyrir-skipuðum reglum, og veitt til þess hæfilegan frest.

40. gr.

Ef þörf krefur, getur heilbrigðisnefnd sett nánari ákvæði um almennan aðbúnað á vinnustöðvum þeim, er hér ræðir um, og ef um sérstaklega óholla vinnu er að ræða, getur hún gert viðeigandi ráðstafanir.

## VIII. KAFLI

**Um skrifstofur, bókasöfn, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.**

41. gr.

Lofthæð í skrifstofum, bókasöfnum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m<sup>3</sup>.

Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, og ryksæl efni, s. s. vefnaðarvörur í hillum, skulu ryksogaðar öðru hverju.

42. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.–15. gr. samþykktar þessarar.

## IX. KAFLI

**Um vöruskemmur.**

43. gr.

Vöruskemmur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

44. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11. og 15. gr.

## X. KAFLI

**Um skóla og aðra kennslustaði.**

45. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 30. des. 1939 og 11. gr. farsóttalaga nr. 10. 19. marz 1958).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.–15. gr. og 46.—52. gr.

46. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m<sup>2</sup>. Ljósflötur glugga skal vera að minnsta kosti 1/6 gólfplatnar, og gluggar mega ekki vita móti norðri.

Birta skal falla á vinstri hönd nemanda. Hiti í kennslustofu skal vera minnst 18—19° C, og fylgi hitamælir hverri kennslustofu.

47. gr.

Kennsluborð og tæki skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal að halda þeim hreinum.



## 48. gr.

Hver nemandi skal hafa aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum, og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

## 49. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

## 50. gr.

Nemendur skulu hafa greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaugum. Skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 pilta og eitt á hverjar 20 stúlkur. Auk þess hafi piltar aðgang að þvagstæðum.

## 51. gr.

Héraðslæknir er jafnframt skólalæknir, og hefur hann eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fram sé fylgt í skólum fyrirmælum heilbrigðisnefndar þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hann lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann hátt starfs síns, er hana varðar.

## 52. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

## XI. KAFLI

## Um sjúkraskýli, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

## 53. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkralög nr. 93 31. des. 1953 og væntanlegar reglugerðir eftir þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## XII. KAFLI

## Um dagvistarheimili barna.

## 54. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd sett sérstök ákvæði um dagvistarheimili barna, ef þeim yrði komið á fót á samþykktarsvæðinu.

## XIII. KAFLI

## Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 55. gr.

Hver sá, sem rekur eða hyggst reka gistihús á samþykktarsvæðinu, matsölu eða veitingahús hvers konar, skal gæta fyrirmæla laga nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu, gistihúshald o. fl. með breytingum samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Einnig skal gæta ákvæða VI. kafla lögreglusamþykktar Vestur-Ísafjarðarsýslu og fyrirmæla 10. gr. f., 11.—15. gr. og 56.—63. gr. þessarar samþykktar.

## 56. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast næturlangt fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo að 8 m<sup>3</sup> loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur og minnst vikulega.

Gestir skulu hafa greiðan aðgang að baði.

## 57. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m, og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 2.15 m<sup>2</sup> gólfplöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem eru rekstrinum óviðkomandi.

## 58. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvotta og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Réttir, sem ekki er neytt 4 klst. frá tilbúningi, skulu geymdir í kælskápum, þar sem hiti er undir 5 stigum C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60 stiga hita C, unz þeirra er neytt.

## 59. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðbúnað skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

## 60. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji það óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki maður hefur notað.

## XIV. KAFLI

## Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

## 61. gr.

Heilbrigðisnefnd getur ásamt hreppsnefnd sett sérstök fyrirmæli varðandi þessi fyrirtæki, ef rekstur þeirra yrði upp tekinn á samþykktarsvæðinu.

## XV. KAFLI

## Um kirkjur og önnur samkomuhús.

## 62. gr.

Veggir, loft og gólf í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem slíks er talin þörf.

## 63. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## XVI. KAFLI

## Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

## 64. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma eru í gildi um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1956, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1951, um framleiðslu og sölu á rjómais með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.—15. gr. og 65. gr.

## A. Almenn ákvæði.

## 65. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzlvörubúða eða neyzlvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingataeki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, en nota til afgreiðslu á henni þar til gerð áhöld.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.
- f. Vöru, sem seld er í neyzlvörubúðum, má aldrei neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og leyfi heilbrigðisnefndar til þess sé fengið.
- g. Í búðum og matvælasölustöðum skulu vera lokuð ílát undir úrgang, og skulu þau tæmd daglega.

## B. Um mjólk og mjólkurvöru.

## 66. gr.

Verði starfrækt mjólkurbúð á samþykktarsvæðinu, getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari reglur í samráði við hreppsnefnd.

## 67. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd leyft framleiðendum að selja ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er ákvæðum allra þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 64. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þennan hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum.

Heimilt er að selja á veitinga- og matsöluhúsum ógerilsneydda mjólk eftir sömu reglum, meðan gerilsneyðingu verður ekki við komið.

## 68. gr.

Um sölu á rjómais gilda almennar reglur um sölu matvæla, svo og aðrar þær reglur, sem í gildi eru á hverjum tíma.

*C. Um brauðgerðarhús, brauðbakstur, heimabakstur o. fl.*

69. gr.

Verði brauðgerðarhús starfrækt á samþykktarsvæðinu, getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari fyrirmæli í samráði við hreppsnefnd.

70. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 65. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

71. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða á torgum né ganga með þær húsa á milli í framboðsskyni.

Brauðvörur skal flytja milli brauðgerðarhúss og búða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

72. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi í samráði við hreppsnefnd veitt leyfi til þess og farið sé að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt, sem máli skiptir. Þó eru undanskildar brauðvörur seldar sem þáttur almennra veitinga á vegum félaga og einstaklinga, enda fari sá rekstur eftir almennum reglum um hreinlæti.

*D. Um meðferð og sölu kjötvöru.*

73. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum eða deildum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði um stundarsakir, ef nauðsyn ber til.

Í kjötbúðum má einnig selja harðan og frystan fisk í umbúðum, nýjan og reyktan lax og silung, síld, fiskifars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, osta, egg, kartöflur, íófur, grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir þar sölu á.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar (eða deildar) skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flisalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði, og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð (eða deild).

*E. Um meðferð og sölu á neyzlufiski.*

74. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopum, einu eða fleiri, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Staðsetning fiskhjalla til þurrkunar á skreið skal vera háð samþykki heilbrigðisnefndar.

## 75. gr.

Með þeim undantekningum, sem um getur í 76. og 77. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, sem heilbrigðisnefnd leyfir þar sölu á.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar, en fiskbúðin sjálf sé ekki upphituð.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal enn fremur vera lokað ílát undir fiskúrgang og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og göt á hotni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúð til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir utan, en ljósmálaðir innan, og á þá málað nafn eða merki eigandans.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða í geymslu.

## 76. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd leyft til bráðabirgða sölu á neyzlufiski annars staðar en í sérstökum fiskbúðum. Slík starfsemi skal að sjálfsögðu háð eftirliti heilbrigðisnefndar, sem og annað það, er að meðferð og sölu neyzluvarnings lýtur, og skal hún háð ákvæðum 11.—15. gr., svo og 75. gr. eftir því, sem við verður komið.

## 77. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát á lendingarstað eða á götum úti. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

## 78. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem ekki hefur verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því að hann var veiddur.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

Við flutning á fiski, skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis.

## F. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

## 79. gr.

Kornvöru, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, sem aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í vel luktum glerskápum.

## XVII. KAFLI

## Um baðstaði, sundlaugar og aðrar íþróttastöðvar.

## A. Um sundlaugar og baðstaði.

## 80. gr.

Gólf baðherbergja skv. þessum kafla skulu vera flísalögð og veggir flíslagðir, gleraðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

## 81. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barnar skulu vera hærri en gólfið í kring. Meðfram innanverðum börnum ofan vatnsborðs skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geti hrækt í.

## 82. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaug, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en 1000 í hverjum  $\text{cm}^3$  og saurgerlar í sundlaugarvatni (*B. coli*) mega ekki finnast að staðaldri í  $1 \text{ cm}^3$ . Taka skal sýnishorn af vatni til rannsóknar svo oft, sem heilbrigðisnefnd telur ástæðu til.

Sundlaugar skal hreinsa svo oft, sem þurfa þykir.

## 83. gr.

Sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komist ekki í laugina nema úr baðklefa. Skytt er að hafa björgunartæki við sundlaug.

## 84. gr.

Sundgestum er skytt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í laugina eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

## 85. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k.  $3 \text{ m}^2$  af yfirborði vatnsins komi á hvern gest.

## 86. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem horizt geta manna á milli, ber að synja honum um aðgang að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum um aðgang, nema læknisvottorð komi til.

## 87. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóm, t. d. fótamyglu (*epidermophytosis interdigitatalis plantarum*), megri rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrir mælum hans um varúðarráðstafanir.

## 88. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundlaugargestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóttthreinsunarlög eftir nánari fyrir-mælum héraðslæknis.

## 89. gr.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum eða öðru slíku en 200 metra.

Skal búið svo um, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast umhverfis hana.

## 90. gr.

Sérstakur umsjónarmaður skal hafa umsjón með lauginni og sjá um, að reglum um hana sé hlítt. Enginn má fá aðgang að lauginni, nema með hans leyfi.

## 91. gr.

Enn fremur skal fara eftir fyrirmælum íþróttalaga og reglugerða þeirra, sem í gildi eru. Gæta skal einnig fyrirmæla lögreglusamþykktar Vestur-Ísafjarðarsýslu.

## 92. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd veitt til bráðabirgða undanþágu frá þeim fyrirmælum, sem ósamrýmanleg eru aðstæðum, þar til skilyrði til sundiðkunar hafa verið bætt frá því, sem nú er.

*B. Um íþróttahús.*

## 93. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttasalar og glerflötur þeirra helzt ekki minni en  $\frac{1}{4}$  hluti gólfflatar. Gólf skulu þannig gerð, að slyshætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera áhöld og dýnur þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

## 94. gr.

Auk æfingasalar skulu vera í íþróttahúsi eða í þeirri byggingu, sem notuð er til til íþróttaiðkana, eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengt sé í leikfimisal úr búningsklefa, og ætíð skal gengið á hreinum skóm.

## 95. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hrein-  
gerningar og loftræstingar.

*C. Um íþróttavelli og útiskemmtistaði.*

## 96. gr.

Íþróttavöllur, ef byggður verður á samþykktarsvæðinu, skal þannig úr garði gerður, að sem minnst rykist upp af honum. Hann skal hreinsaður eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Heilbrigðisnefnd getur sett nánari reglur, ef þurfa þykir.

## 97. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmistöðum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að hafa samráð við heilbrigðisnefnd um, að gætt sé hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæðinu.

*D. Um útileikvelli barna.*

## 98. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd sett sérstakar reglur um úti-  
leikvelli barna.

## XVIII. KAFLI

## Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

## 99. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnalög nr. 34 12. apríl 1954 og farsóttalög nr. 10 19. marz 1958).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 100.—104. gr.

## 100. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega skal haldið eins hreinum og auðið er, svo og bifreiðum. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

## 101. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum né bifreiðum sjúklínga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

## 102. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um upprætingu.

## 103. gr.

Skipstjórar, útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrifnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

## 104. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, ef þurfa þykir, að skipverji leggi fram, áður en hann er skráður í skiprúm, eigi eldra læknisvottorð en tveggja mánaða um, að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla.

## XIX. KAFLI

## Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

## 105. gr.

Auk þess sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt Vestur-Ísafjarðarsýslu, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11. gr. þessarar samþykktar og 106.—110. gr. um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

## 106. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

## 107. gr.

Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi né alfaravegi en 10 metra, og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 metra, og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.



## 108. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flórar úr efni, sem auðvelt er að þrifa og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrifu viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

## 109. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

## 110. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus innan takmarka Suðureyrarkaupþúns.

## XX. KAFLI

## Um kirkjugarða, geymslu og meðferð líka.

## 111. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum farsóttalaga nr. 10 19. marz 1958 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 112.—119. gr. samþykktar þessarar.

## 112. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, stækka gamlan eða taka heimagrafreit í notkun, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um garðstæðið.

## 113. gr.

Jarðvegsvatn má ekki standa ofar í kirkjugarði en sem svarar  $\frac{1}{2}$  m neðan grafarbotns, og skulu grafir vera minnst 2 m djúpar.

Fjarðlægð frá kistuloki að grafarbarmi sé minnst 1.25 m og a. m. k. 30 cm þykkt moldarlag sé á milli grafa.

## 114. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 m.

Matjurtagarðar mega aldrei vera nær kirkjugarði en 50 m og ekki nær en 200 m, halli frá kirkjugarði að þeim.

## 115. gr.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar, og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða möl eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans í hvívetna.

## 116. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en 2 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þótt kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til eða þau séu í loftþéttri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, séu kistulögð þegar í stað.

## 117. gr.

Fundin og sjórekin lík skal kistuleggja þegar í stað að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

## 118. gr.

Verði komið upp sérstakri líkgeymslu eða líkhúsi á samþykktarsvæðinu getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari fyrirmæli.

## 119. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.

## XXI. KAFLI

## Lokaákvæði.

## 120. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefndin hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, með lögtaki, ef þörf gerist.

## 121. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð allt í sveitarsjóð.

## 122. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar annars vegar og einstaklinga eða stofnana, sem um er getið í reglugerð þessari, hins vegar sker hreppsnefnd úr, nema annað sé fyrir mælt í reglugerðinni.

## 123. gr.

Með mál, er rísa af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

## 124. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Fellur þá úr gildi fyrri heilbrigðissamþykkt fyrir Suðureyrarhrepp frá 24. júní 1912.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Suðureyrarhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

**S A M Þ Y K K T****fyrir vatnsveitufélagið Fall í Skeiðahreppi í Árnassýslu.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Fall. Heimili þess og varnarþing er í Skeiðahreppi í Árnassýslu.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Vorsabær 1, Vorsabær 2, Efri-Brúnavellir 1, Efri-Brúnavellir 2, Syðri-Brúnavellir, Húsatóftir 1, Húsatóftir 2, Nýbýli Húsatóftir 1, Hlemmiskeið 1, Hlemmiskeið 1a, Hlemmiskeið 2, Hlemmiskeið 3, Hlemmiskeið 5. Auk þess barnaskólinn Brautarholt, sundlaug og almenningsþvottahús.

Hver stofnandi greiði 2000 krónur í stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt.

**4. gr.**

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um félagssvæðið og vatnsæðar að húsvegg.

**5. gr.**

Hver félagsmaður á rétt á vatni til heimilisnotkunar og búsparfa og til annarra nota, sem venjulegar eru að dómi félagsstjórnar.

Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.

**6. gr.**

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu, má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögmæts félagsfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

**7. gr.**

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum húseiganda á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar vatnsveitunnar og til viðhalds.

Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

**8. gr.**

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

## 9. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

## 10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og þrír til vara. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara — allir til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

## 11. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerðina í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

## 12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og vatnsæðum. Umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér, undir eftirliti félagsstjórnar.

## 13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélaginu Falli í Skeiðahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**SAMÞYKKT**

fyrir Vatnsveitufélag Hólahverfis, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

**1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hólahverfis. Heimili þess og varnarþing er í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýlu.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hverri jarðanna Hóla, Ártúns og Dýhóls í Nesjahreppi.

Hver stofnandi greiðir stofngjald, fimm þúsund krónur, og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt. Allt vatn til daglegra nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

**4. gr.**

Ábúendur annarra býla, svo og væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu, má taka í félagið með samþykki lögsmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

**5. gr.**

Stofnkostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar, skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, svo sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Félagsstjórnin ákveður upphæð hans þannig, fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

**6. gr.**

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnar-nefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

**7. gr.**

Félagsfundur er lögsmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

## 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta. Verði hann ekki lögmætur, er boðað er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur og er hann þá lögmætur hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf ber að geta þess í fundarboði.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Hólahverfis í Nesjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags.

1. gr.

Hið íslenska kvenfélag gefur hér með Háskóla Íslands sjóð, sem nemur 4000 krónum í bankavaxtabréfum Landsbankans og 143 kr. 64 a. í sparisjóðsbók, samtals 4143 kr. 64 a., með þeim skilmálum, er hér segir:

2. gr.

Sjóðurinn heitir „Háskólasjóður hins íslenska kvenfélags.“.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þeir menn, er sitja í Háskólaráðinu á hverjum tíma sem er. Stjórnendur skipta með sér starfinu innbyrðis.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á jafntryggilegan hátt og fé ómyndugra.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða og enn fremur skal leggja fjórðung vaxtanna við höfuðstólinn árlega.

6. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal varið til að styrkja efnilega kvenstúdenta til náms við Háskóla Íslands. Háskólaráðið ákveður hverjir stúdentar skuli verða styrksins aðnjótandi. Engum stúdent má veita styrk úr sjóðnum, sem ekki hefur notið kennslu við Háskóla Íslands í tvö misseri.

Styrkurinn skal veittur einu sinni á ári.

7. gr.

Þegar ársvextir af sjóðnum eru orðnir 1000 krónur, má verja meiru eða minna af þeim vöxtum, er úthluta má, til að styrkja efnilega kvenkandidata frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms í útlöndum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari, og fellur þá úr gildi skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags, birt í Stjórnartíðindum 1916.

## GJALDSKRÁ

### fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

#### I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 3.30 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst., auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr. 15.00 á m<sup>2</sup> á ári í rúmi því, er lýsa skal.
13. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 7 földum mismun á kwst.gjaldi samkv. A 11 og kwst.gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:
  - a. Orkugjald kr. 1.00 hver kwst.
  - b. Grunnjald (mælisleiga innifalin):  
Af einfasamælingu kr. 11.00 á mánuði.  
Af þrifasamælingu kr. 22.00 á mánuði.
  - c. Herbergjagjald kr. 11.00 á mánuði.  
Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.  
Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.  
Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

##### C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst.  
Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefja lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kwst. á ári á hvert kw. í málraun véla.
32. Um kw/kwst.mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kw.:
  - a. Orkugjald kr. 0.38 hver kwst.
  - b. Aflgjald af notuðu afli kr. 700.00 á hvert kw. á ári.  
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.
  - c. Aflgjaldið af uppsettu afli véla kr. 440.00 á hvert kw. í málraun véla.  
Sé aflgjaldið miðað við málraun, greiðist ekki samkvæmt lið b.  
Raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægra en 0.8.  
Sé fasviksstuðullinn lægri, getur Rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkadur upp í það gildi, en þar til það er gert, miðast aflgjaldið við 80% sýndarafllins. Uppsetning rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra, og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafizt, að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.8.



**D. Húshitun.**

41. Um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst.

**E. Önnur raforkunotkun.**

51. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.00 hver kwst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.00 hver kwst.
53. Til fasttengdra hökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum á kr. 0.60 hvert kwst., enda sé notkunin takmörkuð við tímabilið frá kl. 22.00 til kl. 10.00.
54. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 2.00 hver kwst.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 11. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 60A og minni .....              | kr. 6.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50A og minni .....              | — 12.00 — —        |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50A og til 100A .....      | — 20.00 — —        |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100A (straumspennamælar) . | — 44.00 — —        |
| 5. Af mestaafismælum 100A og minni .....                 | — 40.00 — —        |
| 6. Af mestaafismælum yfir 100A (straumspennamælar) ....  | — 70.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD**

Heimtaugagjöld skal greiða samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

**IV. OPNUNARGJÖLD**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 150.00, sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

**V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ**

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I. og II. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur á raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengur, má hækka rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 221 27. desember 1951.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. desember 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímamann.

### I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

#### A. Stofngjald.

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri .....      | kr. 2500.00 |
| 2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð. .... | — 1000.00   |
| 3. — aukabjöllu (venjulega) .....                  | — 400.00    |
| 4. — tengil (með rafvökum) .....                   | — 400.00    |

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða

með öðrum orðum flytur til annarar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

### B. Afnotagjöld á ársfjórðungi.

#### I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar	Afgreiðslutími		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
	klst. á v. degi	Sérlína		
3. fl. ....	2	240	190	145
2. fl. ....	6	390	325	240
1. fl. B ....	10	440	360	270
	14	480	380	300
	24	535	430	325

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætast kr. 5.00 við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, á milli flokkanna, fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

#### II. Fyrir aukabúnað.

1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð ..... kr. 150.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi ..... — 200.00
3. — — — — í öðru húsi, verður ákveðið í hverju tilfalli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
4. — hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi. .... — 25.00
5. — hvern tengil (með rafvökum) ..... — 35.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

#### III. Almenn ákvæði.

Ofan nefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að álití símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkan gildir þó ekki við 2. og 3. fl. stöðvar.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

#### C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatakjum.

1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu ... .. kr. 1250.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
  - a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð ..... — 250.00
  - b. Annars staðar í sama húsi ..... — 400.00

Ofanefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 800.00.

Óski símnotandi eftir flutningi á síma innan eins árs, en getur ekki látið setja símann upp strax, og leggur símann inn til geymslu, reiknast flutningsgjald miðað við þann tíma er síminn var lagður inn, enda greiðist afnotagjald af símanúmerinu á meðan það er í geymslu.

Um flutning á síma milli símstöðva, sjá síðustu málsgrein í I. kafla A. (stofngjöld).

#### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 250.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

#### E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalð á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

#### F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

## II. KAFLI

### Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

#### A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri .....	kr. 3200.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) —	800.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli) .....	— 1100.00
4. — venjulega aukabjöllu .....	— 400.00
5. — tengil .....	— 400.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

### B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtala fjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
  - a. Fyrir heimilissíma kr. 535.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 90 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.
  - b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 775.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 90 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

## 2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 80.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 170.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
— 1 tengil	— 15.00
— venjulega aukabjöllu	— 20.00

## 3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 60.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 140.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 160.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

## 4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

### C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert venjulegt talfæri ..... kr. 1600.00  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)

2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:

a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 250.00

b. Annars staðar í sama húsi ..... — 400.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 800.00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1200.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

Óski símnotandi eftir flutningi á síma innan eins árs, en getur ekki látið setja símann upp strax, og leggur símann inn til geymslu, reiknast flutningsgjald miðað við þann tíma er síminn var lagður inn, enda greiðist afnotagjald af símanúmerinu á meðan það er í geymslu.

Um flutning á síma milli símstöðva, sjá síðustu málsgrein í I. kafla A. (stofngjöld).

### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 250.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

### E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímataekja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

### III. KAFLI

#### Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1600.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð .....	kr. 120.00
2. fl. — .....	— 190.00
1. fl. B. — sem er opin 10 klst. á dag .....	— 240.00
— — — allan sólarhringinn .....	— 280.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símataekja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupsbúðum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumar- bústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

#### IV. KAFLI

##### Radíótæki.

##### A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skirteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skirteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.
6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
7. Reikningar, vegna viðgerða, skulu greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að verkið var framkvæmt.
8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um kerfi póst- og símamálastjórnarinnar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.



9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
10. Nú hefur stöð verið innsiglið vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsigliunar, ber leyfishafi.
11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir:
 

a. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött .....	kr. 300.00
b. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni .....	— 150.00
c. Leyfisbréf, önnur radiótæki en sendar .....	— 50.00
d. Eftirlitsgjald, orka aðalsendis yfir 100 wött .....	— 700.00
e. Eftirlitsgjald, orka aðalsendis 100 wött eða minni .....	— 400.00
f. Eftirlitsgjald, fyrir hvern sendi umfram einn .....	— 25.00
g. Eftirlitsgjald fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns .....	— 200.00
h. Innsigliðgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn) .....	— 400.00
i. Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis .....	— 400.00
13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

#### B. Radiótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftskæptastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leið starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnum og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
2. Póst- og símamálastjórnin annast viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi lofnetta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transistora, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhvirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.
3. Óski leigutaki, að viðgerð sé flýtt sérstaklega, ber honum að greiða ferðakostnað og annan aukakostnað, er af því hlýzt. Sömuleiðis ber leigutaki kostnað af því, ef viðgerð er framkvæmd, eftir hans ósk, utan venjulegs dagvinnutíma.
4. Öll radiótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir

- skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu allra slikra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
5. Stofngjald fyrir radiótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og váttryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrirfram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrirfram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
  6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því vikið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmingss afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
  7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
  8. Sé ársleiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og váttryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin innsiglað senditækin, þó þannig, um borð í skipum, að nota megi tækin í neyð. Verði leiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglingu, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að viðgerð fór fram. Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglingsgjald og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglingsgjaldsins. Fyrir að flytja stöð aftur á notkunarstað og endurtengja hana greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.
  9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðskipta við eigin farartæki, báta eða bifreiðar. Lætur þá póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækjunum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðar-reikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftirá, mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi um samið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.
  10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slikrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími 2 vikur,

annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækina, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var, er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömulleiðis ber leigutaka að sjá um váttryggingu tækjanna á sinn kostnað.

11. Póst- og símamálastjórnin gefur út sérstaka gjaldskrá yfir leigukjör radiótækja o. fl. Leigukjör fyrir radiótæki, sem ekki um getur í þeirri gjaldskrá, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símastöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveita-síma.

**Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.**

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

- A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
- B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er beinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

- a. veðurfréttir og ástand vega,
- b. tilkynningar um komu- og brottfarartíma,
- c. tilkynningar um bílanir eða breytingar á áætlun,
- d. tilkynningar um viðgerðir, áriðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
- e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar lands-símans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skirteini gefið út af Póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðva, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrir en neyðar- eða öryggis-þjónustunni er lokið.

## 8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

## 9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti bifreiða við framangreindar stöðvar, svo og stöðvar póst- og símamálastjórnarinnar, eru innifalin í leigunni, séu tækin í eigu póst- og síma-  
málastjórnarinnar, enda sé aðeins um stuttar orðsendingar að ræða.

Sé sendistöðin í bifreiðinni eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

## 10. gr.

Um gjöld fyrir símtala- og símskeytaafgreiðslu um fjarskiptakerfi landssímans, frá framantöldum stöðvum, gilda sömu reglur og fyrir afgreiðslu við skip.

## V. KAFLI

### Símtalagjöld.

#### A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hver 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

##### 1. Venjuleg símtöl:

Um 0— 10 km línulengd .....	kr. 6.00
— 10— 25 — — .....	— 9.00
— 25—100 — — .....	— 13.00
— 100—225 — — .....	— 18.00
— 225—350 — — .....	— 21.00
Yfir 350 — — .....	— 25.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála-  
stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka  
gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli  
þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin  
í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofan nefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu  
milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli  
greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 3.00.
5. Boðsending: kr. 9.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símstöðinni. Boð-  
sendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

#### B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-  
málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

#### C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar er fyrir íslensk skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi,  
þó minnst 6.00 krónur fyrir viðtalsbilið.

- b. Strandargjald kr. 15.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

## VI. KAFLI Símskeytagjöld.

### A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: kr. 1.60 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 16.00.
2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.00 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 10.00.
3. Blaðaskeyti: 30 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 9.00.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 32.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 22.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 10.00 til kr. 15.00 eftir gerð.  
Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 22.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 15.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalaskjóðs.
9. Loftskoyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskoyti og talskeyti um íslenskar strandarstöðvar við íslensk skip er samanlagt:
  - a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.
  - b. Strandargjald, kr. 1.20 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
  - c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er nú 20 aurar fyrir orðið. Erend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.  
Fyrir loftskoyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skeyti.
10. Afhending símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 3.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 2.00, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru yfirleitt send ókeyppis allt að 1 kílómetra frá símsstöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 9.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 5.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missimun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

16. Viðtökuskírteini simleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

### B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-  
málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## VII. KAFLI

### Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{4}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst skólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## VIII. KAFLI

### Önnur tæki og línur.

#### A. Fjarritvélar.

##### I. Stofngjald.

Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu ..... kr. 10 000.00

